Þiddu matinn innanklæða

Vilborg Arna þveraði Grænlandsjökul í átta manna hópi í allt að 42 stiga frosti. ➤ 38

Sérblað um mannauðsmál

fylgir Fréttablaðinu í dag

9líf
Bubbi Morthens Söngleikur
Sýningar haustsins eru komnar í sölu
Tryggðu þér miða strax!

FRÉTTABLAÐIÐ

104. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 21. MAÍ 2022

Voru gefnar tíu prósenta lífslíkur

Mánuði eftir að Ingvar Ómarsson flutti utan til að reyna fyrir sér sem atvinnuhjólreiðamaður lenti hann í árekstri við mótorhjól, kastaðist um 20 metra og hafnaði beint á höfðinu. Án hjálms væri hann ekki til frásagnar en tvær aðgerðir voru gerðar á höfði hans samtímis sem bjargaði lífi hans. ➤ 28

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

SÍMI SEM AUÐVELT ER AÐ ELSKA
Samsung Galaxy S21 FE 5G
Nú á 15.000 kr. afslætti
SAMSUNG
-12%
ELKO

Flugvél Niceair, en flogið verður beint milli Akureyrar og umheimsins.

Viðhald flugvélar Niceair í höndum portúgalsks félags

bth@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Erlendir flugvirkjar hjá portúgölsku félagi munu sjá um viðhald á flugvél Niceair. Forstjóri félagsins segir ekkert óeðlilegt við það en kurr er meðal innlendra flugvirkja sem telja að innlendir flugvirkjar hefðu átt að fá tækifæri til að sinna þjónustunni.

Flugvirkjar hafa í samtölum við Fréttablaðið vakið athygli á að innlendum fyrirtækjum hafi ekki verið gert kleift að gera tilboð í viðhald hjá Niceair, hinu nýja akureyrska millilandaflugfélagi sem slegið hefur í gegn með áætlun sinni.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Niceair

Hjá Niceair segir Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson forstjóri að flugvirkjar séu á villigötum.

„Félagið sem við fáum vélina frá er með sína eigin viðhaldsdeild eins og Icelandair Ground Services er viðhaldsdeild Icelandair," segir Þorvaldur Lúðvík. „Tveir til þrír flugvirkjar félagsins koma með vélinni til að þjónusta hana út leigutímann, enda er vélin leigð með viðhaldi. Það var því aldrei á hendi Niceair að bjóða út eitt eða neitt," segir Þorvaldur Lúðvík.

Viðhaldið er innifalið í leigunni að sögn Þorvaldar Lúðvíks, samanber „alla sambærilega samninga í heiminum" eins og hann orðar það. Vélin er leigð með viðhaldi, tryggingum og að hluta til áhöfn.

Portúgalska viðhaldsfyrirtækið starfar undir sömu samevrópsku reglum og hin íslensku að sögn forstjórans. Öll eru fyrirtækin undir EES og njóta sem slík atvinnufrelsis. ■

Uppistand á Viðskiptaþingi

Pétur Jóhann Sigfússon, leikarinn ástsæli, ávarpaði gesti á Viðskiptaþingi á Hótel Nordica í gær. Þar fylgdust valinkunnir viðskiptajöfrar og ráðherrar með grínistanum segja frá því að nú hefði hann þann aðalstarfa að mæta á vinnustaði og drekka kaffi og tala við fólk. Hann væri eiginlega hinn móralski leiðtogi. Vakti uppistand Péturs mikla ánægju meðal fundarmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Borgi olíufélögum hundruð milljóna

thorgrimur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Landsréttur dæmdi í gær að skattur sem ríkið hefur í mörg ár lagt á olíufélög vegna innflutnings á olíuvörum stæðist ekki stjórnarskrá. Ríkinu er gert að endurgreiða Skeljungi og Atlantsolíu um hálfan milljarð króna auk vaxta.

Um er að ræða svokallað flutningsjöfnunargjald. Byggðastofnun hefur ákvarðað upphæð þess með heimild í lögum. Það taldi Landsréttur fela í sér of almennt framsal skattlagningarvalds til stjórnvalds.

Olíufélögin hafa í gegnum tíðina þegið hundruð milljóna króna úr flutningsjöfnunarsjóði sem rekinn er með gjöldunum. Ekki var fallist á að þær upphæðir yrðu dregnar frá endurgreiðslunni til þeirra. ■

Óbirt ljóð þjóðskáldsins frá Fagraskógi komið í leitirnar

Að öllum líkindum hefur þjóðin eignast óbirt ljóð úr fórum eins allra dáðasta ljóðskálds landsins, en sagan á bak við það er fögur og hjartnæm.

ser@frettabladid.is



LISTIR Lítil saga er heiti á 19 erinda ljóðabálki sem kominn er í leitirnar, en talið er fullvíst að hann hafi verið ortur af þjóðskáldinu Davíð Stefánssyni, enda bera stíll ljóðsins og rithöndin þess augljós merki.

Fyrsta erindið er á þessa vegu:

Ein lítil saga lifir í huga mér
mig langar til að segja hana þér,
hver getur huggað harmi þrungna sál
því eru vonir stundum svik og tál.

„Við erum á því að þetta sé skólaljóð eða bernskuverk áður en Svartar fjaðrir komu út," segir Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri, sem fékk ljóðabréfið í hendurnar fyrir nokkrum dögum, en hann hefur borið það undir sérfræðinga í höfundarferli Davíðs og telur varla efa leika lengur á um að hér hafi Davíð haldið á penna .

„Rithöndin er lík þeim eiginhandarverkum Davíðs sem ég hef getað borið saman við," bætir hann við, en þó sé meginástæða þess að menn haldi að ljóðið sé komið úr fórum Davíðs sú að það var í vörslu og virðist hafa verið ort til náinnar æskuvinkonu Davíðs, sem var sveitungi hans við utanverðan Eyjafjörð.

Sú var Helga Gunnlaugsdóttir frá Ytri Reistará og síðar á Hjalteyri, fædd 5. mars 1893, tveimur árum fyrr en Davíð sjálfur, en hann þótti hændur mjög að Helgu á sínum æskuárum, svo sem sveitungar hans hafa haft á orði.

„Það er byrjendabragur á kvæðinu, en angurværðin er í anda Davíðs, segir mér fróðara fólk," segir Haraldur Þór og rifjar áfram upp tildrög þess að ljóðabréfið barst í hendur hans.

„Ljóðabréfið var lengst af í fórum Stefáns Lárusar Árnasonar, sonar Helgu, en hann var fæddur 1935 og augljóst er að hann hefur geymt það fyrir móður sína bæði vel og lengi," segir Haraldur Þór.

Það hafi svo verið fimm dætur Stefáns, þær Helga, Stella, Sigrún, Erla og Halla, sem færðu Davíðshúsi ljóðabréfið að gjöf á dögunum, en Minjasafnið sér um rekstur þess. ■

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi.

> Angurværðin er í anda Davíðs.
>
> Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri

TÖLUM UM LEXUS NX

Lexus NX 450h+ setur ný viðmið fyrir Plug-in Hybrid. Nýjungar í tækni, nostursamleg smáatriði í innra rými og einstök upplifun ökumanns eru þess eðlis að það er erfitt að útskýra.

Reynsluaktu og taktu inn ómótstæðilegt leðrið, mýktina, 14 tommu snertiskjáinn og alla hina tæknina sem gerir Lexus NX að draumi sem þú vilt helst ekki að taki enda.

Komdu í Kauptúnið og kynntu þér Lexus NX 450h+

Lexus Ísland – Kauptúni 6, Garðabæ – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

Mótmæli gegn yfirvofandi bylgju brottvísana sögð í bígerð

bth@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Hópur fólks er að skipuleggja mótmæli á næstu dögum þar sem brugðist verður við fyrirhuguðum fjöldabrottvísunum hælisleitenda hér á landi.

Sema Erla Serdar, formaður Solaris, hjálparsamtaka fyrir hælisleitendur og flóttafólk á Íslandi, segir það engri manneskju sæmandi að sópa fólki héðan til Grikklands. Á sama tíma séu breytingar á lögum í bígerð sem muni útiloka enn frekar að stór hópur fái hæli hér.

„Það er hrikalegt að það eigi bara að flytja fólk héðan í hrönnum.

Sema Erla Serdar, formaður Solaris

Sennilega eru fleiri lönd í svipuðum hugleiðingum og við. Hvernig eiga Grikkir að geta tekist á við slíka viðbót, aðstæður Grikkja eru nógu slæmar fyrir?“ segir Sema.

Ríkislögreglustjóri brást í gær við forsíðufrétt Fréttablaðsins um hrinu brottvísana fram undan. Í tilkynningu frá embættinu segir að 250 útlendingum hafi verið synjað um alþjóðlega vernd hér á landi undanfarið. Hafi sá hópur safnast upp og dvelji enn hér á landi. Ekki hafi verið hægt að frávísa þeim vegna atriða sem tengjast Covid.

„Þeim sem fengið hafa synjun um alþjóðlega vernd er nú boðið að yfirgefa landið sjálfir, en þeir sem ekki þiggja það boð munu fara í fylgd lögreglu,“ segir ríkislögreglustjóri.

Á árinu hafa 1.586 einstaklingar sótt um alþjóðlega vernd hér á landi, þar af 1.027 einstaklingar frá Úkraínu. ■

Alls 1.586 hafa sótt um alþjóðalega vernd á Íslandi í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Afganir líða skort. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þáðu ekki allir vernd á Íslandi

tsh@frettabladid.is

FLÓTTAFÓLK Íslensk stjórnvöld buðu alls 123 afgönskum flóttamönnum vernd síðasta haust, í kjölfar valdatöku Talibana.

Alls þáðu 78 einstaklingar boðið en fimm manna fjölskylda þáði ekki boð um að flytjast til Íslands og fjörutíu einstaklingar fengu vernd í öðrum ríkjum.

Samkvæmt upplýsingum frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu skiptast hinir 78 einstaklingar á eftirfarandi hátt: Tuttugu starfsmenn Atlantshafsbandalagsins, fimm afganskir kvenkyns dómarar og fjölskyldur þeirra. Ellefu fyrrverandi nemendur við Alþjóðlega jafnréttisskólann á Íslandi og 42 manneskjur í fjölskyldusameiningu.

Ljóst er að hingað til lands hafa einnig komið afganskir flóttamenn og sótt um vernd á eigin vegum. Sumir þessara einstaklinga hafa hins vegar fallið undir skilgreiningar íslenskra stjórnvalda og fengið vernd á þeim grundvelli og því er erfitt að aðgreina þessa tvo hópa.

Í skriflegu svari Útlendingastofnunar við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að frá ágúst 2021 hafi 46 Afganar sótt um vernd á Íslandi á eigin vegum og 29 þeirra fengið veitta vernd eða viðbótarvernd. ■

Oddvitar á rökstólum um land allt

Meirihlutaviðræður eru í gangi í alls 19 sveitarfélögum víðs vegar um land. Oddvitar flokkanna í Reykjavík halda spilunum þétt að sér en í Hafnarfirði og Kópavogi er útlit fyrir að Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur nái saman á allra næstu dögum.

ggunnars@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Engar formlegar viðræður eru hafnar í Reykjavík um myndun nýs meirihluta. Oddvitar flokkanna gefa lítið upp um stöðu mála.

Á sama tíma er góður gangur í viðræðum Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í Hafnarfirði. Valdimar Víðisson, oddviti Framsóknarmanna, hefur látið hafa eftir sér að líklega muni flokkarnir senda frá sér tilkynningu nú um helgina eða í síðasta lagi á mánudag.

Oddviti Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi segir eðlilegt að flokkurinn fái bæjarstjórastólinn. Vonir standa til að meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks verði myndaður í næstu viku.

Formlegar meirihlutaviðræður í Mosfellsbæ hefjast nú um helgina á milli Framsóknarflokks, Viðreisnar, Samfylkingar og Vina Mosfellsbæjar. Framsókn mun ekki gera tilkall til bæjarstjórastólsins heldur óska þess að bæjarstjóri verði ráðinn.

Í Vestmannaeyjum er meirihlutaviðræðum Eyjalistans og Fyrir Heimaey lokið. Íris Róbertsdóttir verður áfram bæjarstjóri og Páll Magnússon forseti bæjarstjórnar.

Viðræður um myndun nýs meirihluta í Hveragerði standa yfir á milli fulltrúa Framsóknarflokks og Okkar Hveragerðis. Þar hafa oddvitar lýst því yfir að forgangsmálið verði að ráða nýjan bæjarstjóra á faglegum grunni.

Oddvitar stjórnmálaflokkanna í Reykjavík feta sig hægt og bítandi í átt að myndun meirihluta. Engar formlegar viðræður eru þó hafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nýr meirihluti fjögurra flokka verður líklega myndaður á Akureyri eftir helgi.

Valdaskipti eru í uppsiglingu í sveitarfélaginu Hornafirði eftir að Framsókn tapaði hreinum meirihluta og helmingi kjörinna fulltrúa. Kex-framboðið er í oddastöðu og getur valið á milli Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks til samstarfs.

Allt bendir til þess að Jón Björn Hákonarson, oddviti Framsóknarflokksins í Fjarðabyggð, verði áfram bæjarstjóri sveitarfélagsins. Vel horfir með að Framsóknarflokkurinn og Fjarðalistinn nái saman með endurnýjaðan meirihluta

Fulltrúi Miðflokksins á Akureyri segir viðræður fjögurra flokka um meirihlutasamstarf á góðri siglingu. Gera má ráð fyrir að meirihluti Miðflokks, Samfylkingar, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks verði myndaður fljótlega upp úr helgi.

Í Fjallabyggð standa viðræður Jafnaðarfólks og Sjálfstæðisflokks yfir. Þar stefnir í að flokkarnir myndi traustan meirihluta en saman eiga þeir fimm bæjarfulltrúa af þeim sjö sem sitja í bæjarstjórn.

Formlegar viðræður eru hafnar um meirihluta í Dalvíkurbyggð á milli K-listans og Sjálfstæðisflokks. K-listinn bauð í fyrsta skipti fram í vor og hlaut yfir fjörutíu prósent atkvæða.

Á Akranesi eiga Samfylking og Sjálfstæðisflokkur í óformlegum viðræðum um meirihlutasamstarf. Fyrri viðræður Framsóknarflokks og Samfylkingar sigldu í strand fyrir helgina eftir að samtal flokkanna varð neikvætt, að sögn oddvita Samfylkingarinnar.

Meirihlutinn í Reykjanesbæ styrkti stöðu sína í nýliðnum kosningum og útlit er fyrir að meirihluti Samfylkingar, Framsóknarflokks og Beinnar leiðar endurnýi heitin á næstu dögum.

Að síðustu eru þreifingar í gangi um myndun nýs meirihluta í Grindavík. Þar vann Miðflokkurinn stórsigur í kosningunum og þarf einungis einn fulltrúa til viðbótar til að mynda meirihluta. ■

100% RAFMÖGNUÐ ÍTÖLSK HÖNNUN

Með 3+1 hurðum og allt að 433 km drægni

Hvað nærðu að gera á fimm mínútum? Það tekur Fiat 500e aðeins fimm mínútur í hraðhleðslu að ná 50km akstursdrægni. Fiat 500e sameinar gæði og tímalausa ítalska hönnun sem hentar vel fyrir þá sem þurfa að komast örugglega á milli staða innanbæjar.

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

FIAT

FIAT.IS

MAXUS

FRUMSÝNUM 100% RAFKNÚNA EUNIQ 5 OG 6

LAUGARDAGINN 21 MAÍ KL. 12-16!

LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI!

KOMDU OG KYNNTU ÞÉR EUNIQ 6 OG EUNIQ 5 OG VELDU ÞANN SEM ÞÉR HENTAR

MAXUS EUNIQ 6 5 SÆTA	**ALLT AÐ 350 - 452** KM (WLTP) DRÆGNI
MAXUS EUNIQ 5 6 SÆTA	**ALLT AÐ 345 - 420** KM (WLTP) DRÆGNI

Maxus Euniq 6 og Euniq 5 eru 100% rafknúnir glæsilegir og ríkulega búnir fjölnotabílar.

Maxus Euniq 6 er sportjeppi hlaðinn búnaði til gera þér lífið léttara og skemmtilegra.

Maxus Euniq 5 er einstaklega rúmgóður fjölnotabíll og tilbúinn í ævintýri fjölskyldunnar.

Nánari upplýsingar á vatt.is

vattehf vattehf vattehf

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

www.vatt.is

soludeild@vatt.is / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf

Stór hluti hinsegin nemenda orðið fyrir áreitni

Að sögn sérfræðinga við Háskóla Íslands er líðan hinsegin ungmenna í íslensku skólakerfi ekki alltaf góð. Líta má til skýrslu sem unnin er upp úr rannsókn frá 2018, sem sýnir að stór hluti nemenda hafði orðið fyrir áreitni vegna kynhneigðar, kyngervis eða kyntjáningar.

ninarichter@frettabladid.is

Auður Magndís og Íris Ellenberger kenna kúrs í hinsegin menntunarfræði við Háskóla Íslands og segja ekki nóg að þekkja hugtökin til að skilja málefnin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gagnleg hinsegin hugtök

- Kyngervi er félagslega mótað kyn, en ekki líffræðilegt
- Sís-fólk samsvarar sig meðfæddu líffræðilegu kyni
- Á vef otila.is er ítarlegur listi yfir hinsegin hugtök

MANNRÉTTINDI Hinsegin menntunarfræði er námskeið sem nú er kennt í fjórða sinn við Háskóla Íslands. Að sögn umsjónarkennara námskeiðsins, Írisar Ellenberger og Auðar Magndísar Auðardóttur, er þetta í fjórða sinn sem námskeiðið er kennt.

„Hinsegin menntunarfræði snýst í grunninn um að gefa fólki tækifæri á að fá ákveðin tæki, tól og sjónarhorn úr hinsegin fræðum til að beita á nám og frístundastarf," segir Íris.

Auður Magndís bætir við að námskeiðið sé valnámskeið og opið fyrir marga, ekki aðeins fólk innan menntavísindasviðs. „En kjarninn er fólk sem er að læra að verða grunnskólakennarar," segir hún. „Það koma síðan alltaf nokkrir nemendur sem eru starfandi kennarar, jafnvel með tíu eða tuttugu ára starfsreynslu. Fólk sem er í námsleyfi og notar það í þennan kúrs. Svo er alltaf hópur af skólastjórum líka, sem er dásamlegt. Þessi hópur kemur inn með svo mikla reynslu."

Auður Magndís bendir á að margir haldi að það að skilja hinsegin málefni snúist um að þekkja öll hugtökin. En það sé þó aðeins pínulítið brot af heildarmyndinni. Hinsegin menntunarfræði snúist um ákveðið sjónarhorn og að bera kennsl á það hvenær sé óvart verið að gera ráð fyrir að allir séu gagnkynhneigðir, sís-kynja, og ekki trans. Og hvernig megi bæta námsefni og fleira í umgjörð náms með það fyrir augum.

Íris tekur undir þetta og segir að einnig sé tekist á við að búa til örugg rými fyrir hinsegin ungmenni. Auður bætir við að þekkingin gagnist ekki aðeins hinsegin nemendum, heldur öllum nemendum sem séu á skjön við staðalmyndir um kynin, hvort sem þau eru hinsegin eða ekki. „Ég held að fólk komi oft inn með hugmyndir um að læra þessi helstu hugtök, og vonast eftir þægilegum og einföldum lausnum. En svo komast þau fljótt að því að auk þess að læra og gera einfalda hluti þurfi þau að breyta stemningunni, vinna djúpa vinnu með menninguna í skólanum eða frístundaheimilinu. Að rýna í gildin sem eru til staðar og hvernig sé hægt að breyta þeim."

Íris segir kjarnann í hinsegin menntunarfræðum vera valdadýnamík milli starfsfólks og nemenda og fræðigreinin geri kröfu á fólk að skoða til hvers menntun sé og til hvers menntastofnanir séu. Þegar fólk sé komið með þau gleraugu á nefið fari það að skoða hluti sem það hafi ekki tekið eftir áður.

Aðspurðar um stöðu hinsegin hópa í íslensku menntakerfi, er það skoðun Írisar og Auðar Magndísar að gera megi betur. „Þessi hugmynd um að við séum fremst á þessu sviði getur verið til trafala líka. Þá heldur fólk að ekki þurfi að tala um þetta, og að krakkarnir viti þetta," segir Íris. „Sís-gagnkynhneigt fólk heldur að það sé ekki lengur neitt í andrúmsloftinu sem er skaðlegt."

Að sögn Írisar er líðan íslenskra hinsegin ungmenna í skólakerfinu ekki alltaf góð. Í könnun á líðan hinsegin ungmenna í skólaumhverfi, sem byggð er á GLSEN's 2015 National School Climate Survey könnuninni, þýddri og staðfærðri af Menntavísindasviði HÍ, GLSEN og Samtökunum '78, kom í ljós að þriðjungur nemenda greindi frá því að finna til óöryggis í skólanum síðasta árið vegna kynhneigðar sinnar. Þá fann fimmtungur til óöryggis vegna kyntjáningar sinnar. Þriðjungur hinsegin nemenda greindi frá því að hafa verið áreittur munnlega vegna kynhneigðar sinnar og fjórðungur hinsegin nemenda hafði verið áreittur munnlega vegna kyntjáningar sinnar.

Eitt af hverjum átta hinsegin ungmennum hafði orðið fyrir líkamlegri áreitni á undangengnu ári vegna persónueinkenna og algengasta orsök áreitis var kynhneigð. Þá sögðust um sex prósent aðspurðra hafa verið líkamlega áreitt vegna kyngervis eða kyntjáningar. Einn af hverjum tuttugu hinsegin nemendum hafði orðið fyrir líkamsárás í skólanum síðasta skólaárið vegna persónueinkenna.

Þátttakendur höfðu náð að minnsta kosti 13 ára aldri, stunduðu nám á unglingastigi grunnskóla eða í framhaldsskóla á Íslandi veturinn 2016-2017 og, orðrétt úr skýrslu: „... skilgreindu sig sem lesbíur, homma, tví- eða pankynhneigð, eða af einhverri kynhneigð annarri en gagnkynhneigð eða litu á sig sem trans eða með aðra kynvitund en sís-kynja.".

Námskeið í hinsegin menntunarfræðum við Háskóla Íslands verður næst kennt eftir tvö ár. Aðspurðar segja Íris og Auður Magndís ýmislegt hægt að gera til að fræðast og styðja við hinsegin hópa í menntakerfinu. Til dæmis sé Mannréttindastofa Reykjavíkurborgar með Regnbogavottun þar sem boðin er fræðsla fyrir vinnustaði borgarinnar. ■

Þriðjungur

nemenda sagðist hafa fundið til óöryggis í skólanum síðasta árið vegna kynhneigðar sinnar.

Fimmtungur

fann til óöryggis vegna kyntjáningar sinnar.

1 af hverjum 8

nemendum sagðist hafa orðið fyrir líkamlegri áreitni síðasta árið vegna kynhneigðar sinnar.



Þriðjungur

hinsegin nemenda greindi frá því að hafa verið áreittur munnlega vegna kynhneigðar sinnar og fjórðungur hinsegin nemenda hafði verið áreittur munnlega vegna kyntjáningar sinnar.

1 af hverjum 20

hinsegin nemendum hafði orðið fyrir líkamsárás í skólanum síðasta skólaárið vegna persónueinkenna.



Rekajarðir samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703.

Rekaviður horfinn innan hálfrar aldar

kristinnhaukur@frettabladid.is

VÍSINDI Rekaviðardrumba mun ekki lengur reka á íslenskar fjörur árið 2060, samkvæmt nýrri alþjóðlegri rannsókn. Dregið hefur úr magni rekaviðar undanfarin þrjátíu ár, vegna betri nýtingar í Rússlandi og minnkandi hafíss.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í nýjasta hefti af tímaritinu Global and Planetary Change. Vísindamennirnir sem að henni stóðu koma frá háskólum í Tékklandi, Rússlandi, Bretlandi, Sviss og einnig Ólafi Eggertssyni hjá Skógræktinni.

Meðal annars var greindur uppruni og aldur rekaviðar út frá árhringjum drumba sem fundust á Langanesi árið 1989 annars vegar og 2019 hins vegar.

Rekaviðurinn sem hingað kemur er að mestu leyti upprunninn frá svæðinu í kringum Yenesei-fljót um miðbik Síberíu. Mikill meirihluti þess kemur úr skógarhöggi og aðeins um 17 prósent eru tré sem fallið hafa af öðrum orsökum.

Um aldir var rekaviður afar mikilvægur Íslendingum því að tré af þessari stærðargráðu uxu ekki hér. Rekajarðir þóttu verðmætar því timbrið var notað til bygginga húsa og báta.

Betri stýring rekaviðar í Síberíu eftir fall Sovétríkjanna er ein af skýringunum á minna magni rekaviðar undanfarna áratugi. Það tekur rekaviðinn nokkur ár að berast til landsins, allt að þúsund kílómetra leið. Til þess að komast þarf að vera til staðar hafís, sem endist lengur en eitt ár, til að bera viðinn til Íslands. Eftir því sem hafísinn minnkar eru meiri líkur á að rekaviðurinn komist ekki áleiðis heldur sökkvi. ■

EQE

FYRIR ÖLL SKILNINGARVITIN.

Einstök þægindi, óaðfinnanleg hönnun. Alrafmagnaður EQE er tákn nýrra tíma með 654 km drægi og framúrskarandi snjalltækni.

Er kominn í sölu.

Askja · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur Mercedes-Benz á Íslandi
á Facebook og Instagram.

Líkur minnka á að blóðmerahald verði bannað

Ingunn Lára Kristjánsdóttir
ingunnlara
@frettabladid.is

Matvælastofnun byggir ákvarðanatöku sína um framtíð blóðmerahalds á upplýsingum frá fyrirtækinu sem hagnast á starfseminni. Meðlimir í starfshópi ráðherra hafa verið gagnrýndir fyrir að tala máli hagsmunaaðila.

Hálft ár er liðið frá því að þorri almennings heyrði í fyrsta sinn að blóðmerahald væri stundað á Íslandi. Umræðan um velferð hryssa komst í hámæli eftir að dýraverndarsamtökin AWF/TSB birtu 20 mínútna heimildarmynd um blóðtöku á Íslandi.

Þrátt fyrir að meirihluti þjóðarinnar sé andvígur blóðmerahaldi virðast litlar breytingar í vændum í þessum umdeilda iðnaði og minnkandi líkur á að blóðmerahald verði bannað. Frumvarp Ingu Sæland um bann við blóðtöku á fylfullum hryssum hefur ekki notið sérstaklega mikils stuðnings meðal þingmanna meirihlutans.

Fyrrverandi málsvari bænda

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra skipaði starfshóp í desember í fyrra til að fjalla um blóðtöku, sem mun skila af sér skýrslu fyrir 1. júní næstkomandi.

Í hópnum eiga sæti þau Iðunn Guðjónsdóttir, Sigríður Björnsdóttir, yfirdýralæknir í hrossasjúkdómum hjá Matvælastofnun, Ólafur Páll Jónsson og Sigurður Eyþórsson, sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í matvælaráðuneytinu, sem bættist í starfshópinn í febrúar.

Áður en Sigurður var ráðinn til ráðuneytisins var hann málsvari bænda, þar á meðal hrossabænda sem halda blóðmerar, sem framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.

Ekki var tilkynnt um að Sigurður hefði bæst í hópinn á vef Stjórnarráðsins en Dúi Jóhannsson, upplýsingafulltrúi matvælaráðuneytisins, staðfestir þetta við Fréttablaðið.

„Ekki var um sérstaka ráðningu að ræða þar sem Sigurður er starfsmaður ráðuneytisins og sinnir störfum innan þess. Sem slíkur var hann fenginn til að vinna fyrir hópinn líkt og venja er með starfsmenn ráðuneyta," sagði Dúi.

Aðspurður hvers vegna hann hafi bæst í hópinn segir Dúi að það hafi verið að ósk starfshópsins.

Reiðir sig á gögn frá Ísteka

Viðvera Sigríðar, yfirlæknis hjá MAST, í starfshópi ráðherra, hefur verið gagnrýnd. „Það var á þeim grundvelli að þau telja að Matvælastofnun hafi ekki sinnt eftirliti sínu með blóðmerahaldi nægilega vel," segir Dúi.

Sigríður hefur komið að leyfisveitingu Ísteka og unnið nokkrar vísindagreinar með Eggerti Gunnarssyni dýralækni, starfsmanni Ísteka og sömuleiðis upphafsmanni blóðmerahalds. Eggert sinnir dýravelferðareftirliti fyrir Ísteka og skrifaði rannsókn sem bæði Ísteka og MAST vísa í sér til stuðnings, um að blóðtaka hafi ekki neikvæð áhrif á heilsu blóðmera.

Rannsóknin er óritrýnd grein frá árinu 1982 sem birtist í tímaritinu Frey. Engin óháð rannsókn hefur verið gefin út sem staðfestir upphaflegu athugunina og sömuleiðis hefur engin rannsókn verið gerð á blóðmagni íslenska hestsins.

Sigríður talaði máli Ísteka á fundi hjá MAST þegar umsókn um endurnýjun leyfis til blóðtöku var til umræðu. Í fundargerð MAST frá 25. apríl 2016 má sjá að Sigríður, eða Systa, vísaði í nokkurra ára gömul gögn frá Ísteka sér til stuðnings varðandi ákvarðanatöku um aukið eftirlit og aukna blóðtöku úr fylfullum hryssum.

„Umræður um að gera kröfu um innra eftirlit Ísteka með framkvæmd blóðtökunnar og einnig mikilvægi opinbers eftirlits. Umræður um fáar sýnatökur til að fylgjast með blóðstatus, u.þ.b. 10 sýni á viku, en um 1.700 blóðtökur eru framkvæmdar á ári. Systa upplýsti að fyrirtækið hefði lagt fram gögn fyrir nokkrum árum sem sýndu að lítill sem enginn munur væri á hryssum sem væri tekið úr 7 sinnum og þeim sem tekið var úr 8 sinnum," segir í fundargerðinni.



Sentímetra þykkri nál er stungið í bláæð í hálsi blóðmera svo hægt sé að safna blóði úr þeim sem er notað til framleiðslu frjósemislyfja sem auka afköst í svína- og kúabúum.

Viðvera Sigríðar Björnsdóttur í starfshópi ráðherra hefur verið gagnrýnd.

Björn M. Sigurjónsson segir mikla ákefð í MAST að ganga erinda eins fyrirtækis.

Inga Sæland hefur lagt fram frumvarp um bann á blóðmerahaldi

Sigríður er höfundur skýrslu MAST um eftirlit með blóðmerahaldi sem kom út í apríl. Þar kemst hún að þeirri niðurstöðu að áfram megi taka 40 lítra af blóði úr hverri hryssu.

Í skýrslunni vísar MAST í tölur sem Ísteka og dýralæknar á launaskrá Ísteka hafa tekið saman. Upplýsingarnar eru því frá aðilum sem hagnast á áframhaldandi blóðtöku á fylfullum hryssum.

Björn M. Sigurjónsson, lektor við Dania-háskólann á Jótlandi, segir í samtali við Fréttablaðið að í skýrslu MAST sé erindi eins eftirlitsþega rekið af miklu offorsi.

„Ekki sér maður þetta í laxeldinu. Það er ákveðin ákefð í MAST að ganga erinda eins fyrirtækis, í raun stórfurðulegt. Ekki myndi þessi stjórnsýslustofnun biðja sjávarútvegsfélög um upplýsingar um hversu margir fiskar séu í sjónum."

Skýrslan var birt stuttu áður en starfshópur átti að skila af sér vinnu.

Funduðu saman um eftirlit

Árið 2020 komst MAST að þeirri niðurstöðu að blóðtaka úr hryssum til lyfjaframleiðslu væri ekki leyfisskyld starfsemi, samkvæmt túlkun þeirra á lögum og reglugerðum.

Fulltrúar MAST og Ísteka funduðu í einn og hálfan tíma um þessa túlkun 25. maí árið 2020. Meðal þeirra sem sátu fundinn voru Sigríður og Arnþór Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Ísteka.

Í fundargerðinni kemur fram að allir aðilar hafi verið sammála um túlkun MAST, um að ekki væri um leyfisskylda starfsemi að ræða. Þetta væri í samræmi við almenna tilhneigingu að fækka leyfum og að óvíst væri að málið yrði „nokkurn tímann tekið upp af löggjafanum."

Þá vekur athygli að MAST ræddi við sjálfan eftirlitsþegann, Ísteka, um hvernig eftirliti yrði háttað og komust þau sameiginlega að niðurstöðu.

Í athugasemd um eina eftirlitsaðferð kemur fram: „Þessi leið er frekar veik gagnvart utanaðkomandi gagnrýni um að fyrirtækið setji sjálfu sér reglurnar."

„Skilningur Ísteka og MAST fellur því vel saman," stendur neðst í fundargerðinni. ■

Lyfjatæknifyrirtækið Ísteka rekur þrjár starfsstöðvar fyrir blóðtöku á fylfullum hryssum og 283 blóðmerar eru í eigu fyrirtækisins.



Parket

Parki INTERIORS

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnsþolnu harðparketi og vínylparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14.**

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf

Parki **Dalvegi 10-14,** 201 Kópavogi • 595 0570

Finndu okkur á **Facebook!**
facebook.com/Parki.interiors

Heilsueflandi umhverfi

Nýr sex deilda heilsuleikskóli, Urriðaból, opnar í Garðabæ í haust – og annar ári síðar

Skólar ehf. hafa samið við Garðabæ um rekstur á nýjum sex deilda leikskóla í Urriðaholti sem opnar í september nk. Stefnt er að opnun annars heilsuleikskóla í Garðabæ haustið 2023. Skólar ehf. er um 20 ára gamalt félag sem rekur nú þegar fjóra heilsuleikskóla í sveitarfélögunum Reykjanesbæ, Grindavík, Kópavogi og Reykjavík.

Allir leikskólarnir innan vébanda Skóla ehf. starfa í anda Heilsustefnunnar sem kjarnast um heilsu og lífsgæði nemenda, starfsfólks og nærsamfélagsins.

Leikurinn, hreyfingin, næringin og sköpunin er okkar

Í nýja leikskólanum er áhersla lögð á öruggt og hlýlegt umhverfi fyrir leik og þroska þar sem öll börn fá að upplifa leikskólann á sama hátt óháð hreyfigetu.

Skólar ehf. ætla sér að verða leiðandi á sviði heilsueflingar í leikskólastarfi á Íslandi þar sem Heilsustefnan er höfð að leiðarljósi og viðmið fyrir faglegt starf og rekstur heilsuleikskóla.

Á góðum vinnustað er líkamleg og andleg heilsa í fyrirrúmi

Það er ekki nóg að börnin séu heilsuhraust, heilsa starfsfólksins sem annast þau þarf líka að vera í fyrirrúmi.

Skólar hafa markvisst byggt upp heilsustefnu sína í samvinnu við starfsfólk og sérfræðinga. Til að vinna að betra heilsufari starfsfólks var unnin sérstök Heilsufarsáætlun í samstarfi við Heilsuvernd. Viðverustefna umbunar starfsmönnum fyrir góða viðveru en styður þá sem eitthvað bjátar á hjá.

Taktu þátt í að byggja upp nýjan skóla fyrir yngstu Garðbæingana

Leikskólinn tekur mið af nýjustu lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla og verður í samræmi við menntastefnu bæjarfélagsins.

Við þurfum allt að 38 starfsmenn til að starfa í sex deildum. Störfin eru eftirfarandi:

- Leikskólastjóri
- Aðstoðarleikskólastjóri
- Deildarstjórar fyrir sex deildir
- Fagstjóri í hreyfingu
- Fagstjóri í sköpun
- Sérkennslustjóri
- Matráður
- Aðstoðarmatráður
- Leikskólakennarar
- Leiðbeinendur

Allar nánari upplýsingar um störfin eru á **alfred.is** og um starfsemi Skóla ehf. á **skolar.is**

SKÓLAR

HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

Krakkarnir fá launahækkun í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hækka laun í vinnuskólanum

benediktboas@frettabladid.is

REYKJAVÍK Lagt er til að tímakaup nemenda í vinnuskóla Reykjavíkur hækki um sjö prósent á komandi sumri. Tímakaup nemenda úr 8. bekk hækki þannig úr 664 krónum í 711 krónur, nemendur í 9. bekk fara í 947 krónur á tímann og nemendur í 10. bekk fá 1.184 krónur á tímann.

Umhverfis- og heilbrigðisráð borgarinnar samþykkti hækkunina og vísaði henni til borgarráðs. Hækkunin rúmast reyndar ekki á fjárhagsáætlun og þarf að sækja um auka 60 milljónir. Alls eru 2.300 börn skráð í vinnuskólann í sumar en erfitt er að spá fyrir um endanlegan fjölda. ■

Tvöfalt framlag til sakamáladómstóls

tsh@frettabladid.is

DÓMSTÓLAR Ísland mun veita um 14 milljóna viðbótarframlagi til Alþjóðlega sakamáladómstólsins í Haag (ICC) á þessu ári, sem er tvöföldun á árlegu framlagi Íslands.

Utanríkisráðherra Íslands, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, segir viðbótina viðbrögð við ákalli saksóknara ICC um aukinn stuðning. Líkur eru á að hluti þess renni til rannsóknar dómstólsins á meintum stríðsglæpum Rússa í Úkraínu.

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, þingmaður Viðreisnar, lagði fram þingsályktunartillögu í lok mars um fjárstuðning við ICC vegna ætlaðra stríðsglæpa Rússa í Úkraínu. Þar var kallað eftir 10 milljóna króna viðbótarframlagi til ICC en í svari utanríkisráðherra kemur fram að ekki sé hægt að eyrnamerkja framlög til dómstólsins í ákveðin verkefni. „Enda fælust óeðlileg afskipti af forgangsröðun dómstólsins í slíkum skilyrtum fjárframlögum. Þetta er hluti af þeim grundvallarreglum réttarríkisins sem mikilvægt er að standa vörð um," segir í svari utanríkisráðherra. ■

Fimm sentimetra landris við Vatnajökul á ári

ser@frettabladid.is

NÁTTÚRA Landris í kringum Vatnajökul hefur ekki mælst meira frá því nákvæmar mælingar hófust fyrir um þremur áratugum, en það nemur nú ríflega fimm sentimetrum á ári. Ætla má að landrisið næst jöklinum jafngildi að minnsta kosti á annars metra hækkun á þessum tíma.

Guðmundur Valsson, fagstjóri landmælinga hjá Landmælingum Íslands, segir ástæðu þessa vera þá að jökullinn hopar hratt og fargið

Guðmundur Þór Valsson

minnkar sem því nemur. Við það lyftist landið í kring.

„Í fyrstu var landrisið á þessum slóðum aðeins byggt á getgátum, en eftir að þéttu neti mælipunkta var dreift yfir allt landið í upphafi



Hæðarbreytingar frá 2015 til 2020.

tíunda áratugar síðustu aldar hefur reynst miklum mun auðveldara að leggja mat á landrisið," segir Guðmundur.

Hann segir að ætla megi að landrisið við Vatnajökul hafi numið um tveimur sentimetrum á ári á síðasta áratug liðinnar aldar, en á milli áranna 2004 og 2016, þegar jarðvísindamenn hafi getað stuðst við enn nákvæmari hæðarmæla, hafi landrisið reynst vera rúmir fjórir sentimetrar á ári.

„Síðustu mælingar okkar frá 2020, sem við höfum verið að vinna úr, sýna svo ekki verður um villst að landrisið er enn að aukast – og er komið yfir fimm sentimetra á ári," segir Guðmundur. ■

Borgfirðingar bjóða flóttafólki frá Úkraínu á tónleika og í Pálínuboð

Úkraínsku flóttamönnunum á Bifröst er boðið á tónleika og í kaffiboð í dag. Söngelsk fjölskylda hefur skipulagt viðburðinn og margir sveitungar ætla að hjálpa til.

kristinnhaukur@frettabladid.is

VESTURLAND Borgfirðingurinn Olgeir Helgi Ragnarsson og fjölskylda hans skipulögðu tónleika og kaffiboð fyrir úkraínsku flóttamennina á Bifröst. Margir sveitungar þeirra ætla að taka þátt í að bjóða gestina velkomna.

„Ég finn ekki annað en að það sé mjög mikill velvilji hérna í sveitinni gagnvart Úkraínumönnunum," segir Olgeir Helgi. „Þeim virðist líða vel. Þau eru glaðleg, jákvæð og margir sem vilja hjálpa þeim."

Um 120 úkraínskir flóttamenn eru nú á Bifröst, en það er háskólinn þar sem opnað hefur sínar dyr fyrir þeim í litlu íbúðahverfi og veitt aðstoð. Alls 17 íbúðir og 69 herbergi. Sveitarfélagið Borgarbyggð og Rauði krossinn hafa skipulagt móttökuna og Olgeir Helgi er meðal þeirra sem hafa komið að því starfi.

Í hópi flóttafólksins eru í kringum 30 börn á öllum aldri og meiri hluti fullorðinna eru konur. Fyrsti hópurinn, 35 manns, kom í byrjun apríl en gert var ráð fyrir 150 manns að hámarki á Bifröst. Úrræðið er hugsað sem móttökustaður fyrir fólk í allt að tólf vikur á meðan varanlegra búsetuúrræði er fundið.

Samkvæmt Olgeiri Helga talar hluti af Úkraínumönnunum ensku og þeir sem það gera túlka samskiptin við heimamenn. Hann segir alla af vilja gerða til að gera vistina

Um 120 úkraínskir flóttamenn dvelja nú á Bifröst og þar af um 30 börn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJÉTUR

Sigríður Ásta, Hanna Ágústa, Olgeir Helgi og Theodóra. MYND/AÐSEND

> Þau eru glaðleg, jákvæð og margir sem vilja hjálpa þeim.
>
> Olgeir Helgi Ragnarsson, söngvari og Borgfirðingur

eins bærilega fyrir flóttamennina og hægt er miðað við þær aðstæður sem þeir eru í.

„Við ætlum að bjóða gestunum okkar á tónleika og svo í kaffi á eftir," segir Olgeir Helgi. Hann, eiginkona hans Theodóra Þorsteinsdóttir og dæturnar Hanna Ágústa og Sigríður Ásta eru söngelskt fólk og söngmenntað og hafa margsinnis áður haldið tónleika í sveitinni, meðal annars jólatónleika. Dæturnar eru báðar í námi í Bandaríkjunum en eru einmitt báðar á landinu þessa helgi.

Olgeir Helgi segir að sungin verði íslensk þjóðlög og klassísk íslensk tónlist. Einnig munu einstaka óperuaríur laumast með. Eftir á verður sígilt Pálínuboð þar sem fólk kemur með kræsingar að heiman.

Sjálfboðaliðarnir hittast klukkan 13.00 í dag í salnum Hriflu á Bifröst. Tónleikarnir sjálfir hefjast svo klukkan 14.00 og kaffiboðið í beinu framhaldi.

Olgeir Helgi segir að slatti af fólki hafi þegar boðist til að hjálpa við viðburðinn. „Við rennum alveg blint í sjóinn með hversu margir mæta," segir Olgeir Helgi. „Margir láta ekki vita af sér fyrir fram heldur mæta bara." ■

Engin lántökugjöld á 100% rafmagnsbílum

Kynntu þér **græna bílafjármögnun Arion banka**

arionbanki.is

ICELANDAIR

Yfir 40 áfangastaðir í sumar



icelandair.is

Hvert langar þig?

Það er í lagi að vera ekki með bókað sumarfrí núna, enda er hægt að kippa því í lag á augabragði. Þú þarft bara að ákveða hvort þú ætlar vestur um haf eða til Evrópu. Eða kannski bæði. Borgir, sveitir eða sólgylltar strendur – það geta allir fundið ferðalag við sitt hæfi hjá okkur.

Bókaðu sumarfríið strax í dag.

Hluti tjaldsvæðisins í Þrastalundi mun þjónusta „glamping“-ferðamenn frá og með ágústmánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hóteltrukkum og glæsitjöldum slegið upp fyrir lúxusútilegur í Þrastalundi

ninarichter@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Athafnamaðurinn Sverrir Einar Eiríksson, eigandi Nýju vínbúðarinnar, hyggst opna nýtt „glamping“-svæði í Þrastalundi í ágúst.

„Glamping“-útilega, sem má þýða á íslensku sem „glæsi-legu“, á rætur sínar að rekja til hefða meðal ensku yfirstéttarinnar sem hafa fengið nútímalegri búning í aldanna rás. Um er að ræða lúxusgistingu í tjaldi sem er stærra en hefðbundið útilegutjald, og gjarnan eru aukin þægindi og aðbúnaður í tjaldinu, sem færir gistinguna upp á næsta stig.

„Ég er að undirbúa tjaldsvæði í Þrastalundi og er á lokasprettinum að koma því í gang. Svo keypti ég tvo hóteltrukka, hrikalega flotta, sem ég er að standsetja og setja á svæðið,“ segir hann. „Og svo er að setja upp þessi glamping-tjöld. Fyrst þrjú en ég stefni á þrjátíu.“

Að sögn Sverris koma tjöldin frá pólsk-þýsku fyrirtæki og segir hann hönnunina fallega og að tjöldin séu níðsterk og þoli íslenska veturinn vel.

Sverrir var í apríl dæmdur í tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skattsvik í tengslum við rekstur þriggja einkahlutafélaga og var eitt þeirra félaga Sogið veitingar ehf. Sverrir var dæmdur fyrir meiri háttar skattalagabrot sem framkvæmdastjóri og stjórnarmaður félagsins, með því að hafa ekki staðið skil á staðgreiðslu opinberra

Sverrir Einar Eiríksson, athafnamaður

gjalda og staðgreiðsluskilagreinum, og nam upphæðin rúmlega níu milljónum króna.

Spurður hvernig rekstrinum í Þrastalundi sé háttað með hliðsjón af dómsmálinu, svarar hann: „Rétt er að árétta að dómur sem féll í maí hefur ekkert að gera með núverandi rekstur í Þrastaskógi. Mér þykir afar leitt ef mál vegna rekstrar sem ekki gekk upp af ýmsum orsökum í erfiðu rekstrarumhverfi veitingarekstrar fyrir nokkrum árum síðan varpar skugga á uppbyggingu og nýjan rekstur á svæðinu,“ segir hann.

„Ég hef í nærri aldarfjórðung stundað ýmiss konar viðskipti, þó mest fasteignaviðskipti, hér á landi og í Bretlandi. Þá hef ég komið að kaupum á gulli og demöntum, stundað lánastarfsemi, veitinga- og gistihúsarekstur, rekið starfsmannaleigu og fleira. Flest hefur gengið vel,“ segir Sverrir.

„Skattamál út af fyrri veitingarekstri tengist ekki á nokkurn hátt uppbyggingu á glamping í Þrastalundi eða núverandi rekstraraðilum þar.“ ■

Kaldur veruleiki sem bíður bandarískra kvenna í júní

Allt bendir til þess að úrskurði bandarísks hæstaréttar frá árinu 1973, Roe gegn Wade, verði hnekkt í júnímánuði. Dómurinn er grundvöllur heimilda til þungunarrofs í Bandaríkjunum og eitt helsta hitamál bandarísku menningarstríðanna.

ninarichter@frettabladid.is

Frá mótmælum í Washington 14. maí síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

SAMFÉLAG Í byrjun maí var gögnum lekið til bandarískra fjölmiðla, sem innihéldu álit íhaldssama hæstaréttardómarans Samuels Alito á úrskurðinum.

Þar álítur Alito niðurstöðu hæstaréttar frá 1973 ekki standast lög. Niðurfelling Roe gegn Wade hefur verið eitt helsta baráttumál Repúblikana í áratugi. Jafnréttissinnar telja um að ræða eina helstu afturför í kvenfrelsi i Bandaríkjunum í 50 ár.

„Við vitum að þeir eru með fleiri mál á dagskrá, þetta eru ekki bara þungunarrofsmálin heldur alls konar sjálfsákvörðunarréttur kvenna í öðrum málum, eins og með getnaðarvarnirnar og réttindi trans fólks,“ segir Birna Anna Björnsdóttir rithöfundur sem búsett er í New York.

„Þetta er allt á umræðustigi og svona mál eru á dagskrá þessara hópa. Þetta er ekki bara gripið úr lausu lofti.“

Birna Anna segir að hjá þeim hópum sem muni ná því í gegn í júní að fella Roe gegn Wade úr gildi, sé aðeins um að ræða áfangasigur.

„Þetta er ekki búið hjá þeim. Við gætum mögulega séð takmarkanir á getnaðarvörnum,“ segir hún. „Svo er verið að tala um minni réttindi kvenna almennt. Að í þessum eldrauðustu fylkjum sé verið að tala um að kona þurfi leyfi eiginmanns til að fá aðgengi að getnaðarvörnum,“ segir hún.

„Og ef það er hægt að svína því einhvern veginn í gegn, þá spyr

> **Þurfa konur aftur að fara í það að eiginmaður skrifi upp á að þær fái kreditkort?**



Birna Anna Björnsdóttir, rithöfundur

fólk: Hvað næst? Þurfa konur aftur að fara í það að eiginmaður skrifi upp á að þær fái kreditkort? Þetta er alveg í umræðunni hérna.“

Hún leggur áherslu á að hér sé ekki um vilja almennings að ræða, heldur sé þessum breytingum náð fram með bellibrögðum fulltrúa íhaldsins.

„Í nýrri Gallup-könnun kom fram að tveir þriðju Bandaríkjamanna, í öllum fylkjum, vilja ekki að Roe gegn Wade verði fellt úr gildi,“ segir hún. „Önnur Gallup-könnun sýnir að 8 af hverjum 10 í öllum fylkjum vilja leyfa þungunarrof, kannski með takmörkunum. Það er meirihluti allra Bandaríkjamanna, sem mér finnst mikilvægt að komi fram. Þjóðin er ekki svona, heldur eru þetta bara þeir sem stýra.“

Hún telur kaldan veruleika bíða kvenna í rauðum fylkjum frá og með júnímánuði. „Þær munu þurfa að fara á milli fylkja ef þær vilja fara í þungunarrof. Það er langerfiðast fyrir konurnar sem eru verst settar,“ segir hún.

„Svo getur verið að þeir komi líka á lögum þar sem þetta verður saknæmt. Það er þegar búið að setja á þessar takmarkanir í Texas, til dæmis. Þar er saknæmt að aðstoða einhvern við þetta.

Ef einhver keyrir konu á staðinn getur viðkomandi verið ákærður,“ segir Birna Anna. „Hræðileg regla sem var komið á í Texas er að fólk er hvatt til að tilkynna svona og fær jafnvel peninga fyrir ef það kemur með ábendingu. Þarna er verið að búa til ógnvekjandi samfélag tortryggni.“ ■

Ársfundur
SL lífeyrissjóðs 2022

SL lífeyrissjóður

Fimmtudaginn 2. júní 2022 kl. 16:30
Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík

DAGSKRÁ

1. Fundur settur
2. Skýrsla stjórnar
3. Gerð grein fyrir ársreikningi
4. Tryggingafræðileg úttekt
5. Breytingar á samþykktum
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt
7. Önnur mál

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðendur sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 25.04.2022
Stjórn SL lífeyrissjóðs

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. – Hlutafjárútboð

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. (hér eftir nefnt „Ölgerðin“) hefur óskað eftir því að öll hlutabréf í félaginu verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og hefur í tengslum við umsóknina og fyrirhugað almennt útboð á hlutabréfum í Ölgerðinni birt skráningarlýsingu dagsetta 17. maí 2022 (hér eftir nefnt „lýsingin“). Lýsingin, ásamt fjárfestakynningu, er gefin út á íslensku og birt á vefsíðu félagsins, www.olgerdin.is/fjarfestar og á vef útboðsins www.kvika.is/olgerdin.

Almennt útboð á hlutabréfum Ölgerðarinnar **hefst kl. 10.00 mánudaginn 23. maí 2022 og lýkur kl. 16.00 föstudaginn 27. maí 2022**, nema útgefandi taki ákvörðun um að fresta útboðinu eða lengja áskriftartímabilið. Útboðið tekur til 827.299.496 hluta eða 29,5% af heildarhlutafé félagsins. Tvær áskriftarleiðir eru í boði og mun endanleg stærð hvorrar tilboðsbókar taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn. **Hægt er að nálgast nánari upplýsingar og taka þátt í útboðinu á vefsíðunni www.kvika.is/olgerdin**.

	Tilboðsbók A	**Tilboðsbók B**
Tilboðsverð	Fast verð 8,9 kr. á hlut	Tilboð skulu gerð á eða yfir lágmarksverði 8,9 kr. á hlut. Salan fer fram á föstu verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum
Áætluð stærð bókar	330.919.798 hlutir (40% af útboðinu)	496.379.698 hlutir (60% af útboði)
Stærð áskrifta	Áskriftir að kaupverði 100 þ.kr. – 20 m.kr.	Áskriftir að kaupverði yfir 20 m.kr. Tilboð ekki yfir stærð útboðs
Meginreglur varðandi úthlutun	Áskriftir verða skertar hlutfallslega, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 1.000.000 kr.	Komi til umframáskrifta er meginreglan sú að áskriftir verða metnar á grundvelli verðs. Við ákvörðun verðs verður þó horft til markmiða útboðsins, þ.e. að auka fjölbreytni í hluthafahóp, aukins seljanleika hlutabréfanna, virka verðmyndun, heilbrigð viðskipti á eftirmarkaði og annarra langtímasjónarmiða félagsins. Ef skerðing út frá verði nægir ekki til þess að jafngilda fjölda boðinna hluta verða áskriftir skornar niður hlutfallslega. Þó verður horft til tímanlegra skila á tilboðum. Þannig munu áskriftir sem berast á fyrsta og öðrum degi útboðsins vera skornar niður um ¾ á við áskriftir sem koma inn síðar

Nánari upplýsingar:

Nánari upplýsingar um Ölgerðina, skilmála útboðsins og áætlaða tímalínu útboðs og uppgjörs má finna í lýsingu Ölgerðarinnar auk fjárfestakynningar. Fyrirtækjaráðgjöf og Markaðsviðskipti Kviku banka hf. hafa umsjón með því ferli að fá hluti félagsins tekna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. auk umsjónar með almennu útboði á hlutabréfum í Ölgerðinni.

Nánari upplýsingar og aðstoð vegna útboðsins má nálgast hjá Kviku banka í gegnum netfangið olgerdin@kvika.is eða í síma 540-3200.

JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023

ÍST 85:2012 Equal pay management system

Fjögur gildi marka hegðun okkar og ákvarðanir: **Jákvæðni**, **áreiðanleiki**, **hagkvæmni** og **framsækni**.

Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtæki á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Hjá fyrirtækinu starfar fjölbreyttur hópur af kraftmiklu, skapandi og framsæknu starfsfólki. Við stefnum að því að aldrei verði hærra hlutfall en 60% af einu kyni í stjórnunarstöðum.

Við erum stöðugt að vinna að umbótum í rekstri og nýtum stafræna tækni til að skapa okkur samkeppnisforskot.

Við viljum vaxa með hagkvæmum og sjálfbærum hætti.

Stöðugt er leitað nýrra leiða til að efla starfsemina og ná fram meiri framleiðni með því að gera hlutina betur og fyrr en aðrir.

Þetta er gert til hagsbóta fyrir viðskiptavini okkar, neytendur, starfsfólk og eigendur.

Ferða

Sumarhátíð BL, Sævarhöfða er í dag frá 12–16

Ferðabílar, ferðavörur, veitingar og verðlaunaleikur!

Komdu og skoðaðu nýjustu bílana og úrval af ferðavörum, taktu þátt í freistandi verðlaunaleik meðan þú gæðir þér á pylsu og gosi í boði BL.

Hleðslulausnir

Sérfræðingar frá Ísorku kynna búnað og lausnir á heimahleðslustöðvum.

ísorka

7 SÆTA DACIA JOGGER FRUMSÝNDUR

VERÐ FRÁ: 3.890.000 kr.

LEIGA FRÁ: 102.090 kr. á mán.

FLEX

MG5 - STATION RAFBÍLL FRUMSÝNDUR

VERÐ FRÁ: 5.190.000 kr.

LEIGA FRÁ: 132.090 kr. á mán.

FLEX

dagar

ENNEMM / SÍA / NM010907

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Joe Biden Bandaríkjaforseti gekk um stíga Rósagarðs Hvíta hússins með Sauli Niinistö, forseta Finnlands, og Magdalenu Andersson, forsætisráðherra Svíþjóðar, á fimmtudag eftir fund þeirra um aðildarumsóknir ríkjanna að Atlantshafsbandalaginu. Flest aðildarríkin hafa tekið umsóknunum fagnandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Finnar og Svíar fá flýtimeðferð inn í NATO

Sigurjón Torfason
sigurjon@frettabladid.is

Fyrirhuguð aðild Svíþjóðar og Finnlands að Atlantshafsbandalaginu hefur fengið mikinn stuðning í Evrópu en veldur einnig titringi. Þótt stuðningur við aðild hafi aukist innan umsóknarríkjanna tveggja er málið stórpólitískt. Svo er einnig hér á landi.

Finnland og Svíþjóð sóttu formlega um aðild að Atlantshafsbandalaginu (NATO) í vikunni. Ríkin hafa bæði átt aðild að Evrópusambandinu frá tíunda áratug 20. aldar og sú aðild hefur hingað til ekki breytt þeirri hlutleysisstefnu sem lengi hefur verið byggt á í utanríkisstefnum ríkjanna. Svíþjóð hefur haldið hlutleysisstefnu allt frá 19. öld. Sagan er örlítið flóknari hjá Finnlandi. Árið 1939 réðust Sovétríkin inn í Finnland. Finnar vörðust valdatöku þeirra en neyddust til að taka upp hlutleysisstefnu þegar kalda stríðið hófst og hafa haldið þeirri hlutleysisstefnu síðan, þrátt fyrir að hafa verið undir miklum áhrifum frá Sovétríkjunum.

Finnland og Rússland hafa haldið nánum samskiptum í gegnum tíðina, enda nágrannaþjóðir. Finnar hafa þó alltaf farið varlega og fjárfest gífurlega í vörnum sínum, þar á meðal haldið uppi herskyldu. Finnar deila um 1.300 kílómetra landamærum með Rússum og landamæri NATO og Rússlands tvöfaldast því ef Finnland gengur í NATO.

„Rússneska innrásin í Úkraínu kom okkur í opna skjöldu, við bjuggumst ekki við henni en í kjölfarið fór fólk að endurhugsa aðstæðurnar," segir Ann-Sofie Stude, sendiherra Finnlands á Íslandi.

Hún segir ótrúlegt hvað stuðningur við NATO hafi aukist mikið á stuttum tíma en samkvæmt mælingum studdu 53 prósent Finna aðild að NATO fyrir innrás Rússlands en hann hefur nú aukist upp í 76 prósent. Hún tekur þó fram að umsókn Finna um aðild að NATO sé ekki beint gegn neinum heldur séu markmið hennar friður og stöðugleiki.

Í Svíþjóð hefur lengst af verið andstaða við aðild að NATO. Sænski jafnaðarmannaflokkurinn, flokkur Magdalenu Andersson forsætisráðherra Svíþjóðar, hefur í gegnum tíðina verið á móti inngöngu í NATO en Andersson sagði fyrr í vikunni að

> **Það væri líkleg leið fyrir Rússa að reyna að herja á NATO-löndin með upplýsingaóreiðu, falsfréttum og tilraunum til íhlutunar í lýðræðislega ferla.**

Brynja Huld Óskarsdóttir, öryggis- og varnarmálafræðingur

besta leiðin fyrir öryggi Svíþjóðar á þessu stigi væri að sækja um aðild, samhliða umsókn Finna.

Samkvæmt mælingu frá árinu 2013 voru 39 prósent sænsks almennings andvíg aðild að NATO en 35 prósent voru hlynnt. Viðhorfin hafa breyst töluvert á síðustu níu árum. Nú eru 53 prósent hlynnt aðild að NATO og stuðningurinn hækkar í 64 prósent þegar spurt er hvort Svíþjóð og Finnland eigi að sækja saman um aðild, þá eru 64 prósent hlynnt aðild.

Margræð áhrif aðildar

Aðild Finnlands og Svíþjóðar hefur bæði hernaðarlegt og stjórnmálalegt mikilvægi fyrir NATO. Í Eystrasaltinu liggur fjórðungur rússneska flotans en með inngöngu Finna og Svía yrði hafið að megninu til yfirráðasvæði NATO.

Vladímír Pútín Rússlandsforseti hefur kennt Vesturlöndum og stækkun NATO um stríðið í Úkraínu. Það var einmitt umræðan um umsókn Úkraínu að NATO sem var kornið sem fyllti mælinn hjá Rússum. Frá því að þreifingar um aðild ríkjanna hófust hafa hótanir ítrekað borist frá Rússlandi um samræmdar aðgerðir gegn ríkjunum verði ekki látið af slíkum þreifingum. Í gær tilkynntu rússnesk stjórnvöld að herstöðvum í vesturhluta Rússlands verði fjölgað gangi ríkin tvö í NATO.

„Pútín gaf í skyn fyrr í vikunni að hann sæi aðild Finnlands og Svíþjóðar ekki sem beina ógn við Rússland," segir Brynja Huld Óskarsdóttir, öryggis- og varnarmálafræðingur. Hún segir orð forsetans í þessa veru hafa gefið til kynna að hann vildi reyna að draga úr spennu á svæðinu.

„En nú berast fréttir af aukinni hernaðaruppbyggingu í vesturhluta landsins frá Sergej Sjoígú, varnarmálaráðherra Rússlands, sem er ekki til þess að róa hlutina," segir hún. Það verði í höndum ráðamanna NATO hvernig brugðist verði við því. Þá bætir Brynja við að Finnar og Svíar hafi verið skýrir í vikunni með að ætla ekki að leyfa erlendar herstöðvar eða hýsingu kjarnorkuvopna innan sinna landa.

„Það væri líkleg leið fyrir Rússa að reyna að herja á NATO-löndin með upplýsingaóreiðu, falsfréttum og tilraunum til íhlutunar í lýðræðislega ferla, sem er í rauninni það sem heitir fjölþáttaógnir," segir Brynja Huld en segir hlutina þó geta breyst hratt.

Afstaða Tyrkja sker sig úr

Búist er við að umsóknarferli Finnlands og Svíþjóðar taki einungis nokkrar vikur og það yrði stysta umsóknarferli í sögu varnarbandalagsins. Aðildarferli Norður-Makedóníu, nýjasta aðildarríkisins, tók um það bil tvö ár.

Umsóknarferill ríkjanna hófst formlega með bréfi til Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóra NATO. Viðræður um aðildarsamninga fara nú í gang og í kjölfar undirritunar þeirra hefst fullgildingarferli í öllum aðildarríkjum, oftast með aðkomu þjóðþinganna. Hér á Íslandi leggur utanríkisráðherra samningana fyrir ríkisstjórn og í kjölfarið verður mælt fyrir þingsályktunartillögu um aðildina á Alþingi. Fullgildingunni lýkur svo með atkvæðagreiðslu á Alþingi og undirritun forseta Íslands í kjölfarið.

Nýtt ríki verður ekki tekið inn í NATO fyrr en öll aðildarríki hafa fullgilt aðildarsamninginn. Þegar þeim áfanga er náð fullgilda umsóknarríkin samninginn fyrir sitt leyti og með því lýkur ferlinu.

Umsóknunum hefur verið tekið fagnandi af leiðtogum flestra aðildarríkja NATO og Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO, hefur sagt að tekið verði á móti ríkjunum opnum örmum. Hann telur þó að andstaða Tyrklands gæti hægt á umsóknarferlinu en er þó vongóður um að þeim snúist hugur.

Recep Tayyip Erdoğan hefur lýst yfir andstöðu við inngöngu ríkjanna tveggja í NATO, en Tyrkland hefur verið aðildarríki frá 1952. Erdoğan segir ríkin tvö vera „gistiheimili" fyrir hryðjuverkastarfsemi, þar virðist hann vísa til Kúrda sem flúið hafa Tyrkland til Svíþjóðar. Hann segist ekki ætla að samþykkja umsókn ríkjanna nema að þau framselji 33 „hryðjuverkamenn" sem dvelja í Finnlandi og Svíþjóð.

Brynja Huld bendir á að ríki sem sækir um aðild að NATO hefur aldrei fengið höfnun. „Ég tel mjög líklegt að næstu daga munum við sjá sendinefndir Svíþjóðar og Finnlands en líka bara ráðamenn frá Brussel reyna að koma þannig að málum við Erdoğan að hann muni samþykkja aðildina," segir hún.

Lofar engu um þingflokk VG

„Við stöndum með lýðræðislegri niðurstöðu Finna og Svía og munum greiða fyrir þessu máli í gegnum Alþingi," segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra um aðildarumsóknir ríkjanna í Atlantshafsbandalagið. Hún segir málið hafa þverpólitískan stuðning hérlendis og býst við að þingið afgreiði málið fljótt eftir að tillaga um það verður lögð fram á Alþingi.

Andstaða við aðild Íslands að NATO hefur verið grundvallarstefna Vinstri grænna frá stofnun flokksins. Þegar Norður-Makedónía gekk í NATO sátu þingmenn VG ýmist hjá í atkvæðagreiðslunni eða voru fjarverandi. Katrín segist engu geta lofað um hvernig flokksfélagar hennar greiði atkvæði um aðild Svía og Finna. Sjálf hafi hún tilkynnt forsætisráðherrum ríkjanna tveggja að hún muni styðja þá niðurstöðu sem ríkin hafi sjálf komist að.

Katrín segist hafa fullan skilning á aðstæðum Svíþjóðar og Finnlands og telur ekki að aðild þeirra að NATO muni spilla friðinum sem ríkt hefur á Norðurlöndum.

„Ég tel að þetta muni styrkja rödd Norðurlandanna," segir Katrín og bendir á að sameiginlegt markmið Norðurlandanna hafi verið að halda norðurslóðum og Norðurlöndunum sem lágspennusvæði. ■

> **Ég tel að þetta muni styrkja rödd Norðurlandanna.**
>
> Katrín Jakobsdóttir

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Regína Jóhanna Guðlaugsdóttir
Þroskaþjálfi á Kjalarnesi

Bakvörður frá upphafi

Bakvörður björgunarsveitanna

Þrjátíu þúsund þakkir til Bakvarða

Nýlega buðum við 30 þúsundasta Bakvörðinn velkominn í hópinn. Af því tilefni fórum við vítt og breitt um landið til að þakka fyrir stuðninginn. Hver einasti Bakvörður björgunarsveitanna skiptir miklu máli og við erum auðmjúk, þakklát og umfram allt stolt af ykkur öllum.

Við sendum þúsund þakkir til Bakvarða sem standa með okkur í hverjum mánuði. Þið vitið hver þið eruð.

Sjáðu svipmyndir frá ferðalaginu okkar á **landsbjorg.is**

Gegn yfirgangi

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Umsókn Finna og Svía um aðild að Atlantshafsbandalaginu er afstaða með lýðræðinu, gegn einræði og yfirgangi.

Hún er yfirlýsing um að slátrun saklausrar alþýðu manna er ekki liðin. Hún er heitstrenging um að standa með fólki og réttindum þess, framar öllu öðru.

Og hún er alger stefnubreyting, einhver sú sögulegasta frá því um miðja síðustu öld þegar eldarnir slokknuðu í Evrópu.

Það er vegna þess að merking þess að geta talað við alla hefur tæmst að innihaldi. Hlutverki hins saklausa sáttasemjara, sem Finnar og Svíar töldu sig svo lengi vera, er lokið, einmitt vegna þess að innistæðan hefur ekki reynst vera nokkur þegar í nauðirnar rekur.

Hlutleysið hefur verið afhjúpað með nýju stríði í Evrópu. Og það hefur ekki reynst vera annað en meðvirkni með árásaröflunum. Og raunar hrein og klár afstaða með þeim illu skröttum sem láta sér ekki segjast með samtalinu einu.

Þess vegna hafa Finnar og Svíar komist að sinni niðurstöðu. Og af sömu sökum kjósa Danir um það í næsta mánuði hvort þeir eigi að láta af einni af helstu undanþágu sinni að Evrópusambandsaðild sem varðar sameiginlegt hernaðarbandalag í álfunni.

Viðhorfið er einmitt það sama í Danmörku og í Finnlandi og Svíþjóð: getum við lengur verið værukærir áhorfendur að framvindu mála í álfunni okkar, getum við sem lýðræðisþjóðir látið hjá líða að taka afstöðu?

Þetta eru stærstu spurningar Evrópu í dag. Og allar þjóðir hennar verða að svara þeim, enda er annað ábyrgðarleysi á tímum alvarlegustu stríðsglæpa sem sögur fara af í álfunni um langa hríð.

Innrás Rússa í Úkraínu er stærsta áminning Evrópuþjóða í mannsaldur. Hún er þeim stærri lexía í lýðræði en flestir núlifendur hafa kynnst.

Þess vegna blasir sú breytta heimsmynd við sem knýr æ fleiri þjóðir álfunnar til bandalagsþátttöku. Það á við um Atlantshafsbandalagið og það á við um Evrópusambandið.

Ekki færri en tólf ríki Evrópu eru misjafnlega langt komin með að bætast í hóp 27 ESB-ríkja, en þau eru Albanía, Svartfjallaland, Norður-Makedónía, Serbía, Tyrkland, Bosnía, Kósóvó, Moldóva, Georgía, Armenía og Aserbaísjan, auk auðvitað Úkraínu.

Jafnvel á Íslandi gætir þessarar sömu viðhorfsbreytingar, en nýlegar kannanir sýna að tveir af hverjum þremur landsmönnum sem gefa upp afstöðu sína vilja nú fulla aðild.

Og til þess þurfti stríð. ■

> Hlutleysið hefur verið afhjúpað með nýju stríði í Evrópu. Og það hefur ekki reynst vera annað en meðvirkni með árásaröflunum.

Gunnar

Mín skoðun

Blóðpeningar

Sif Sigmarsdóttir

Neytendasamtök um alla Evrópu hyggjast taka saman upplýsingar um þau fyrirtæki sem enn stunda viðskipti í Rússlandi. Er það gert svo að neytendur geti sjálfir ákveðið hvort þeir skipti við fyrirtækin eða sniðgangi þau. „Við fengum alveg magnaða ræðu frá fulltrúa neytendasamtaka Úkraínu og í kjölfarið var samþykkt að búa til þennan lista," sagði Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, í samtali við Fréttablaðið í vikunni þar sem hann var staddur í Brussel á fundi Evrópusamtaka neytenda.

Við upphaf innrásar Rússa í Úkraínu hvatti Volodímír Selenskíj, forseti landsins, fyrirtæki til að hætta viðskiptum í Rússlandi því að þau væru „drifin blóði" Úkraínumanna. Fjöldi alþjóðlegra fyrirtækja varð við þeirri bón. En ekki öll. Yale-háskóli í Bandaríkjunum heldur úti lista yfir fyrirtæki sem enn stunda viðskipti í Rússlandi. Á honum má finna nokkur íslensk fyrirtæki, svo sem Hampiðjuna og Knarr Maritime, sem gera sér blóðpeninga að góðu.

Væntanlegur listi Neytendasamtakanna er upp á líf og dauða. Ekki er þó víst að starfsemi allra íslenskra fyrirtækja sem á honum lenda sé þess eðlis að neytendur geti tjáð þeim hug sinn með veskinu. Það er hins vegar hægt að fanga athygli eigenda þeirra eftir fleiri leiðum en í gegnum rekstrarreikninginn.

> Svo virðist sem úkraínsk mannslíf séu ekki öllum íslenskum fyrirtækjum næg ástæða til að láta af viðskiptum við Rússland.

Eins dauði, annars brauð

Hinn 20. apríl árið 1879 var haldinn fjöldafundur í þorpinu Irishtown á Írlandi. Óhagstæð veðurskilyrði, uppskerubrestur og lágt búvöruverð ollu því að leiguliðar í nærliggjandi sveitum bjuggu við sára fátækt og gátu ekki lengur staðið skil á leiguafgjaldi til jarðeigenda. Fimmtán þúsund manns mættu til fundarins sem markaði upphaf „írska landstríðsins", áralangrar baráttu um lækkun jarðleigu, breytingar á eignarhaldi lands og bann við útburði fjölskyldna af heimilum sínum.

Charles Cunningham Boycott var enskur bústjóri landeiganda eins á Vestur-Írlandi. Í september 1880 óskuðu leiguliðar á landi í umsjá hans 25 prósenta leigulækkunar vegna bágrar afkomu. Boycott neitaði. Í mótmælaskyni hættu leiguliðarnir alfarið að greiða leiguna. Boycott gerði sig líklegan til, eins og venjan var, að bera leiguliðana og fjölskyldur þeirra út. Honum varð þó ekki kápan úr því klæðinu. Í samhentu átaki samfélagsins alls var Boycott sniðgenginn. Hvert sem hann fór var hann hunsaður. Hann fékk ekki afgreiðslu í verslunum. Þjónustufólk hans hætti. Vinnumenn neituðu að starfa fyrir hann. Meira að segja póstburðarmaðurinn hætti að færa honum póst.

Aðferðafræðin vakti gífurlega athygli. Hún breiddist um Írland og varð þáttur í því að leiguliðar hlutu að endingu aukin réttindi.

Boycott, orðinn alræmdur fyrir miskunnarleysi sitt, hrökklaðist burt frá Írlandi. Hann varð þó frægur fyrir fleira. Bústjórinn komst á spjöld sögunnar sem maðurinn sem breyttist í sagnorð. Nafn hans lifir enn í enskri tungu, þökk sé samtímamönnum hans sem tóku að nota orðið „boycott" í merkingunni að sniðganga einhvern eða eitthvað.

„Eins dauði er annars brauð" öðlast bókstaflega merkingu nú um stundir. Svo virðist sem úkraínsk mannslíf séu ekki öllum íslenskum fyrirtækjum næg ástæða til að láta af viðskiptum við Rússland. Kannski að óttinn við sniðgöngu – efnahagslega eða samfélagslega – leiði til sinnaskipta stjórnenda þeirra. Dugi hann þó ekki til mætti grípa til óhefðbundinna aðferða. Samhliða birtingu lista Neytendasamtakanna væri hægt að efna til nýyrðasamkeppni. Landsmönnum yrði falið að mynda sögn úr nafni fyrirtækis á listanum sem, eins og Boycott bústjóri, ætti á hættu að komast á spjöld sögunnar í gegnum tungumálið. Sögninni væri ætlað að fanga merkinguna: Að fara með blóðpeninga í bankann. ■

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

ÞESSA HELGI

ALLT Á AÐ SELJAST

ENNÞÁ MEIRI VERÐLÆKKUN Á ÖLLUM LAGERNUM

VERÐ SEM HEFUR ÖRUGGLEGA ALDREI SÉST Á ÍSLANDI

Opið í dag laugardag kl. 10-22 og á morgun sunnudag kl. 12-22

Cromwell Rugs® ehf.

Víkurhvarf 2 • Sími 835 70 70

EVA SOLO
FireGlobe, útiarinn.
H 66 cm.
69.990 kr.

EVA SOLO
FireGlobe viðarberi
13.990 kr.

SUMARDAGAR

www.husgagnahollin.is
VEFVERSLUN

ASHFIELD
Armstóll. 70 x 82 x 93 cm.
89.990 kr.

ASHFIELD
Sófaborð með reyklitaðri glerplötu.
140 x 80 x 69 cm.
64.990 kr.

ASHFIELD
3ja sæta sófi.
186 x 82 x 93 cm.
159.990 kr.

ASHFIELD
Stillanlegur útihægindastóll.
74 x 74 x 102 cm. 96.990 kr.

MUUBS MELANCHOLIA
Vasi. Ø30 x 40 cm. 19.990 kr.
Vasi. Ø35 x 80 cm. 37.990 kr.

BROSTE GORAN
Bambuslukt. Ø37 x 42 cm.
15.990 kr.

LENE BJERRE AURIA
Lukt. 19 x 33 cm.
13.990 kr.

NORDAL ASTER
Svart eldstæði. Ø61 cm.
39.990 kr.

RIBBON
Svartur eða grár.
54.990 kr.

Reykjavík Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri **Dalsbraut 1**
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður **Skeiði 1**

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

VANNES
Útihliðarborð. Rautt, drapplitað eða grátt.
Stærð: Ø45 x 50 cm. 18.990 kr. Stærð: Ø60 x 45 cm. 24.990 kr.

BROSTE FIBER
Garðborð. Ø110 x 75 cm.
99.990 kr.

ILLORA
Körfustól, dökkgrár með púðum.
109.990 kr.

BERMUDA
Útisófasett með borði. Hægt að raða á marga vegu.
210 x 210 x 80 cm. **179.990 kr.**

SIRIUS LUCAS
Ljósaperusett. 3 metrar með 10 ljósum.
5.990 kr.

STOCKHOLM
Útihornsófi. Endingargott Olefin áklæði. Litir: Natur eða svartur
Stærð: 252 × 252 × 80 cm 289.990 kr.

STOCKHOLM
Fallegur sólbekkur. Endingargott Olefin áklæði. Litir: Natur eða svartur. Stærð: 193 x 60 x 33 cm
89.990 kr.

STOCKHOLM
Útiarmstóll. Natur eða svartur. Endingargott Olefin áklæði.
Stærð: 86 x 88 x 80 cm
65.990 kr.

STOCKHOLM
Tungusófi, hægri. Litir: Natur eða svartur.
Stærð: 250 x 160 x 85 cm.
204.990 kr.

STOCKHOLM
Borð og sæti/hnallur. Þú tekur pulluna af og þá virkar hnallurinn sem borð. Litir: Natur eða svartur. 59.990 kr.



DIAMOND CUT
Plastglös og könnur.
Ýmsir litir og gerðir.
Kanna 1,5L. 6.990 kr.
Vínglas. 50 cl. 1.990 kr.
Glas. 35cl. 1.690 kr.
Glas. 50cl. 1.990 kr.

Þú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is/baeklingar/
Eða með því að
skanna QR kóðann

MEDUSA BLUE DANCER
Krús 990 kr. Diskur. Ø20 cm. 1.290 kr.
Ø25 cm. 1.490 kr. Kanna m/haldi. 990 kr.
Skál. 14,5 cm. 1.490 kr.
Salatskál. 3.490 kr.

PÓSTLISTASKRÁNING
Viltu foraðgang að sumarútsölunni?

HÚSGAGNA HÖLLIN

» Það er enn erfiðasta verkefnið að vinna ensku úrvalsdeildina. Það eru margar vikur, leikir, góðar stundir, slæmar, að baki.

Pep Guardiola

Ef lærisveinar Guardiola verða ekki tilbúnir gegn Aston Villa um helgina eru Liverpool-menn að anda ofan í hálsmálið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Lítið sem ekkert sem hefur skilið toppliðin að

Eftir baráttu Manchester City og Liverpool um enska meistaratitilinn, ráðast örlögin um helgina. Bítlaborgarmenn þurfa að treysta á fyrrverandi hetju félagsins, Steven Gerrard, í stjórastól Aston Villa, á sama tíma og félagið mætir Wolves. Erkifjendur berjast um hið verðmæta fjórða sæti og Jóhann Berg Guðmundsson gæti kvatt ensku úrvalsdeildina.

kristinnpall@frettabladid.is

ENSKI BOLTINN Í annað sinn á fjórum árum eru Liverpool-menn hársbreidd frá titlinum þegar lokaumferðin er fram undan, en þurfa líklegast að horfa á eftir meistaratitlinum til Manchester City. Það er kunnuglegt stef fyrir Jürgen Klopp og hans lærisveina að þurfa að treysta á kraftaverk á sama tíma og þeir leika sinn leik en þeir eru með hauk í horni. Gerrard átti það til að bjarga Liverpool á ótrúlegustu stundum sem leikmaður og væri eflaust til í að enda fyrsta tímabil sitt í ensku úrvalsdeildinni á jákvæðan máta og hjálpa um leið fyrrum vinnuveitendum sínum.

Í grunninn er staðan einföld. Lærisveinar Pep Guardiola þurfa sigur gegn Aston Villa og þeir verða Englandsmeistarar í áttunda sinn í sögu félagsins. Ekkert fær það stöðvað ef City vinnur Aston Villa, sem hefur í raun að engu að keppa. Ekki nema Aston Villa deili fimmta sæti með Manchester City yfir sigursælustu lið efstu deildar frá upphafi. Ef leiknum lýkur með jafntefli eða óvæntum sigri Aston Villa, gæti enn farið svo að City verði meistarar en þá þurfa þeir að treysta á Wolves á Anfield. ■

Salah er í kjörstöðu í baráttunni um gullskóinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Félög þéna betur á því að komast í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu en að vinna Evrópudeildina.

» Salah leiðir kapphlaupið um gullskóinn með einu marki. Það yrði þriðji gullskór Egyptans á fimm árum í herbúðum Liverpool.

1

Eitt stig skilur City og Liverpool að síðustu fjögur ár. City hefur fengið 355 stig af 453 og Liverpool 354 stig.

» Ef City verður meistari er Guardiola orðinn næstsigursælasti þjálfari úrvalsdeildarinnar.

Barist á öðrum vígstöðvum um afar verðmæt sæti

kristinnpall@frettabladid.is

ENSKI BOLTINN Það er ekki aðeins spenna fyrir lokaumferðinni meðal efstu tveggja liðanna. Erkifjendurnir í Tottenham og Arsenal heyja baráttu um fjórða sætið, sem veitir um leið þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu, og Leeds og Burnley berjast um að framlengja dvöl sína í efstu deild.

Skyttunum í Arsenal hefur fatast flugið á undanförnum vikum. Eftir að hafa tapað fjórum leikjum af síðustu átta, þar á meðal síðustu tveimur, þurfa lærisveinar Mikel Arteta að treysta á að Norwich, sem er fallið úr deildinni, vinni óvæntan sigur á Tottenham á heimavelli sínum.

Markatalan gerir það að verkum að Tottenham dugar gegn Norwich að ná fjórða sæti, sem gefur sæti í Meistaradeild Evrópu sem gjörbreytir tekjuinnkomu næsta árs.

Jóhann Berg er með samning við Burnley fram á næsta sumar.

Leikir í lokaumferð:

Manchester City	Aston Villa
Liverpool	Wolves
Chelsea	Watford
Arsenal	Everton
Norwich	Tottenham
Burnley	Newcastle
Brentford	Leeds
Crystal Palace	Manchester United
Brighton	West Ham
Leicester	Southampton

Á sama tíma er tveggja liða barátta um 17. sætið á milli Burnley og Leeds. Eftir sigur Everton í vikunni eru þeir hólpnir í bili og er Burnley með forskot á Leeds þegar kemur að markatölu. Leeds þarf því að ná úrslitum og um leið treysta á hagstæð úrslit hjá Newcastle en félagið sem fer niður verður af gríðarlegum fjárhæðum sem fylgja því að leika í ensku úrvalsdeildinni. ■

Staðan fyrir 38. umferðina

1. Manchester City	90
2. Liverpool	89
3. Chelsea	71
4. Tottenham	68
5. Arsenal	66
6. Manchester United	58
7. West Ham	56
8. Wolves	51
9. Leicester	49
10. Brighton	48
11. Brentford	46
12. Newcastle	46
13. Crystal Palace	45
14. Aston Villa	45
15. Southampton	40
16. Everton	39
17. Burnley	35
18. Leeds	35
19. Watford	23
20. Norwich	22


Domino's
ENSKI
Í OPINNI
Á DOMINOS.IS – SUNNUDAG KL.15
LIVERPOOL – WOLVES
MANCHESTER CITY – ASTON VILLA
Premier League

BJORK@FRETTABLADID.IS

Víti til varnaðar

Sögur eins og sú sem Ingvar Ómarsson segir hér í forsíðuviðtali þessa tölublaðs eru sagðar til að vekja aðra til umhugsunar. Ingvar sem notaði reiðhjólahjálm, einfaldlega vegna þess að allir gerðu það, getur þakkað hjálminum líf sitt í dag. Án hans hefði hann varla lifað árekstur við mótorhjól á 80 kílómetra hraða, af, eða hefði alla vega hlotið af því varanleg örkuml.

Þó svo við séum flest því marki brennd að læra seint af annarra reynslu og þurfum helst að skaðbrenna okkur sjálf áður en við áttum okkur á því að súpan sé heit, þá munum við mörg einhverja svona sögu.

Sögu sem hefur skilið eitthvað eftir og hreyft við okkur, sögur sem við hugsum til þegar við festum bílbeltið, kippum tvisvar í hurðarhúninn, göngum aftur fyrir bílinn áður en við bökkum og þar fram eftir götunum.

Ingvar gleymir því aldrei hversu nálægt hann komst dauðanum í nóvembermánuði árið 2015. Og þó hann hafi aldrei hugsað út í hjálmanotkun áður, mun hann aldrei gleyma henni héðan af.

Hann var heppinn. Það eru það því miður ekki allir. ■

Ingvar gleymir því aldrei hversu nálægt hann komst dauðanum í nóvembermánuði árið 2015.

Við mælum með

Sky Lagoon
Ef þú ert enn ekki búin/n að prófa vinina í Kópavogi mælum við með að þú gerir það hið snarasta. Lónið er allt sem þú getur ímyndað þér og meira en það. Nú er boðið upp á fjórar leiðir til að njóta lónsins allt frá 6.990 krónum að 23.990 sem er mömmupakkinn sem inniheldur töluvert meira og er aðeins í boði út maímánuð. En mundu að þú þarft að panta tíma fyrir fram.

Bocelli sem beðið er eftir
Stórsöngvarinn Andrea Bocelli syngur í Kórnum í kvöld. Um er að ræða stærsta sitjandi tónleikahald Íslandssögunnar. Stjórnandi er Marcello Rota og Maria Aleida Rodriguez syngur sópran. Þá er íslenska poppsöngkonan Jóhanna Guðrún sérstakur gestur. Sinfóníuhljómsveitin SinfoniaNord leikur undir ásamt kór frá Söngsveitinni Fílharmóníu. Bocelli hefur selt fleiri en 90 plötutitla á heimsvísu og nær að sameina stóran aðdáendahóp. Fyrri hluti kvöldsins er helgaður klassískari óperuverkum og síðan flytur Bocelli sínar vinsælustu ballöður. ■

Útgáfutónleikar Bríetar hlutu verðlaun sem Tónlistarviðburður síðasta árs og verða endurteknir í Eldborg í kvöld.

Akkúrat núna er ég glöð

Tónlistarkonan Bríet stígur á svið Eldborgar í kvöld og gefur aðdáendum tvö önnur tækifæri á að sjá tónleikana sem hlutu titilinn Tónlistarviðburður ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum.

bjork@frettabladid.is

Bríet stefnir á að læsa sig inni í stúdíói. MYNDIR/BERGLAUG PETRA GARÐARSDÓTTIR

Við náum tali af Bríeti þar sem stutt stund er á milli stríða við undirbúning tónleikanna. „Þetta er alveg 40 manna teymi sem ég er búin að sanka að mér til að gera þetta fullkomið," segir Bríet, en útgáfutónleikar hennar urðu loks að veruleika í október, færri komust að en vildu og var því afráðið að stilla aftur upp í „show-ið", sem vakti gríðarleg viðbrögð.

„Það eru allir með metnað fyrir því að gera enn betur en í fyrra og þá vill maður laga hér, bæta við dressi hér eða bæta við dansinn hér, svo ósjálfrátt verður þetta jafn mikil vinna og upphaflega," segir hún, en þegar þessi orð eru rituð eru enn einhver sæti laus á seinni tónleika kvöldsins.

„Verandi með svona skapandi fólki eins og Aðalheiði Halldórs danshöfundi, þá bara fara allir af stað af ótrúlegum metnaði."

Bríet segir undirbúning slíks kvölds þéttan. „Við erum að tala um hljómsveitar- og dansæfingar, svo hanna ég líka öll fötin með Sigríði Ágústu, klæðskera og fatahönnuði. Við erum saman í hugmyndaferlinu en svo er hún hendurnar og heilinn sem gerir þetta allt saman."

Æfa þurfti nýja hljómsveit fyrir kvöldið þar sem þeir Rubin Pollock og Þorleifur Gaukur Davíðsson, sem spiluðu ásamt fleirum á útgáfutónleikunum, eru nú á tónleikaferðalagi með sveit sinni, Kaleo. Eins þurfti að æfa upp danssporin. Æfingar hafa því verið þéttar og eins fundarseta með ljósamönnum og þeim sem sjá um hár og förðun.

Ársundirbúningur
„Þetta er erfitt þegar maður vill vera með puttana í öllu," segir Bríet í léttum tón, en hugmyndir og hönnun á bak við tónleikana eru í höndum hennar og tónlistarmannsins Kristins Arnars Sigurðssonar, betur þekkts sem Krassa-sig.

„Við Kiddi byrjuðum á hugmyndaferlinu fyrir ári síðan. Hann fór þá að hanna leikmynd og við erum svo búin að vera að stilla upp og raða og breyta. Þetta er náttúrlega sama beinagrindin og var í október en við erum búin að þétta og fullkomna þetta."

Aðspurð hverju áhorfendur eigi von á í kvöld svarar Bríet: „Þetta er aldrei sama show-ið þótt beinagrindin sé sú sama. Það voru svo margir svekktir að missa af síðast svo það var komin pressa á að gera þetta aftur. Maður smíðaði þennan turn frá grunni og á þetta allt saman svo það var bara um að gera að henda í aðra tónleika. Það er svolítið hellað að vinna að einhverju í hálft ár og svo er þetta bara eitt show – ein algjör sprengja og svo bara takk og bless."

Spilar um landið í sumar
Eftir tónleikana er helst tvennt á döfinni hjá Bríet. „Ég er að reyna að fara að læsa mig inni í stúdíóinu til að taka upp nýtt efni og svo langar mig líka að flakka um landið í sumar og taka þessi litlu gigg þar sem ég fæ bara fáa inn á stað og spila," segir Bríet, sem er enn að vinna í dagskránni sem er að myndast en segist alla vega ákveðin í að heimsækja Vest- og Austfirði.

Fyrsta plata Bríetar var kveðja til fyrri og núverandi ástarsambanda og segja má að hún hafi slegið í gegn á einni nóttu. Bríet segir eitthvert efni tilbúið í stúdíóupptöku. „Það er alltaf eitthvað til."

En hvert verður umfjöllunarefni nýrrar plötu?

„Ég veit aldrei alveg hvað ég er að hugsa," segir hún einlæg. „Akkúrat núna er ég glöð – svo kannski förum við aðeins inn í gleðina bara." ■

■ Í vikulokin

Fólkið rekið aftur á „réttan" bás

Ólafur Arnarson

Á einu ári hafa stýrivextir Seðlabankans farið úr 0,75 í 3,75 prósent. Almenn samstaða er innan fjármálakerfisins að vextir muni áfram hækka skarpt og verða í 5-6 prósentum um áramót. Þeir eiga svo að haldast háir í mörg ár.

Svona vaxtahækkanir eru forsendubrestur fyrir heimili og atvinnulíf. Hækki stýrivextir í 5,75 prósent fyrir áramót hefur greiðslubyrði 25 milljóna óverðtryggðs láns aukist um 1,25 milljón á ári, eða um meira en 100 þúsund á mánuði.

Vextir óverðtryggðra lána hækka og vextir verðtryggðra lána hækka um leið. Í vikunni tilkynnti Íslandsbanki um eins prósents hækkun vaxta óverðtryggðra húsnæðislána.

Um leið lækkar bankinn vexti verðtryggðra lána um 0,9 prósent!

Svona skollaleikur kemur engum böndum á neitt í hagkerfinu. Stýrivaxtatæki Seðlabankans er gagnslaust. Raunar verra en gangslaust. Það er stórskaðlegt.

Bankarnir nota nú tækifærið til að soga viðskiptavini sína á ný yfir í verðtryggðu lánin sem fólk hafnaði á meðan vextir hér á landi voru eitthvað í námunda við það sem tíðkast í öðrum löndum.

Nú skal fólkið aftur rekið á „réttan" bás.

Hafi ætlun Seðlabankans verið að slá á verðbólgu, sem að stærstum hluta er raunar innflutt og ónæm fyrir stýrivöxtum Seðlabankans, hefðu önnur tæki en vaxtatækið verið nærtækari og skilvirkari.

Hægt hefði verið að setja á tímabundinn skyldusréignarsparnað. Einnig hefði verið hægt að stytta leyfilegan lánstíma á nýjum húsnæðislánum og setja hömlur við umsvifum lögaðila á húsnæðismarkaði.

Seðlabankinn hafði ótal leiðir til að slá á þenslu á fasteignamarkaði. Hann valdi þá ónýtustu. Hún var hins vegar sú eina sem flytur milljarðatugi frá heimilum og atvinnulífi til fjármálakerfisins og fjárfesta.

Seðlabankinn kaus að beita vöxtunum sem vopni gegn fólkinu í landinu. ■

Stýrivaxtatæki Seðlabankans er verra en gagnslaust. Það er stórskaðlegt.

ÍSLENSKA ÓPERAN

DANÍEL BJARNASON

BROTHERS

22. OKTÓBER
KL. 20.00 Í ELDBORG

FORSÖLUVERÐ TIL 15. JÚNÍ

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI!

★★★★★

Mögnuð ópera!

Fréttablaðið 2018

NÝTT STARFSÁR KOMIÐ Í SÖLU

Miðasala á harpa.is

Frumsýning

Volkswagen ID.5 GTX

Fullvaxinn fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll með allt að 493 km drægni skv. WLTP. Bakkmyndavél, akreinavari og fullt af öðrum aðstoðarkerfum.

Verð frá → **7.690.000 kr.**

→ Til afhendingar í júní

Audi e-tron GT

Fjórhjóladrifinn alrafmagnaður sportbíll með loftpúðafjöðrun, panorama glerþaki og stútfullur af búnaði. Fjarlægðartengdur hraðastillir, varmadæla, Bang Olufssen hljóðkerfi o.fl.

Verð frá → **16.910.000 kr.**

Frumsýning

Volkswagen Taigo

Rúmgóður smábíll með frábæra aksturshæfni hvort sem er til innanbæjaraksturs eða á þjóðvegum landsins.

Verð frá → **4.690.000 kr.**

Audi Q4 e-tron Sportback

Nú er hinn alrafmangaði Q4 e-tron einnig fáanlegur í sportlegri útgáfu og sneisafullur af aðstoðarkerfum.

Verð frá → **8.440.000 kr.**

Volkswagen Multivan T7

Nútímalegur, íburðarmikill og þægilegur með 5 Isofix festingum, tilvalinn ferðafélagi fyrir stórar fjölskyldur sama hvert á land haldið skal.

Verð frá → **7.490.000 kr.**

Fimm ára ábyrgð hjá Heklu

8 Ára ábyrgð á rafhlöðum

Rafmagnsbíll Tengiltvinnbíll

Komdu í dag og reynsluaktu draumabílnum!

Skoda Enyaq

Rúmgóður rafmagnaður fjölskyldubíll með 412 til 534 km drægni (WLTP) sem fæst einnig fjórhjóladrifinn.

Verð frá → **5.990.000 kr.**

→ Eigum nokkra lausa bíla á lager

Skoda Kodiaq

Fullkominn fjórhjóladrifinn ferðafélagi með 2,5 tonna dráttargetu og hlaðinn aukabúnaði.

Verð frá → **7.590.000 kr.**

Er bíllinn klár í ferðalagið?

25% afsláttur

af völdum aukahlutum í dag. Notaðu afsláttarkóðann **#SUMAR** í vefverslun til að virkja afsláttinn.

Í vefverslun Heklu má finna ýmsar ferðavörur, gjafavörur, öryggisbúnað fyrir barnið í bílnum, hleðslulausnir og margt fleira. Skoðaðu úrvalið á www.hekla.is/vefverslun

Hekla

Laugavegi 174, 105 Rvk. → Sími 590 5000 → www.hekla.is

Höldur Akureyri → Bílasala Selfoss → Bílás Akranes → Bílakjarninn Reykjanesbæ → BVA Egilstöðum

Fylgdu okkur @hekla →

Bíllinn á myndinni er ekki endanleg útgáfa af ID.Buzz en hann verður frumsýndur í haust. →

Sumarhátíð Heklu

Í dag frá kl. 12-16

Í dag verður líf og fjör á sumarhátíð Heklu. Við frumsýnum Volkswagen **Taigo** og alrafmagnaðan **ID.5.** Fleiri nýir bílar verða á staðnum allt frá fjölnota Volkswagen **Multivan** yfir í sportbíllinn Audi **e-tron GT.** Við hefjum forsölu á Volkswagen **ID.Buzz** sem er alrafmögnuð nútímaleg útgáfa af gamla góða rúgbrauðinu.

25% afsláttur verður af völdum aukahlutum. Á boðstólnum verða gómsætar pylsur frá Bæjarins beztu. Veltibíllinn sívinsæli tekur gesti hring eftir hring auk þess sem hoppukastalar verða á svæðinu fyrir börnin. Komdu og fagnaðu sumri með okkur og öllum félögunum úr bílaflota Heklu. **Sjáumst hress!**

Forsala á ID.Buzz sem verður frumsýndur í haust!

Þeir voru handvissir um að þetta væri búið spil

Ingvar Ómarsson er handhafi fjölmargra Íslandsmeistaratitla í hjólreiðum auk þess að vera okkar fyrsti og eini atvinnumaður í greininni. Litlu munaði þó að endi væri bundinn á þann feril í upphafi hans með alvarlegu slysi í Rotterdam. Segja má með vissu að án hjólreiðahjálms væri Ingvar ekki til frásagnar hér.

Rúmum mánuði eftir að Ingvar skildi allt eftir og flutti til Rotterdam þar sem atvinnuferillinn átti að hefjast lenti hann í alvarlegu slysi þar sem hann kastaðist um 20 metra og lenti beint á höfðinu á malbiki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Rúmum mánuði eftir að Ingvar flutti til Rotterdam árið 2015 til að einbeita sér að atvinnumennsku í hjólreiðum lenti honum saman við mótorhjól á 80 kílómetra hraða. Ingvar kastaðist heila tuttugu metra, lenti á höfðinu og töldu sjúkraflutningamenn hann látinn þegar þeir komu á staðinn. Ingvar væri ekki til frásagnar um slysið hefði hann ekki verið með hjálm en gera þurfti tvær stórar aðgerðir á höfði hans til að forða honum frá lömun eða dauða.

„Ég var alltaf krakkinn sem nennti ekki út að hjóla og fílaði það ekki fyrr en ég var 15 ára," segir Ingvar aðspurður um upphafið. „Það var svo eitt sumarið að ég hafði ekkert að gera og Örninn var með tilboð á BMX-hjólum. Ég átti 20 þúsund kall sem dugði akkúrat."

Vinirnir voru í svipuðum pælingum og Ingvar var fljótur að falla fyrir sportinu. „Allt í einu var ég kominn á „down-hill" fjallahjól, eða fjallabrun á góðri íslensku. Sportið snýst þá um að fara upp Esjuna eða Úlfarsfellið eða bara einhvern stað þar sem við komumst í góða hæð. Við löbbum þá upp sem tekur um 50 mínútur og svo erum við svona fjórar mínútur niður, eins hratt og við getum," segir Ingvar og það er augljóst að það kemur fiðringur í hjólarann. „Þess á milli vorum við að finna húsþök og bílskúra til að stökkva fram af. Við vorum bara að leita að einhverju hættulegu til að gera," segir Ingvar í léttum tón. „Þetta er ekki fyrir hvern sem er. En þarna var maður ungur og vitlaus. Ef maður ætlar einhvern tíma að vera að þessu þá er þetta rétti aldurinn."

Fljótt í hóp þriggja bestu

Ingvar tók þátt í fjallabrunskeppnum en fór svo að hallast að því að hjóla lengri vegalengdir og taka þátt í slíkum keppnum. „Eftir nokkur ár í fjallabruni komst ég í samstarf við Kríu sem ákvað að lána mér hjól," rifjar Ingvar upp og var grunnurinn að ferlinum þá lagður.

„Ég tók þátt í minni fyrstu götuhjólakeppni árið 2012 og sama ár varð ég Íslandsmeistari í fjallahjólreiðum. Ég hafði greinilega fundið mína réttu grein því árið 2014 var ég kominn í hóp efstu þriggja í götu- og fjallahjólum."

Þegar afreksíþróttakonan Karen Axelsdóttir bauð Ingvari ásamt fleirum í hjólaferð til Tenerife árið 2015 með þríþrautaræfingahóp sínum fóru hjólin að snúast í tvöfaldri merkingu þess hugtaks.

„Undir lok ferðar bauð einn úr hópnum, Birgir Már Ragnarsson hjá Novator og fyrrverandi Íslandsmethafi í Járnkarli, mér styrk. Hann sagðist þannig geta hjálpað mér ef ég vildi einbeita mér að hjólreiðunum. Fyrsta árið var þetta bara persónulegur styrkur frá honum en svo breyttum við þessu í Novator-styrk. Ég var þá að fá borgað fyrir að hjóla sem er ein leið til að skilgreina atvinnumennsku."

Allt annað þurfti að víkja

Það sumar, 2015, fór Ingvar að keppa í útlöndum. „Ég ákvað að einbeita mér að fjallahjólunum því það er uppáhaldsgreinin mín og sú hentugasta þegar maður er ekki í liði en það eru engin lið á Íslandi," segir Ingvar og undir lok sumars flutti hann til Rotterdam ásamt kærustu sinni, Iðunni Örnu.

Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

„Ég var kominn út um miðjan september og keppti með félaga mínum í Evrópumeistaramóti í „cyclo-cross" utanvegakeppni. Þetta var í fyrsta skipti sem íslenska landsliðið tók þátt í stórmóti. Ég tók þátt þann 7. nóvember, rúmum mánuði eftir að við fluttum utan og fjórum dögum seinna lenti ég í slysinu," útskýrir Ingvar.

„Ég hafði hætt í ágætri vinnu sem forritari hjá Dohop og í tölvunarfræðinni í Háskólanum í Reykjavík sem ég var hálfnaður með."

Ingvar segir það hafa verið einu færu leiðina ef hann ætlaði að ná árangri. „Þetta er ekkert sem maður dúllar sér við, þá er þetta bara hobbí, en ég varð að láta á það reyna að gera þetta af fullri alvöru. Allt annað þurfti að víkja."

Á þessum tímapunkti hafði Ingvar unnið næstum allt sem hægt var að vinna hér heima. „Ég held að ég hafi keppt í 40 keppnum og unnið næstum 30. Þetta var þannig að maður var klárlega orðinn langbestur á landinu og ég hugsaði með mér: Ég ætla ekki að vera hérna að dúlla mér við að vinna sömu keppnina ár eftir ár. Ég þarf að sjá hversu langt ég kemst."

Aðspurður segir Ingvar kærustuna hafa farið í listnám í Rotterdam en ekki lokið því námi enda fór dvölin ekki eins og upphaflega var ráðgert.

„Ég hugsa að ef þú talaðir við hana um það hvernig það fór myndi hún segja að skólinn hafi eiginlega ekkert verið að ganga fyrir hana, en ég myndi segja að ég hafi skemmt fyrir henni námið með slysinu, því næstu mánuðir fóru bara í kaos."

Man ekki eftir slysdeginum

En að degi slyssins örlagaríka, 11. nóvember 2015:

„Ég man ekki eftir deginum sjálfum en man eftir kvöldinu á undan. Ég hafði planað að hjóla svakalegan 120 kílómetra hring í borginni, hálfa leið í átt að landamærum Belgíu. Þetta var þremur dögum eftir Evrópumótið og ég var kominn á glænýtt götuhjól. Þetta var fyrsti hjólatúrinn á þessu hjóli og ég að hefja æfingaferlið fyrir sumarið á eftir."

Hjólatúrinn átti að taka um fjórar klukkustundir og er frásögn Ingvars byggð á skýrslum lögreglu enda man hann eins og fyrr segir ekkert frá deginum né slysinu sjálfu.

„Ég var kominn að einum aðalveganna þar sem er grænt ljós og ég kem af minni vegi. Þar er bíll fyrir sem heftir útsýnið. Ég kem öðrum megin við hann en hinum megin kemur mótorhjól á 80 kílómetra hraða. Ökumaður mótorhjólsins hefur engan tíma til að bremsa og fer bara á fullri ferð á mig. Ég kastast yfir 20 metra, sem er rosaleg vegalengd og ég átti erfitt með að trúa henni. Ég var bara farinn yfir í næsta póstnúmer," lýsir hann með tilþrifum.

> Ökumaður mótorhjólsins hefur engan tíma til að bremsa og fer bara á fullri ferð á mig. Ég kastast yfir 20 metra, sem er rosaleg vegalengd og ég átti erfitt með að trúa henni.

> Ég ætla ekki að vera hérna að dúlla mér við að vinna sömu keppnina ár eftir ár. Ég þarf að sjá hversu langt ég kemst.

Þyrla og sjúkrabíll send af stað

Ingvar lenti á þjóðveginum og líklega beint á höfðinu. „Ég hef verið á svona 20 kílómetra hraða enda svolítið að passa mig á leið inn á aðalveginn. Við vorum báðir jafn sekir og engum kennt um enda hafði bíllinn blokkað sjón beggja.

Þetta var greinilega það alvarlegt að það fer af stað svolítið fyndinn prósess," segir Ingvar sem er feginn að slysið hafi orðið í Hollandi. „Þegar svona svakalega alvarlegt slys verður fer af stað ferli sem aðeins er notað þegar um konungsfjölskylduna eða mjög alvarleg slys er að ræða. Þá er kölluð út bæði þyrla og sjúkrabíll og sá sem er fyrr á staðinn bregst við."

Í þetta skiptið var sjúkrabíllinn undan á vettvang og leist sjúkraliðunum ekki á blikuna fyrst um sinn. „Þeir horfðu á mig og voru handvissir um að þetta væri búið spil."

Fékk konunglega þjónustu

Miðað við áverka lenti Ingvar á höfðinu enda lítið um önnur meiðsl og í raun aðeins handleggsbrot sem ekki var sinnt almennilega fyrr en síðar.

„Það var ekki einu sinni verið að spá í því – enda ekki aðalatriði. Ákveðið var að sjúkrabíllinn sem var fyrri til flytti mig á sjúkrahúsið og þá lokar lögreglan öllum vegum inn og út úr borginni. Þetta gera þeir fyrir konungsfjölskylduna og alvarleg slys svo ég fékk „royal treatment"," segir hann í léttum tón.

„Á meðan þetta er í gangi eru læknar spítalans mættir á neyðarfund því sjúkraliðunum virtist um tvo höfuðáverka að ræða sem vanalega er ekki gerð aðgerð á samtímis. Ég var höfuðkúpubrotinn, auk þess sem það var blæðing bæði utan og innan á hauskúpu," segir Ingvar og sýnir um 12 sentimetra langt ör á höfðinu.

„Í millitíðinni er hringt í kærustuna mína, sem fær afskaplega leiðinlegt samtal við komuna á spítalann, en læknirinn segir við hana: „Hann er að fara í aðgerð. Til öryggis skaltu fara og kveðja hann." Það var kannski ekki skrítið enda metið að einhverjar 10 prósent líkur væru á að ég lifði aðgerðina af." »

Matar markaður

íslenskra smáframleiðenda 12. - 22. maí

Hagkaup hefur í gegnum árin unnið markvisst að því að auka samstarfið með íslenskum frumkvöðlum sem eru að taka sín fyrstu skref á innlendum matvælamarkaði. Margir þessara frumkvöðla hafa náð góðum árangri og eru í dag með vel þekktar vörur á markaði. Til að auka sýnileika íslenskrar smáframleiðslu heldur Hagkaup því sérstakan matarmarkað. Komdu og upplifðu frábæra grósku í íslenskri matargerð í verslunum okkar.

Í dag verða eftirtaldir framleiðendur í verslunum að kynna vörurnar sínar

Garðabær
Kl: 12:00 - 14:00
Jaki, Kandís

Kl: 14:00 - 18:00
Cooking Harmony

Kringlan
Kl: 12:00 - 14:00
Svava Sinnep

Kl: 14:00 - 16:00
Aleppo Bakarí

Akureyri
Kl: 14:00 -16:00
Matlifun

Skeifan
Kl: 14:00 - 16:00
Smari´s Volcano Sauce,
Sæhrímnir Sausages, Ella Stína

Smáralind
Kl: 12:00 -14:00
Ísgerðin, Ella Stína, Bökum Saman,
ANNAMARTA

Kl: 14:00 -16:00
Aleppo Bakarí, ANNAMARTA

HAGKAUP

Eitt það sem ég fékk ekki til baka var lyktarskynið, en þær taugar rifnuðu við höggið.

Þetta ár var ég í versta formi ferilsins, versta andlega ástandinu og með flestar keppnir. Ég þurfti að vera að non stop.

» Er í lagi með hjólið mitt?

Eftir kveðjustundina fór Ingvar beint í aðgerð enda mátti engan tíma missa. „Aðgerðin gekk augljóslega glimrandi vel. Ég man svo fyrst eftir mér að borða morgunmat, í spítalarúmi, tveimur dögum síðar.“ Ingvar var þá löngu vaknaður en man ekki eftir sér fyrr. „Ég var á spítala í þrjár vikur en fyrstu vikuna gat ég hvorki gengið né setið. Ég átti mjög erfitt með að borða og mundi lítið. Ég þekkti fólk ekki. Það var eins og ég þekkti foreldra mína en samt ekki. Ég átti erfitt með að segja hvar ég væri.“

Ingvar segist eiga svolítið erfitt með að lýsa líðaninni og ástandinu fyrstu vikurnar. „Þetta er ekki svart og hvítt. Maður er svolítið on/off. Ég man vel eftir einu spaugilegu atviki, því ég hafði greinilega nógu mikið vit á að spyrja læknana mjög fljótlega eftir að ég vaknaði: Er í lagi með hjólið mitt? Eitthvað var því enn tengt í hausnum,“ segir hann í léttum tón.

Hjólar aldrei án hjálms í dag

Ingvar segist fullviss um að reiðhjólahjálmurinn hafi bjargað lífi sínu. „Ég á hann enn og brot úr hjólastellinu sem sprakk í fimm bita. Það er ekki margt sem lifir 80 kílómetra hraða af.“ Til marks um höggið bendir Ingvar á að gaffall mótorhjólsins beyglaðist en ökumaðurinn hafi sloppið með minni háttar meiðsl.

Ingvar segist hafa verið með góðan hjálm og eftir slysið sé það prinsipp að endurnýja hjálminn árlega. „Það er mælt með að gera það á tveggja til þriggja ára fresti en ég geri það bara á hverju ári. Þetta skiptir mig miklu meira máli en áður – þá var ég bara með hjálm því allir voru með hjálm. Nú í dag væri ekki séns að ég færi út að hjóla án hjálms. Maður veit aldrei hvað gerist.“

Sá allt á fimmföldum hraða

Hann segir fyrstu vikuna eftir slysið hafa reynst öllum erfiða.

„Fjölskyldan var áhyggjufull en ég var í togstreitu og vildi ekki sætta mig við að þetta hefði gerst. Ég vildi drífa mig af spítalanum og halda áfram með markmið mitt. Ég gat það ekkert og gat heldur ekki sætt mig við það. Ég var erfiður og röflaði í hjúkkunum um að fá að fara heim. Eftir á var mér sagt að allt sem ég hefði gert hefði ég gert í „slow-mo“. Sturtan tók yfir 40 mínútur og að borða tók eilífð. Svona upplifði ég þetta ekki – ég sá allt á fimmföldum hraða. Ég þurfti að fara að æfa og keppa. Ég var líka búinn að kaupa miða á nýju Star Wars-myndina sem verið var að frumsýna,“ segir hann og hristir hausinn. „Ég var langt á undan öllum öðrum og það virtist ekki frábært í huga neinna annarra en mín.“

Aðallæknirinn bjargar lífi mínu

Ingvar segist þakklátur fyrir að fyrst hann hafi orðið fyrir þessu slysi hafi það gerst í nálægð við einn besta spítala Evrópu, Erasmus MC. „Aðallæknirinn þar bjargar lífi mínu, en hún ákvað að gera báðar aðgerðirnar á sama tíma.“ Hann segir að það sé ekki vaninn og í raun hafi það þarna verið gert í fyrsta sinn í Evrópu. „Ef hún hefði valið aðra aðgerðina hefðum við í raun þurft að sætta okkur við að laga annað en skilja hitt eftir. Hún var ákveðin í að gera þetta og fyrir það er ég þakklátur,“ segir Ingvar, sem á augljóslega erfitt með að hugsa út í hvað hefði getað orðið.

„Þetta var reynt í fyrsta sinn og tókst því í fyrsta sinn. Það var því fylgst vel með næstu mánuði enda getur taugaskaði komið fram síðar. Eitt það sem ég fékk ekki til baka var lyktarskynið, en þær taugar rifnuðu við höggið. Ég sjálfur áttaði mig ekki á að það væri farið fyrr en mánuði síðar. Þá var gott veður og ég ætlaði að draga andann og finna blómalykt en fann ekkert. Þá brotnaði ég niður, þegar ég fattaði það. Það var erfitt.“ Ingvari var sagt að mögulega kæmi lyktarskynið til baka á tveimur árum en það gerði það ekki. „Ef ég þyrfti að fórna einu skynfæri væri það líklega þetta en það er ekkert gaman að tapa þessu. Eina tilfellið þar sem það er jákvætt er núna, því ég á níu mánaða gamla dóttur. Ég veit aldrei hvenær ungfrúin er búin að gera í buxurnar,“ segir hann og hlær, en pabbinn hefur aftur á móti heldur aldrei fundið ilminn af nýfæddri dóttur sinni.

Læknar voru furðu lostnir yfir skjótum bata Ingvars og er hann sjálfur viss um að hugarfar hans hafi þar vegið þungt.

Ingvar á enn hjálminn sem var, eins og gefur að skilja, illa farinn eftir höggið. Hann er geymdur í poka uppi í skáp sem minning um dag sem hefði getað farið á mun verri veg, en í dag stígur Ingvar aldrei á hjól án þess að vera með hjálm.

Þreyttur á að vera þreyttur

Ingvar segir lækna hafa verið furðu lostna yfir skjótum bata hans en eftir þrjár vikur á sjúkrahúsi átti að taka við mánuður í endurhæfingu í næsta húsi. „Eftir útskrift fór ég í viðtal á endurhæfingarstöðinni og var lagt fyrir mig flókið próf. Í þessu prófi kemur í ljós ef hausinn er svolítið bilaður og ég get ekki platað lækninn til að halda að ég sé betri en ég er.“

Ingvar er enn sigri hrósandi þegar hann segir frá því hvernig læknirinn útskrifaði hann eftir þetta próf og stutt spjall. Hann fékk feginn að fara heim undir eftirliti.

„Eftir viku stalst ég út að hjóla með bróður mínum og var alltaf að gera einhverja svona vitleysu. Ég fann fyrir þreytu og jafnvægisleysi en var alltaf að reyna að blokkera það. Hugarfarið hjálpaði mér mikið. Einhver hefði gefist upp en ég hugsaði alltaf að ég ætlaði að halda áfram.“

En eftir svo mikið höfuðhögg og stórar aðgerðir tók tíma að verða samur. Það reyndi á taugar 26 ára íþróttamanns.

„Ég var pirraður á ýmsu. Ég var þreyttur á að vera þreyttur en fyrstu vikurnar þurfti ég bara að sofa 18 tíma á sólarhring. Ég man vel eftir fyrstu tilraun til að fara út í búð sem var hinum megin við götuna en reyndi gríðarlega á. Líkaminn var bara í 100 prósent vinnu við að laga hausinn á mér og lítil orka eftir í annað.“ »

Framtíðin tekur við

Þú finnur vandaðar og fallega hannaðar útskriftargjafir hjá okkur

20% afsláttur af öllum ferða-töskum

20% afsláttur af öllum hnatt-líkönum

CROSS

20% afsláttur

LAMY

CROSS demant kúlutússpenni
11.599 kr.
VERÐ ÁÐUR 14.499 KR.

20% afsláttur

LAMY Lx blekpenni
13.199 kr. VERÐ ÁÐUR 16.499 KR.

HAY

Blómavasar frá HAY
Verð frá 9.999 kr.

Hálendishandbókin
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 6.199 KR.

20% afsláttur

Big Ideas bækurnar
4.399 kr. VERÐ ÁÐUR 5.499 KR. (stk.)

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 30. maí eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

www.penninn.is
s: 540-2000

Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson

Ingvar er enn á uppleið í sportinu og segist vinna í því að finna jafnvægi milli atvinnumennskunnar og föðurhlutverksins.

Ég má ekki slá af því sem ég er að gera en það má aldrei bitna á fjölskyldunni.

Ingvar ásamt konu sinni, Iðunni Örnu, og dóttur þeirra, Elvu Lóu, sem Ingvar hefur aldrei fundið lyktina af enda fór lyktarskynið við höfuðhöggið.

Ingvar lenti beint á höfðinu og er talið fullvíst að hjálmurinn hafi bjargað lífi hans. Gera þurfti tvær aðgerðir á höfði hans samtímis og voru taldar um 10 prósent líkur á því að hann lifði þær af. MYND/AÐSEND

» Blokkeraði andlegu áhrifin

Tveimur mánuðum eftir útskrift var Ingvar kominn til Tenerife þar sem hann ætlaði að dvelja í fimm vikur og koma sér aftur í form.

„Það var mjög erfiður tími. Ég var alltaf að reka mig á að geta ekki gert það sem ég vildi gera og þarna fór ég hægt og rólega að átta mig á andlegu áhrifunum. Þau hafði ég blokkerað fyrstu vikurnar. Þegar þarna var komið áttaði ég mig á því að ég væri pínu þunglyndur, leiður."

Ingvar lýsir því hvernig hann hafi orðið tilfinninganæmari, opnari á einhvern hátt.

„Ég hjólaði upp á eldfjallið, Teide, þar sem ég sá dauðan íkorna. Ég bara fór að gráta, eins og þetta væri barnið mitt," lýsir Ingvar og reynir að lýsa breytingunni sem varð tímabundið á tilfinningalífinu eftir slysið. „Mér leið meira – var ekki sami kassi eða vélmenni. Ég fór að blogga um það hvernig mér leið. Ég hafði mikið meira að segja og var í betri tengingu við sjálfan mig. Ég reyndi eins og ég gat að halda í þetta en svo eftir svona ár lokaðist á þetta aftur. Ég hugsaði þá: „Af hverju mátti ég ekki bara vera svona?"

Ingvar segir þessa hlið á sér þó ekki alveg horfna. „Ég er þakklátari fyrir lífið. Maður er einhvern veginn betri manneskja. Ég var ákveðinn í að sigrast á þessu. Draumurinn um að verða rosa góður hjólari var enn lifandi," segir Ingvar og er viss um að án hans hefði hann átt erfitt með að sætta sig við slysið. „Ég var nýbyrjaður og strax sleginn niður."

Held ég hafi verið hræðilegur

Árið eftir slysið, 2016, reyndist stormasamt.

„Ég var svo leiserfókuseraður á að sanna mig, fyrir sjálfum mér fyrst og fremst, en einnig þeim sem höfðu aðstoðað mig."

Ári eftir alvarlegt slys þar sem Ingvari var vart hugað líf tók hann þátt í 44 keppnum, þar af 24 í útlöndum.

„Þetta ár var ég í versta formi ferilsins, versta andlega ástandinu og með flestar keppnir. Ég þurfti að vera að non stop. Kærastan mín neitaði að koma með mér í einhverjar af mínum keppnisferðum og þurfti að jafna sig á allt annan hátt en ég. Við höfum alveg getað hætt saman þetta ár. Ég held ég hafi verið alveg hræðilegur," segir hann einlægur.

Keppnirnar gengu vel til að byrja með en svo fór gengið niður á við. Hann var ekki tilbúinn. „Ég var orðinn hræðilegur í lokin. En á sama tíma, undir lok ársins var ég fyrsti Íslendingurinn til að taka þátt í Heimsmeistaramótinu í fjallahjólreiðum svo ég var að gera fullt af nýjum hlutum líka. Ég var ekki búinn að gefast upp og það var ekki búið að drepa mig. Ég var bara lifandi á einhverri rosalega sterkri jákvæðri orku og þurfti að gera ákveðna hluti."

Enn á uppleið í sportinu

Parið flutti svo til Danmerkur þar sem það bjó í tvö ár. „Ég keppti á fullu, á veturna fór ég nokkrum sinnum til Spánar til að æfa og flaug svo út um allt til að keppa. Maður var aldrei að staldra við en hægt og rólega hætti þetta slys að vera hluti af lífinu. Nú erum við búin að búa hér á Íslandi í fjögur ár og ég er enn á uppleið í þessu sporti svo það eru engin merki um að þetta slys hafi hægt á mér. En þetta er lífsreynsla sem maður gleymir aldrei.

Ingvar er í dag í hópi 50 bestu fjallahjólreiðamanna heims en því markmiði náði hann á síðasta ári. „Ég fór alla leið úr sæti hundrað þrjátíu og eitthvað í sæti 42."

Ingvar er 33 ára gamall og á besta aldri í hjólreiðasportinu að eigin sögn.

„Það fer svolítið eftir greinum en heimsmeistarinn í fjallahjólreiðum er 36 ára og elsti heimsmeistari sögunnar er 39 ára."

Ég er ekki að segja að ég sé að fara að vinna þetta mót en ég gæti náð besta árangri ferilsins.

Erfitt að fara í keppnisferðir

Í lok september fer Heimsmeistaramótið í fjallahjólreiðum fram í Danmörku og ætlar Ingvar sér stóra hluti þar.

„Ég gæti ekki verið nær mínum heimavelli svo þetta er mögulega tækifæri til að gera eitthvað merkilegt. Ég er ekki að segja að ég sé að fara að vinna þetta mót en ég gæti náð besta árangri ferilsins."

Eins og fyrr segir eignuðust þau Ingvar og Iðunn nýverið dótturina Elvu Lóu. Hefur tilkoma hennar ekki breytt miklu fyrir atvinnuíþróttamanninn sem er vanur að vera með leiserfókus?

„Jú, ég sef aldrei," segir hann og hlær. „Það er óþolandi að viðurkenna það fyrir sjálfum sér en það er merkilega erfitt að fara í keppnisferðir núna. Það er klárlega eitthvað sem skiptir meira máli en sportið í dag. Það gerir mann líka yfirvegaðri að þó eitthvað klikki í sportinu er það kannski ekki það versta sem getur komið fyrir mann. Á sama tíma er það atriði hjá mér að láta ekki breyttar aðstæður dempa mín markmið, ég er að reyna að finna þennan ballans og það tekur tíma. Ég má ekki slá af því sem ég er að gera en það má aldrei bitna á fjölskyldunni." ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 21. maí 2022

Lykill að lífi
Kiwanisumdæmið Ísland - Færeyjar
Munum eftir K-lyklinum
NÓI SÍRÍUS

Wacken Metal Battle hljómsveitakeppnin fer fram á Húrra í kvöld.

Wacken Metal Battle í kvöld

oddurfreyr@frettabladid.is

Í kvöld fer hljómsveitakeppnin Wacken Metal Battle fram á Húrra í Reykjavík. Þar keppa sjö hljómsveitir um réttinn til að vera fulltrúi Íslands í sumar á stærstu þungarokkshátíð heims, Wacken Open Air.

Það verður alþjóðleg dómnefnd ásamt áhorfendum sem velur sigurvegara kvöldsins. Sigurvegarinn tekur þátt í lokakeppni Wacken Metal Battle á þungarokkshátíðinni, en alls keppa 29 þjóðir.

Alls sóttu 19 hljómsveitir um þátttöku en hljómsveitirnar sjö sem keppa í kvöld eru: Devine Defilement, Forsmán, Holdris, Krownest, Merkúr, Múr og Vögel.

Sérstakir gestir

Sveitirnar sem spila voru valdar af alþjóðlegri dómnefnd og hluti hennar kemur hingað til að fylgjast með keppninni og vera í dómnefnd, en af því að þetta er 10 ára afmælishátíð keppninnar á Íslandi var mörgum erlendum gestum boðið að koma.

Hljómsveitirnar Misþyrming og Morpholith verða líka sérstakir gestir, en Misþyrming er ein þekktasta og virtasta þungarokkssveit landsins og Morpholith sigraði í síðustu Wacken Metal Battle keppni, sem fór fram árið 2019.

Nánari upplýsingar um tónleikana er að finna á www.facebook.com/WackenMetalBattleIceland og miðasala fer fram á tix.is. ■

Andrés Vilhjálmsson segir að mikil áhersla sé lögð á gæðakjöt og hráefni hjá Kjarnafæði-Norðlenska. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Breytt útlit og nýjungar á grillið frá Kjarnafæði-Norðlenska

Í upphafi sumars eru Íslendingar í óðaönn að taka fram grillin, dusta af þeim rykið eftir langan vetur, fylla gaskútana, strauja grínsvuntuna og setja sig í grillstellingar. Grilltímabilið er formlega hafið og Kjarnafæði-Norðlenska hefur ýmislegt til grillmálanna að leggja. 2

Kjarnafæði-Norðlenska er að skipta um umbúðir á vörum sínum.
MYNDIR/AÐSEND

Fyrst ber að nefna Goða, sem segja má að sé sumarlegasta vörumerki KN. Þar á bæ er ýmsar nýjungar að finna. Vörur Goða hafa fengið tímabæra andlitslyftingu og státa nú af nýju og betra útliti. „Við vildum hafa þetta einfalt og áberandi í hillum verslana," segir Andrés Vilhjálmsson, markaðsstjóri KN. „Nýju umbúðirnar skarta skærum og lystaukandi litum sem ættu ekki að fara framhjá neinum."

Næst eru það grillpylsurnar, en þær eru ein af þeim vörulínum Goða sem munu ganga í gegnum algjöra endurnýjun á næstu dögum. „Nýju umbúðirnar ná auðvitað yfir allar vörurnar," segir Andrés, en samhliða útlitsbreytingunni hefur KN flutt vörur á milli vörumerkja. „Það var eðlilegt skref, eftir að öll þessi vörumerki sameinuðust undir einu þaki, að einfalda og samræma, bæði fyrir neytandann og okkur sem fyrirtæki. Þeirri vinnu er ekki lokið, en við erum vel á veg komin með Goða."

Pylsumenning

Grillpylsurnar verða fáanlegar í sex bragðtegundum: osta-, nauta-, beikon-, bratwürst-, jalapeño- og chorizo-pylsur. „Pylsuúrvalið hér hefur verið svolítið einsleitt og fólki hættir til að grípa bara það sem það þekkir, en við þurfum ekki að leita langt inn á meginland Evrópu til að finna gríðargott úrval og heilmikla „menningu" í kringum pylsur," segir Andrés. „Við viljum bjóða íslenskum neytendum fjölbreytt úrval af pylsum á grillið og hvetjum fólk til þess að prófa. Þetta eru bragðgóðar og kjötmiklar pylsur úr fyrsta flokks hráefni."

Áður en talið berst að öðru liggur beinast við að spyrja Andrés: Eru þetta pylsur eða pulsur?

„Pylsur er rétta orðmyndin og það er nánast óhugsandi að einhver að norðan myndi tala um pulsur," segir Andrés.

Skjótt skipast veður

Nóg um pylsurnar. KN leggur einnig mikla áherslu á grillkjöt, bæði þurrkryddað og kryddlegið, ýmist undir merkjum Kjarnafæðis eða Goða. Grillsneiðar ýmiss konar eru vinsæl vara, en Andrés segir það liðna tíð að forkryddað grillkjöt sé annars flokks.

„Það hefur örlað á fordómum fyrir „tilbúna" grillkjötinu, en íslenskir framleiðendur hafa svarað kallinu og híft upp gæðastandardinn á undanförnum árum og við teljum okkar vörur standast kröfur neytenda fyllilega. Veðrið er einfaldlega þannig á Íslandi að grill er oftar en ekki skyndiákvörðun og þá er mikilvægt að geta boðið neytendum góða, fljóteldaða vöru sem hægt er að setja beint á grillið. Nostrarar sem vilja gera hlutina frá grunni eiga vissulega lof skilið, en við viljum halda hinu sem valkosti og neytendur einnig," segir Andrés. Það er því ljóst að Kjarnafæði og Goði munu standa vaktina áfram í grillkjötinu.

Goða lambaprime er dásamleg steik á grillið.

Heiðalambið svíkur engan. Það er fullkomlega kryddað og bragðgott.

Flýtum okkur hægt með KEA

Þó að grillsneiðar njóti mestra vinsælda, þá færist það í aukana að fólk grilli heil læri. Íslenskt heiðalamb frá Kjarnafæði er eitt vinsælasta kryddlærið á íslenskum markaði, kryddað með villtum, íslenskum kryddjurtum. „Heiðalærið er flaggskip Kjarnafæðis og hefur notið mikilla vinsælda," segir Andrés og bætir því við að það sé tilvalið á útigrillið. „Gamla, góða ofnlærið í steikarfatinu stendur alltaf fyrir sínu, en það verður jafnvel betra við grillun."

Þá setti KEA nýverið á markað fyllt læri sem fengið hefur góðar viðtökur. Því var gefið nafnið Helgarlæri, en það inniheldur fyllingu sem samanstendur af döðlum, trönuberjum og Camembert. „Helgarlærið var sett í sölu fyrir páska og fór fram úr okkar björtustu vonum," segir Andrés. „Von er á fleiri tegundum undir merkjum KEA, jafnvel í sumar. Það má segja að KEA sé rétt að byrja, enda rótgróið vörumerki, yfir 100 ára gamalt, sem okkur þykir vænt um og því viljum við vanda til verka, frekar en að drífa okkur með þetta í búðir sem fyrst."

Að lokum er eðlilegt að spyrja Andrés: hvað setur hann sjálfur á grillið?

„Það fer auðvitað eftir aðstæðum og skapi. Á ég von á matargestum? Þá vill maður vera penn og prúður. Lamba ribeye Black Garlic frá Kjarnafæði með góðu rauðvíni klikkar seint. En á venjulegum laugardegi með fjölskyldunni er tilvalið að nota tækifærið, setja upp smekkinn og fara jafnvel bara í Barbeque grísarifin frá Goða." ■

Frábært úrval af grillmat frá Goða.

> **Næst eru það grillpylsurnar en þær eru ein af þeim vörulínum Goða sem munu ganga í gegnum algjöra endurnýjun á næstu dögum.**

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Listmunauppboð nr. 119

LOKSINS!
UPPBOÐ Í SAL!

Uppboð nr. 119
fer fram í Fold uppboðshúsi Rauðarárstíg
mánudaginn 23. maí kl. 18.30

Jóhannes S. Kjarval

Jón Engilberts

Ísleifur Konráðsson



Georg Guðni

Þorvaldur Skúlason

Jóhannes S. Kjarval

Valtýr Pétursson

Sigurlaug Jónasdóttir

Alfreð Flóki

Karólína Lárusdóttir



Barbara Árnason

Léttar veitingar í boði á uppboðsdegi

FOLD
UPPBOÐSHÚS

Forsýning verka stendur yfir 14. - 23. maí

Rauðarárstígur 12–14, sími 551 0400 · www.uppbod.is

Glóandi og stinnari húð með sterkari neglur

Snyrti- og förðunarfræðingurinn Maríanna Pálsdóttir byrjaði að nota Húð, hár og neglur frá ICEHERBS fyrir ári og hefur tekið eftir miklum jákvæðum áhrifum. Hún segir þetta frábæra viðbót við að sjá vel um heilsuna og finnst gott að geta stutt íslenska framleiðslu.

Maríanna Pálsdóttir, snyrti- og förðunarfræðingur, er mjög ánægð með Húð, hár og neglur frá ICEHERBS.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Ég tek Húð, hár og neglur frá ICEHERBS því ég hugsa mikið um heilsuna og mér finnst mikilvægt að halda húðinni, hárinu og nöglunum heilbrigðum og í besta mögulega ástandi," segir Maríanna Pálsdóttir snyrti- og förðunarfræðingur. „Ég hef notað þetta markvisst í heilt ár og finn mikinn mun.

Mér finnst þetta frábær viðbót við annað sem ég geri fyrir heilsuna, en hjá mér snýst þetta um heildræna nálgun," segir Maríanna. „Það þarf að drekka mikið vatn, hreyfa sig og hugsa um andlega heilsu til að halda heilbrigði og líta sem best út og mér finnst vítamín og fæðubótarefni ofboðslega góð viðbót við allt annað sem ég geri."

Gott að styðja íslenska framleiðslu

„Ég hef mikinn áhuga á vítamínum og fæðubótarefnum og stoppa alltaf við vítamínrekkann úti í búð til að skoða það sem er í boði. Það var þannig sem ég fann Húð, hár og neglur," segir Maríanna. „Það vakti athygli mína að þetta er 100% íslensk vara og mér finnst mjög gott og mikilvægt að styðja við allt sem er framleitt hérna á Íslandi.

Ég tek öllu svona með fyrirvara og er aldrei með sérstakar væntingar þegar ég prófa eitthvað nýtt, en ef ég finn að hlutirnir virka er ekki aftur snúið," segir Maríanna. „Þá held ég bara áfram, til hvers að hætta eða breyta því sem er gott og virkar?"

Hefur fundið mikinn mun

„Eftir að ég byrjaði að nota þessa vöru hef ég tekið eftir því að neglurnar eru sterkari og mér finnst húðin hafa aukinn stinnleika og vera meira glóandi. Ég myndi því 100% mæla með Húð, hár og neglur frá ICEHERBS," segir Maríanna. „Ég mæli almennt með því að fólk taki vítamín og fæðubótarefni og mér finnst mjög fallegt þegar fólk ákveður að kaupa íslenska framleiðslu, því þá þekkirðu framleiðsluferlið og veist hvað þú ert að taka.

Ég hef líka notað Túrmerik frá ICEHERBS, en ég hef átt það til að bólgna í liðum og finn hvernig það hjálpar við að losa bólgur, enda er það öflugt andoxunarefni," segir Maríanna. „Ég finn mikinn mun ef ég er dugleg að taka það."

Náttúruleg blanda úr íslenskum þörungum

Húð, hár og neglur er öflug og náttúruleg þarablanda úr tveimur íslenskum sæþörungum, Ascophyllum nodosum og Laminaria digitata. Hylkin eru stútfull af steinefnum og vítamínum sem hafa góð og nærandi áhrif á húð, hár og neglur. Sæþörungar eru þekktir sem ofurfæða hafsins og þeir eru sérstaklega þekktir fyrir virk áhrif sín á húð, hár og neglur. Þeir hafa einnig gríðarlega hreinsandi áhrif á líkamann og blandan inniheldur ríkulegt magn steinefna og trefja, ásamt joði.

Hrein náttúruafurð

ICEHERBS er íslenskt fyrirtæki sem leggur mikla áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni. Lögð er gríðarleg áhersla á að vörur ICEHERBS nýtist viðskiptavinum vel, að virknin skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Gríðarleg áhersla er lögð á að vörurnar innihaldi engin óþarfa fylliefni og vörurnar eru framleiddar hér á landi. ■

Húð, hár & neglur frá ICEHERBS fæst í öllum apótekum og heilsuvöruverslunum, Hagkaup, Nettó og Fjarðarkaupum og einnig í vefverslun ICEHERBS, sem sendir heim að dyrum. Sjá nánar á iceherbs.is.

Húð, hár og neglur er öflug og náttúruleg þarablanda úr tveimur íslenskum sæþörungum.

Næturljósmyndun krefst æfingar

Hallgrímur Tómas Ragnarsson heldur áfram að sýna lesendum sérstakar myndir sem hann hefur tekið, auk þess sem hann lýsir því hvernig hann fer að því að ná þessum áhrifum í myndinni.

Hallgrímur Tómas Ragnarsson ljósmyndari.

Myndin til hliðar sýnir gang stjarnanna í um klukkustund. Myndavélinni var stillt á þrífót með víðasta ljósopi með miklu ljósnæmi (F1.4, ISO 500, 8 sek., 24 mm). Alls eru teknar um 300 myndir og er linsunni beint að Pólstjörnunni sem er í skerpu. Þegar myndunum er skeytt saman birtast ljósrákir stjarnanna og virðast þær hringsnúast um Pólstjörnuna.

Stjörnuprýddur himninn einn og sér getur verið ágætt myndefni en yfirleitt eru myndir áhrifaríkari með sterkum forgrunni. Í þessu tilfelli er það golfbíll við glompu. Aftur eru teknar myndir og nú er forgrunnurinn lýstur og hafður í skerpu en ljósnæmi minnkað um eitt stopp. Myndin öðlast meiri dýpt ef lýst er frá hliðum eða jafnvel að ofan með dróna í stað þess að lýsa frá sjónarhorni myndavélarinnar. Nota má ljós frá farsíma eða sérstök vasaljós þar sem stilla má hita og lit ljóssins eftir smekk. Gæta þarf vandlega að því yfirlýsa ekki og að myndavélin hreyfist ekki milli skota og er því ráðlegt að nota fjarstýringu eða seinkun á myndavélinni. Einnig þarf að gæta þess að taka yfir allar sjálfvirkar stillingar, t.d. sjálfvirka skerpu á linsunni (autofocus) og beina stjórn (manual) fyrir opnun, ljósnæmi og tíma. Einnig er mælt með því að slökkva á sjálfvirkri síu (noise reduction) en hreinsa má myndirnar síðar í myndvinnslu. Móða getur myndast framan á linsunni en koma má í veg fyrir það með því að nota hitaræmu sem er vafið um linsuna. Ekki er nauðsynlegt að stilla hvítuna (white balance) því hana má laga í myndvinnslu.

Næturljósmyndun af þessu tagi krefst lítillar ljósmengunar og helst engrar tunglbirtu auk heiðskírs himins. Auðvelt er afla upplýsinga um gang tunglsins og víða má lesa spár um skýjafar og ljósmengun. Ljóstýra sem vart er sjáanleg með berum augum getur framkallað ljósmengun í lengri skotum sem þá birtist sem gul slæða. Festa má síu framan á linsuna sem dregur úr gula litnum, t.d. Neutral Night Filter frá Kase. Hætt er við að stjörnuhiminninn verði flatur og ekki sjáist munur á ljósstyrk skærustu og veikustu stjarnanna. Mælt er með Dream Star síunni frá Kase en með notkun hennar er hægt að greina helstu stjörnumerkin. Ský á næturhimni geta birst snögglega líkt og sjá má til hægri við golfbílinn á smærri myndinni en þau geta gert myndina áhugaverðari ellegar síðri. Næturljósmyndun krefst nokkurrar æfingar þar sem ekki sést á takkana en auðvelda má ferlið með því að forrita myndavélina fyrir myndefnið. Að lokum er öllum myndunum blandað saman í myndvinnslu eftir smekk. Á myndinni sjást rákir eftir flugvélar og gervitungl en afmá þær í myndvinnslu ef vill. ■

Hér fangar Hallgrímur augnablikið á sinn einstaka hátt.

MYND/ HALLGRÍMUR TÓMAS RAGNARSSON

> **Næturljósmyndun af þessu tagi krefst lítillar ljósmengunar og helst engrar tunglbirtu auk heiðskírs himins.**

Myndirnar má sjá í fullri upplausn á frettabladid.is og ragnarsson.com

FRÉTTABLAÐIÐ

Mannauðsmál

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 21. maí 2022

Fólk í forgangi lykill að árangri

Alþjóðlegum mannauðsdegi var fagnað um heim allan í gær, 20. maí. Yfirskrift dagsins er „HR shaping the new future“ og kastljósið beinist að mikilvægu leiðtogahlutverki mannauðsfólks á heimsvísu við að bæta líf fólks í vinnunni. **2**



Ásdís Eir er formaður Mannauðs, félags mannauðsfólks á Íslandi. Hún segir að snjallir leiðtogar viti að árangur sé í fólkinu falinn. Það sem eitt sinn dugði til að laða að starfsfólk geri það ekki lengur.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Mannauðsstjórnun hefur þróast hratt undanfarna áratugi og hefur breyst frá því að vera „starfsmannahald“ – þar sem mesta áherslan var lögð á að halda starfsmannakostnaði í lágmarki, ráða inn það fólk sem hendi var næst, borga út laun og túlka kjarasamningsákvæði – yfir í að vera þroskað fag mannauðsfólks sem leikur lykilhlutverk í að fyrirtæki og stofnanir nái að koma stefnu sinni í framkvæmd.

Mannauðsfólk er hreyfiafl breytinga

Á tímum heimsfaraldurs og mikilla breytinga hefur kristallast skýrt að mesti auður fyrirtækja er fólkið sem vinnur hjá því. Til að ná árangri skiptir öllu máli að laða til sín framúrskarandi fólk, ráða rétta einstaklinga í rétt hlutverk, skapa vinnuumhverfi þar sem fólki líður vel, þar sem það fær að nýta hæfileika sína til fulls og vaxa í starfi. Góður mannauðsstjóri er lykill að því að þetta gangi upp. Hann mótar stefnu varðandi mannauð og menningu ásamt því að efla og styðja aðra stjórnendur í því að vera framúrskarandi leiðtogar sem hlúa sem allra best að starfsfólki.

Mannauður, félag mannauðsfólks á Íslandi, er sístækkandi félag þeirra sem starfa við mannauðsmál eða sérhæfa sig í ráðgjöf og sölu á mannauðstengdri þjónustu. „Félagsfólki hefur fjölgað hratt undanfarin ár og í vikunni náðum við þeim tímamótum að verða 600 talsins,“ segir Ásdís.

Hlutverk félagsins er að efla fagmennsku, vera framsækið og leiðandi á sviði mannauðsstjórnunar í þágu atvinnulífsins. Félagsfólk er fjársjóður Mannauðs, en við erum fagfélag sem byggir á öflugu tengslaneti þar sem félagsfólk getur „sótt og veitt“ stuðning og faglega hvatningu. Við höfum lagt mikla áherslu á að vera vakandi fyrir straumum og stefnum svo félagið geti verið faglegur vegvísir í atvinnulífinu, geti haft mótandi áhrif og verið hreyfiafl breytinga.

„Ég held satt best að segja að það hafi aldrei verið jafn spennandi að vera í mannauðsmálum og nú, síðustu ár hafa vægast sagt verið rússíbani. Mannauðsfólk hefur verið í lykilstöðu til að bregðast við og aðlagast áskorunum heimsfaraldurs og setja fólk í forgang. Annað eins tækifæri hefur ekki gefist til að nýta þekkingu okkar og reynslu í að leiða breytingar og móta vinnustaði okkar til framtíðar.“

Fólk í forgang – mannauðsstjórinn er strategískur bandamaður

Í framkvæmdastjórn flestra fyrirtækja er mikill fókus settur á reksturinn. Það finnst öllum sjálfgefið að verja mikilli orku og tíma í að ræða rekstrar- og efnahagsreikninga, fjármuni og fjármögnun. Þótt það sé að sjálfsögðu nauðsynlegt líka, þá skýtur skökku við hve fyrirferðarmikill slíkur fókus er, á kostnað þess að framkvæmdastjórnin gefi sér tíma til að ræða það sem snýr að starfsfólkinu sjálfu – undirstöðu þess að reksturinn geti yfirhöfuð gengið vel.

Snjallir leiðtogar vita að árangur er í fólkinu falinn og það sem eitt sinn dugði til að laða að starfsfólk gerir það ekki lengur. Rannsóknir sýna að það er ekki launatalan ein og sér sem heldur fólki í starfi. Hlutir eins og að upplifa að maður sé að vaxa, að maður fái orku úr viðfangsefnum sínum og samskiptum við samstarfsfólk, það að upplifa að maður tilheyri og að það sé tilgangur með því sem maður er að gera vegur töluvert þyngra hjá fólki í dag. Traust á vinnustað og sálrænt öryggi er forsenda þess að byggja upp menningu þar sem hugmyndir blómstra, starfsfólk upplifir ánægju í starfi og keppist við að ná árangri, en slíkt skapar ótvírætt samkeppnisforskot.

„Ef þú horfir á framkvæmdastjórnir fyrirtækja hér á Íslandi, hvaða manneskja er það sem hefur mestu þekkinguna á þessum málum og mun setja þau á dagskrá? Hiklaust mannauðsstjórinn,“ segir Ásdís.

Þarf áhuga og skilning

Hér er umbótatækifæri til staðar, því rannsóknir sýna að þó svo að framkvæmdastjórar um allan heim líti svo á að ein mesta áskorun þeirra sé að laða að og halda í hæft starfsfólk, þá raða þeir mannauðsteymi sín trekk í trekk sem áttundu eða níundu mikilvægustu skipulagseiningu fyrirtækisins. Þetta verður að breytast. Mannauðsstjórar geta öskrað sig hása við að reyna að sýna fram á virðið sem þeir geta skapað, en lítið gerist ef framkvæmdastjórinn áttar sig ekki á mikilvægi þess að hlusta. Sumir framkvæmdastjórar kvarta yfir að mannauðsstjórinn sé svo upptekinn í „admin“-hlutverki og skilji ekki bissnessinn. Það er hins vegar í þeirra valdi að lyfta hlutverkinu upp og veita meira umboð, rétt eins og þeir gerðu við hlutverk fjármálastjórans sem upp úr 1980 aðallega fól í sér hefðbundna bókhaldsvinnu. Rétt eins og fjármálastjórar í dag styðja við að fyrirtæki komi stefnu sinni í framkvæmd, þá getur mannauðsstjórinn stutt við árangur framkvæmdastjórans með því að byggja upp og efla hæfni stjórnenda og starfsfólks og leyst heilmikla orku úr læðingi innan fyrirtækisins.

Hjá framsýnustu fyrirtækjunum er það svo orðið þannig að það er ekki einungis ábyrgð mannauðsstjórans að setja málefni starfsfólks á dagskrá, heldur er krafan sú að allir í framkvæmdastjórn fyrirtækisins búi yfir blöndu af rekstrarþekkingu og þekkingu á mannauðsmálum og taki jafnt mið af þeim við skipulag og ákvörðunartöku. „Að mínu viti eiga stjórnendur ekki erindi í framkvæmdastjórn nema þeir hafi áhuga og skilning á vinnustaðamenningu, fólki og því sem hvetur það áfram,“ segir Ásdís að lokum. ■

Hlutverk félagsins Mannauðs er að efla fagmennsku, vera framsækið og leiðandi á sviði mannauðsstjórnunar í þágu atvinnulífsins, upplýsir Ásdís Eir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Um Ásdísi Eiri

Ásdís Eir Símonardóttir er formaður Mannauðs, félags mannauðsfólks á Íslandi. Ásdís er vinnusálfræðingur að mennt og starfar sem VP of People & Culture hjá Lucinity. Lucinity er þriggja ára nýsköpunarfyrirtæki í örum vexti sem hefur hannað hugbúnað fyrir banka og fjártæknifyrirtæki til að hjálpa þeim í baráttu sinni gegn peningaþvætti. Hjá Lucinity leiðir Ásdís uppbyggingu á hvetjandi starfsumhverfi og menningu þar sem áhersla er lögð á umhyggju, nýsköpun og tækifæri til vaxtar í alþjóðlegu umhverfi.

> **Rétt eins og fjármálastjórar í dag styðja við að fyrirtæki komi stefnu sinni í framkvæmd, þá getur mannauðsstjórinn stutt við árangur framkvæmdastjórans með því að byggja upp og efla hæfni stjórnenda og starfsfólks og leyst heilmikla orku úr læðingi innan fyrirtækisins.**

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

Það sem skiptir þig máli, skiptir okkur máli

ELKO er stærsta raftækjaverslun landsins, með 217 starfsmenn. Mikið er lagt upp úr því að vinnustaðurinn sé framúrskarandi og ýtt er undir starfsþróun og góða vinnumenningu. Loforð ELKO er „það sem skiptir þig máli, skiptir okkur máli“ og gildir það bæði gagnvart viðskiptavinum og starfsmönnum.

ELKO hefur innleitt ýmsar aðgerðir til að gefa starfsfólki sínu rödd svo það sé hægt að bregðast við áskorunum sem það mætir í starfi. MYND/AÐSEND

Eitt af markmiðum ELKO er að eiga ánægðustu viðskiptavinina á raftækjamarkaðnum og lykillinn að því markmiði liggur í því að vera með ánægðasta starfsfólkið. Það hefur því verið eitt af aðaláhersluatriðunum að stuðla að aukinni ánægju starfsfólks og starfsánægjumælingar sem og mælingar á ánægju viðskiptavina, hafa gefið þessari vegferð byr undir báða vængi.

Starfsfólk ELKO hefur rödd

„Ein besta leiðin til að ná árangri í mannauðsmálum er að gefa starfsmönnum rödd. Við höfum þess vegna innleitt hjá okkur fjölmargar aðgerðir til að ná fram þessum röddum á skilvirkan máta,“ segir Björn Másson, mannauðsstjóri ELKO.

Samkvæmt Birni var árið 2021 „ár mannauðsins“ í ELKO þar sem langtímamarkmiðið var að eiga ánægðasta starfsfólkið. Verkefnið var stórt og gagngert sett í gang til að breyta hugsunarhætti allra í fyrirtækinu í átt til betri vinnustaðar. Haldnar voru vinnustofur með öllu starfsfólki ELKO þar sem leitað var eftir áskorunum, tækifærum og hugmyndum um hvernig starfsfólk, stjórnendur og ELKO í heild gætu gert betur.

Afrakstur vinnustofanna var settur upp í stórt verkefnaskipulag sem unnið var í allt árið og mánaðarlegar ánægjukannanir voru jafnframt keyrðar samhliða, til að fylgjast með árangrinum.

„Til viðbótar við þessar minni starfsánægjukannanir erum við með árlega vinnustaðargreiningu og var hún send í lok árs 2021 til allra í fyrirtækinu. Það mældist hækkun milli ára í mörgum flokkum greiningarinnar og í 15 af 18 spurningum fengust betri niðurstöður en árið áður,“ segir Björn. „Verkefnið „ár mannauðsins“ reyndist því árangursríkt og var í kjölfarið ákveðið að halda vinnustofur á hverju ári með yfirskriftinni „besti vinnustaðurinn“ til að halda árangrinum á lofti til framtíðar.

Þegar niðurstöður vinnustaðargreiningar liggja fyrir eru haldnar vinnustofur í öllum deildum ELKO þar sem niðurstöður eru rýndar og starfsfólk sameinast um úrbótaverkefni sem er svo ráðist í. Lykilatriðið er að bregðast fljótt við,“ segir Björn. „Sem dæmi þá mældist í eitt skiptið endurgjöf stjórnenda í lægra þrepi. Við brugðumst við með því að innleiða hugmynd að vinnustofu: 15 mínútna samtöl með næsta yfirmanni á 2-4 vikna fresti. Þetta eru óformleg samtöl þar sem starfsmenn geta komið sínu á framfæri, hvort sem það tengist starfinu beint eða almennri líðan starfsmanns. Þetta hefur gengið mjög vel og var stórt stökk í mælingu á bæði endurgjöf og almennri starfsánægju.“

Óttar Örn Sigurbergsson tók við sem framkvæmdastjóri ELKO um áramótin og hann tók 15 mínútna samtöl við alla fastráðna starfsmenn fyrirtækisins á fyrstu mánuðum ársins til að bera kennsl á líðan starfsmanna og áskoranir í fyrirtækinu sem hægt væri að bregðast við. Verkefnin sem komu út úr þeim fundum eru nú þegar komin áfram til vinnslu.

Björn Másson, mannauðsstjóri ELKO, segir að fyrirtækið leggi gríðarlega mikla áherslu á ánægju starfsfólks síns. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Haldnar voru vinnustofur með öllu starfsfólki ELKO þar sem leitað var eftir áskorunum, tækifærum og hugmyndum um hvernig starfsfólk, stjórnendur og ELKO í heild gætu gert betur.**
>
> Björn Másson

Fræðsla og þjálfun

„Góð fræðsla og þjálfun er lykilþáttur í starfsánægju og eflir sjálfstraust á vinnustað. Hún hefur þannig bein áhrif á starfsmannaveltu. Við hjá ELKO leggjum mikla áherslu á að styrkja starfsfólkið með markvissri þjálfun og möguleika á starfsþróun,“ segir Björn. „Árið 2021 var komið á fót stöðu þjálfunarstjóra, en sú staða var búin til eftir eina af vinnustofunum með starfsfólkinu árið áður.

Í lok hvers námskeiðs er send út ánægjukönnun til þátttakenda og frá því að mælingar hófust árið 2021 er niðurstaðan sú að ánægjan mælist í 4,7 af 5 mögulegum,“ segir Björn. „Árið 2021 var líka boðið upp á rúmlega 30 námskeið fyrir starfsfólk ELKO og við styrkjum starfsfólk einnig til náms. Rafræn fræðsla er svo alltaf að skipa stærri sess og í haust erum við að fara að innleiða nýtt upplýsinga- og fræðslukerfi fyrir vinnustaðinn í stað Workplace sem heitir Relesys.“

Velferðarpakkinn

„Velferð starfsmanna skiptir ELKO máli og þess vegna var ákveðið að efla þjónustuþætti sem tengjast heilsu og auka aðgengi að þeim. Árið 2021 var velferðarpakki kynntur til leiks, sem er samansettur af nokkrum þjónustuþáttum til að stuðla að bættri andlegri og líkamlegri heilsu starfsmanna,“ segir Björn. „Meðal þjónustuþátta eru sálfræðitímar, áfallahjálp, lífsstílsráðgjöf, íþróttastyrkur, starfslokanámskeið, hjónabandsráðgjöf og ítarleg heilsufarsskoðun í samstarfi við Heilsuvernd í Kópavogi.“

ELKO styður við heilbrigðan lífsstíl og heilbrigt mataræði hjá sínu starfsfólki og á öllum starfsstöðvum ELKO er starfsmönnum boðið upp á niðurgreiddan hádegismat, ásamt því að þeim stendur til boða að fá sér millimál í formi ávaxta og heilsustanga.

Siðferðisgáttin

„Í samstarfi við Hagvang býður ELKO líka upp á þjónustu sem kallast Siðferðisgáttin. Starfsfólk sem verður fyrir óæskilegri hegðun eða framkomu eða upplifir einhverja vanlíðan á vinnustað, getur á öruggan hátt leitað til ráðgjafa hjá Siðferðisgáttinni,“ segir Björn. „Um er að ræða óháðan fagaðila og lausn sem er unnin í samvinnu við stjórnendur og mannauðsstjóra ELKO.“

Mikill stuðningur frá Festi

ELKO er í 100% eigu Festar hf. og eru mannauðsmálin fyrir ELKO og hin félögin undir Festi. Það er gríðarlega sterkt og hefur reynst félögunum vel. Í mannauðsdeild Festar starfa 10 manns, 5 mannauðsstjórar og 4 launafulltrúar ásamt framkvæmdastjóra rekstrarsviðs.

„Mikill styrkur og hagkvæmni stærðarinnar felst í því að vinna saman að málum og geta leitað ráða hvert hjá öðru. Mörg stór verkefni eru unnin þvert á félögin og næst hagkvæmni með því samstarfi,“ útskýrir Björn. „Félögin nýta sömu mannauðskerfi og mörg stærri verkefni eru unnin saman, eins og til dæmis jafnlaunavottun, mannauðsmælaborð fyrir stjórnendur, vinnustaðagreining og innleiðing á lausnum eins og velferðarpakkanum, Siðferðisgáttinni, almennri fræðslu og mörgu öðru.“

Fyrirmyndarfyrirtæki VR

ELKO er eitt af fyrirmyndarfyrirtækjum VR árið 2022. „Fyrirtækin í fimmtán efstu sætunum í hverjum stærðarflokki fá viðurkenningu og erum við afar stolt og ánægð með að vera eitt þeirra, enda er það yfirlýst markmið okkar að vera með ánægðasta starfsfólkið,“ segir Björn. „Þetta er í fyrsta skipti sem fyrirtækið tekur þátt í könnun VR um fyrirtæki ársins og fögnum við þessum niðurstöðum en stefnum á að gera enn betur með áframhaldandi vinnu með starfsfólki í átt að því að verða besti vinnustaðurinn.“ ■

FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2022 VR ELKO

Halla Árnadóttir, forstöðumaður mannauðs- og launalausna hjá Origo, segir samtalið við viðskiptavini mikilvægt til að tryggja að nýjungarnar sem Origo þróar mæti örugglega þörfum viðskiptavinanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kjarni – alhliða mannauðs- og launalausn

Origo setti Kjarna á markað í upphafi árs 2015. Kjarni er heildstæð mannauðs- og launalausn sem gerir fyrirtækjum kleift að halda algerlega utan um mannauðs- og launamálin sín, allt frá ráðningu til starfsloka.

Halla Árnadóttir er forstöðumaður mannauðs- og launalausna hjá Origo. „Við ákváðum að ráðast í þetta verkefni þar sem við töldum svigrúm á markaðinum fyrir nýja lausn og fundum þörf á kerfi sem styður allt ferlið; frá ráðningu til starfsloka. Það var mikil þekking og reynsla til staðar hjá Origo á þessum málaflokki og því góður grundvöllur til að mæta þessari þörf.“

Halla segir að á þessum tímapunkti hafi ýmsir kostir verið skoðaðir. „Það kom til álita að gera lítið og einfalt launakerfi og tengja það við erlent, þroskaðra mannauðskerfi. Við skoðuðum nokkur slík kerfi og tókum samtal um það við hagsmunaaðila á markaðinum. Eftir þá skoðun var okkar niðurstaða að við næðum með því móti ekki þeirri lausn sem við stefndum að og fannst að hið minnsta ættu grunnmannauður og laun heima í einni og sömu lausninni. Niðurstaðan var því að þróa heildstæða mannauðs- og launalausn sem samanstendur af ýmsum kerfishlutum sem saman mynda eina heild.

Við vorum svo lánsöm að fá inn flotta viðskiptavini strax í upphafi sem ákváðu að leggja traust sitt á okkur og þessa nýju lausn og það kom okkur af stað á þessari vegferð.“

Að sögn Höllu hafa nýir kerfishlutar bæst við lausnina frá árinu 2015 ásamt tengingum við hin ýmsu kerfi. Einnig hefur viðskiptamannahópurinn stækkað jafnt og þétt og í dag starfar Origo með um 70 frábærum viðskiptavinum sem halda utan um upplýsingar 20.000 starfsmanna.

Ör þróun og reglulegt samtal við viðskiptavini

„Við erum á fleygiferð í áframhaldandi þróun á Kjarna,“ segir Halla. „Við vinnum þróunina í tveggja vikna sprettum og gefum út nýjar útgáfur af Kjarna á um það bil tveggja mánaða fresti með lágmarkstruflun fyrir notendur.“

Halla segir mikilvægt að eiga reglulegt samtal við viðskiptavini og að hópurinn hjá Origo fagni öllum góðum ábendingum varðandi hluti sem bæta lausnina. Þetta samtal sé mikilvægt til að tryggja að nýjungarnar sem Origo þróar mæti örugglega þörfum viðskiptavinanna.

„Viðskiptavinir senda okkur oft tillögur um nýjungar sem þeir vilja sjá í kerfinu og hafa þær tillögur áhrif á forgangsröðun í þróuninni hjá okkur. Það hefur færst í aukana að við tökum rýnifundi með viðskiptavinum okkar í tengslum við ákveðna virkni. Í þá rýni höfum við þá valið þá viðskiptavini sem hafa sýnt þessari tilteknu virkni mestan áhuga í samtali við okkur. Við erum reglulega með þjónustuheimsóknir til viðskiptavina og þar er kjörinn vettvangur fyrir þá að koma hugmyndum sínum á framfæri.“

Halla segir Origo halda rafræna kynningu tvisvar á ári þar sem farið er yfir helstu nýjungar í þeim útgáfum sem gefnar hafa verið út frá síðustu kynningu. Einnig er haldin notendaráðstefna einu sinni á ári. „Þar förum við yfir ákveðnar nýjungar í Kjarna, fáum ytri fyrirlesara til að fara yfir mannauðstengd mál og kynnum vegvísinn í þróuninni fyrir næsta árið. Við bjóðum upp á mat og drykk og það er ómetanlegt að ná þarna líka þessu óformlega spjalli við viðskiptavinina.“

Vefviðmót fyrir stjórnendur og starfsfólk

„Aðaláherslan í þróunarstarfinu þessa dagana er á vefviðmót í Kjarna. Í lok árs 2019 kom fyrsta útgáfan af Kjarnavefnum þar sem ráðningarhluti Kjarna og launasamþykkt var færð yfir í vefviðmót. Síðan þá hefur talsvert af virkni bæst á vefinn og geta stjórnendur nú nálgast allar helstu upplýsingar um starfsmannahópinn sinn á Kjarnavefnum. Þeir geta þar meðal annars séð yfirlit yfir helstu upplýsingar um teymið sitt, unnið launaáætlun, séð launaþróun hópsins, samþykkt launin, séð yfirlit yfir orlofsstöðu hópsins og sent skjöl í rafræna undirritun, auk þess sem þeir geta unnið ráðningarferlið í vefviðmótinu. Einnig eru ýmsar lykiltölur aðgengilegar á vefnum.

> Niðurstaðan var því að þróa heildstæða mannauðs- og launalausn sem samanstendur af ýmsum kerfishlutum sem saman mynda eina heild.

Starfsfólk er líka með aðgang að öllum sínum helstu upplýsingum í gegnum starfsmannavef. Þar getur það viðhaldið helstu grunnupplýsingum, séð orlofsstöðuna sína og launaseðla, sótt um samgöngu- og líkamsræktarstyrk, svo eitthvað sé nefnt.

Hugsunin með vefviðmóti fyrir stjórnendur og starfsfólk er að gera þessa aðila sem mest sjálfbjarga með að nálgast þessar upplýsingar og létta þannig á álagi á mannauðs- og launadeildir sem geta þá notað tímann í meira virðisskapandi verkefni. Öflugir skýrslugerðarmöguleikar Kjarna, hvort sem það er í gegnum kerfið sjálft, vefviðmótið eða með tengingum við ytri skýrslugerðartól, eins og Power BI, spara tíma hjá notendum sem þurfa þá ekki að eyða miklum tíma í að ná út upplýsingunum. Tengingar Kjarna við hin ýmsu kerfi létta líka lífið þar sem þessar tengingar koma í veg fyrir margskráningu á upplýsingum í hin ýmsu kerfi.“

Stærstu nýjungarnar

„Fyrir utan Kjarnavefinn þá hafa stærstu nýjungarnar okkar síðustu tvö árin verið kerfishlutarnir Dagpeningar og Viðvera en með því að taka þessa kerfishluta í notkun í Kjarna geta viðskiptavinir mögulega fækkað þeim ólíku kerfum sem þeir eru með í notkun. Einnig fórum við í vinnu við að koma Teríu, mötuneytislausninni okkar, alfarið inn í Kjarna, en hún var áður sérlausn sem var tengd við Kjarna.

Halla segir reglulega bætast við tengingar við hin ýmsu kerfi og að teyminu finnist mikilvægt að viðskiptavinir geti valið um að hafa allar þessar upplýsingar í einu og sama kerfinu eða tengja Kjarna við önnur kerfi sem þeir vilja nýta fyrir hluta af mannauðs- og launaupplýsingunum.

„Við erum svo með ýmislegt skemmtilegt á teikniborðinu fyrir næsta árið. Þar má meðal annars nefna launaáætlunarskýrslur á Kjarnavefinn, samþykktarferli launabreytinga ásamt fleiri lykiltölum. Við erum einnig að vinna að því að þróa „onboarding/offboarding“ virknina enn frekar, sérstaklega í tengslum við ýmis verkefni sem ýmsir aðilar þurfa að framkvæma þegar starfsmenn hefja störf eða láta af störfum.“

Innleiðingarferlið og framúrskarandi þjónusta

Að sögn Höllu er viðskiptavinahópurinn mjög fjölbreyttur. Má þar telja sveitarfélög, stofnanir og einkafyrirtæki í ýmsum geirum. „Flækjustigið í launavinnslu er mismunandi hjá viðskiptavinum okkar en með breiðan hóp viðskiptavina hefur okkur tekist að leysa allar helstu flækjur. Innleiðingarferlið getur tekið stuttan tíma en reynslan hefur sýnt okkur að almennt er gott að miða við tveggja mánaða tímabil þar sem við samkeyrum laun ein mánaðamót og greiðum svo út úr Kjarna um mánaðamótin þar á eftir. Þá hafa viðskiptavinir svigrúm til að læra og hefja ferðalagið vel í nýju kerfi.

Nýlega innleiddum við t.a.m. Kjarna hjá Hafnarfjarðarbæ sem er með um 2.500 launþega að viðbættum 1.000 sumarstarfsmönnum og með 20 mismunandi kjarasamninga. Þrátt fyrir að um talsvert umfangsmikla aðgerð sé að ræða tók innleiðingin eingöngu tvo mánuði.“

Þjónustan við kerfið og innleiðinguna er stór hluti þeirrar vöru sem Origo býður og leggur fyrirtækið ríka áherslu á að viðhalda góðu sambandi við núverandi og nýja viðskiptavini. Til að fylgja því eftir eru framkvæmdar reglulegar þjónustukannanir sem hafa komið mjög vel út. „Við getum stolt sagt frá því að við fengum yfir 90 prósent jákvæða niðurstöðu í síðustu könnun, þar sem spurt var um ánægju með þjónustuna, viðmót ráðgjafa, áreiðanleika þjónustunnar og hvort Kjarni væri leiðandi mannauðs- og launalausn á íslenska markaðinum.

Góð þjónusta hefur ítrekað verið nefnd sem einn af ákvörðunarþáttum nýrra viðskiptavina við val á Kjarna og hafa notendur sem færa sig á milli fyrirtækja margsinnis innleitt Kjarna á nýja staðnum. Við erum þakklát fyrir þau frábæru meðmæli,“ segir Halla Árnadóttir, forstöðumaður mannauðs- og launalausna hjá Origo. ■

kjarni

Jöfn tækifæri til að njóta sín til fulls í starfi

Erla María Sigurðardóttir, mannauðsstjóri Krónunnar, nýtur sín í starfi og er með skýra framtíðarsýn. Hennar framtíðarsýn er að skapa öllu starfsfólki eftirsóttan og framúrskarandi vinnustað og með öflugu fólki.

Erla María hefur verið mannauðsstjóri Krónunnar frá ársbyrjun 2021 en hóf störf hjá Festi sem mannauðsfulltrúi árið 2016. Erla María er með MHRM – Master í mannauðsstjórnun og vinnusálfræði frá Háskólanum í Reykjavík og B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Að sögn Erlu Maríu er mikil áhersla lögð á að starfsfólkinu líði vel í vinnunni. „Við leggjum fyrst og fremst áherslu á að við séum með góðan vinnustað þar sem starfsfólkinu okkar líður vel og hafi jöfn tækifæri til að njóta sín til fulls í starfi. Við erum með virka jafnlaunastefnu og viljum sem jafnastan hlut kvenna og karla í stjórnunarstörfum en í fyrra hlaut Krónan í fyrsta sinn Jafnvægisvog FKA og vinnur stöðugt að jafnari hlutföllum á öllum starfsstöðvum fyrirtækisins.

Við störfum í umhverfi þar sem hraðinn er mikill, álag í starfi og breytingar töluverðar. Það er því mikilvægt að eiga í virku samtali við fólkið okkar og stuðla að stöðugri fræðslu og þjálfun til þess að það hafi tækifæri á að þróast og blómstra í starfi.

Til að styðja við það starfræktum við „Krónuskólann“ sem er nú aðgengilegur í appi í símanum en þar getur starfsfólk sótt sér fræðslu og þjálfun hvar og hvenær sem er. Þetta fyrirkomulag hefur reynst afar vel og þá sérstaklega hjá unga fólkinu okkar sem í auknum mæli vill nálgast allar upplýsingar í símanum. Einnig höldum við reglulega fundi með öllu starfsfólki Krónunnar, svokölluð „Krónutorg“ þar sem staðan okkar er rædd. Þar er öllu starfsfólki Krónunnar boðið að vera með,“ segi Erla María.

Hvetji starfsfólk til sækjast eftir framgangi í starfi

Erla María segir jafnframt að þau hvetji starfsfólk sitt til að sækjast eftir reglulegum framgangi í starfi. „Við styðjum þau t.d. til verslunarnáms á Bifröst og höfum mörg dæmi um starfsfólk sem hóf upphaflega störf á gólfinu eins og það er kallað, en er núna komið í ábyrgðarstöður eftir mörg ár í starfi, t.d. verslunarstjórar og svæðisstjórar. Það er mikilvægt fyrir okkur að fólk sjái sína framtíð fyrir sér hjá okkur, sjái að það getur sótt sér menntun og fengið aukna ábyrgð.“

Aðalsmerki starfsfólks er Krónuhjartað. „Það snýst um að hafa einlægan vilja til að gera betur í dag en í gær því saman getum við allt. Því höfum við lagt mikla áherslu á jafnrétti kynjanna í okkar stefnum og störfum. Kynjahlutfallið hjá Krónunni er sífellt að verða jafnara með árunum og er í dag 41% konur á móti 59% körlum. Við erum einnig að vinna statt og stöðugt að því að jafna hlutfall karla og kvenna í stjórnunarstöðum á borð við verslunarstjóra.“

Drulluhlaup Krónunnar hluti af íþróttaveislu UMFÍ

Í stefnu nýrra stjórnenda er mikil áhersla lögð á andlega jafnt sem líkamlega heilsu starfsfólks. „Við kynntum því til leiks Lýðheilsustefnu Krónunnar í byrjun þessa árs en markmið okkar er að vera leiðandi vinnustaður í lýðheilsumálum og stuðla að góðri heilsu og vellíðan starfsfólks, en ekki síður að hafa smitandi áhrif út í samfélagið og til okkar viðskiptavina með hvatningu um að kaupa heilsusamlegar vörur.

Til að styðja við innleiðingu lýðheilsustefnunnar, var ráðinn fyrr á þessu ári verkefnastjóri lýðheilsu og mun sá aðili vinna að því að bætt heilsufar fái aukið vægi meðal starfsfólks og vonandi viðskiptavina líka.

Stefnan er í stöðugri mótun en við höfum sem dæmi hafið leikinn með því að koma á heilsueflandi viðburðum fyrir okkar starfsfólk þar sem lögð er áhersla á samveru og skemmtilega hreyfingu. Léttar fjallgöngur, fjölskyldustundir og leikfimitímar hafa m.a. verið á dagskrá það sem af er sumri.

Í ágúst verður síðan svokallað „Drulluhlaup Krónunnar“ haldið, sem er hluti af íþróttaveislu UMFÍ þar sem áhersla er lögð á skemmtilega hreyfingu, gleði og samvinnu fyrir alla fjölskylduna.“

Með því að gera Krónuna að heilsueflandi vinnustað segir Erla María að verið sé að hvetja til heilsusamlegs lífernis í starfi og leik. „Litlir hlutir eins og að hafa ávallt á kaffistofum ávexti fyrir starfsfólk, en ekki bara kex eða kökur, skipta hér líka máli. Lögð er áhersla á að njóta en ekki bara þjóta því lýðheilsa snýst ekki um öfgar eða merkileg afrek. Það verður gaman að fylgja þessu verkefni eftir og sjá hvernig þessi áhersla endurspeglar aukna ánægju og vellíðan í starfi meðal okkar starfsfólks – en það er leiðin til langvarandi ánægju og starfsframa í okkar huga.“

Velferðarpakki Krónunnar

Mikil áhersla er lögð á að öllum líði vel. „Við viljum að öllum líði vel í Krónunni og þá sérstaklega starfsfólki okkar sem daglega heldur öllu gangandi hjá okkur. Því kynntum við á síðasta ári Velferðarpakka Krónunnar, sem er hluti af velferðarþjónustu Festi, móðurfélags Krónunnar, og samstæðunnar allrar. Þjónustan er í boði fyrir allt starfsfólk samstæðunnar, hvort sem það er í hlutastarfi eða fullu starfi. Markmið pakkans er að stuðla að bættri andlegri og líkamlegri heilsu starfsfólks og eru allir hvattir til að nýta sér þessa þjónustu,“ segir Erla María. Í velferðarpakkanum má m.a. finna íþrótta- og tómstundastyrki og fær hver starfsmaður styrk að upphæð 30.000 krónur á ári.

Að auki getur starfsfólk fengið fría tíma hjá sálfræðingum og Heilsuvernd upp að ákveðnu marki sem má nýta árlega. Með tilkomu pakkans er hægt að fá styrk til að nýta sér ýmsa þjónustu hjá sérfræðingum, svo sem markþjálfa, næringarfræðingi, uppeldisráðgjafa og hjónabandsráðgjafa svo eitthvað sé nefnt. „Við erum mjög stolt af þessu framtaki og hefur starfsfólk okkar tekið virkilega vel í innihald pakkans enda er markmiðið ávallt að fólkinu okkar líði vel, bæði í vinnunni og utan hennar.“

> Stefnan er í stöðugri mótun en við höfum sem dæmi hafið leikinn með því að koma á heilsueflandi viðburðum fyrir okkar starfsfólk þar sem lögð er áhersla á samveru og skemmtilega hreyfingu.

Erla María segir að fyrst og fremst leggi þau áherslu á að þau séu með góðan vinnustað þar sem starfsfólki Krónunnar líður vel og hafi jöfn tækifæri til að njóta sín til fulls í starfi. MYND/AÐSEND

Styrkja starfsfólk af erlendum uppruna til íslenskunáms

Lögð er mikil áhersla á fjölmenningu og að efla fólk af erlendum uppruna í starfi. „Hjá okkur starfar mikill fjöldi starfsmanna af erlendum uppruna, sem oftar en ekki er að stíga sín fyrstu skref á íslenskum vinnumarkaði. Það er að mörgu að hyggja til að þessum hópi líði sem best í vinnunni og hafi öll þau tæki og tól sem nauðsynleg eru til að þróast áfram í starfi. Við erum fjölmenningarfyrirtæki en fólk af yfir 30 mismunandi þjóðernum starfar hjá okkur. Það er á okkar ábyrgð að stuðla að því að allt okkar starfsfólk hafi sömu tækifæri innan félagsins, óháð uppruna og móðurmáli.“

> Einnig styrkjum við starfsfólk til íslenskunáms og hvetjum alla eindregið til að nýta sér það tækifæri og reyna að ná tökum á íslensku.

„Allt okkar efni sem við kemur starfsfólki er sett fram á nokkrum tungumálum svo að helst allir hafi sömu upplýsingarnar. Einnig styrkjum við starfsfólk til íslenskunáms og hvetjum alla eindregið til að nýta sér það tækifæri og reyna að ná tökum á íslensku.“

Jafnframt nýtur fyrirtækið sér utanaðkomandi ráðgjafa sem sérhæfir sig í ráðgjöf og aðstoð við starfsfólk af erlendum uppruna og er á dagskrá að vera með þjálfun og fræðslu, bæði fyrir stjórnendur og erlent starfsfólk hvað varðar fjölmenningu og aðlögun að íslenskum vinnumarkaði. „Við teljum það mikilvægt skref í því að efla okkar fólk óháð uppruna og tungumáli, enda í samræmi við jafnréttisstefnu Krónunnar.“

Með stafrænum lausnum skapast ný störf

Aðspurð segir Erla María að hjá Krónunni starfi um þúsund manns, bæði í fullu starfi sem og hlutastarfi í alls 25 verslunum, Snjallverslun Krónunnar og á skrifstofu.

Hún segir að störf innan Krónunnar séu í stöðugri þróun með tilkomu stafrænnar þróunar, t.d. Skannað og skundað, og er því nú mikil áhersla lögð á fræðslu og þjálfun sem tengist þessum nýju lausnum sem auðvelda viðskiptavinum þeirra lífið.

„Störfin eru sífellt að breytast og teljum við að með stafrænni umbreytingu verði þau þægilegri og fjölbreyttari en áður. Stöðugildum er síður en svo að fækka, með fjölgun verslana og aukinni þjónustu við viðskiptavini sem og stafrænum lausnum verða til ný störf, t.d. við að taka saman vörur í pantanir Snjallverslunar, útkeyrslu heimsendinga, innleiðingu og aðstoð við Skannað og skundað, svo eitthvað sé nefnt.“ ■



Á Mannauðsdeginum, sem haldinn verður í október, verður úrvalslið fyrirlesara, bæði erlendra og innlendra, sem munu miðla af reynslu sinni og þekkingu og gefa gestum ferska sýn og nýjar hugmyndir.

Mannauðsdagurinn 2022

Mannauðsdagurinn er nú haldinn í tíunda sinn og fögnum við því 10 ára afmæli ráðstefnunnar, sem hefur vaxið hratt og dafnað með hverju árinu og er nú stærsti viðburður stjórnunar og mannauðsmála hér á landi í dag.

Sigrún Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri Mannauðs, félags mannauðsfólks á Íslandi, segir að á Mannauðsdeginum 2022 verði fjallað um mörg af mikilvægustu viðfangsefnum mannauðsfólks og stjórnenda fyrirtækja. Með gríðarmiklum og hröðum breytingum sem heimsfaraldurinn ýtti úr vör eða hraðaði, eru nú komin ýmis ný verkefni og breytt verklag sem mikilvægt er að ná tökum á sem fyrst. Með töluvert breyttu landslagi í stjórnun, auknum kröfum starfsfólks, fjölbreytileika á vinnumarkaði, jafnréttismálum, fjarvinnustefnu og húsnæðisbreytingum, stendur mannauðsfólk og stjórnendur fyrirtækja frammi fyrir nýjum og spennandi áskorunum sem fela í sér fjölmörg tækifæri.

Í ár höfum við fengið til liðs við okkur úrvalslið fyrirlesara, bæði erlendra og innlendra, sem munu miðla af reynslu sinni og þekkingu og gefa okkur ferska sýn og nýjar hugmyndir.

Mannauðsfólk og stjórnendur fyrirtækja standa frammi fyrir nýjum og spennandi áskorunum sem fela í sér fjölmörg tækifæri.

Birgir Jónsson, eigandi Play flugfélagsins, heldur hér fyrirlestur á Mannauðsdegi 2021.

Sigrún Kjartansdóttir framkvæmdastjóri Mannauðs, félags mannauðsfólks á Íslandi

Fyrirlestur Camillu Kring PhD., frá Super Navigators ApS, heitir „How do we create new sustainable rhythms in working life that support a diversity of family rhythms, work rhythms and circadian rhythms?“ og sker hún upp herör gegn gamaldags nálgun á hefðbundnum vinnutíma og hvetur til þess að fundinn sé nýr „taktur“ í vinnunni, sem styður við fjölbreytt nútímasamfélag.

Tim Munden, fyrrverandi Chief Learning Officer hjá Unilever, mun ræða um þær helstu áskoranir sem fyrirtæki og leiðtogar þeirra standa frammi fyrir að hans mati. Starfsfólk vill störf sem hafa tilgang og vinnustaðurinn þarf að vera heilbrigður og mannlegur. Stjórnendur og leiðtogar vilja sveigjanlegt fyrirtæki sem getur „lært“, eða breyst og þróast á skömmum tíma og samfélagið vill að fyrirtæki sýni samfélagslega ábyrgð. Erindið hans heitir: „People, purpose & performance – Getting fit for the 21st Century“.

Tolulope Oke, sem starfar sem Global D&I Customer Engagement Leader hjá Amazon, er reynslumikil þegar kemur að jafnréttismálum og mun deila hagnýtum leiðum til að taka jafnrétti og fjölbreytileika á næsta stig. Erindið hennar heitir: „Taking Diversity & Inclusion to the next level: exploring opportunities to go further“.

Jeff Schwartz, fyrrverandi ráðgjafi hjá Deloitte Consulting LLP og höfundur bókarinnar „Work Disrupted“, mun tala um nauðsyn nýrrar hugsunar þegar kemur að fyrirkomulagi starfa og starfsframa á 21. öldinni. Erindið heitir: „Reframing work and Careers for 2030: A time for bold and empathic HR and Business leadership“.

Auk erlendu fyrirlesaranna mun Jón Björnsson, forstjóri Origo, segja frá jafnréttisvegferð fyrirtækisins í erindinu „Að ná árangri í jafnréttismálum er ákvörðun“. Erindi Sigríðar Elínar Guðlaugsdóttur, framkvæmdastjóra mannauðs hjá Alvotech, heitir „Hvað er ég búin að koma mér í núna? – að smíða flugvél á meðan við erum að fljúga henni“ og Thor Ólafs, CEO hjá Strategic Leadership Group, talar um „Hvernig EGÓ-frítt leiðtogastarf eykur helgun í starfi, sköpunargleði og framleiðni“.

Samhliða ráðstefnunni verður glæsileg sýning í Norðurljósasal Hörpu. Rúmlega 40 fyrirtæki kynna fjölbreytta þjónustu sína og vörur, allar tengdar stjórnun og mannauðsmálum.

Mannauðsdagurinn 2022 verður haldinn hátíðlegur í Hörpu föstudaginn 7. október.

Mannauðsdagurinn er vettvangur fyrir alla þá sem láta sig nútímastjórnun varða.■

Miðasala er hafin á www.mannaudsdagurinn.is – tryggðu þér miða því í fyrra varð fljótt uppselt.

Öryggi | Samvinna | Framsækni

SAk SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI HOSPITAL

Vilt þú ganga til liðs við öflugan hóp lækna á Sjúkrahúsinu á Akureyri?



Sjúkrahúsið á Akureyri

- Er framsækinn og eftirsóknarverður vinnustaður
- Veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu með áherslu á bráðaþjónustu og helstu sérgreinameðferðir
- Er annað tveggja sérgreinasjúkrahúsa landsins og gegnir lykilhlutverki í almannavörnum
- Er kennslusjúkrahús og þekkingarstofnun sem leggur metnað sinn í kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum
- Leggur áherslu á að ráða til starfa og halda í hæfileikaríka einstaklinga
- Er miðstöð læknisfræðilegrar þjónustu sjúkraflugs í landinu
- Er með alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni og er fyrsta heilbrigðisstofnunin á Íslandi til að hljóta slíka vottun
- Er með jafnlaunavottun skv. IST-85 frá árinu 2019

Sjúkrahúsið býður upp á krefjandi og áhugaverð störf í fjölbreyttu og spennandi starfsumhverfi með góðri handleiðslu og býður upp á tækifæri til starfsþróunar með markvissri þjálfun og fræðslu.

Ef þú hefur áhuga á að koma og vinna á lifandi og fjölbreyttum vinnustað þá er Sjúkrahúsið á Akureyri góður kostur.

Við tökum vel á móti þér.

Mannauður er fólginn í fjölbreytninni

IKEA er með stærstu fyrirtækjum á landinu. Þar starfar fjölbreytt flóra starfsmanna. Listi starfa er langur og öll störf eru jafn mikilvæg.

Mannauðsstefna þar sem samfélagsábyrgð og umhyggja fyrir fólki og jörðinni gegnir lykilhlutverki, er vandlega studd af sterkri hugmyndafræði.

Hjá IKEA á Íslandi starfa 450 manns á aldursbilinu 17 til 75 ára en nýlega lauk elsti starfsmaður fyrirtækisins störfum eftir 35 ár í starfi, áttræður að aldri.

„Það er því óhætt að segja að starfsemin sé fjölbreytt þar sem hátt í 90 ólík störf eru innan fyrirtækisins," segir Fjóla Kristín Helgadóttir, mannauðsstjóri IKEA. „Störfin eru af margvíslegum toga og krefjast ólíkrar hæfni, menntunar, þekkingar og reynslu," bætir Fjóla Kristín við. Iðnmenntaðir eins og smiðir, rafvirkjar, hönnuðir, háskólamenntaðir mannauðssérfræðingar, þýðendur, markaðssérfræðingar, birgðasérfræðingar, viðskiptafræðingar, grafískir hönnuðir, bakarar, matreiðslumeistarar, snillingar í stafrænni þróun, þjónustuliprir einstaklingar í ráðgjöf og þjónustu og svo mætti lengi telja. Listi starfa er langur, öll jafn mikilvæg í að framfylgja hugmyndafræði fyrirtækisins: „að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta."



Hugmyndafræði IKEA er að gera daglegt líf þægilegra fyrir flesta.

Fjóla Kristín Helgadóttir er mannauðsstjóri IKEA þar sem listi starfsheita er langur en öll störf eru jafn mikilvæg.
MYNDIR/AÐSENDAR

Fjóla segir gott að leita til skapandi einstaklinga sem hafa sérmenntað sig í skapandi greinum til að auðvelda undirbúning og hugmyndavinnu viðburða.

Fjölmenning gefur fyrirtækinu alþjóðlegan blæ

„Fjölbreytnin er ekki einungis fólgin í aldri, menntun og reynslu, því innan veggja fyrirtækisins má finna einstaklinga af 39 þjóðernum og eru erlendir starfsmenn um fimmtungur alls hópsins," segir Fjóla Kristín. Fjölmenningin gefur fyrirtækinu alþjóðlegan og líflegan blæ, drifkraft og aukna víðsýni og gagnkvæma virðingu. IKEA veitir þessum dýrmæta hópi starfsfólks aðgengi að íslenskunámi á vinnutíma sem styður við aðlögun þeirra að íslensku samfélagi og eykur möguleika á starfsþróun.

Hlúð að fjölbreyttum mannauði

„Að viðhalda hvata, vellíðan og ánægju þessa fjölbreytta hóps starfsfólks með ólíkar væntingar og þarfir, krefst stöðugrar endurskoðunar og nýsköpunar. Það er því margbreytilegt hvað hefur hvetjandi áhrif á starfsfólk og veitir því vellíðan og starfsánægju," segir Fjóla Kristín.

Hún nefnir að það þarf til dæmis að huga að fjölbreyttu úrvali af mat í mötuneyti starfsfólks. Í ólíkum hópi þarf að vera val um grænkerafæði, grænmeti, léttan mat og hefðbundinn heimilismat. Öll höfum við sterkar skoðanir á mat sem gefur okkur orku og stuðlar að vellíðan yfir daginn. „Við erum heppin að vera með alla þessa sérfræðinga í eldhúsinu okkar sem sjá til þess að úrvalið sé gott og eitthvað fyrir alla."

„Eins þurfi að huga að fjölbreyttum viðburðum sem nái til allra. Fjóla nefnir að viðburðir á vegum fyrirtækisins þurfa að hæfa breiðu kynslóðabili, mismunandi þjóðerni, kyni, væntingum og viðhorfi. Öll höfum við skoðanir og öll viljum við njóta okkar og hafa gaman.

Þá sé gott að geta leitað til skapandi einstaklinga innan veggja fyrirtækisins sem hafi sérmenntað sig í skapandi greinum og auðveldi undirbúning og hugmyndavinnu viðburða.

Í IKEA er einnig komið til móts við ólíkar þarfir með því að bjóða upp á breitt námskeiðaúrval, námsstyrki, heilsufarsstyrki og velferðarþjónustu svo eitthvað sé nefnt. Fyrirtæki á borð við IKEA þurfa að axla samfélagsábyrgð á mörgum sviðum og það á að vera sjálfsagt." Hluti þess sé stuðningur við starfsfólk til persónulegrar þróunar og líkamlegrar og andlegrar vellíðunar, að sögn Fjólu.

Hjá IKEA starfa einstaklingar af 39 þjóðernum.

> **Líðan starfsfólks, árangur og hvatning er mæld með könnun sem er framkvæmd fyrir IKEA á heimsvísu.**

Að fylgja orðum í verki

Líðan starfsfólks, árangur og hvatning er meðal annars mæld með könnun sem framkvæmd er fyrir IKEA á heimsvísu. Fjóla segir það hafa verið mikla áskorun að viðhalda þessum þáttum undanfarin tvö ár vegna samkomutakmarkana og takmarkaðs frelsis til félagslegra athafna. „Það var því ánægjulegt að sjá niðurstöður síðustu könnunar, sem voru mjög jákvæðar og vel yfir meðaltali þegar litið er til samanburðarhóps."

„Þegar upp er staðið erum við öll manneskjur sem eigum það sameiginlegt að tilgangur í starfi skiptir máli til að við þrífumst og viðhöldum hvata. Við viljum að það sé borin virðing fyrir okkur og störfum okkar, að það sé tekið eftir því hvernig við stöndum okkur og að við upplifum öryggi, traust og heiðarleika í samskiptum við samstarfsfólk," segir Fjóla Kristín. ■

Margbreytilegt er hvað hefur hvetjandi áhrif á starfsfólk og veitir því vellíðan og starfsánægju.

Virðing fyrir störfum, heiðarleiki, traust og öryggi er öllum mikilvægt á vinnustað, og að eftir því sé tekið hvernig við stöndum okkur, segir Fjóla.

Sonja Magnúsdóttir, Sigrún Björgvinsdóttir, Hjördís Dalberg, Ágústa Kristrún Ingvarsdóttir og Dominique Elísabet James, starfsmenn HR Monitor. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Rauntíma mannauðsmælingar og framtíðarsýn

HR Monitor er hugbúnaður, sem gerir rauntíma mannauðsmælingar, sem Gunnhildur Arnardóttir og Trausti Harðarson hófu að þróa árið 2010. Framtíðarsýnin var þá og er enn sterk: Allir starfsmenn eiga að fá tækifæri til að tjá sig nafnlaust um vinnustaðinn til þess að auka gagnsæi á vinnustöðum og auka starfsánægju.

Í dag er HR Monitor orðið eitt vinsælasta mannauðsmælingarkerfi íslenskra vinnustaða, samkvæmt Sonju Magnúsdóttur, sem er sölustjóri fyrirtækisins.

„Stjórnendur eiga að fá verkfæri til þess að ná enn meiri árangri. Með því móti má bæta frammistöðu starfsmanna og stjórnenda, minnka starfsmannaveltu og auka arðsemi. Árið 2015 hófst forritun á mannauðshugbúnaði í átt að því sem hann lítur út í dag og með styrk frá Tækniþróunarsjóði 2016 fór hugbúnaðargerðin á fulla ferð. Í dag eru um 200 fyrirtæki og stofnanir að nýta HR Monitor og yfir 25.000 starfsmenn þeirra. Árið er 2022 og atvinnurekendur vita að nú er keppt í mannauðinum."

Vöxtur fyrirtækisins hefur verið mikill undanfarin ár

HR Monitor er lausn frá mannauðsstjórum til mannauðsstjóra því vandamálin sem Gunnhildur og Trausti upplifðu fengu þau staðfest frá mörgum öðrum mannauðsstjórum í fyrirtækjum og stofnunum af öllum stærðum og gerðum.

„Lykilatriði var að þróa tækni sem sparar leiðtogum tíma og gefur rauntíma upplýsingar um starfsfólkið með það markmið að bæta vinnustaðinn. Velta fyrirtækisins hefur vaxið um 40% á ári og í dag starfa 12 starfsmenn hjá HR Monitor. Viðskiptavinir eru

> **Sagt er að leiðtogar hætti aldrei að læra, vilji alltaf bæta sig og gera betur. HR Monitor er rétta verkfærið til þess.**

bæði íslensk og erlend fyrirtæki.

Flestir vinnustaðir mæla í dag mannauðinn mánaðarlega eða annan hvern mánuð og einhverjir þriðja hvern mánuð en allir hafa meira og minna það markmið að ná að mæla mannauð í hverjum ársfjórðungi eða oftar. Við segjum gjarnan að HR í HR Monitor standi ekki bara fyrir human resources heldur einnig fyrir heart rate. Við mælum hjarta fyrirtækisins – starfsfólkið! Það er okkar mat að við séum að breyta heiminum. HR Monitor stuðlar að því að stjórnendur hugi fyrst að starfsfólkinu. Ánægt starfsfólk hugsar vel um viðskiptavininn og heldur tryggð við fyrirtækið. Það er mikilvægt fyrir okkur að breyta því hvernig við hugsum um starfsánægjukannanir. Að okkar mati eru árlegar vinnustaðagreiningar úreltar. Við verðum að fá rauntíma upplýsingar um mannauðinn til að ná árangri.

Þótt við séum tæknifyrirtæki þurfum við að viðurkenna að það er ekki tæknin sem kemur fyrirtækjum á toppinn. Það er starfsfólkið! Við þurfum bara að nýta okkur tæknina til að ná fram því besta úr fólkinu okkar.

Framtíðarsýn, tilgangur og gildi HR Monitor eru skýr. Gildin einfaldleiki, jákvæðni og kraftur eru höfð að leiðarljósi í öllu sem er gert. Það er mikilvægt að leiðtogar fái tól sem þeir geta treyst og að starfsfólkið viti að svörin þeirra séu algjörlega órekjanleg.

HR Monitor eykur virkni starfsmanna, eykur starfsánægju, dregur úr starfsmannaveltu, bætir stjórnendur, gefur stjórnendum innsýn í mannauðinn og sparar stjórnendum tíma. Rauntíma mannauðsmælingar eða púlsmælingar er framtíð starfsánægjukannanna," segir Sonja.

Ýmsar tækninýjungar létta svörun og þátttöku starfsmanna

„HR Monitor mælir samkvæmt nokkrum erlendum fræðum mikilvægustu þætti í umhverfi starfsmanna svo að starfsmenn njóti sín í starfi, sinni viðskiptavininum vel og fyrirtækið nái góðri arðsemi. Í hverri púlsmælingu HR Monitor eru því 8 lokaðar krossaspurningar og ein opin spurning. Í okkar gagnagrunni eru 500 spurningar, af þeim eru 400 akademískar rannsóknarspurningar úr erlendum fræðum. Við notum 5 punkta Likert-kvarða sem er algengasti upplifunar-svarkvarðinn og því samanburðarhæfur við aðra rannsóknir.

HR Monitor er á átta tungumálum sem hentar auðvitað einstaklega vel fyrir alþjóðlega vinnustaði og er alltaf hægt að bregðast við eftirspurn og bæta við fleiri tungumálum. Lykilatriði hjá HR Monitor er gagnaöryggi. Það er að sjálfsögðu unnið eftir persónuverndarlögum en einnig samkvæmt ISO 27001-öryggisstöðlum.

Hægt er að senda mælingarnar í gegnum tölvupósta, Facebook, Workplace og SMS á alla starfsmenn. Þá er hægt er að samtengja öll launa- og starfsmannakerfi eins og Kjarna, H3 og fleiri við HR Monitor. Svarhlutfall er 85-99% í skrifstofulegu umhverfi og 60-75% í framlínustarfsemi. Í niðurstöðum er hægt að sjá stöðuna í fyrirtækinu í heild, hvert svið fyrir sig, allar deildir og hópa."

Framtíðin björt

HR Monitor er íslenskt hugvit, séraðlagað Íslandi og íslensku en í alþjóðlegu umhverfi með leyfi í Bandaríkjunum og í erlendri sölusókn.

Að sögn Sonju er kerfið mjög notendavænt og einfalt í notkun, hraðvirkt og gagnlegt.

„Það er sveigjanleiki í kerfinu til að aðlaga spurningar og búa til eigin spurningar. Einnig fær starfsfólk tækifæri til að leggja til spurningu fyrir næstu mælingu sem gefur mjög góða innsýn í hvað brennur á fólkinu. Það er markmiðið okkar að þróa kerfi sem allir geta notað. Niðurstöður eru settar fram á mjög myndrænan hátt í píramída sem við köllum gjarnan röntgenmynd fyrirtækisins. Hægt er að sjá stöðuna í fyrirtækinu í heild, hvert svið fyrir sig, allar deildir og hópa.

Viðskiptavinir okkar kunna að meta mikla reynslu og þekkingu stjórnenda HR Monitor sem endurspeglast í kerfinu. Fræðin eru lykilatriði svo og sveigjanleikinn til að þróa kerfið eftir þörfum viðskiptavina. Það má nefna að í kerfinu er mjög vinsælt samanburðartól sem við köllum HR Rank. Þar geta vinnustaðir borið sig saman við önnur fyrirtæki sem eru í mælingum hjá HR Monitor. Hægt er að velja ákveðinn mánuð og stærð vinnustaða og fá þannig yfirsýn yfir eigin stöðu miðað við önnur fyrirtæki. Þessi samanburður er einnig settur fram myndrænt í þríhyrningi."

Mikilvægi rauntíma mannauðsmælinga

„Í dag er lykilatriði að vera aðlaðandi og eftirsóttur vinnustaður. Það hefur verið mikil hreyfing á starfsfólki sem mun hugsanlega aukast enn frekar eftir Covid-19. Margir telja að ein stærsta áskorun leiðtoga í dag sé að laða að rétta fólkið og halda í það. Fólk velur sér vinnustaði með sterka og jákvæða fyrirtækjamenningu sem passar við eigin gildi. Stjórnendur þurfa því að spyrja sig hver menningin á þeirra vinnustað er og hver stefnan er. Það er mikilvægt að skapa sálfræðilegt öryggi á vinnustaðnum. Þ.e.a.s. skapa umhverfi þar sem fólki líður vel og finnur fyrir öryggi í að setja fram hugmyndir, skoðanir og athugasemdir. Það eru ekki allir sem þora að gera það – í t.d. starfsmannasamtali.

Okkur þykir eðlilegt að taka ákvarðanir út frá rauntímagögnum þegar það kemur að fjármálum eða kjarnastarfsemi. Af hverju ætti það að vera öðruvísi þegar kemur að mannauðsmálum? Við fögnum því að það er ákveðin vitundarvakning hvað varðar rauntímamannauðsmælingar. Við erum að breyta hugarfarinu og það eru sífellt fleiri sem sjá verðmætið í rauntíma mannauðsmælingum."

Auðveldara að setja upp reykskynjara en að slökkva elda

„Við leggjum áherslu á að fyrirtækin hugi vel að starfsfólkinu sínu, sýni því ákveðna umhyggju með reglulegum mannauðsmælingum og nýti sér rauntíma niðurstöður til að gera betur. Það er mun auðveldara að setja upp reykskynjara en að slökkva elda. Þ.e.a.s. að það er mun skilvirkara að vinna fyrirbyggjandi vinnu með rauntíma mannauðsmælingum en að þurfa að bregðast við vandamálum sem hafa safnast upp eða stækkað með tímanum. Sannleikurinn er ekki alltaf þægilegur. Gagnsæi er ekki alltaf þægilegt en endurgjöf er dýrmætasta gjöfin. Sagt er að leiðtogar hætti aldrei að læra, vilji alltaf bæta sig og gera betur. HR Monitor er rétta verkfærið til þess." ■

Náðu fram því besta hjá þínu fólki

Mannauðsmælingar í rauntíma eru okkar sérgrein

Árlegar mannauðsmælingar eru liðin tíð. Rétt eins og enginn fjármálastjóri getur starfað án mánaðarlegra fjárhagstalna þurfa stjórnendur í dag ávallt nýjustu upplýsingar um mannauð sinn.

Virkara starfsfólk
Mannauðsmælingar okkar veita rauntímaupplýsingar um mannauðsmál fyrirtækisins sem gerir stjórnendum kleift að bregðast skjótt við breyttum aðstæðum. Við auðveldum starfsfólki ykkar að taka virkari þátt á vinnustaðnum, sem bætir upplifun og dregur úr starfsmannaveltu.

Betri stjórnendur
Við lítum á okkur sem þjálfara sem hjálpar stjórnendum að bæta stjórnunarfærni sína stöðugt. Reglulegar mannauðsmælingar flýta fyrir námsferlinu.

Meiri árangur
Vel skilgreind starfsmannastefna og mælikvarði til að mæla árangur veitir stjórnendum þau verkfæri sem þeir þurfa til að byggja upp afkastamikið starfsafl með aukinni þátttöku starfsmanna, sem stuðlar að velgengni fyrirtækisins.

HR MONITOR

Metnaðarfull mannauðsstefna hjá Öskju

Askja sérhæfir sig í sölu og þjónustu á bifreiðum frá Mercedes-Benz, Kia og Honda. Fjölbreyttur og kraftmikill hópur starfar hjá Öskju og þar er lagður metnaður í mannauðsstefnu sem skapar gott vinnuumhverfi.

Berglind Bergþórsdóttir er mannauðsstjóri Öskju. Hún segir að Askja hafa sett skýra stefnu fyrir tveimur árum sem unnin var af starfsfólki og stjórnendum fyrirtækisins. „Markmiðið var að laða að, ráða, efla og halda í hæft starfsfólk. Við leggjum áherslu á að skapa menningu sem einkennist af gleði, samvinnu og sveigjanleika. Stefnan tekur meðal annars á því hvernig við stöndum að ráðningum og móttöku nýs starfsfólks, hvaða þætti við leggjum áherslu á til að skapa starfsumhverfi þar sem góður starfsandi, samvinna og sveigjanleiki eru í forgrunni. Hún fjallar einnig um jafnréttismál, hvaða kröfur eru gerðar til stjórnenda og hvernig við viljum standa að fræðslu og starfsþróunarmálum," útskýrir Berglind og bætir við að stefnan endurspegli marga þætti sem eru einkennandi fyrir starfsemina. Má þar nefna sveigjanleika, góðan starfsanda og samvinnu.

> Við vinnum markvisst að því að viðhalda góðri mannauðsstefnu, enda trúum við því að góður starfsandi sé einn af lykilþáttum til árangurs.

Sjálfbærni og umhverfisvernd

Askja hefur sömuleiðis sett sér metnaðarfulla stefnu sem snýr að mikilvægi sjálfbærni og umhverfismálum. „Við viljum vera leiðandi fyrirtæki í umhverfis- og sjálfbærnimálum en með því teljum við okkur geta laðað að og haldið í hæfasta starfsfólkið," segir hún.

Berglind segir að vel hafi gengið að fara eftir þeirri stefnumörkun sem fyrirtækið hefur markað og er einkennandi fyrir starfsemi Öskju, sveigjanleiki, góður starfsandi og samvinna. „Við vinnum markvisst að því að viðhalda góðri mannauðsstefnu enda trúum við því að góður starfsandi sé einn af lykilþáttum til árangurs. Undanfarið höfum við fagnað því að takmörkunum vegna Covid hefur verið aflétt og má nefna að öllu starfsfólki var boðið í bíó á dögunum, við héldum pílukvöld, tókum þátt í alþjóðlega plokkdeginum og stóðum fyrir vorfögnuði þar sem var farið út fyrir bæjarmörkin til að gera sér glaðan dag," upplýsir hún.

Berglind segir að sveigjanleiki, góður starfsandi og samvinna séu einkennandi fyrir starfsemi Öskju.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Jafnlaunavottun 2019

Askja hlaut jafnlaunavottun árið 2019 og hefur verið unnið að stöðugum umbótum síðan þá í samræmi við þær kröfur sem staðallinn gerir. „Eigendur Öskju eru vel upplýstir um málefni fyrirtækisins og fylgjast vel með því sem er í gangi hverju sinni og það á líka við um mannauðsmál," segir hún.

Berglind hefur starfað hjá Öskju í fjögur ár. Starfsferillinn sem mannauðsstjóri nær þó yfir 12 ár. Þegar hún er spurð hvort starfsfólk leiti til hennar, svarar hún því játandi. „Mjög margir starfsmenn leita til mín en ekki síður til síns næsta stjórnanda. Ég hef lagt mikið upp úr því að veita stjórnendateyminu stuðning og faglega ráðgjöf, enda er mannlegi þátturinn mjög mikilvægur í stjórnun. Þetta er skemmtilegt starf og enginn dagur eins. Þegar maður vinnur með fólki verður umhverfið lifandi og fjölbreytt," segir Berglind. Hún segir að hún hafi valið mastersnám í mannauðsstjórnun þegar fyrst var farið að bjóða upp á það í Háskóla Íslands. „Það heillaði mig að koma inn á vinnumarkaðinn með aukna þekkingu og fagmennsku á þessu sviði og ég sé svo sannarlega ekki eftir þeirri ákvörðun." ■

Samkeppnishæf í íslensku atvinnulífi

Undanfarin tvö ár hefur framþróun verið hröð í tækni og hagkvæmni og hefur Covid hraðað þróun fjórðu iðnbyltingarinnar áþreifanlega.

Kjarninn í þessari byltingu er, að sögn Elínar, meðal annars aukin hnattvæðing, tæknibreytingar, sjálfvirknivæðing og nýting gervigreindar, sem krefst nýrrar þekkingar og færni af einstaklingum á vinnumarkaði.

„Sú hraða þróun sem hefur átt sér stað felur í sér breytingu á störfum. Ný og spennandi störf myndast og önnur hverfa. Þessar breytingar hafa leitt til aukinnar framleiðni, bættra lífskjara, meira jafnvægis milli vinnu og einkalífs og aukinnar verðmætasköpunar," segir Elín Hlíf Helgadóttir, eigandi og stofnandi 20/20 Ráðgjafar, MBA, mannauðs- og stjórnendaráðgjafi og ACC vottaður ráðgjafi.

„Fyrirtæki þurfa að horfa til framtíðar, huga að því hvaða störf verða til í framtíðinni og hvetja starfsmenn til bæta við sig þekkingu, til að geta sinnt breyttum eða nýjum störfum. Breytt vinnuumhverfi hefur leitt til þess að samband starfsfólks og vinnustaða er með öðrum hætti. Fyrirtæki og stofnanir eru í auknum mæli að úthýsa að hluta til eða í heild sérfræðistörfum, til að geta einbeitt sér að kjarnastarfsemi og þannig skapast ný störf, " segir Elín.

Elín Hlíf segir þróunina á vinnumarkaðnum hafa verið hraða síðustu ár og að það sé lykilatriði að starfsfólk og fyrirtæki lagi sig að þessari þróun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mikilvægi símenntunar

„Fyrirtæki og einstaklingar þurfa að huga að framþróun og símenntun til vera samkeppnishæf á markaði og bera sameiginlega ábyrgð á að nauðsynleg þekking og færni sé til staðar," segir Elín og bætir við: „Aðilar vinnumarkaðarins verða að vera reiðubúnir að þróast í takti við breytingarnar, viðhalda núverandi þekkingu, ásamt því að bæta við sig nýrri þekkingu og færni. Erlendar rannsóknir sýna að þeir starfsmenn sem búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum, eru skapandi, hafa getu til að leysa flókin verkefni, búa yfir tilfinningagreind og geta beitt gagnrýnni hugsun, verði sífellt eftirsóttari starfsmenn. Möguleikarnir á að þróa færni sína verða stöðugt fjölbreyttari og góð ráðgjöf verður sífellt mikilvægari til að val og ákvarðanir verði sem bestar. Þá er sífellt mikilvægara að efla samskiptahæfni ekki síður en að efla almenna þekkingu."

Elín segir fyfirtæki þurfa að horfa til framtíðar og hvetja starfsfólk til að bæta við sig þekkingu. MYND/AÐSEND

Þekking til framtíðar

Breytingarnar sem eiga sér stað í atvinnulífinu kalla, að sögn Elínar, á sífellda aðlögun einstaklinga, fyrirtækja og stofnana til að þau verði ekki undir í breytingunum.

> Stjórnendur fyrirtækja þurfa að huga vel að þjálfun mannauðs, byggja undir og efla nýsköpun ásamt sí- og endurmenntun. Það er sameiginlegt verkefni aðila á vinnumarkaði að auka og viðhalda þekkingu og færni til að halda samkeppnishæfni á markaði.

„Stjórnendur fyrirtækja þurfa að huga vel að þjálfun mannauðs, byggja undir og efla nýsköpun ásamt sí- og endurmenntun. Það er sameiginlegt verkefni aðila á vinnumarkaði að auka og viðhalda þekkingu og færni til að halda samkeppnishæfni á markaði. Því er nauðsynlegt að verja ákveðnum tíma starfsmanna í sí- og endurmenntun. Fjárfesting í þekkingu og færni er því mikilvægt veganesti til þróunar fyrir fyrirtæki og starfsmenn, " segir Elín.

„Að lokum vil ég segja: Verum samkeppnishæf og opin fyrir nýjum tækifærum á vinnumarkaði til aukinnar verðmætasköpunar fyrir okkur sjálf og íslenskt atvinnulíf." ■

Sigurður Óli Sigurðarson, sviðsstjóri fyrirtækjaráðgjafar PwC, Hafsteinn Már Einarsson, stjórnandi markaðslauna og Katrín Ingibergsdóttir, mannauðsstjóri PwC. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Markaðslaun tryggja samkeppnishæfni

Það er mikilvægt fyrir fyrirtæki og stofnanir að greiða starfsfólki sínu samkeppnishæf laun sem eru í takt við þróun markaðslauna. PwC gefur út árlega markaðslaunaskýrslu fyrir mikinn fjölda starfa sem endurspeglar íslenskan atvinnumarkað og hjálpar fyrirtækjum að fylgjast með og vera samkeppnishæf.

Að mörgu er að hyggja varðandi launasetningu og launamál fyrirtækja. Í því skyni þarf meðal annars að skoða fylgni við lög og kjarasamninga, laun sem hlutfall af veltu, launajöfnuð innan fyrirtækis, samkeppnishæfni launa og arðsemi eða sjálfbærni rekstrar til framtíðar, svo nokkur atriði séu nefnd.

„Undanfarin ár hefur umræðan og áherslan snúist mikið um launajöfnuð, hvort tveggja launamun kynjanna og að greidd séu sambærileg laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Jafnlaunavottun og lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna leika þar lykilhlutverk," segir Hafsteinn Már Einarsson, stjórnandi markaðslauna hjá PwC. „Í hnotskurn má segja að jafnlaunaáherslan snúist um innra launajafnvægi hvers fyrirtækis eða stofnunar. Mikilvægt er að gætt sé að launabili hvers starfshóps sem samanstendur af sambærilegum eða jafnverðmætum störfum, að bilið sé innan eðlilegra vikmarka og tilvik um launafrávik séu réttilega greind og brugðist við þeim.

En það er ekki nóg að gæta aðeins að innra launajafnvægi, því fyrirtæki og stofnanir eru í samkeppni um starfsfólk og þurfa að greiða samkeppnishæf laun til að halda í lykilstarfsfólk sitt. Í heiminum er vaxandi samkeppni um hæft starfsfólk og er Ísland þar engin undantekning," útskýrir Hafsteinn. „Samkeppni um starfsfólk nær út fyrir hefðbundna samkeppni við fyrirtæki innan sömu atvinnugreinar því starfsfólk getur auðveldlega flætt á milli ólíkra atvinnugreina. Fyrirtæki þurfa því að fylgjast vel með samkeppnishæfni launasetningar sinnar og gæta að því að þau séu að greiða markaðslaun til lykilstarfahópa."



Myndin sýnir launaniðurstöður fyrir skrifstofustörf við launavinnslu og bókhald frá árinu 2020.

Launakostnaður hlutfallslega hár á Íslandi

„Í alþjóðlegum samanburði er launakostnaður (laun og launatengd gjöld) gjarnan mældur sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu. Samkvæmt samantekt UNECE (United Nations Economic Commission for Europe) var þetta hlutfall 61,3% á Íslandi árið 2019 og er það með því hæsta sem mælist meðal þjóða í Evrópu," segir Hafsteinn. „Til samanburðar eru Norðurlandaþjóðirnar Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk með launahlutfall á bilinu 53-56%. Þetta eru hins vegar engin nýtíðindi, því launahlutfall á Íslandi hefur verið hátt til margra ára. Undanfarin 13 ár hefur launahlutfallið verið á bilinu 60-64% af þjóðarframleiðslu, með undantekningu á eftirhrunsárunum 2009 og 2010, þar sem hlutfallið var 55 -57%.

Þetta þýðir að íslensk fyrirtæki hafa að jafnaði úr minna að spila en helstu samanburðarlönd til að mæta öðrum rekstrarkostnaði en launum, fjármagnskostnaði og væntingum þeirra til arðsemi. Eigi að viðhalda samkeppnisstöðu á Íslandi þá þrengir þetta háa launahlutfall óneitanlega að hinu margumtalaða svigrúmi til launahækkana í kjarasamningum hérlendis," segir Hafsteinn. „Niðurstaða kjarasamninga skiptir þannig gríðarlega miklu máli og mikilvægt er að þar náist hinn gullni meðalvegur milli ásættanlegra launabreytinga og þess að viðhalda rekstarjafnvægi fyrirtækja."

Mikilvægt að fylgjast vel með

„Í mörgum fyrirtækjum eru haldin árleg launasamtöl þar sem línan er lögð fyrir launabreytingar ársins. Mikilvægt er fyrir stjórnendur og

> **„Upplýsingarnar geta nýst á margan hátt, svo sem við nýráðningar, í undirbúningi launasamtala, við mótun launastefnu og svo framvegis.**
>
> Hafsteinn Már Einarsson

mannauðsstjóra að undirbúa þau samtöl vel með gögnum og rökum. Launaþróun gerist ekki jafnt og þétt, því einstaka hópar og starfsstéttir geta hækkað fyrr og hraðar en aðrir," segir Hafsteinn. „Hækkunin getur einnig verið mismikil á milli atvinnugreina, svo meðaltalshækkun á markaðinum segir því ekki alla söguna.

Mikilvægt er fyrir stjórnendur og mannauðsstjóra að fylgjast vel með markaðslaunum hjá lykilstarfahópum sínum og byggja ákvarðanir á áreiðanlegum gögnum þar að lútandi til að minnka áhættuna á að missa lykilstarfsfólk frá sér," segir Hafsteinn. „Það hjálpar þeim einnig við að staðsetja fyrirtækið í launasetningu gagnvart markaðinum í heild og meta þörfina til launabreytinga hjá einstaka starfshópum eða starfsmönnum."

Áreiðanlegar upplýsingar um markaðslaun

„PwC hefur í 44 ár gert árlega greiningu á markaðslaunum fyrirtækja og stofnana og gefið út skýrsluna „Markaðslaun á Íslandi". Skýrslan er ítarleg og tekur til markaðslauna yfir 150 starfsheita og nær til allflestra atvinnugreina og starfahlutverka á Íslandi. Fyrirtæki og stofnanir taka þátt í greiningunni með innsendingu launagagna sem fengin eru beint úr launakerfum þeirra," segir Hafsteinn. „Markaðslaun PwC hafa á undanförnum árum byggt á launagögnum um 15-20 þúsund launþega á Íslandi, sem samsvara um 10% af heildarvinnuafli á íslenskum markaði. Launagögnin ná til allra hlutverka í fyrirtækjunum, allt frá grunnstörfum til forstjóra. Áreiðanleiki þessara gagna er mikill, þar sem upplýsingarnar byggja á reiknuðum og greiddum launum úr launakerfum frá fyrirtækjum og stofnunum.

Það má líka glöggva sig á launasamsetningu starfahóps með því að rýna í þær aukagreiðslur sem hópurinn fær og hver meðalupphæð slíkrar greiðslu er fyrir hverja tegund aukagreiðslu," segir Hafsteinn. „Slíkar upplýsingar og frekari greiningar að auki eru birtar fyrir öll starfsheiti í markaðslaunaskýrslu PwC."

Gagnast á margan hátt

„Öllum fyrirtækjum og stofnunum stendur til boða þátttaka í markaðslaunum PwC og þátttaka veitir aðgengi að greinargóðum samanburðarupplýsingum um laun. Upplýsingarnar geta nýst stjórnendum og mannauðsstjórum á margan hátt, svo sem við nýráðningar, í undirbúningi launasamtala, við mótun launastefnu og svo framvegis," útskýrir Hafsteinn. „PwC býður enn fremur upp á ýmsar sértækari greiningar í tengslum við markaðslaun, til að mynda stjórnendalaunagreiningu, sem getur nýst starfskjaranefndum vel við ákvarðanir á launakjörum lykilstjórnenda." ■

Guðrún Inga Guðlaugsdóttir er mannauðsstjóri hjá Securitas. Þar hefur konum fjölgað í flestum störfum, sér í lagi í hópi öryggisvarða sem og hópi tæknifólks. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Áhersla á ráðningu kvenna í öll störf

Securitas er leiðandi fyrirtæki í öryggismálum á Íslandi og veitir fyrirtækjum alhliða öryggisþjónustu. Þjónustuframboð Securitas spannar öll svið mannaðrar gæslu og fjargæslu.

Vörur sem félagið selur eru tengdar öryggismálum og telja meðal annars innbrotaviðvörunarkerfi, brunaviðvörunarkerfi, myndavélakerfi, aðgangsstýrikerfi og slökkvikerfi.

Guðrún Inga Guðlaugsdóttir, mannauðsstjóri hjá Securitas, segir fyrirtækið hafa verið markvisst á stafrænni vegferð og eitt af stærri verkefnum fyrirtækisins innleiðingu á nýju CRM kerfi, Salesforce.

„Við í mannauði höfum einnig tileinkað okkur stafræna vegferð en í dag er allt ráðninga- og innleiðingarferlið okkar orðið rafrænt. Við útbúum rafræna ráðningarsamninga og undirritanir, sem fylgir svo rafrænt „onboarding“-ferli og formleg stofnun í kerfunum okkar,“ segir Guðrún.

„Þegar rafrænu „onborading“ er lokið þá stofnast starfsmaður strax í Vitru, fræðslukerfinu okkar, þar sem opnast fyrir starfsmanninn bæði skyldunámskeið og valnámskeið og kynningar. Í okkar stafrænu vegferð tókum við einmitt Vitru í gagnið sem gerir okkur kleift að veita fræðslu og þjálfun hvar sem er og hvenær sem er. En starfsemin okkar er dreifð um landið og fólkið okkar getur verið að sinna verkefnum á öllum tímum sólarhringsins.“

Guðrún fullyrðir að starfsfólk Securitas hafi tekið Vitru vel, því á fyrsta mánuðinum skráði megnið af starfsfólki sig þar inn og hóf að nýta sér námskeiðin.

„Við erum samtals um 500 manns sem störfum hjá Securitas og erum með starfsstöðvar vítt og breitt um landið. Því hefur rafrænt fræðslukerfi opnað okkur nýjar dyr hvað varðar fræðslumöguleika.

Í Vitru má finna rafræn velkomin myndbönd til nýs starfsfólks, en það eru stutt fræðslumyndbönd sem segja frá starfseminni og mikilvægum upplýsingum tengdum því að hefja hjá okkur störf, en að auki bjóðum við nýliðum reglulega til okkar á staðbundin námskeið þar sem farið er meðal annars yfir verklega öryggisfræðslu og þjálfun. Markmið okkar er að allt okkar starfsfólk fái samræmda nýliðafræðslu í upphafi starfs, sama hvert starfið er,“ segir Guðrún.

Stefna og jafnlaunavottun

„Við í mannauðsteyminu erum einnig óhrædd við að prófa nýjar aðferðir og finna hvað það er sem virkar best í okkar mannauðsferlum. Við búum svo vel að stjórnendur hjá Securitas eru opnir fyrir nýjungum og árið 2019 ákváðum við til dæmis að prófa að notast við hópviðtöl þegar verið er að ráða inn fyrir jóla- og sumarstörf, en þá ráðum við inn mikinn fjölda fólks, allt upp undir 100 manns í einu. Þessi nálgun hefur reynst okkur afar vel, bæði stjórnendum og umsækjendum þykja hópviðtölin skemmtileg nýbreytni frá stöðluðu viðtalsformi, en þar fá umsækjendur að leysa raunhæf verkefni sem skapa miklar umræður í hverjum hópi fyrir sig. Fyrsta tilraun gekk það vel að stjórnendur vildu ekki snúa til baka svo þetta er orðið hefðbundið verklag við fjöldaráðningar hjá okkur,“ segir Guðrún.

„Í Covid þurftum við eins og önnur fyrirtæki að laga okkur að aðstæðum, tókum þá hópviðtölin gegnum Teams og notuðumst við „breakout rooms“. Það var mjög áhugavert og gekk vel, sem sýnir okkur að það er hægt að notast við rafræna aðferð hópviðtala ef þannig ber undir, en við klárlega veljum frekar að hitta hópana í raunheimum.“

> **Við í mannauðsteyminu erum einnig óhrædd við að prófa nýjar aðferðir og finna hvað það er sem virkar best í okkar mannauðsferlum.**

Securitas hlaut jafnlaunavottun árið 2019 og segir Guðrún að teymið sé afar stolt af því, en jafnréttismál eru því hugleikin.

„Launamunur kynjanna hjá okkur mælist undir 1 prósenti. Í fyrra höfum við formlega vegferð um að auka jafnréttisvitund innan félagsins í jafn karllægu umhverfi sem öryggisbransinn og tækniumhverfið er. Fyrsta skrefið var fundur meðal kvenna hjá fyrirtækinu þar sem jafnréttismál voru rædd í víðu samhengi. Í kjölfarið var sú ákvörðun tekin að fyrsti hluti vegferðarinnar væri að auka almenna vitund um jafnrétti og mikilvægi fjölbreytni á vinnustaðnum og horfðum við sérstaklega til orðfæris í daglegu tali og skrifmáli, að forðast karllæg orð eins og tæknimenn og starfsmenn og notast heldur við tæknifólk, starfsfólk og í daglegu skrifmáli að forðast ávörp eins og sælir,“ segir hún.

„Við breyttum einnig hópnetföngum okkar úr „allir hjá Securitas“ í „öll hjá Securitas“ og erum smátt og smátt að breyta orðalagi í skrifuðum texta hjá okkur, til dæmis í verklagsreglum og tilkynningum og fréttum á innri og ytri miðlum. Þetta hjálpar allt við að auka vitund um öll kyn á vinnustaðnum. Í framhaldi höfum við lagt enn meiri áherslu á að minnka bil kynjanna, en kynjahlutföll okkar eru um 80 prósent karlar, 20 prósent konur. Við störfum í frekar karllægum geira en við erum með um 100 iðnmenntað starfsfólk og því miður eru konur almennt í iðngreinum í minnihluta. Við höfum því markvisst lagt áherslu á að ráða inn kvenfólk í öll störf, nú síðast í hóp tæknifólks á tæknisviði, einnig hafa kvenstjórnendur bæst við hópinn okkar, konum hefur fjölgað í hópi öryggisvarða ásamt því sem við ráðum inn hæft fólk af öllum kynjum í önnur störf hjá okkur. Með þessu hófst okkar vegferð og munum við halda áfram að stuðla að enn meiri jafnréttisvitund á vinnustaðnum.“ ■

Securitas er í Skeifunni 8. Sími 580-7000. Sjá nánar á securitas.is

SECURITAS

FIRMAVÖRN

Sparar tíma, fyrirhöfn og fjármuni

Nánar á **securitas.is/firmavorn**



SECURITAS

Sími 580 7000 | www.securitas.is

Aukin vitund og ábyrgð stjórnenda

Hjá Líf og sál er unnið náið með fyrirtækjum og stofnunum víðs vegar um landið og telja eigendur stofunnar sig mjög lánsama hvað varðar tengingu og innsýn inn í íslenskt atvinnulíf og þar af leiðandi mannauðinn.

Katrín Kristjánsdóttir er sálfræðingur og ráðgjafi í mannauðsmálum hjá stofunni Líf og sál. Að hennar sögn sést mjög skýrt að það er aukin vitundarvakning og vitund hvað varðar mikilvægi mannauðs.

„Fyrirtæki eru jú ekkert án starfsfólks og þess vegna skiptir vellíðan á vinnustað öllu máli. Það er að okkar mati aukin áhersla á að gera vel í þeim málum. Við höfum undanfarið lagt áherslu á sálrænt öryggi á vinnustöðum. Það skiptir gríðarlega miklu máli hvað varðar starfsánægju og þar af leiðandi auðvitað framleiðni að líða vel í vinnunni og ekki síður að upplifa öryggi og traust á vinnustað," segir hún.

> **Fyrirtæki eru jú ekkert án starfsfólks og þess vegna skiptir vellíðan á vinnustað öllu máli.**

Fræðsla fyrir starfsfólk og stjórnendur

„Okkar verkefni fela m.a. í sér að fræða starfsfólk og stjórnendur um sálfélagslega þætti á vinnustaðnum, líkt og samskipti, einelti og áreitni, streitu og hvernig starfshópurinn tekst á við breytingar og erfiða tíma. Við höfum einnig sinnt úttektum á vinnustöðum varðandi þessa þætti. Við teljum mjög mikilvægt og leggjum ríka áherslu á að stjórnendur hafi skýra stefnu varðandi vellíðan á vinnustað sem og verklagsreglur varðandi viðbrögð komi upp atvik eða aðstæður sem ógna sálfélagslegu öryggi starfsfólks.

Við höfum fundið fyrir aukinni vitund og ábyrgð stjórnenda hvað varðar sálfélagslega áhættuþætti. Verkefnum okkar þar að lútandi hefur fjölgað en einnig hafa stjórnendur í auknum mæli leitað ráðgjafar varðandi slík mál.

Við sinnum auk þess stjórnendahandleiðslu og geta stjórnendur leitað til okkar til að efla sig í krefjandi og flóknu hlutverki. Við teljum að þar komi að gagni víðtæk reynsla okkar af atvinnulífinu sem og þekking á sálfélagslegum þáttum. Það er gagnlegt fyrir stjórnendur að tala í trúnaði um snúin og viðkvæm starfsmannamál á vinnustað, fá speglun og vonandi gagnleg ráð. Stjórnendahandleiðsla er eitthvað sem að okkar mati ætti að vera skylda fyrir nýja sem og reynslumikla stjórnendur. Það fylgir því mikil ábyrgð að vera stjórnandi og því mikilvægt að geta speglað í fullum trúnaði þau mál sem upp koma á vinnustaðnum með utanaðkomandi fagaðila sem hefur engra hagsmuna að gæta annarra en þeirra að vinna vinnuna sína vel!" ■

Katrín Kristjánsdóttir, sálfræðingur og ráðgjafi í mannauðsmálum hjá stofunni Líf og sál, hefur víðtæka reynslu af atvinnulífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Iðan kynnir nýja þáttaröð um mannauðsmál

Iðan fræðslusetur hefur það hlutverk að sjá fyrirtækjum og fagfólki í iðnaði fyrir markvissri símenntun, ráðgjöf og margvíslegri þjónustu.

Iðan hefur allt árið um kring í boði sérhæfð námskeið og fræðslu fyrir fagfólk í bílgreinum, byggginga- og mannvirkjagreinum, málm- og véltæknigreinum, prent- og miðlunargreinum og matvæla- og veitingagreinum. „Iðan er hluti af Áttinni (www.attin.is), sem er samvinna starfsmenntasjóða til að efla fræðslustarf fyrirtækja með markvissri niðurgreiðslu á námskeiðskostnaði. Í Iðunni starfa jafnframt fimm náms- og starfsráðgjafar sem sinna raunfærnimati, áhugasviðskönnunum, fræðslukönnunum ásamt margvíslegri ráðgjöf. Það verður ekki endurtekið of oft hversu mikilvægt er að sú fræðsla sem innt er af hendi innan fyrirtækja sé markviss og í takt við stefnu fyrirtækja og þarfir starfsmanna. Þar kemur Iðan til aðstoðar," segir Sigurður Fjalar Jónsson, verkefnastjóri hjá Iðunni.

„Fræðsluframboð Iðunnar er fjölbreytt og í stöðugri þróun. Auk staðbundinna og stafrænna námskeiða heldur Iðan úti mynd- og hljóðvarpi undir heitinu Augnablik í iðnaði (https://www.idan.is/augnablik-i-idnadi/). Það er m.a. öflugur vettvangur fyrir mannauðs- og fræðslumál. Í tilefni af Alþjóðlega mannauðsdeginum frumsýnir Iðan fyrsta myndskeiðið í nýrri röð þátta um mannauðsmál. Þáttaröðin er í umsjón Írisar Sigtryggsdóttur, stjórnanda og teymisþjálfa hjá Eldar Coaching, og gestur þessa fyrsta þáttar er Sigríður Elín Guðlaugsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs hjá Alvotech.

Viðfangsefnið er mannauðsmál í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Hægt er að nálgast fyrsta þáttinn á slóðinni http://www.idan.is/mannaudsmal. Í vinnslu er einnig sería um fræðslumál í umsjón Gerðar Pétursdóttur, fræðslustjóra Isavia. Fylgstu með frá byrjun." ■

> **Auk staðbundinna og stafrænna námskeiða heldur Iðan úti mynd- og hljóðvarpi undir heitinu Augnablik í iðnaði.**
>
> Sigurður Fjalar

Nánar á Idan.is

Þáttaröðin er í umsjón Írisar Sigtryggsdóttur, stjórnanda og teymisþjálfa hjá Eldar Coaching, og gestur þessa fyrsta þáttar er Sigríður Elín Guðlaugsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs hjá Alvotech.



Fjóla Hauksdóttir og Sigurður Fjalar Jónsson hjá Iðunni benda meðal annars á fræðandi hlaðvarpsþætti þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

GERÐU STARFSFÓLKINU GLAÐAN DAG

SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf með kveðju frá fyrirtækinu. Margir verðflokkar í boði.

Suðurlandsbraut 30 | 577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

Heilsa og vellíðan er komið til að vera

Öflugur hópur sérfræðinga er á bak við fjölbreytt þjónustuframboð Heilsuverndar. Tækifærin til vaxtar blasa við og við hyggjumst nýta þau vel. Rauði þráðurinn í þjónustuframboðinu er forvörn.

Elín Hjálmsdóttir er framkvæmdastjóri mannauðs- og markaðsmála hjá Heilsuvernd. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hjá Heilsuvernd starfar öflugur hópur sérfræðinga úr ýmsum greinum heilbrigðisgeirans, sem skýrir hversu fjölbreytt þjónustuframboðið er, að sögn Elínar Hjálmsdóttur, framkvæmdastjóra mannauðs- og markaðsmála hjá Heilsuvernd. „Sú þjónusta sem hefur verið lengst í boði og er þekktust er fjarveruskráningar og trúnaðarlæknisþjónusta. Eins eru reglubundnar heilsufarsskoðanir starfsmanna og inflúensubólusetningar fastur liður hjá mörgum fyrirtækjum. Til viðbótar við þetta má nefna vinnuverndina, sálfræðiþjónustuna, úttektir á starfsstöðvum, áhættumat, velferðarþjónustu, markþjálfun og heilsueflandi fræðslufyrirlestra.“

Sérfræðingar í Streituskólanum, sem er í eigu Heilsuverndar, sérhæfa sig í meðhöndlun á streitu, bæði fyrir einstaklinga og hópa. „Að auki bjóðum við upp á ýmiss konar námskeið fyrir stærri og smærri hópa sem snerta á heilbrigði og vellíðan á fjölbreyttan hátt.“

Forvörn er rauði þráðurinn

Elín segir rauða þráðinn í þjónustuframboði Heilsuverndar vera forvörn. „Við viljum leggja fyrirtækjum lið í að styrkja stjórnendur og starfsmannahóp sinn og fá um leið aðstoð og ráðgjöf við að grípa inn í hin ýmsu mál, en helst að koma í veg fyrir að til þeirra komi.“

Það hefur aukist mikið að fyrirtæki bjóði starfsmönnum sínum upp á „velferðarþjónustu“, sem þýðir að sögn Elínar að starfsmenn fá aðgang að skilgreindri þjónustu og ráðgjöf hjá Heilsuvernd. „Sú þjónusta varðar ekki endilega eingöngu starfsmanninn sjálfan heldur jafnvel nánustu fjölskyldu hans. Sem dæmi um þetta má nefna sálfræðiþjónustu, fjölskylduráðgjöf, markþjálfun, næringarráðgjöf o.fl. Þetta er í raun heildstæður pakki sem við getum boðið og sniðið að mjög miklu leyti að óskum hvers fyrirtækis. Þetta framtak fyrirtækja er vel metið af starfsmönnum og þau fyrirtæki sem hafa verið leiðandi í þessu hafa vakið athygli fyrir og uppskorið ánægju starfsmanna sinna og athygli samkeppnisaðila.“

Ráðgjafarhlutinn dýrmætur

Eins og fyrr segir er fjarveru- og veikindaskráningin sú þjónusta sem hefur verið lengst í boði og margsannað sig sem mikilvægan hlekk í góðri mannauðsstjórnun. „Þarna kemur enn og aftur fram forvarnarhugarfarið sem gildir hjá okkur. Með góðri skráningu myndast mikilvægur gagnabanki sem gefur hverju fyrirtæki upplýsingar um stöðu og tækifæri til úrbóta.“

Hún segir markmið þjónustunnar vera að draga úr fjarverutíðni, efla heilbrigði og vellíðan starfsmanna auk þess að veita fyrirtækjum yfirsýn yfir veikindamynstur vinnustaðarins þannig að hugsanlega megi bregðast við heilsuspillandi aðstæðum. „Ráðgjafarhlutinn er ekki síður dýrmætur fyrir starfsmanninn sjálfan, því þegar fyrirtæki eru í þjónustu um fjarvistarskráningar þá hefur starfsmaður samband í fjarveru sinni og fær faglega ráðgjöf varðandi veikindi sín. Starfsmaðurinn hefur jafnframt alltaf aðgengi að heilbrigðisstarfsfólki Heilsuverndar til ráðgjafar og þjónustu á opnunartíma, jafnvel þó ekki sé um veikindafjarvist að ræða. Það er ákveðinn öryggisventill bæði fyrir starfsmanninn og fyrirtækið sjálft.“

Elín segir Heilsuvernd búa yfir mikilvægum gögnum varðandi veikindafjarveru og geti því gert ákveðna útreikninga og samanburð. „Það vilja allir vera lausir við veikindi en þau eru engu að síður hluti af lífi okkar. Því er mikilvægt fyrir fyrirtæki að átta sig á því hvort fjarvera starfsmanna vegna veikinda sé í meðallagi, yfir eða undir. Þá er hægt að bregðast við stöðunni hverju sinni.“

> **Vöxturinn felst í að þróast með vinnumarkaðinum og grípa tækifærin sem skapast með breytingum.**
>
> Elín Hjálmsdóttir

Skemmtilegar lausnir í sjónmáli

Þjónustuframboð Heilsuverndar er í sífelldri skoðun og segir Elín þau vera óhrædd við að bjóða upp á ný námskeið. „Vöxturinn felst í að þróast með vinnumarkaðinum og grípa tækifærin sem skapast með breytingum, eins og þeim öru breytingum sem eiga sér stað núna. Heilsa og vellíðan er „trend“ sem er komið til að vera. Án starfsmanna gerist ekki mikið í hefðbundnum rekstri og því er mikið í húfi fyrir fyrirtæki að huga að velferð starfsmanna sinna og láta sig málin varða. Við tökum svo auðvitað fullan þátt í tækniþróuninni og erum að vinna hörðum höndum að því að fara yfir þjónustuframboð okkar með tilliti til þeirra tækifæra sem tæknin býður upp á. Við sjáum auðvitað glitta í skemmtilegar lausnir þar. Tækifærin til vaxtar blasa við og við hyggjumst nýta þau vel.“ ■

Edda Björk segir Húsasmiðjuna hafa lagt aukna áherslu á mannauðs- og samfélagsmál síðustu ár með miklum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Mannauðs- og samfélagsmál fá enn meira vægi hjá Húsasmiðjunni

„Húsasmiðjan er sterkt og öflugt fyrirtæki sem byggir á traustum og sterkum grunni, en fyrirtækið er 66 ára á þessu ári. Á öllum þessum árum er mannauðurinn það dýrmætasta sem við höfum skapað," segir Edda Björk Kristjánsdóttir, Mannauðsstjóri Húsasmiðjunnar.

Húsasmiðjan rekur byggingavöruverslanir um land allt og þjónustar bæði einstaklinga og aðila í byggingariðnaði. Húsasmiðjan rekur 14 verslanir undir merkjum Húsasmiðjunnar, sjö undir merkjum Blómavals og fjórar undir merkjum Ískrafts auk vefverslana fyrir öll vörumerkin. Það starfa í dag rúmlega 500 starfsmenn hjá fyrirtækinu. „Húsasmiðjan er hluti af dönsku byggingavörukeðjunni BYGMA sem starfrækir verslanir í Danmörku, Svíþjóð, Íslandi og Færeyjum. Hjá BYGMA starfa samtals um 2.400 manns í meira en 100 verslunum. Fyrirtækið er gríðarlega sterkt og með góðan rekstur og ég held að það sé gott fyrir starfsfólkið að vita af svo sterkum grunni og eignarhaldi og vilja eigenda til að hugsa til langs tíma, byggja upp og fjárfesta í öflugu fyrirtæki, það er mikið öryggi fólgið í því og starfsfólk Húsasmiðjunnar er stolt af sínum vinnustað," segir Edda.

Aukið vægi mannauðs- og samfélagsmála

„Síðustu ár hefur verið unnið mikið og gott mannauðsstarf hjá Húsasmiðjunni. Við höfum verið að þróa mannauðsmálin í takti við þarfir starfseminnar og starfsfólksins, ásamt almennri þróun á vinnumarkaði þar sem vægi mannauðsmála hefur aukist mikið. Þetta hefur verið frábær vegferð enda vilji og kraftur stjórnenda sá hinn sami. Á sama tíma hefur reksturinn verið góður og skilaði Húsasmiðjan sínum besta árangri í rekstri á síðastliðnu ári. Nýlega voru svo gerðar stefnumótandi breytingar hjá Húsasmiðjunni og er mannauðsstjóri nú með sæti í framkvæmdastjórn. Þessar breytingar styðja við stefnumótun félagsins í því að gera góðan vinnustað enn betri, auka starfsánægju og skapa eftirsóttan vinnustað og endurspegla um leið aukið vægi og áherslu fyrirtækisins á mannauðsmál," segir Edda.

„Vægi umhverfis- og samfélagsmála hefur einnig aukist mikið og okkur finnst mikilvægt að axla ábyrgð og setja fram mælanleg markmið um það hvernig við ætlum að hafa uppbyggileg áhrif á umhverfi okkar og samfélag. Þetta höfum við lagt mikla áherslu á undanfarin ár og náð góðum árangri. Til dæmis hefur síðustu ár verið stöðug minnkun á þeim þáttum sem við mælum í losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri Húsasmiðjunnar. Þetta teljum við mikilvægan þátt í því að gera vinnustaðinn eftirsóknarverðan og hefur um leið aukið starfsánægju. Samhliða breytingum á framkvæmdastjórn munu nú umhverfis- og samfélagsmál Húsasmiðjunnar heyra undir mannauð," segir Edda.

„Það eru spennandi tímar fram undan og við munum byggja á því góða starfi sem unnið hefur verið síðustu ár þar sem áhersla hefur verið á nokkra lykilþætti, eins og fræðslumál og stjórnun. Svo erum við auðvitað að vinna að því alla daga að búa til gott, heilsusamlegt og eftirsóknarvert starfsumhverfi og stuðla að jákvæðri menningu innan fyrirtækisins."

Ræktun mannauðs

Að sögn Eddu þarf að huga að mörgu þegar kemur að því að rækta mannauðinn. „Húsasmiðjan hefur lagt áherslu á að styðja við stjórnendur og veita þeim þau verkfæri sem þarf til að hvetja, skilja og hlúa að sínu fólki. Þetta höfum við gert meðal annars með því að bjóða upp á öfluga stjórnendaþjálfun sem er sérsniðin að starfsemi Húsamiðjunnar og hefur nú meirihluti allra stjórnenda fyrirtækisins klárað slíka þjálfun. Það veltur mikið á stjórnendum þegar kemur að því að búa til hvetjandi starfsumhverfi þar sem ríkir traust, starfsfólki líður vel og að það getur blómstrað í sínum störfum. Svo er líka gott að muna að til þess að skilja viðskipti er gríðarlega mikilvægt að skilja fólk. Þetta teljum við vera einn af lykilþáttum þess að ná góðum rekstrarárangri," segir Edda. Ljóst er að mikill þungi hefur verið lagður á þessa þjálfun af hálfu stjórnenda félagsins.

Lærdómsmenning og tækniþróun

Annar þáttur sem er mjög mikilvægur í ræktun mannauðs er þjálfun og fræðsla. „Húsasmiðjan er stórt fyrirtæki með starfsemi út um allt land. Ein af okkar áskorunum í mannauðsmálum er að tryggja aðgengi alls starfsfólks að fræðslu og þjálfun hvar sem það starfar á landinu. Við erum með gríðarlegt magn af vörum sem fólkið okkar þarf að hafa góða þekkingu á. Svo er auðvitað ör tækniþróun og ýmsar breytingar á störfum og umhverfi sem þarf að huga vel að.

Í gegnum Húsasmiðjuskólann höfum við lagt mikla áherslu á fræðslustarf sem mætir þessum þörfum. Árið 2021 var metþátttaka í fræðslustarfinu og erum við mjög ánægð með það. Við verðum einnig að huga vel að möguleikum fólks til þess að þróast í starfi hjá fyrirtækinu, gera leiðir starfsþróunar greiðar og aðgengilegar og ná þannig að auka starfsánægju starfsfólks og um leið halda dýrmætri reynslu og þekkingu innan fyrirtækisins. Við erum með skýrt markmið um að hér ríki lærdómsmenning svo að starfsfólki líði vel í sínum störfum sem um leið skapar okkur, bæði starfsfólki og fyrirtækinu, verðmæti og aukið virði," segir Edda.

Húsasmiðjan tekur virkan þátt í átakinu Hjólað í vinnuna. Hér er mynd af sigurvegurunum frá því í fyrra. MYND/AÐSEND

Fjölbreytileiki skiptir miklu máli

Hjá Húsasmiðjunni starfar fólk með gríðarlega mikla reynslu, um land allt. „Það er mikill fjársjóður og fólk á „besta aldri" er sérstaklega velkomið til okkar. Við kunnum að meta margs konar reynslu, þekkingu eða menntun og einnig almenna lífsreynslu. Fólk á besta aldri sinnir vinnu sinni jafnan vel og hefur gott vinnusiðferði. Það getur líka verið þolinmóðara og víðsýnna. Þetta teljum við vera jákvætt og okkur finnst eftirsóknarvert að fá eldra starfsfólk til starfa. Það að blanda saman kynslóðum, þar sem þeir yngri læra af þeim eldri og öfugt, er besta blandan og til verður öflug þekkingaryfirfærsla í báðar áttir. Það sama á við um aðra þætti sem snúa að fjölbreytileika. Blandaðir hópar og aukinn fjölbreytileiki getur skapað jákvæða menningu þar sem meira umburðarlyndi ríkir. En það kemur ekki endilega af sjálfu sér og því er mikilvægt að vinna markvisst með það. Fjölbreytileiki meðal starfsfólks skiptir líka máli til að endurspegla eins og hægt er viðskiptavini okkar. Ólík „gleraugu" gefa okkur betri upplýsingar svo að hægt sé að veita betri þjónustu og skilja betur þarfir viðskiptavina okkar."

Félagslíf og starfsandi

„Starfsandi er alltaf mikilvægur í fyrirtækjum og við erum mjög glöð með að almennt ríkir góður starfsandi í fyrirtækinu. Við tölum oft um „Húsasmiðjuandann" sem einkennist af gleði, léttleika og jákvæðni. En auðvitað er starfsandi eitthvað sem allir þurfa að leggja sitt af mörkum við að skapa og ekki síður fyrirtækið. Þarna eru mannlegu samskiptin gríðarlega mikilvæg og það að finnast gaman í vinnunni og að langa í vinnuna er svo sannarlega eitthvað sem við verðum að huga sífellt að. Ein leið til að stuðla að góðum starfsanda er að hafa gaman saman. Núna í júní koma starfsmenn allrar BYGMA-samstæðunnar saman í Kaupmannahöfn þar sem haldið verður upp á 70 ára afmæli fyrirtækisins á þessu ári," segir Edda að lokum. ■

Nú er sjálfbærniskýrsla húsasmiðjunnar aðgengileg í glæsilegri netútgáfu á husa.is.

Þetta snýst allt um helgun starfsfólks

Margt spilar inn í þegar kemur að því að rækta mannauð fyrirtækis. Eitt það mikilvægasta er helgun starfsfólks. Helgun tengist afkomu fyrirtækja, líðan starfsfólks, fjarvistum, tryggð og fleiri atriðum sem áhrif hafa á rekstur fyrirtækja.

Teymið sem sér um mannauðsrannsóknir og ráðgjöf hjá Gallup. Frá vinstri: Auðunn Gunnar, Íris Björg, Sóley, Arna og Tómas. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gallup býr yfir áratuga reynslu og þekkingu af vinnustaðagreiningum sem fyrirtækið hefur lagt fyrir í meira en þrjátíu ár erlendis og í meira en tuttugu ár á Íslandi. „Út frá hundruðum spurninga var þróað mælitæki sem byggir á tólf grunnþörfum sem þarf að mæta til að skapa heilbrigt starfsumhverfi sem styður fólk í að ná framúrskarandi frammistöðu. Gallup skoðar reglulega þessi tengsl helgunar og rekstrarlegra þátta. Síðast var gerð slík greining árið 2020. Þar voru skoðaðar þrjár milljónir svara í 112 þúsund starfseiningum. Þetta er því ansi stór gagnabanki sem við erum að vinna með," segir Auðunn Gunnar Eiríksson hjá Gallup.

12 lykilþættir

„Það er gríðarlega mikilvægt að vera með mælikvarða sem tengjast bæði líðan starfsfólks og rekstrarlegum þáttum. Til að skapa helgun þarf fyrirtækið að veita þörfum starfsfólks athygli og skoða hvernig það getur mætt þeim. Allt byrjar þetta því með mælingu á þessum grunnþörfum. Mælitækið snýr að tólf lykilþörfum sem stjórnendur þurfa að mæta til að skapa helgun. Helgun verður þegar starfsfólki finnst að þörfum sínum sé mætt."

Allt byrjar þetta með því að skapa góðan grunn.

Tvær af þessum tólf spurningum snúa að grunnþörfum sem vinnustaðir þurfa að mæta til að hægt sé að skapa umhverfi helgunar. „Í fyrsta lagi þarf starfsfólk að vita nákvæmlega til hvers er ætlast af því. Í öðru lagi þarf starfsfólk að hafa þau tæki og gögn til þess að mæta þeim væntingum sem til þess eru gerðar. Bara með því að tryggja þetta tvennt er stjórnandi að gera starfsfólki kleift að ná árangri í starfinu og koma í veg fyrir streitu og óánægju."

Helgunarlíkanið (Q12) einfaldar ákvarðanatöku

„Líkaninu er stillt svolítið upp eins og fjallgöngu. Sé grunnþörfum mætt, getum við haldið áfram ferðinni. Líkt og í fjallgöngu þarf að byrja í grunnbúðunum. Enginn fer á topp Everest án þess að dvelja þar í drykklanga stund. En til að komast á toppinn þarf að mæta þörfum sem snúast um vöxt og framfarir."

En hvað nákvæmlega er helgun? „Helgun starfsfólks er viðbrögð við því að það fái þörfum sínum mætt. Í því felst að virða að við erum öll ólík en við eigum það öll sameiginlegt að við þurfum að fá viðurkenningu. Helgað starfsfólk er áhugasamt og virkt, því líður vel og það hefur að öllu jöfnu meiri orku en þeir sem ekki eru helgaðir, því – eins og áður sagði – þörfum þess hefur verið mætt. Vinnan gefur helguðu starfsfólki orku, en tekur hana ekki, og verður þá helgun verndandi þáttur hvað varðar kulnun."

81% minni fjarvistir

Þessu til stuðnings gerir Gallup á tveggja ára fresti yfirlitsrannsókn á gögnum í sínum gagnabanka, sem þau hafa byggt upp á undanförnum árum frá innlendum og erlendum fyrirtækjum og starfsfólki. Þar kemur ýmislegt bitastætt í ljós sem ætti að sannfæra flesta um að huga að helgun þegar kemur að mannauði fyrirtækja.

Auðunn Gunnar segir það lykilatriði fyrir stjórnendur að skapa umhverfi á vinnustaðnum sem hvetur til helgunar starfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Í rannsókninni eru starfseiningar í efsta fjórðungi helgunar (hæstu 25%) bornar saman við starfseiningar í neðsta fjórðungnum (lægstu 25%). Þar kemur í ljós að í starfseiningum sem eru í topp 25 prósentunum eru fjarvistir og veikindi hvorki meira né minna en 81% færri. Þetta eitt og sér ætti að vera næg rök fyrir því að leggja áherslu á að efla helgun. Margt fleira er hægt að tína til, þar á meðal að helgun skilar sér í meiri hagnaði, aukinni framlegð og sölu og færri gæða- og öryggisfrávikum."

Meira en mæling

Hver eru þá næstu skref? Hvernig eiga vinnustaðir að styðja við helgun starfsfólks? „Gallup Access er ný veflausn frá Gallup en hún snýst ekki bara um að mæla, heldur hvernig á að vinna með niðurstöður. Stjórnendur fá hugmyndir, ráðgjöf, tillögur og leiðbeiningar um hvernig þeir geta stuðlað að helgun starfsfólks.

Auk þess eru í Gallup Access 370 tilbúnar og prófaðar spurningar á 40 tungumálum í 50 þemum. Þar er hægt að finna eitthvað fyrir alla. Einnig er hægt að setja saman eigin spurningalista, til dæmis ef fyrirtæki hefur verið með heilsuátak á vinnustaðnum eða annað slíkt. Samanburður við aðra, helst í sömu atvinnugrein, er nauðsynlegur og í Gallup Access er fáanlegur samanburður við bæði íslenskan og erlendan gagnabanka sem hjálpar mikið við greiningu á niðurstöðum.

Stærsta áskorunin í dag er að vinna með niðurstöður hratt og skipulega. Það er orðið ódýrt að mæla og á færi flestra. Stóra spurningin er hvað skuli gera með niðurstöðurnar. Gallup Access hjálpar þér að taka skrefin í átt að betra starfsumhverfi. Við hjá Gallup erum svo boðin og búin að aðstoða stjórnendur við að taka næstu skref. Við erum sérfræðingar í að vinna með þessar niðurstöður og sjá hvað skiptir máli og aðstoða vinnustaðinn við að innleiða þær lausnir."

Kostir Gallup Access

Kostirnir við Gallup Access eru ótvíræðir þegar lausnin er borin saman við það sem hefur verið í boði hingað til. „Segjum sem svo að mannauðsstjóri taki eftir auknu álagi og streitu á vinnustað og vilji grípa inn í. Sjálfur veit ég, af reynslu minni sem mannauðsstjóri, að framkvæmdastjórn er oft treg til að taka mark á tilfinningu mannauðsstjóra og gera nauðsynlegar og oft kostnaðarsamar breytingar ef engin gögn liggja fyrir. Með Gallup Access er engin bið eftir niðurstöðum og mannauðsstjóri er kominn með gögn í hendurnar til þess að leggja á borð fyrir framkvæmdastjórn sem er þá mun líklegri til að gera eitthvað í málinu.

Svo er dýrt að fá þriðja aðila til að leggja fyrir vinnustaðakannanir sem hvetur fyrirtæki til að gera það eins sjaldan og hægt er. Fyrir vikið verða kannanirnar lengri en þörf krefur og tímafrekari. Með Gallup Access er hægt að gera fleiri og minni kannanir á ári sem eru þá fókuseraðar á það sem þarf að kanna hverju sinni, eins og streitu, breytingar, stefnu, fjarvinnu eða þjónustustefnu. Spurningar um allt þetta eru þegar tilbúnar í Gallup Access, auk aðgangs að fræðsluefni og bestu starfshætti."

Q12 og Gallup Access teymið

Auðunn Gunnar Eiríksson er með BA í sálfræði og er vottaður styrkleikaþjálfari. Hann hefur unnið við mannauðsmál frá árinu 2005, bæði sem ráðgjafi og mannauðsstjóri, nú síðast sem mannauðsstjóri hjá BYKO, áður en hann hóf störf hjá Gallup. Ásamt Auðuni eru fjórir aðrir sérfræðingar hjá Mannauðsrannsóknum og ráðgjöf Gallup.

Tómas Bjarnason er sviðsstjóri mannauðsrannsókna og ráðgjafar. Hann er með doktorsgráðu frá háskólanum í Gautaborg og áratuga reynslu af hagnýtum rannsóknum. Frá 2000 hefur hann sinnt rannsóknum og ráðgjöf á sviði stjórnunar og starfsumhverfis með áherslu á helgun, hollustu og tryggð starfsfólks. Tómas hefur unnið rannsóknir fyrir ýmsar stofnanir og flest stærstu fyrirtæki landsins.

Arna Frímannsdóttir er með MSc í sálfræði með áherslu á tölfræði, hún hefur unnið hjá Gallup frá árinu 2015, að mestu við greiningu gagna úr vinnustaðarannsóknum. Arna hefur einnig unnið við kennslu og úrvinnslu gagna frá árinu 2006.

Sóley Kristjánsdóttir er með BA í sálfræði, master í mannauðsstjórnun og diplóma í jákvæðri sálfræði. Einnig er hún vottaður stjórnenda- og styrkleikaþjálfari. Hún hefur starfað sem stjórnandi, mannauðsstjóri og þjálfari frá 2006. Sérsvið Sóleyjar er styrkleika- og stjórnendaþjálfun.

Íris Björg Birgisdóttir er með BSc í sálfræði, diplóma í mannauðsstjórnun og master í forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun. Hún hefur unnið við stjórnun og ráðgjöf en einnig greiningu, sölu og þjónustu á sviði mannauðs- og markaðsmála.

> **Stærsta áskorunin í dag er að vinna með niðurstöður hratt og skipulega. Það er orðið ódýrt að mæla og á færi flestra. Stóra spurningin er hvað skuli gera með niðurstöðurnar.**
>
> Auðunn Gunnar

Stjórnandinn er í lykilhlutverki

Gallup býður upp á ýmsa ráðgjöf, námskeið og vinnustofur sem eru hannaðar til að hjálpa mannauðsteymum og stjórnendum að stuðla að þessu töfraumhverfi sem fær starfsfólk til að helga sig starfinu. „Meginvinna okkar felst í að þjálfa stjórnendur í að aðstoða starfsfólk sitt til þess að blómstra í starfi. Við sjáum oft að stjórnendur fá ekki tíma til þess að sinna þessu lykilhlutverki sínu og fá í mörgum tilfellum ekki þjálfun í því að vera stjórnendur. Stjórnendur hafa gríðarleg áhrif á starfsfólkið sitt. Ef fólk hættir í starfi, þá er það oftast tengt stjórnun.

Ég vitna í Herdísi Pálu Pálsdóttur, sem fjallaði um þetta málefni í fjölmiðlum í vikunni: Helsta áskorun fyrirtækja og stjórnenda í dag er að halda í gott starfsfólk. Það ætti ekki að vera vandamál ef þú skapar umhverfi þar sem starfsfólk þitt getur þróast í starfi. Gott starfsfólk vex ekki á trjám." ■

Nánari upplýsingar um Gallup Access er að finna á vef gallup.is

NÓI SÍRÍUS



Bragðgott markaðsefni

Sérmerkt Síríus súkkulaði

Nýttu þér þessa einföldu, hagkvæmu og skemmtilegu leið til að minna á þig og þitt fyrirtæki, til að gleðja trausta viðskiptavini eða starfsfólk við hvaða tilefni sem er. Sérmerkt súkkulaði getur verið góð gjöf sem eflir viðskiptatengsl eða glaðningur til að bjóða á fundum. Síríus súkkulaðismástykkin eru fáanleg í þremur gerðum, Síríus rjómasúkkulaði, 56% dökku Barónsúkkulaði og appelsínusúkkulaði. Smástykkin koma í umhverfisvænum umbúðum og eru tilbúin til framsetningar.

Hafðu samband við okkur í síma **575 1800** eða sendu okkur fyrirspurn á **noi@noi.is** - ***við tökum vel á móti þér.***

Við hjá Hótel Rangá höfum verið með smástykkin frá Nóa Síríus í fjölmörg ár, þau hafa nýst okkur mjög vel sér í lagi þar sem við getum haft okkar hönnun á þeim.

Það gefur okkur ánægju að gleðja gesti okkar með litlu hlutunum, það eru oft þeir sem skipta mestu máli - að fá við komu lítið súkkulaði með norðurljósamynd frá hótelinu. Við brottför næla viðskiptavinirnir sér í mola á meðan við göngum frá reikningnum eða fá sér súkkulaðimola með kaffinu sem er sígilt.

Við á Rif höfum verið að bera fram lítið súkkulaðistykki frá Nóa Síríus sérmerkt með Rif logoinu. Frá upphafi hefur þetta litla súkkulaðistykki slegið svoleiðis í gegn hjá gestunum okkar og líka starfsfólki sem laumar sér í einn og einn mola .

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu. Cocoa Horizons gerir kakóræktendum kleift að rækta og framleiða kakóið á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Cocoa Horizons ferlið tryggir fræðslu til kakóbænda varðandi ræktunaraðferðir og aðbúnað starfsfólks auk þess sem það kemur að fræðslumálum, heilsugæslu og aðgengi að hreinu vatni. Þannig stuðlar Cocoa Horizons að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum.

Sirius

Að breyta fyrirtækjamenningu

Hanna María Jónsdóttir, mannauðsstjóri hjá Rapyd Europe hf., segir að menning fyrirtækja hafi mikið að segja um árangur þeirra, eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á í rannsóknum um efnið.

Hanna María Jónsdóttir, mannauðsstjóri hjá Rapyd Europe hf., segir að menning fyrirtækja hafi mikið að segja um árangur þeirra.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Breytingar á menningu eru óhjákvæmilegar. Þá skiptir engu hvort um er að ræða breytingar sem ráðast af því að fyrirtæki þróast í tímans rás, nýir stjórnendur koma til sögunnar eða samruni við annað fyrirtæki á sér stað. „Við samruna og/eða yfirtökur getur menning hvors fyrirtækis um sig verið ýmist hindrun eða lykilþáttur í að nýtt og sameinað fyrirtæki nái því markmiði sem að var stefnt í upphafi," segir Hanna María.

„Það að breyta menningu getur verið mikil áskorun. Skipulag og innleiðing breytinga á menningu fylgir þó ekki endilega sömu lögmálum og breytingar á verklagi eða skipulagi innan fyrirtækisins. Menningu verður ekki handstýrt með einföldum hætti. Reynslan sýnir að til þess að menning þróist og taki jákvæðum breytingum er mikilvægt að hafa nokkur atriði í huga.

Það getur gefið betri raun að leggja minni áherslu á það hverju á að breyta og hvernig á að gera það en meiri á að lýsa því hver draumaniðurstaðan á að vera. Langflestir hafa góðar hugmyndir um hvernig á að komast þangað og geta hjálpað til við að breyta því sem þarf að breyta.

Vel kortlögð samskipti þar sem sögð er saga, sem bæði stjórnendur og starfsfólk geta samsamað sig við, séð tækifærin og tengt við heildina, skipta höfuðmáli. Lykilfólk í breytingum er það fólk sem getur endurtekið söguna. Þetta eru ekki endilega stjórnendur heldur það fólk sem getur sagt góða sögu og haldið öðrum spenntum með frásögninni. Að finna sögumennina og hafa þá með í skapandi ferli breytinganna getur gefið betri raun en þrautskipulögð innleiðingarverkefni. Stærsta áskorunin við að fylgja þessu eftir er að halda út. Að treysta því að þetta sé að skila árangri. Treysta á fólk til að finna lausnir, koma með góðar hugmyndir, vera skapandi og hafa eldmóðinn sem þarf til að breyta eins flóknum hlut og menningu.

Þegar allt kemur til alls erum við tilfinningaverur. Það hefur áhrif á hvernig við högum okkur, hugsum og tjáum okkur. Ef við trúum á þá sýn eða þann draum sem fyrirtækið okkar stendur fyrir er hálfur björninn unninn. Þess vegna er mikilvægt að stilla ekki upp innantómum orðum í formi gilda eða slagorða, að slengja ekki fram einkunnarorðum eða lýsa tilgangi fyrirtækisins á þann veg að öllum sé í raun alveg sama um það. Sá hópur fólks sem ætlar sér að láta sýn sína eða drauminn rætast samanstendur af lausnamiðuðu, þrautseigu, bjartsýnu og traustu fólki. Saman mun þetta fólk mynda menninguna. Menningin mun snúast um að láta drauminn rætast." ■

CCEP á Íslandi nýtur góðs af víðtækum stuðningi í mannauðsmálum frá móðurfélagi sínu. Jafnréttismálin eru flaggskip mannauðsmálanna hjá CCEP.

Mannauðssvið CCEP á Íslandi. F.v. Sonja M. Scott, Andrea Lilja Ottósdóttir og Ásta Særós Haraldsdóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Með djúpar rætur í íslensku samfélagi

Coca-Cola EuroPacific Partners (CCEP) er alþjóðlegt fyrirtæki sem hefur djúpar rætur í íslensku samfélagi enda með yfir 80 ára sögu hér á landi. Mannauðsmál fyrirtækisins taka því eðlilega mið af því segir Sonja Margrét Scott, mannauðsstjóri CCEP.

„Við erum mjög heppin að mörgu leyti, því við erum í grunninn rótgróið íslenskt fyrirtæki en líka hluti af nýju stóru spennandi alþjóðlegu fyrirtæki. Yfirmaður minn er staðsettur í Hollandi og með mér í teymi eru mannauðsstjórar í Noregi, Svíþjóð, Belgíu, Lúxemborg og Hollandi. Við lærum heilmikið hvert af öðru og líka af mannauðsfólki frá öðrum löndum. Það er svo hollt að ræða málefni við fólk sem kemur úr öðrum menningarheimum og hjálpar okkur að hugsa út fyrir boxið. CCEP er starfrækt í 29 löndum í Evrópu, Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Indónesíu. Ég myndi ekki segja nei ef ég fengi tækifæri til að taka að mér verkefni á Fijieyjum."

Víðtækur stuðningur

Það eru nokkur stuðningssvið innan mannauðsmála hjá CCEP sem hafa það markmið að styðja mannauðsstjóra í viðskiptaeiningunum dagsdaglega.

„Þar starfar mjög sérhæft starfsfólk. Á síðastliðnum árum höfum við innleitt hér á Íslandi ótalmargt frá CCEP. Sem dæmi fær starfsfólk okkar tvo daga á ári sem það getur varið í sjálfboðaliðastörf. Við bjóðum einnig upp á ráðgjafarþjónustu starfsfólki að kostnaðarlausu, þar sem þau geta fengið ráðgjöf til dæmis frá sálfræðingum, lögfræðingum eða fjármálaráðgjöfum, allt í fullum trúnaði og án kostnaðar fyrir starfsfólk. Einnig bjóðum við starfsfólki upp á hlutabréfakaup með sérstökum kjörum, en CCEP hefur verið á markaði síðan 2018."

Jafnréttismálin efst á listanum

Sonja segir flaggskip mannauðsmála hjá CCEP vera jafnréttismálin. „Það er sér jafnréttissvið hjá CCEP sem hefur stutt dyggilega við okkur að opna umræðuna um jafnrétti og fjölbreytileika – í víðum skilningi."

Hún segir jafnréttismálunum skipt niður í fimm áherslusvið: Kyn, aldur, menningarbakgrunn, LGBTQ+ og fötlun. „Jafnréttissviðið hjálpar okkur að vinna markvisst að þessum áherslusviðum. Við vorum til dæmis með Pride mánuð í júní í fyrra í fyrsta skipti. Það var virkilega skemmtilegt og starfsfólk tók gríðarlega vel undir með átakinu. Við máluðum regnbogavegg í húsnæði okkar, bæði í Reykjavík og í Brugghúsinu á Akureyri, flöggðum Pride-fána, vorum með ýmsa pistla og buðum upp á fræðslu frá Samtökunum '78. Starfsfólk tók þessu virkilega vel, enda var þetta skemmtilegt og gott fyrir alla að opna umræðuna og styrkja menningu okkar þannig að öllu starfsfólki líði eins og það sé velkomið eins og það er."

Þarf oft að aðlagast aðstæðum

Stór hluti af starfi Sonju snýr að því að aðlaga stefnur, verkefni og efni til þess að CCEP á Íslandi fái sem mest virði út úr mannauðsmálum.

„Einnig þarf að meta hvort einhverju eigi hreinlega að sleppa því það skilar okkur á Íslandi ekki miklu. Við fáum oft frábæra fræðslupakka sem eru gríðarlega vel hannaðir og undirbúnir, jafnvel á heimsmælikvarða. En við þurfum að aðlaga fræðsluna að okkar aðstæðum. Nýlega vorum við með leiðtogafræðslu sem var hönnuð á ensku, átti að fara fram í gegnum Teams og vera eingöngu í boði fyrir sölu- og markaðssvið. Til að tryggja að við næðum sem bestum árangri með þessa frábæru fræðslu fengum við íslenska leiðbeinendur, aðlöguðum efnistök að íslenskum veruleika, höfðum það „face to face", og buðum líka stjórnendum frá fleiri sviðum." ■

HEIMSINS BESTA
HÓPEFLI Á HEIMSINS
STÆRSTA PÍLUBAR!
BULLSEYE
Darts & Drinks
Pantanir & fyrirspurnir á:
bullseye.is
Austurbæ við Snorrabraut



Ólafur Brynjar Bjarkarson gegnir starfi skrifstofustjóra leikskólahluta fagskrifstofu á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Ragnheiður Stefánsdóttir er mannauðsstjóri skóla- og frístundasviðs. Þau segja að gríðarleg uppbygging sé fram undan, nýir leikskólar og fleiri leikskólarými. FRÉTTABLADID/ANTON BRINK

Áframhaldandi uppbygging í leikskólum borgarinnar

Það eru spennandi tímar fram undan í leikskólum borgarinnar, enda stórar áskoranir sem felast í því að taka á móti öllum börnum frá 12 mánaða aldri.

Verið er að opna nýja og nútímavædda leikskóla og stöðugt er bætt við þá eldri svo aðstaðan sé í stakk búin til að mæta fjölbreyttum þörfum okkar yngstu barna og starfsmannahópsins. Góðar starfsaðstæður fyrir starfsfólk með viðeigandi stoðrýmum og góðri starfsmannaaðstöðu eru þar í forgrunni – í björtu og hagnýtu húsnæði.

Það er nóg að gera hjá Ólafi Brynjari Bjarkarsyni, en hann gegnir starfi skrifstofustjóra leikskólahluta fagskrifstofu á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Hægt er að segja að starfið sé ansi flókið, enda varla skrítið þegar starfsstöðvarnar eru 66, fjöldi starfsmanna telur hátt í 2.000 og ríflega 6.000 börn að jafnaði verja þar fyrstu árum skólagöngunnar.

Hátt í 2.000 starfsmenn, er ekki alltaf verið að tala um manneklu í leikskólum?

„Jú, það starfa margir í leikskólum enda börnin mörg og þurfa á góðum fyrirmyndum að halda til þess að dafna," segir Ólafur. „Uppeldi og menntun þeirra er samfélagslegt verkefni. Við viljum öll að börnin njóti velferðar í nútíð og framtíð og vaxi í sjálfstæða einstaklinga sem hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Stór hluti starfsmanna er jafnframt í hlutastarfi því dvalartími barnanna er langur. Við þurfum alltaf að vera á tánum til þess að tryggja öryggi þeirra, veita faglega umönnun og rétta örvun. Til þess þarf hæft, öflugt starfsfólk sem vill leggja sitt af mörkum. Foreldrar treysta okkur til að leysa verkefni okkar vel af hendi."

Hvers vegna ákvaðst þú að vinna í leikskóla?

„Margir hafa nú spurt mig að því, en ef ég á að vera praktískur þá ertu gulltryggður í þínu fagi á meðan starfsævin endist ef þú leggur þetta starf fyrir þig. Flestir sem fara í leikskólakennaranám starfa eða hafa starfað áður í leikskólum. Margir hafa prófað að leggja ýmislegt annað fyrir sig en skila sér svo aftur hingað í leikskólann. Ef ég tala frá hjartanu, þá er bara eitthvað sem kallar. Það er svo gott að koma í vinnuna og fá knús frá börnunum, fylgja þeim í gegnum þroskastigin og svo eru það samskiptin við samstarfsmenn og foreldrana. Allt er þetta jákvætt og gefandi. Enginn dagur er eins. Þetta er krefjandi starf með fullt af áskorunum, en gefur mikið á móti."

Hvað er fram undan?

„Áframhaldandi uppbygging. Þar leggjum við mesta áherslu á starfsmannahópinn, það skiptir mestu máli fyrir börnin. Hafa stöðugleika, tryggja mönnun með hæfu fólki. Nú þegar skortur er á leikskólakennurum í landinu, þá viljum við byggja upp hópinn. Við höfum verið að bæta starfsaðstæður; færri börn á starfsfólk, stytting vinnuvikunnar, fleiri undirbúningstímar og fjöldi tækifæra til starfsþróunar fyrir allt starfsfólk."

Ólafur er á þeirri skoðun að starfsfólk leikskóla þurfi að hafa vilja til að leggja sitt af mörkum, búa yfir góðri samskiptahæfni, tala íslensku og vera tilbúið að læra og tileinka sér fagleg vinnubrögð. „Í leikskólunum leggjum við áherslu á gleði og jákvæðni, traust og samstarf. Við viljum að fólk geti elt draumana sína, nýtt styrkleikana og ræktað áhugamál sín og líði vel í starfi. Þannig tryggjum við besta hag barnanna í leikskólanum."

> **Við viljum að fólk geti elt draumana sína, nýtt styrkleikana og ræktað áhugamál sín og líði vel í starfi.**
>
> Ólafur Brynjar Bjarkarson

Áherslur í mannauðsmálum í leikskólum Reykjavíkur

Ragnheiður Stefánsdóttir er mannauðsstjóri skóla- og frístundasviðs en hún hefur unnið hjá Reykjavíkurborg síðan hún var 16 ára. „Sjálf hef ég reynslu af því að koma ung inn í uppeldisstarf hjá Reykjavíkurborg og falla alveg fyrir starfinu," segir hún. „Á tímabili ætlaði ég aðra vegferð hvað varðar framtíðarstarf en Reykjavíkurborg togaði í mig þar sem ég upplifði mikinn stuðning og hvatningu í starfsumhverfinu og fékk tækifæri til að mennta mig og samtvinna nám og vinnu. Við leggjum gríðarlega mikla áherslu á þetta í leikskólum Reykjavíkur. Við viljum taka vel á móti ungu fólki sem er að taka sín fyrstu skref á atvinnumarkaðinum og starfsfólk talar um að hafa fengið tækifæri til að læra svo margt, vaxa og dafna í starfinu. Og við erum með fjölmargar reynslusögur af ungu fólki sem til dæmis kemur inn í sumarstörf í leikskólunum, fellur alveg fyrir starfinu og ákveður að fara í leikskólakennaranámið."

Hvað segir starfsfólkið um störfin?

„Það sem kemur fram hjá starfsfólki er þetta með að enginn dagur er eins. Að vinna í leikskóla felur í sér fullt af áskorunum, en það er líka mjög gefandi, skemmtilegt og fræðandi. Þá talar starfsfólk um að vinnan með börnunum sé svo skapandi og svo mörg tækifæri til að flétta eigin styrkleika og áhugamál inn í verkefnin í skólanum. Þá talar starfsfólk um að það sé þægilegt og fjölskylduvænt að vinna í leikskóla þar sem starfið fer fram á dagvinnutíma á virkum dögum. Mörgum finnst vinnutíminn henta vel til að geta sinnt áhugamálum og hugðarefnum, til dæmis námi, íþróttum og að geta elt drauma sína á alls konar skapandi vettvangi.

Nálægð við heimili er líka stór kostur fyrir marga, en oft er hægt að fá vinnu í leikskóla í hverfinu sínu. Ýmis fríðindi fylgja starfinu, til dæmis góður hádegismatur, frítt í sund, heilsuræktarstyrkur, samgöngustyrkur, frítt á söfn og fleira. Þá jafnast ekkert á við það að fá knús þegar maður mætir í vinnuna."

Hver eru helstu verkefni og áskoranir fram undan?

Ragnheiður fullyrðir að gríðarleg uppbygging sé fram undan. „Við erum að byggja nýja leikskóla og fjölga leikskólarýmum sem felur í sér að við þurfum að fjölga starfsmönnum í leikskólum um 400 næstu árin. Þess vegna er mikið átaksverkefni í gangi hjá okkur til þess að ná þessum markmiðum. Verkefnið er tvíþætt, annars vegar að vekja athygli á störfunum og hvetja ungt fólk til þess að velja leikskólastarf sem framtíðarstarfsvettvang og hins vegar að hlúa að starfsumhverfinu og tryggja að starfsfólki líði vel í vinnunni. Við höfum verið í mikilli greiningarvinnu þar sem við viljum heyra frá okkar starfsfólki hvað við getum gert betur. Við viljum efla móttöku nýliða og styðja enn betur við þá strax í upphafi. Það gerum við til dæmis með innleiðingu á Torginu sem er nýtt fræðslukerfi sem Reykjavíkurborg er að innleiða, þar er markmiðið að efla enn frekar fræðslu fyrir starfsfólk og hafa hana rafræna svo starfsfólk geti nálgast hana hvenær sem er og hvar sem er. Stytting vinnuvikunnar hefur haft ákaflega mikið að segja fyrir starfsfólkið. Það munar miklu að vinna einungis 36 stundir en vera samt á sömu launum og áður. Fólk kann mjög vel að meta það og nýtur þess að eiga meiri tíma með börnum, vinum og fjölskyldu. En það hefur ekki verið auðvelt að innleiða styttinguna í leikskólunum og á starfsfólk leikskóla mikið hrós skilið fyrir að finna leiðir til þess að láta þetta ganga. En því verkefni er ekki lokið, við þurfum að rýna enn betur og fínpússa þær leiðir sem við erum að fara í þeim efnum." ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



Hjá Vaka bjóðum við starfsmönnum m.a. upp á

- frítt rafmagn á bílinn
- samgöngustyrk fyrir hjólreiðafólk
- íþróttastyrk
- mötuneyti og heitan mat í hádeginu
- frían síma og nettengingu heima
- afkomutengt bónuskerfi
- sveigjanlegan vinnutíma
- sjálfstæði í starfi
- tvo auka frídaga um jól
- góðan liðsanda og tækifæri til vaxtar innan alþjóðlegs fyrirtækis

Spennandi störf hjá íslensku hátæknifyrirtæki

Til að fylgja eftir nýjum og spennandi tækifærum leitum við nú að nýjum liðsmönnum sem eru tilbúnir að taka þátt í frekari uppbyggingu fyrirtækisins með okkur.

Sérfræðingar í framleiðsludeild

Sérfræðingar í framleiðsludeild sjá um samsetningar, prófanir og pökkun á tækjum Vaka, bilanaleit og viðgerðir á búnaði, tækniaðstoð við undirverktaka, notendur og þjónustuaðila, ásamt því að taka þátt í þróunarverkefnum. Leitað er eftir starfsmönnum sem hafa reynslu og áhuga á tæknivinnu og hafa lokið rafvirkjun, rafeindavirkjun, vélvirkjun eða sambærilegu námi.

Hugbúnaðarsérfræðingur

Hugbúnaðarsérfræðingur tilheyrir þróunarteymi Vaka og vinnur að þróun á gagnagrunns- og veflausnum, forritun og prófun hugbúnaðar og tæknilausna Vaka, úrvinnslu og framsetningu gagna, auk annarra áhugaverðra verkefna. Leitað er að starfsmanni sem hefur háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða úr sambærilegum greinum.

Hugbúnaðarsérfræðingur fyrir smátölvur

Hugbúnaðarsérfræðingur fyrir smátölvur tilheyrir þróunarteymi Vaka og vinnur að þróun stýrihugbúnaðar fyrir ýmis tæki Vaka, þróun gervigreindarlausna, þróun og prófunum í samvinnu við viðskiptavini, úrvinnslu og framsetningu gagna, auk annarra áhugaverðra verkefna. Leitað er að starfsmanni sem hefur háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða úr sambærilegum greinum.

Vélahönnuður

Vélahönnuður tilheyrir þróunarteymi Vaka og vinnur að þróun og hönnun á hátæknivélbúnaði fyrir vöruflóru Vaka/MSD. Meðal verkefna vélahönnuðar eru þarfagreining og skipulagning verkefna, prófanir hjá viðskiptavinum og eftirfylgni með verkefnum. Leitað er að starfsmanni sem hefur háskólamenntun á sviði vélaverkfræði, véltæknifræði eða úr sambærilegum greinum.

Handbókagerð og skjölun

Sérfræðingur í handbókagerð og skjölun vinnur að gerð handbóka fyrir ýmis tæki í vöruflóru Vaka/MSD, gerð þjálfunarefnis og tryggir að staðlar og reglugerðir séu uppfylltar hvað varðar þróun, framleiðslu og afhendingu á vörum Vaka/MSD.

VAKI

MSD

Vaki fiskeldiskerfi ehf. var stofnað árið 1986 og hefur frá fyrstu tíð verið leiðandi fyrirtæki í hönnun og þróun á hátæknibúnaði fyrir fiskeldi um allan heim. Helstu vörur Vaka eru fiskiteljarar byggðir á tölvusjón sem telja fisk á öllum stigum í eldinu, ásamt fiskiflokkurum og fiskidælum. Annað sérsvið Vaka er myndavélabúnaður til að stærðarmæla fisk í sjókvíum, telja laxalús og fylgjast með velferð og vexti fiskanna.

Árið 2019 keypti MSD Animal Health allt hlutafé í Vaka og nú sem hluti af MSD eru uppi spennandi áform um stækkun og eflingu fyrirtækisins. Aukin áhersla verður lögð á vöruþróun og þjónustu í nánu samstarfi við viðskiptavini og munu nýjar lausnir Vaka stuðla að framþróun fiskeldis um allan heim. Frekari upplýsingar á **vaki.is**

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á **hagvangur.is**.

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk.

Nánari upplýsingar veita Yrsa G. Þorvaldsdóttir, **yrsa@hagvangur.is**, og Inga Steinunn Arnardóttir, **inga@hagvangur.is**

Sótt er um störfin á hagvangur.is

Verkefnastjóri tækniþjónustu á upplýsingatæknisviði

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Háskólinn á Bifröst auglýsir lausa til umsóknar stöðu verkefnastjóra tækniþjónustu á upplýsingatæknisviði

Háskólinn á Bifröst auglýsir eftir verkefnastjóra í tækniþjónustu á upplýsingatæknisviði. Við leitum að einstaklingi með þekkingu, metnað og reynslu á sviði upplýsingatækniþjónustu sem hefur áhuga á þróun og uppbyggingu tækniumhverfis í stafrænu námi. Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á samþættingu fræða og framkvæmdar og er leiðandi í uppbyggingu hagnýts fjarnáms á háskólastigi hér á landi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með þjónustuborði upplýsingatæknisviðs og tæknibúnaði í fundarherbergjum, kennslustofum og í upptökuaðstöðu skólans.
- Greining, úrlausn og eftirfylgni verkefna og beiðna sem berast upplýsingatæknisviði
- Þróunar og umbótavinna í upplýsingatækni og notendaþjónustu.
- Val á tæknibúnaði ásamt uppsetningu, viðhaldi og þróun á tækniumhverfi.
- Tækniþjónusta á viðburðum á vegum skólans
- Þjálfun, ráðgjöf, og fræðsla á upplýsingatæknikerfum skólans, þróun á þjálfunar og upplýsingaefni ásamt almennri tölvuþjálfun.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi þjónustulund, færni í mannlegum samskiptum og ábyrgðarkennd við úrlausn verkefna.
- Áhugi og reynsla af framþróun í upplýsingatækni, þekking á háskólaumhverfi er kostur
- Mjög góð almenn tölvukunnátta og þekking á Microsoft Windows umhverfi, Microsoft vottuð þekking er kostur.
- Geta til að takast við tæknileg vandamál, greina og leysa
- Þekking á verkefna- og þjónustustjórnun er kostur. (ITIL, PRINCE2)
- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. kerfisfræði, tölvunarfræði, upplýsingatækni- eða iðnmenntun

Umsókn: Með umsókn fylgi ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem lýst er reynslu sem nýtist í starfi. Aðalstarfsstöð er á Bifröst en starfið getur einnig unnist að hluta í fjarvinnu.

Starfsaðstaða er á Bifröst og á skrifstofum skólans í Reykjavík

Nánari upplýsingar Auðbjörg Jakobsdóttir, þjónustustjóri upplýsingatækni, upplysingataekni@bifrost.is, sími 433-3000 eða Hulda Dóra Styrmisdóttir mannauðsstjóri, mannaudsstjori@bifrost.is. Umsóknir skilist inn á umsóknarvefnum Alfred.is.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2022.

bifrost.is

Eftirlit og viðhaldsmál

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við okkur starfsfólki á Byggingasvið – vilt þú vera hluti af hópnum okkar? Við leitum eftir jákvæðum einstaklingum sem sýna metnað, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

Verkís veitir trausta ráðgjöf sem styður við uppbyggingu sjálfbærra samfélaga. Við höfum mikla þekkingu á sviði vistvænnar hönnunar og erum leiðandi á heimsvísu þegar kemur að grænni orkuvinnslu og nýtingu jarðvarma. Við byggjum upp sjálfbær samfélög víða um heim með því að hafa sjálfbærni alltaf í huga við ákvarðanatöku – allt frá fyrstu hugmynd til förgunar.

VERKÍS 90 1932 2022

SÉRFRÆÐINGUR Í VIÐHALDSMÁLUM

Starfið felur í sér að sinna fjölbreyttum verkefnum sem viðkoma sviði viðhaldsmála bygginga. Sem dæmi um viðfangsefni má nefna viðhald íbúða- og atvinnuhúsnæðis, úttektir, áreiðanleikakannanir, myglurannsóknir, húsasótt o.s.frv.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingafræðingur, -tæknifræðingur, -verkfræðingur
- Reynsla af ástandsskoðunum og viðhaldsmálum húsnæðis nauðsynleg
- Reynsla af gerð útboðs- og verklýsinga
- Reynsla af verkefnastjórnun/vinnu á byggingastað nauðsynleg

EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMDUM

Starfið felur í sér eftirlit með fjölbreyttum framkvæmdaverkefnum s.s. húsbyggingum, samgöngumannvirkjum og veitum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingafræðingur, -tæknifræðingur, -verkfræðingur
- A.m.k. tveggja ára starfsreynsla af eftirliti með framkvæmdum

Nánari upplýsingar veita

Elín Greta Stefánsdóttir mannauðsstjóri, egs@verkis.is
Áslaug Ósk Alfreðsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum, aoa@verkis.is

Umsóknarfresturinn er til og með 1. júní.
Sótt er um á umsokn.verkis.is

Sérfræðingur í viðskiptagreiningum

Nói Síríus óskar að ráða til starfa öflugan sérfræðing í viðskiptagreiningum. Viðkomandi aðili mun koma að uppbyggingu á nýju verklagi við greiningar og eftirlit ásamt innleiðingu á nýjum stjórnendaskýrslum sem og aðkomu að áætlanagerð. Leitað er að öflugum og framsýnum sérfræðingi með gott vald á upplýsingatækni og greiningartólum. Við leitum að aðila sem hefur áhuga á að vinna í alþjóðlegu umhverfi og hefur drifkraft til að hrinda verkefnum í framkvæmd og fylgja þeim eftir.

Helstu verkefni

- Aðkoma að innleiðingu á nýju verklagi við stjórnendaskýrslur, árangursmælingar og greiningar til að miðla lykilupplýsingum úr rekstri
- Uppbygging á stjórnendaskýrslum
- Þátttaka í vali á lausnum til að styðja við frekari uppbyggingu á sviði greininga, áætlana og eftirlits
- Mánaðarlegar stjórnendaskýrslur ásamt greiningum og eftirliti með lykil árangursmælikvörðum
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði árangursmælinga og greininga þvert á fyrirtækið

Hæfnikröfur og menntun

- Færni og skilningur á fjárhagslegum greiningum með þekkingu á sviði árangursmælinga og áætlana
- Skilningur á almennum rekstraruppgjörum og viðskiptakerfum sem og greiningartólum
- Reynsla af svipuðu starfi á fjármálasviði
- Frumkvæði til að vinna sjálfstætt og færni í framsetningu á niðurstöðum greininga
- Háskólapróf í viðskipa- eða verkfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Hæfni í samskiptum og gott vald á íslensku og ensku

Nói Síríus er rótgróið og öflugt fyrirtæki á matvælamarkaði. Hjá Nóa Síríus starfar samhentur hópur um 130 starfsmanna sem hefur það sameiginlega markmið að gleðja bragðlauka þjóðarinnar. Til þess er fjöldi sælgætistegunda framleiddur í glæsilegum húsakynnum fyrirtækisins að Hesthálsi 2-4.

Síríus súkkulaðið hefur verið ómissandi hluti af hátíðarstundum Íslendinga í tæp níutíu ár og Nói Síríus einsetur sér að vera í hópi leiðandi fyrirtækja á sínu sviði. Það gerir fyrirtækið með því að bjóða eftirsóknarverða gæðavöru og þjónustu sem stenst ítrustu kröfur viðskiptavina á alþjóðlegan mælikvarða. Vöruþróun skipar að auki stóran sess í starfsemi Nóa Síríus og nýjungar fyrirtæksins líta reglulega ljós í hillum verslana, Íslendingum til mikillar ánægju.

Nói Síríus telur að bestum árangri sé náð í starfi þegar þekking og færni starfsfólks fær að njóta sín og einstaklingurinn finnur til ábyrgðar. Í slíku andrúmslofti leggjast allir á eitt og skapa traustan grunn að öflugum rekstri.

Sótt er um starfið á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. júní nk.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem,
sverrir@hagvangur.is

hagvangur.is

HAGVANGUR

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

HEFUR ÞÚ ROÐ VIÐ OKKUR?

Kerecis leitar að dugmiklu og drífandi fólki til að taka þátt í örum vexti fyrirtækisins á heimsvísu!

Staðsetning starfanna er í Reykjavík eða á Ísafirði.

Öll störfin krefjast mjög góðrar enskukunnáttu.

Umsóknir berist til careers@kerecis.com fyrir lok dags **29. maí n.k.**

Upplýsingar um störfin veitir Dóra Hlín Gísladóttir (dhg@kerecis.com)

SÉRFRÆÐINGUR Í FORKLÍNÍSKUM RANNSÓKNUM

Starfsmaður mun vinna að rannsóknum og rannsóknartengdum verkefnum sem tengjast vöruþróun á nýjum lækningarvörum Kerecis. Starfsmaður mun vinna í prófunum á lækningatækjum og uppsetningu forklínískra rannsókna á vörum Kerecis.

Starfssvið

- Umsjón og uppsetning á forklínískum rannsóknum samkvæmt viðeigandi stöðlum
- Samskipti við yfirvöld, skráningarsérfræðinga og ráðgjafa
- Utanumhald kostnaðaráætlunar og eftirfylgni

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í heilbrigðisvísindum, líffræði eða tengdum greinum
- Þekking og reynsla af rannsóknarvinnu
- Skipulag, frumkvæði og nákvæmni

SÉRFRÆÐINGUR Í RANNSÓKNUM OG ÞRÓUN

Starfsmaður mun vinna að rannsóknum og vöruþróun vegna lækningarvara sem Kerecis framleiðir. Starfsmaður mun hafa umsjón með lífsamræmleikaprófum, áhættumati fyrir öryggisprófanir og umsjón með tilraunum.

Starfssvið

- Uppsetning áhættumats fyrir eitrunar- og lífsamræmleikaprófanir samkvæmt ISO 10993 stöðlunum.
- Utanumhald og eftirfylgni með prófunum við rannsóknarstofur.
- Samskipti við yfirvöld, skráningarsérfræðinga og ráðgjafa

Menntunar og hæfniskröfur

- Framhaldspróf (MSc eða Phd) í líffræði, lífefnafræði, lyfjafræði eða heilbrigðisvísindum
- Þekking í ónæmisfræðum, ofnæmisfræðum og eiturefnaáhrifum.
- Skipulag, frumkvæði og drifkraftur

SÉRFRÆÐINGUR Í ÞRÓUN OG SKRÁNINGUM

Starfsmaður verður partur af vöruþróunardeild Kerecis og mun vinna að vöruþróun og skráningum lækningavara sem Kerecis framleiðir.

Starfssvið

- Uppsetning áætlana og kortlagning skráninga á mismunandi markaði.
- Vinna með sérfræðingum að áhættumati og prófunaráætlunum.
- Skrifa umsóknir til yfirvalda og fylgja eftir samskiptum
- Þekkja umhverfi lækningatækja, lög, reglur og staðla

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í raunvísindum, lögfræði eða heilbrigðisvísindum
- Áhugi og hæfni í textagerð, stöðlum og mjög góð enskukunnátta
- Reynsla af skráningarvinnu á lyfjum eða lækningavörum æskileg

KERECIS.COM/CAREERS

KERECIS ÍSAFIRÐI
SUNDSTRÆTI 38
400 ÍSAFJÖRÐUR
+354 419 8000

KERECIS REYKJAVÍK
LAUGAVEGUR 77
101 REYKJAVÍK
+354 419 8000

KERECIS SVISS
WEBEREISTRASSE 61
8134 ADLISWIL
+41 43 499 15 66

KERECIS BANDARÍKIN
2300 CLARENDON BLVD
SUITE 1210
ARLINGTON
VIRGINIA 22201
+1 703 287 8752

kerecis

OR Orkuveita Reykjavíkur

Hefur þú ástríðu fyrir auðlinda- og skipulagsmálum?

Rannsókna- og nýsköpunarsvið OR leitar að manneskju sem hefur ástríðu fyrir auðlinda- og skipulagsmálum til að ganga til liðs við öflugan hóp sem hefur það hlutverk að horfa til framtíðar í starfsemi OR samstæðunnar. Við leitum að drífandi manneskju sem brennur fyrir umhverfisvænni orkunýtingu og nýsköpun og hefur hæfni til að vinna í þverfaglegum teymum.

Sviðið ber ábyrgð á vöktun og stýringu auðlindanýtingar hjá Veitum og Orku náttúrunnar, rannsóknum á nýjum jarðhita- og neysluvatnsauðlindum, alþjóðlegum nýsköpunarverkefnum og rannsóknarsamstarfi. Sviðið á mikinn þátt í vegferð okkar að sporlausri vinnslu og tekur virkan þátt í verkefnum Carbfix.

Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um. Umsóknarfrestur er til og með 10. júní n.k. Upplýsingar veitir Vala Hjörleifsdóttir, forstöðumaður nýsköpunar og framtíðarsýnar, vala.hjorleifsdottir@or.is. Nánari upplýsingar má finna á www.or.is.

OR Orkuveita Reykjavíkur

VEITUR | LJÓSLEIÐARINN | ON ORKA NÁTTÚRUNNAR | Carbfix

RL

Reiknistofa lífeyrissjóða

Reiknistofa Lífeyrissjóða hf. (RL) er í eigu 10 lífeyrissjóða og er jafnframt eigandi að hugbúnaðarkerfinu Jóakim. Kerfið er mikilvægur innviður í rekstri lífeyrissjóða en mætir einnig þörfum annarra notenda. Unnið hefur verið að yfirtöku á rekstri kerfisins og þjónustu við notendur undanfarin misseri. Til framtíðar mun RL mæta kröfum og þörfum eigenda sinna og annarra notenda um sterkari tæknilega innviði og aukna áherslu á stafræna þróun.

Framkvæmdastjóri Reiknistofu lífeyrissjóða

Reiknistofa lífeyrissjóða (RL) leitar að framkvæmdastjóra til að leiða og sjá um uppbyggingu félagsins ásamt öflugu teymi starfsfólks. Framkvæmdastjóri þarf að búa yfir mikilli forystuhæfni, samskiptafærni, styrk til að taka ákvarðanir og frumkvæði til að ná árangri í starfi. Hjá RL er lögð áhersla á starfsumhverfi þar sem reynir á vilja til þróunar og vaxtar án þess að slakað sé á kröfum um gæði og öryggi í rekstri.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á uppbyggingu félagsins, daglegum rekstri og stjórnun.
- Mótun og innleiðing stefnu í samstarfi við stjórn.
- Leiða og styðja öflugt starfsfólk til árangurs.
- Samskipti og samningar við birgja og viðskiptavini.
- Stuðla að nýsköpun og framþróun til hagsbóta fyrir viðskiptavini.
- Samskipti við samstarfs- og hagaðila.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Árangursrík reynsla á sviði rekstrar og stjórnunar, kostur ef það er á sviði upplýsingatækni.
- Reynsla af því að framkvæma, stuðla að eða styðja við nýsköpun.
- Reynsla af innleiðingu stefnu og breytingastjórnun.
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Metnaður, frumkvæði og vaxtarviðhorf.

Umsóknarfrestur er til og með 4. júní nk.

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð og telur að nýtist í starfi.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

GEORG

Við leitum að liðsfélögum

GEORG er alþjóðlegur rannsóknaklasi í jarðhita sem að standa 22 innlendir og erlendir aðilar; háskólar, vísindastofnanir og fyrirtæki. Markmið rannsóknaklasans er að leiða saman aðila á jarðhitasviðinu og mynda sterkt afl til skjótra framfara í jarðhitarannsóknum, verkfræði, og hönnun. Framtíðarsýn klasans er að vera leiðandi afl í alþjóðlegum jarðhitarannsóknum. Nánari upplýsingar er að finna á www.georg.cluster.is.

Verkefnastjóri í þróunarverkefnum

GEORG rannsóknarklasi leitar að öflugum liðsfélaga til að taka þátt í undirbúningi og rekstri þróunarverkefna á sviði bættrar jarðhitanýtingar og framþróunar.

Hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun á háskólastigi í verkfræði, tæknifræði, raunvísindum eða önnur sambærileg menntun.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Leiðtogahæfni, góð samskiptahæfni og geta til að samræma mismunandi sjónarmið.
- Hæfni til að horfa á verkefnin frá mörgum sjónarhornum.
- Frumkvæði og hæfni til að þróa og móta nýjar hugmyndir og hrinda í framkvæmd.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli.

Sérfræðingur á sviði viðskiptaþróunar og fjármögnunar

GEORG rannsóknarklasi leitar að öflugum liðsfélaga á svið viðskiptaþróunar og fjármögnunar, til að taka þátt í undirbúningi og rekstri fjölbreyttra verkefna á sviði bættrar jarðhitanýtingar og framþróunar.

Hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun á háskólastigi í verkfræði, viðskipta- eða hagfræði.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Þekking og reynsla af fjármögnun og uppbyggingu umfangsmikilla rannsókna og þróunarverkefna er kostur.
- Reynsla af stefnumótun, markmiðasetningu og árangursmælingum verkefna.
- Góð greiningarhæfni og framsetning upplýsinga.
- Frumkvæði, metnaður og lausnamiðuð hugsun.
- Góð samskiptahæfni og geta til að vinna í teymi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli.

Nánari upplýsingar um störfin eru á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsóknarfrestur er til og með 26. maí nk.

Sótt er um störfin á **www.vinnvinn.is**.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Garðar Óli Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

QA Specialist

ZYMETECH

As QA Specialist you will be highly involved in the quality assurance operations within Zymetech and under the Zymetech Quality Management System (QMS). Your main task will be to contribute to ensuring compliance of the production of enzyme bulk and cosmetics under the Zymetech QMS. The Zymetech QMS is ISO 9001 certified.You will be part of a small local team within a larger network where your contributions will be valued.

Key responsibilities

- Perform activities required such as non-conformity handling, internal auditing, supplier auditing, document management and change controls
- QA review and approval of QMS documents
- Creation and maintenance of SOPs within QAs responsibilities
- Batch documentation review and product batch release
- Advisor in matters such as quality issue investigations, risk assessment and validation activities

Qualification

- University degree in a field of life science such as Chemical Engineering, Pharmaceutical Science or Biotechnology
- At least 5 years' experience in working with GMP requirements
- Experience in manufacturing, QC or QA of biopharmaceuticals or products of biological origin is desired
- Knowledge in protein purification processes is an advantage

Personal profile

- We are looking for a driven, structured, self-motivated, quality-oriented person with attention to detail while keeping a holistic perspective. You should possess personal integrity and strong interpersonal communication skills using the English language. We expect you to have excellent problem-solving skills and be able to apply a risk-based approach in your work. Furthermore, strong work ethics and excellent team working skills is required.

About Zymetech:

Zymetech was established in 1999 and is a leader in production and utilization of marine enzymes harvested from North Atlantic cod. The enzymes are currently used in cosmetics and medical devices. In 2016 Zymetech ehf. joined the life science company Enzymatica AB in Sweden. Enzymatica AB is listed on the Nasdaq First North stock exchange. Among the products the companies have developed and put on the market is the PENZIM skincare line that is well known in Iceland, and the ColdZyme® mouth spray against the common cold that is sold all over Europe and in other markets. Zymetech is positioned in the vibrant area of Grandi in the western part of Reykjavík.
More information on Zymetech and Enzymatica can be found on www.enzymatica.com.

The closing date for applications is **June 2nd 2022.** Applications should be completed at **www.intellecta.is.** Please attach a CV and an introduction letter **in English** with the application. All applications are strictly confidential and will be answered.
Detailed information regarding the position and Zymetech can be found at **www.intellecta.is**.
Further information can be provided by Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is).

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Lögfræðingur á rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar

ÞJÓÐKIRKJAN

Þjóðkirkjan óskar eftir að ráða öflugan lögfræðing í fjölbreytt og krefjandi starf sem snýr fyrst og fremst að fasteignasviði. Um er að ræða fullt starf með starfsstöð í Reykjavík og er kostur ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsýsla og hagsmunagæsla vegna fasteigna og jarða kirkjunnar
- Gerð og yfirlestur ýmissa samninga
- Lögfræðiráðgjöf og önnur verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis eða meistarapróf í lögfræði
- Reynsla og/eða þekking á fasteignaskráningu og þinglýsingum
- Þekking á félaga- og skattarétti er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki í starfi og góð skipulagsfærni
- Mjög góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með **6. júní 2022**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Umsókn skal fylgja staðfest afrit af prófskírteini ásamt einkunnum. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og verða nöfn umsækjenda ekki birt opinberlega. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Vakin er athygli á því að óskað verður eftir sakarvottorði áður en ráðið verður í starfið.

Nánari upplýsingar veita Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Forstöðumaður reikningshalds

EIK

Eik fasteignafélag óskar eftir að ráða **drífandi** og **skipulagðan** einstakling í starf forstöðumanns reikningshalds. Leitað er að einstaklingi með umtalsverða reynslu í uppgjörsvinnu ásamt framúrskarandi samskiptahæfni og getu til að vinna sjálfstætt. Viðkomandi heyrir beint undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með daglegum rekstri og starfsmannahaldi reikningshalds
- Yfirumsjón með verkefnum reikningshalds
- Ábyrgð á innra eftirliti á sviði reikningshalds
- Gerð ársreikninga auk skattframtala
- Ábyrgð á virðisaukaskattsuppgjörum, frjálsri og sérstakri skráningu
- Yfirumsjón með skipulagningu og þróun ferla í reikningshaldi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði viðskipta, endurskoðunar eða sambærileg menntun
- Víðtæk reynsla af uppgjörsvinnu og samstæðuuppgjöri er skilyrði
- Löggildingarpróf í endurskoðun er kostur
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Góða þekking á excel og bókhaldskerfum
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og jákvætt viðmót
- Sjálfstæði, nákvæmni, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð

Eik fasteignafélag var stofnað árið 2002. Frá stofnun hefur félagið vaxið með áherslu á fjárfestingar í helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarinnar og er á meðal stærstu fasteignafélaga landsins. Hlutabréf félagsins eru skráð á aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Félagið býður upp á framúrskarandi starfsaðstöðu og góðan starfsanda. Hjá félaginu starfa 32 starfsmenn með fjölbreytta menntun og reynslu á fasteignamarkaði. Markmið þess er að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu og bjóða húsnæðislausnir í takt við mismunandi þarfir.

Sú viðleitni grundvallast á gildum félagsins: **fagmennsku, frumkvæði, léttleika og áreiðanleika.**

Umsóknarfrestur er til og með **1. júní 2022.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist starfi. Við hvetjum alla áhugasama einstaklinga til að sækja um starfið. Eik fasteignafélag metur alla einstaklinga að verðleikum, óháð kyni, kynferði, skoðunum, trú, þjóðernisuppruna, kynþætti, litarhætti, efnahag, ætterni og stöðu að öðru leyti.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Rekstrarstjóri viðhalds

Alcoa Fjarðaál leitar að reyndum sérfræðingi í starf rekstrarstjóra viðhalds í kerskála og kersmiðju. Í hátæknivæddu álveri Alcoa Fjarðaáls vinnur öflugur hópur fólks að því að tryggja áreiðanleika búnaðar með bestu viðhaldskerfum sem völ er á. Rekstrarstjórar hafa yfirumsjón með viðhaldi og viðhaldskostnaði á framleiðslusvæðum.

Ábyrgð og verkefni

- Yfirumsjón með viðhaldsþjónustu í kerskála og kersmiðju
- Samskipti við framleiðendur búnaðar varðandi viðhald og endurnýjun
- Þróun viðhaldsáætlana með áreiðanleika-teymi og eftirfylgni á þeim
- Umbætur í rekstri tækja og búnaðar
- Tæknistuðningur og bilanagreining

Menntun, reynsla og hæfni

- Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði eða önnur hagnýt menntun
- Reynsla af rekstri viðhalds
- Jákvæðni og atorkusemi
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta

Frekari upplýsingar um starfið veitir Árni Páll Einarsson, framkvæmdastjóri viðhalds og áreiðanleika, í tölvupósti á netfangið *arni.einarsson@alcoa.com* eða í síma 843 7719. Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Hægt er að sækja um starfið á **www.alcoa.is.**
Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 6. júní.

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Kvika leitar að öflugu starfsfólki

Öryggisstjóri

Kvika banki leitar að öryggisstjóra á svið áhættustýringar bankans. Öryggisstjóri ber ábyrgð á öryggisferlum og eftirliti með upplýsingaöryggi þvert á samstæðu Kviku og dótturfélaga. Kvika er með ISO 27001 vottun og leggur ríka áherslu á öryggisvitund starfsfólks og stöðugar umbætur.

Nánari upplýsingar veitir Thomas Skov Jensen, thomas.jensen@kvika.is
Umsóknarfrestur er til og með 29. maí 2022.

Framendaforritari

Upplýsingatæknideild Kviku, sem vinnur þvert á öll félög samstæðunnar, leitar að lausnamiðuðum framendaforritara í hugbúnaðarteymi TM, en félagið hefur verið leiðandi í stafrænum lausnum á íslenskum tryggingamarkaði. Leitað er að einstaklingi sem hefur unun af að búa til fallegar stafrænar lausnir í náinni samvinnu við hönnuði og vörustjóra og nýtur þess að kynna sér nýjungar sem stuðla að því að TM verði áfram leiðandi í stafrænum lausnum á íslenskum markaði.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Þórðarson, olafur.thordarson@kvika.is
Umsóknarfrestur er til og með 29. maí 2022.

Fjölhæfur forritari

Upplýsingatæknideild Kviku leitar að lausnamiðuðum forritara í hugbúnaðarteymi TM, en félagið hefur verið leiðandi í stafrænum lausnum á íslenskum tryggingamarkaði. Við leitum að einstaklingi sem brennur fyrir hugbúnaðargerð og nýtur þess að kynna sér nýjungar til að hjálpa okkur að vera áfram leiðandi í stafrænum lausnum á íslenskum markaði.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Þórðarson, olafur.thordarson@kvika.is
Umsóknarfrestur er til og með 29. maí 2022.

Full-stack developer

Upplýsingatæknideild Kviku leitar að lausnamiðuðum og metnaðarfullum forritara í hugbúnaðarteymið sem þjónustar Kviku banka og vinnur að fjölbreyttum hugbúnaðarlausnum innan bankans. Við viljum kynnast einstaklingi sem brennur fyrir hugbúnaðargerð og nýtur þess að kynna sér nýjungar til að hjálpa okkur að vera áfram leiðandi í stafrænum fjártæknilausnum á íslenskum markaði. Saman hefur teymið mikil áhrif á lausnirnar sem við smíðum fyrir viðskiptavini.

Nánari upplýsingar veitir Anna Zuchowicz, anna.zuchowicz@kvika.is
Umsóknarfrestur er til og með 29. maí 2022.

Kvika er öflugur fjártæknibanki sem stuðlar að umbreytingu og samkeppni á fjármálamarkaði með áherslu á upplifun viðskiptavina, nýsköpun og stafrænt vöruframboð. Starfsumhverfið einkennist af sveigjanleika, samvinnu og liðsheild, frumkvæði starfsfólks, jöfnum tækifærum, trausti og heilsusamlegu og jákvæðu umhverfi. Vörumerki samstæðunnar eru meðal annars TM, Kvika eignastýring, Lykill, Auður, Netgíró og Aur.

Nánari upplýsingar má finna á kvika.is/um-kviku/mannaudur/starfsumsokn

kvika.is

KVIKA

Verkefnastjóri / Staðarstjóri

Vegna góðrar og vaxandi verkefnastöðu býður Viðskiptavit ehf áhugavert framtíðarstarf fyrir verkefnastjóra sem hefur stýrt byggingarverkefnum og unnið á verkstað.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Stjórnun og umsjón verkefna
- Stjórn og eftirfylgni innkaupa
- Gerð og eftirfylgni verk- og kostnaðaráætlana
- Reikningagerð og uppgjör verka
- Samskipti við opinbera- og samstarfsaðila
- Gæðaeftirlit í Ajour
- Timastjórnun í MS Project

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Iðn-/tækni-/verkfræðimenntun og marktæk reynsla á verkstað
- Góð tölvukunnátta, reynsla af notkun á AutoCad, Ms Project og Ajour æskileg
- Stundvísi, sjálfstæði og vinnusemi
- Árangursdrifin og lausnamiðuð nálgun
- Samskiptafærni, frumkvæði og framúrskarandi þjónustulund

Umsóknarfrestur er til og með **30. maí 2022.**
Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og er öllum umsóknum svarað.

Umsóknir óskast sendar á baldur@vvit.is með ferilskrá og nöfnum umsagnaraðila.

Verkstjóri

Vegna góðrar og vaxandi verkefnastöðu vantar Viðskiptavit ehf hörkuduglegan og reynslumikinn verk-/staðarstjóra til daglegrar verkstjórnunar og reksturs á byggingarsvæðum sínum. Um er að ræða skemmtilegt, krefjandi og fjölbreytt starf þar sem öryggi, gæði og afköst skipta meginmáli.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Rekstur byggingarsvæðis með öllu sem því tilheyrir
- Fagleg yfirumsjón með framkvæmdum
- Undirbúningur og uppsetning verka
- Úttekt á verkum undirverktaka
- Stjórnun á verkstað
- Umsjón með dagsskýrslum og verkskýrslum
- Mælingar á verkstað
- Geta gripið til verka

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Meistararéttindi í húsasmíði eru áskilin
- Reynsla vegur þungt
- Góð færni í samskiptum
- Drifkraftur

VIÐSKIPTAVIT
- VIÐ LÁTUM HLUTINA GERAST -

Viðskiptavit ehf. er framsækið fyrirtæki í byggingariðnaði sem sinnir verktöku ásamt alhliða verkefnastjórnun og ráðgjöf. Viðskiptavit hefur innan sinna raða reynslumikið og hæfileikaríkt starfsfólk á sviði byggingarstarfsemi og verkefnastjórnunar.

Umsjónarmaður skapandi rýmis

Menntaskóli Borgarfjarðar óskar eftir að ráða umsjónarmann í skapandi rými í 100% starf frá og með 1. ágúst 2022.

Kvika er fjölnota skapandi rými sem styður við nýsköpun og þróun með aðgengi að tækjakosti eins og mynd- og hljóðveri, þrívíddarprenturum, laserskerum, vinylskerum, pressum, saumavélum og fleiri tækjum ásamt rými til listsköpunar.

Nemendur og starfsfólk skólans koma til með að nýta aðstöðuna í verklegri kennslu og stafrænni hönnun og miðlun, sem er áhersla í öllum áföngum skólans. Kvika verður einnig opin almenningi og öðrum skólum og stofnunum í Borgarbyggð.

Nánari upplýsingar fá finna á heimasíðu Menntaskóla Borgarfjarðar: www.menntaborg.is

MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

Sérfræðingar í fjarskiptum

Við leitum að öflugum liðsauka inn á Fjarskiptasvið Símans. Meginhlutverk deildarinnar er uppbygging og rekstur miðlægra fjarskiptakerfa Símans. Fjarskiptakerfi þróa og reka 3G/4G og 5G kjarna fyrir tal og gagnaflutning. IMS/VoLTE kerfi sem stjórnar talþjónustu yfir 4G/5G. SMS/MMS kerfi Símans og tæknileg umsjón SIM/eSIM korta kerfa/ferla eru hluti af verkefnum deildarinnar. Hýstar símkerfalausnir, Webex by Cisco, eru einnig reknar á deildinni. Framundan eru spennandi áskoranir við áframhaldandi uppbyggingu á 5G fjarskiptainnviðum Símans.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Daglegur rekstur fjarskiptakerfa/tölvukerfa
- Þátttaka í framþróun fjarskiptakerfa Símans
- Villugreining og eftirfylgni með úrlausn vandamála hjá birgja
- Þátttaka í umbótaverkefnum innan deildar

Hæfni og reynsla

- Háskólamenntun í fjarskiptum, verkfræði/tæknifræði/tölvunarfræði eða sambærilegt.
- Reynsla og þekking á fjarskiptakerfum æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Færni í samskiptum
- Skipulögð vinnubrögð

Persónulegir eiginleikar

- Brennandi áhugi á fjarskiptatækni
- Þjónustulund
- Færni í mannlegum samskiptum

Síminn er traust og framsækið fyrirtæki á sviði fjarskipta og afþreyinga sem vill laða til sín framúrskarandi starfsfólk. Við leggjum áherslu á sterka liðsheild, hvetjandi starfsumhverfi og tækifæri til starfsþróunar og vaxtar.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí næstkomandi.
Aðeins er tekið við umsóknum í gegnum siminn.is/storf.
Fyrirspurnum skal beint á netfangið mannaudur@siminn.is.
Í anda jafnréttisstefnu Símans hvetjum við alla til að sækja um; óháð kyni.

MARKAÐSFYRIRTÆKI ÁRSINS TOPP 5 2020 IMARK

Náttúrustofa Austurlands

Náttúru– og umhverfisrannsóknir – Útivinna og úrvinnsla

Náttúrustofa Austurlands óskar eftir náttúrufræðingi til starfa. Starfslýsing getur mótast af sérþekkingu umsækjanda og m.a. snúið að þróun nýrra verkefna, lífríkisrannsóknum á vettvangi, greiningum, landupplýsingum, umhverfismálum eða loftslagsmálum. Náttúrustofa Austurlands sinnir fjölbreyttum viðfangsefnum á ólíkum sviðum náttúrurannsókna. t.d. á hreindýrastofninum, fuglum, gróðri og lífríki í ám og sjó.

Menntunar- og hæfniskröfur

Nauðsynlegt:
- Háskólapróf í náttúrufræðum, t.d. sérþekking á gróðri, fuglum, spendýrum, landupplýsingum, vatnalíffræði, sjávarlíffræði eða á sambærilegum sviðum.
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður.
- Geta til þátttöku í lengri vettvangsferðum fjarri heimili
- Færni í mannlegum samskiptum
- Vilji til að ganga í ólík störf
- Færni í greiningu og framsetningu gagna
- Ökupróf

Æskilegt:
- Framhaldsmenntun á háskólastigi
- Starfsreynsla á fagsviði
- Að geta hafið störf sem fyrst
- Góð íslensku– og enskukunnátta

Kostur:
- Þekking á vinnslu landupplýsinga
- Þekking á R
- Áhugi og hæfileikar til að tileinka sér nýjungar og tækni
- Vilji til að sinna rannsóknum úr lofti (t.d. flugtalningar fugla og hreindýra)

Um er að ræða 100% starf eða eftir samkomulagi. Laun eru samkvæmt stofnanasamningi Náttúrustofu Austurlands við FÍN. Ráðið er tímabundið í eitt ár til reynslu en gert er ráð fyrir að um framtíðastarf sé að ræða. Til greina kemur að ráða í fleiri en eitt starf.

Upplýsingar veitir Kristín Ágústsdóttir forstöðumaður (s: 477-1774 eða kristin@na.is).

Umsókn með ferilskrá, meðmælum og bréfi þar sem fram komi hvað umsækjandi hefur fram að færa og hvaða verkefni hann brennur fyrir sendist til kristin@na.is með fyrirsögninni: Starfsumsókn

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní n.k.

Náttúrustofa Austurlands er með höfuðstöðvar í Neskaupstað og útibú á Egilsstöðum

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Reykhólar er sveitarfélag með um 230 íbúa og þar af býr um helmingur þeirra í þéttbýlinu á Reykhólum. Á Reykhólum er að finna margvíslega þjónustu. Í boði er flutningsstyrkur.

Laus til umsóknar staða skólastjóra Reykhólaskóla

Reykhólahreppur auglýsir stöðu skólastjóra Reykhólaskóla lausa til umsóknar. Skólinn er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli undir einu þaki sem viðkomandi er ætlað að leiða. Í skólanum eru innan við 30 nemendur á grunnskólaaldri og 12 nemendur á leikskólaaldri. Reykhólar er sveitarfélag með um 270 íbúa og þar af býr um helmingur þeirra á þéttbýlinu á Reykhólum. Á Reykhólum er að finna margvíslega þjónustu.

Starfssvið:
- Að starfa skv. lögum og reglugerð um grunn- og leikskóla
- Að veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Að leiða samstarf nemenda, starfsmanna, heimila og skólasamfélagsins í heild
- Að stýra og bera ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Leyfi til að nota starfsheitið kennari
- Kennslureynsla í grunnskóla er skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og uppeldis- og menntunarfræða er kostur
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar, rekstrar og þróunarstarfi er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Faglegur metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði
- Hreint sakavottorð

Leitað er að einstaklingi sem hefur skýra framtíðarsýn í skólamálum, er skapandi og metnaðarfullur. Staðan er laus frá 1. júlí 2022. Launakjör eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsókn skal fylgja greinargott yfirlit um nám og störf (ferilskrá), leyfisbréf til kennslu, kynningarbréf og meðmæli. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps, í síma 430-3200 eða í gegnum netfangið sveitarstjori@reykholahreppur.is

Umsóknum skal skilað til sveitarstjóra Reykhólahrepps á netfangið sveitarstjori@reykholahreppur.is

Staða leikskólakennara í 100% starfshlutfalli, best er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið: Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu sveitarfélagsins.

Menntunar og hæfniskröfur:
- Kennaramenntun, leyfisbréf og hæfni til kennslu í leikskóla
- Góð íslenskukunnátta
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum
- Jákvæðni, frumkvæði og góður samstarfsvilji
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og sveigjanleiki í vinnubrögðum
- Reglusemi og samviskusemi
- Hefur hreint sakarvottorð

Launakjör eru samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.
Umsóknum skal fylgja greinargott yfirlit um nám og störf (ferilskrá), leyfisbréf til kennslu, kynningarbréf og meðmæli. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Hvetjum fólk af öllum kynjum til að sækja um.

Upplýsingar gefur Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri í síma 430 3200
eða í gegnum netfangið sveitarstjóri@reykholar.is

Umsóknum skal skilað til sveitarstjóra Reykhólahrepps á netfangið sveitarstjori@reykholar.is

Laus til umsóknar staða tónlistakennara.

Reykhólaskóli- tónlistardeild óskar eftir tónlistakennara í fullt starf frá og með 1.ágúst 2022.

Við tónlistadeild Reykhólakóla stunda um 20 nemendur nám á ýmis hljóðfæri. Tónlistadeild er í mikilli samvinnu við grunn- og leikskóladeild Reykhólaskóla. Meirihluti kennslunnar fer fram á skólatima grunn- og leikskóladeildar.

Helstu verkefni og ábyrgð.
- Almenn tónlistakennsla
- Tónmennt í grunnskóladeild.
- Önnur verkefni sem skólastjóri felur kennara.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Tónlistakennaramenntun eða haldgóð tónlistamenntun sem nýtist í starfi.
- Færni í kennslu á ýmis hljóðfæri.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi.
- Góð íslenskukunnátta.
- Hreint sakarvottorð.

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar veitir Anna Björg Ingadóttir skólastjóri Reykhólaskóla á netfangið skolastjori@reykholar.is, eða í síma 4347806.

Ferilskrá og kynningarbréf sendist á skolastjori@reykholar.is eða á Reykhólaskóli, Skólabraut 1, 380 Reykhólahreppur.

Í Reykhólaskóla eru 40 nemendur í dag - Umsóknarfrestur er 31. maí í öllum tilfellum. - Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Þarftu
að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðgjöf og ráðningum.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum
lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

ráðum
ráðningarstofa

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Stjórnandi Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts
Skóla- og frístundasvið auglýsir stöðu stjórnanda Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts lausa til umsóknar.

Reykjavíkurborg rekur fjórar skólahljómsveitir sem starfa í Vesturbæ-Miðbæ, Austurbæ, Árbæ-Breiðholti og Grafarvogi og heyra þær undir skóla- og frístundasvið. Skólahljómsveitir Reykjavíkurborgar starfa á grundvelli menntastefnu borgarinnar auk aðalnámskrár tónlistarskóla og eru í viðamiklu samstarfi sín á milli. Meginmarkmið þeirra er að jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms og stuðla að hæfni þeirra til að flytja, skapa og njóta tónlistar. Á sjötta hundrað nemenda stunda nám í skólahljómsveitunum og koma þeir fram á tónleikum hljómsveitanna og við fjölmörg önnur tækifæri sem tengjast starfsstöðum sviðsins. Auk þess taka þær virkan þátt í viðburðum í hverfum og víðar.

Í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts eru nemendur á grunnskólaaldri og aðsetur hljómsveitarinnar er í Breiðholtsskóla. Starfið fer fram í þremur blásarasveitum og skiptast nemendur í þær eftir aldri og getu. Kennt er á málm- og tréblásturshljóðfæri sem leikið er á í hefðbundnum blásarasveitum, auk slagverks og rafbassa. Meginákersla er lögð á að undirbúa og styðja nemendur vegna þátttöku í hljómsveitarstarfi.

Leitað er að einstaklingi sem hefur kunnáttu og metnað til að leiða starf hljómsveitarinnar, vilja til að taka virkan þátt í öflugu samstarfi skólahljómsveita, hefur sýnt árangur í störfum sínum, býr yfir leiðtogahæfileikum og hefur víðtæka þekkingu og reynslu á sviði tónlistarmenntunar barna.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Ábyrgð á listrænni stjórnun og framkvæmd stefnu skólahljómsveita.
- Móta stefnu og áherslur skólahljómsveita í samvinnu við stjórnendur.
- Stjórn og ábyrgð á rekstri, skipulagi og daglegri starfsemi hljómsveitarinnar.
- Ábyrgð á starfsmannamálum s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.
- Virk þátttaka í sameiginlegum verkefnum á skóla- og frístundasviði.
- Stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og fagfólk.

Hæfniskröfur
- Lokapróf á blásturshljóðfæri eða önnur hljóðfæri sem kennt er á hjá skólahljómsveitum Reykjavíkurborgar.
- Framhaldsmenntun æskileg.
- Reynsla af stjórnun hljómsveita.
- Reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum.
- Frumkvæði í starfi, skipulagshæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Reynsla og þekking af rekstri og fjármálum æskileg.
- Góð tækni- og tölvukunnátta.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Í öllu starfi skóla- og frístundasviðs er unnið að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur Látum draumana rætast þar sem leiðarljósin eru virkni og þátttaka barna, aukið samstarf og fagmennska. Nánari upplýsingar: www.menntastefna.is

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um hugmyndir umsækjanda um gildi og framkvæmd skólahljómsveitarstarfs og möguleika á samstarfi við grenndarsamfélagið. Auk þess fylgi umsókn yfirlit yfir nám og fyrri störf, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað sem málið varðar.
Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2022

Umsóknarfrestur er til og með 4. júní 2022
Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurbogar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is
Nánari upplýsingar um starfið veitir Soffía Pálsdóttir í tölvupósti soffia.palsdottir@reykjavik.is og Jóhanna Marteinsdóttir í tölvupósti johanna.marteinsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Leikskólakennarar óskast

Leikskólinn Undraland, Flúðum auglýsir eftir leikskóla kennurum til starfa næsta skólaár, frá og með 8. ágúst 2022

Í Undralandi eru um 45 nemendur frá eins árs aldri á þremur deildum.

Leikskólinn nýtur góðs af einstaklega fallegu umhverfi, góðu útinámssvæði og hinni rómuðu veðursæld á Flúðum.

Vel er búið að leikskólanum af hálfu sveitarfélagsins og nýtur hann góðs samstarfs við foreldrasamfélagið sömuleiðis. Við skólann starfar samstilltur hópur með alls konar reynslu og þekkingu sem nýtist vel í leikskólastarfinu.

Leiðarljós okkar í Undralandi er umhverfi okkar og umhyggja.

Við leitum að áhugasömum leikskólakennurum til þess að starfa með okkur í því að efla leikskólann okkar með metnaðarfullu starfi og fólki sem hefur áhuga á því að vinna með börnum – og fullorðnum, í leik og starfi. Umsækjendur þurfa að vera sveigjanlegir og ráðagóðir, með ríka samkennd og góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Við leitum að fólki sem hefur faglegan metnað og áhuga á þróunarstarfi menntastofnana.

Framundan eru spennandi tímar í Undralandi, Flúðum þar sem starfsmenn geta komið að þróun skólans til framtíðar.

Við hvetjum áhugasamt fólk, af öllum kynjum, til að sækja um. Ef ekki næst að ráða fagmenntaða leikskólakennara, þá ráðum við leiðbeinendur til starfa.

Umsóknarfrestur er til 31. maí 2022.
Ráðið verður í stöðuna frá og með 8. ágúst 2022

Umsóknir skal senda rafrænt með ferilskrá og greinargerð um umsækjanda; áhugasvið, styrkleika og sýn viðkomandi á leikskólastarfið, á netfang skólans.

Áhugasamir hafi samband við leikskólastjóra, til að afla frekari upplýsinga. **Ingveldur Eiríksdóttir,** leikskólastjóri s. 7686600 - undraland@undraland.is

Leikskólinn Undraland
Umhverfi - Umhyggja
Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Embætti skrifstofustjóra
hjá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti skrifstofustjóra á skrifstofu félags- og lífeyrismála. Skipað verður í embættið til fimm ára og æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Hlutverk skrifstofunnar er að undirbyggja stefnumarkandi ákvarðanir ráðherra og hafa heildarsýn yfir þau verkefni sem skrifstofunni er falið. Í starfi skrifstofustjóra felst stjórnun, áætlanagerð, stefnumótun, markmiðssetning og mat á árangri. Í starfinu er lögð áhersla á nýsköpun og gott samráð og samstarf við stofnanir ráðuneytisins og aðra hagaðila á málefnasviðum þess. Verkefni skrifstofunnar ná m.a. til þjónustu við fatlað fólk, málefna eldra fólks, félagsþjónustu sveitarfélaganna og almannatrygginga auk gæðaeftirlits í málaflokknum.

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á ögguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er skilyrði.
- Farsæl reynsla af stjórnun og mannaforráðum.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og leiðtogafærni.
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.
- Þekking og reynsla af áætlanagerð og stefnumótun.
- Skipulagsfærni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku.

Umsóknarfrestur er til og með 13. júní nk.
Umsóknum skal fylgja starfsferilsskrá ásamt fylgigögnum um menntun og árangur í starfi og kynningarbréf þar sem tilgreind er ástæða umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Félags- og vinnumarkaðsráðherra skipar í embættið til fimm ára í senn, skv. reglum nr. 393/2012 um ráðgefandi nefndir er meta hæfi umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands. Um embættið gilda lög nr. 115/2011 um stjórnarráð Íslands og lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Laun eru samkvæmt kjarasamningi sem fjármálaráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins hafa gert.

Nánari upplýsingar veitir Gissur Pétursson, ráðuneytisstjóri, 545-8100

Ráðuneytið hvetur fólk óháð kyni, þjóðernisuppruna og fötlun til að sækja um.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið liggur fyrir.

Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

Aðstoðarskólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi í stjórnunarteymi skólans. Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá ásamt rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi til starfans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennsluréttindi og kennslureynsla
- Framhaldsmenntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða, stjórnunar eða sambærilegra greina er æskileg
- Reynsla af stjórnun og faglegri forystu
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru öll kyn hvött til að sækja um starfið.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands.
Upplýsingar um starfið veitir Kristjana Hrafnsdóttir, kristjanahr@seltjarnarnes.is, í síma 595 9200.
Umsókn ásamt fylgiskjölum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar undir **seltjarnarnes.is –Störf í boði.**
Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2022. **Umsóknarfrestur er til og með 7. júní 2022.**

GRUNNSKÓLI SELTJARNARNESS

Á Seltjarnarnesi er lögð áhersla á að reka góða skóla þar sem boðið er upp á metnaðarfullt og framsækið skólastarf, sem byggir á góðu starfsumhverfi. Áhersla er lögð á að mæta þörfum nemenda og ýta undir hæfileika þeirra. Góð samskipti og samstarf starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila er forsenda þess að vel takist til við að byggja upp gott og mannvænt samfélag. Lögð er áhersla á samvinnu milli skólanna, samfelldan skóladag nemenda og öruggt umhverfi.

Í Grunnskóla Seltjarnarness eru um 580 nemendur, en hann er rekinn á tveimur starfsstöðvum, í Mýrarhúsaskóla (1.-6. bekkur) og Valhúsaskóla (7.-10. bekkur). Við skólann starfa um 100 manns og hefur skólinn á að skipa reynslumiklu og hæfu starfsfólki. Einkunnarorð skólans eru virðing – ábyrgð – vellíðan og er lögð áhersla á að þau einkenni skólastarfið. Skólinn er í miklu samstarfi við Tónlistarskóla Seltjarnarness, félagsmiðstöðina Selið og íþróttafélagið Gróttu.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

Reykjavíkurborg
Skóla-og frístundasvið fagskrifstofa grunnskólamála.

Verkefnastjóri í byggingateymi fyrir skóla- og frístundastarf

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf verkefnastjóra bygginga fyrir skóla- og frístundastarf laust til umsóknar.

Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi til að vinna í teymi innan skóla- og frístundasviðs um byggingar og búnað. Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómsveita. Jafnframt greiðir sviðið framlög til sjálfstætt starfandi dagforeldra, leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Skóla- og frístundasvið þjónustar yfir 20 þúsund börn og fjölskyldur þeirra. Útgjöld sviðsins eru u.þ.b. 60 milljarðar kr. á ári í tæplega 200 rekstrareiningum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Helsta starfssvið verkefnastjóra grunnskólabygginga er að hafa menntunarlega umsjón með verkefnum skóla- og frístundasviðs varðandi uppbyggingu og endurbætur á húsnæði grunnskóla og frístundastarfs.
- Veita umhverfis- og skipulagssviði og eignaskrifstofu Reykjavíkur, ráðgjöf á sviði skóla- og frístundastarfs í nýbyggingum, endurnýjun og/eða viðbótum við húsnæði og útisvæði fyrir grunnskóla- og frístundastarf.
- Veitir stjórnendum grunnskóla- og frístundastarfs ráðgjöf og stuðning í verkefnum tengdum framkvæmdum.
- Að hafa eftirlit með að framkvæmdir við byggingar fyrir skóla- og frístundastarf Reykjavíkurborgar taki mið af Menntastefnu Reykjavíkurborgar, aðalnámskrá grunnskóla og Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf.
- Er fulltrúi skóla- og frístundasviðs í viðbragðsteymi vegna húsnæðismála.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Reynsla og þekking af skóla- og frístundastarfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í starfi
- Skipulagshæfileikar og hæfni til að koma upplýsingum fram í ræðu og riti.

Umsókn fylgi starfsferilskrá og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðeigandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með 4.júní nk.
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, wwww.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veita Daníel Benediktsson, verkefnastjóri og Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri á fagskrifstofu grunnskólamála.netföng: daniel.benediktsson@reykjavik.is og soffia.vagnsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

AQ-rat
Byggingaverktakar
Þegar fagmennska skiptir þig máli

Múrarar óskast til starfa

AQ-rat ehf byggingaverktakar leggja áherslu á að veita fyrirtækjum, húsfélögum og einstaklingum faglega og góða þjónustu, allt frá nýsmíði til viðhalds og endurbóta.
Vegna aukinna verkefna leitum við af öflugum múrurum til að slást í hópinn með okkur og takast á við krefjandi verkefni.
Við hvetjum múrara á besta aldri til að sækja um.

Hæfniskröfur:
- Iðnmenntun og að lámarki 5 ára starfsreynsla
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum skilyrði
- Metnaður til að skila af sér vel unnu verki

Umsóknir skulu sendast ásamt ferilskrá á runar@aqrat.is merkt **„Múrari“**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rúnar í síma 8920688

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Aðstoðarskólastjóra á yngra stigi vantar við Grunnskóla Hornafjarðar.

Lausar stöður eru við Grunnskóla Hornafjarðar.
- **Aðstoðarskólastjóri á yngra stigi** 1. – 6. bekk

Aðstoðarskólastjóri heldur utan um daglegt skólastarf ásamt því að vera yfirmaður stoðþjónustu á yngra stigi.
- **Umsjónarkennsla**
- **Kennsla á bókasafni**

Umsækjendur skulu hafa tilskylda menntun og reynslu til starfsins og góð tök á íslensku bæði munnlega og skriflega. Áhersla er á að umsækjandi sýni hæfni í samskiptum, frumkvæði, sé lausnamiðaður og hafi skipulagshæfileika.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi LS og KÍ eða annarra félaga.

Umsóknum um starf skal skilað skriflega til skólastjóra **fyrir 27. maí n.k.** með upplýsingum um menntun, réttindi, starfsreynslu og meðmælendur.

Nánari upplýsingar veitir Eygló Illugadóttir skólastjóri í síma 470-8400 / 846-2227 - eyglo@hornafjordur.is

Í Grunnskóla Hornafjarðar eru um 250 nemendur í tveimur aðskildum húsum. Í öðru húsinu er í 1. – 6. bekkur en 7. – 10. bekkur í hinu. Unnið er eftir hugmyndarfræði uppeldis til ábyrgðar og skólinn er bæði grænfánaskóli og heilsueflandi skóli. Lögð er áhersla á teymisvinnu og innleiðingu fjölbreyttra kennsluhátta m.a. með því að auka ipadvæðingu. Í Grunnskóla Hornafjarðar er góður starfsandi og skólinn er vel búinn. Sveitarfélagið er vel statt og þar er blómlegt mannlíf.

Frelsi Virðing Jákvæðni Metnaður Vinátta

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
vellíðan fyrir alla

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

---

intellecta.is

RÁÐNINGAR

Umsjónarmaður skapandi rýmis

Menntaskóli Borgarfjarðar óskar eftir að ráða umsjónarmann í skapandi rými í 100% starf frá og með 1. ágúst 2022.

Kvika er fjölnota skapandi rými sem styður við nýsköpun og þróun með aðgengi að tækjakosti eins og mynd- og hljóðveri, þrívíddarprenturum, laserskerum, vinylskerum, pressum, saumavélum og fleiri tækjum ásamt rými til listsköpunar.

Nemendur og starfsfólk skólans koma til með að nýta aðstöðuna í verklegri kennslu og stafrænni hönnun og miðlun, sem er áhersla í öllum áföngum skólans. Kvika verður einnig opin almenningi og öðrum skólum og stofnunum í Borgarbyggð.

Nánari upplýsingar fá finna á heimasíðu Menntaskóla Borgarfjarðar: www.menntaborg.is

MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

ÍSTAK

Ístak óskar eftir að ráða til sín gjaldkera á skrifstofu fyrirtækisins í Mosfellsbæ.

Gjaldkeri tilheyrir fjármáladeild og ber ábyrgð á fjárstýringu, innheimtu og greiðslu reikninga.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Fjárstýring.
- Umsjón með greiðslu reikninga.
- Greiðsla á sköttum, launum, launatengdum gjöldum, lífeyrissjóðsiðgjöldum og öðrum tilfallandi kostnaði.
- Innheimta viðskiptakrafna.
- Samskipti við lánardrottna og viðskiptamenn, innlenda sem erlenda.
- Umsjón með lögfræðilegri innheimtu.
- Innri reikningagerð.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af fjárstýringu, gjaldkera- og innheimtustörfum.
- Þekking á Navision kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta og færni í Excel.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Þjónustulipurð og góð framkoma.

Nánari upplýsingar hjá mannauðsdeild Ístaks í s. 530 2764 og á hr@istak.is.

RÚV starfar í almannaþágu og hefur það hlutverk að vekja, virkja og efla. Öflugt og samhent starfsfólk RÚV rýnir samfélagið, segir mikilvægar sögur og þróar nýjar leiðir til miðlunar.

Umsókn skal skilað á **www.ruv.is/storf**

Nánari upplýsingar veitir Skarphéðinn Guðmundsson, dagskrárstjóri, skarphedinn.gudmundsson@ruv.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. júní 2022

Við hvetjum áhugasöm til að sækja um starfið, óháð kyni, uppruna, fötlun eða skertri starfsgetu.

www.ruv.is

Aðstoðardagskrárstjóri sjónvarps

Við leitum að aðstoðardagskrárstjóra sem hefur breiða þekkingu á dagskrárefni og framleiðslu. Um er að ræða faglega umsjón og samstarf við dagskrárstjóra um innkaup og framleiðslu á heimildaefni, fræðslu- og menningarefni.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Hugmyndavinna, þróun, framleiðsla, kaup, áætlanagerð, stefnumótun og fagleg umsjón með heimildaefni, fræðslu- og menningarefni.
- Svörun erinda og dagleg samskipti við sjálfstæða framleiðendur heimildaefnis, dagskrárgerðarfólk og aðra efnisbirgja.
- Undirbúningur, verkefnastýring og eftirlit með framleiðslu heimildaefnis fyrir hönd sjónvarps.
- Ráðningar, samskipti og stuðningur við dagskrárgerðarfólk.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf á sviði fjölmiðlunar, kvikmyndagerðar eða annars sem tengist ábyrgðarsviði og verkefnum.
- Yfirgripsmikil reynsla og þekking á framleiðslu heimildaefnis.
- Skipulagsfærni og nákvæmni.
- Gott vald á íslenskri tungu, ritfærni og ágæt tungumálaþekking, einkum í ensku og Norðurlandamálum.
- Góð hæfni í samskiptum og færni til að leiða árangursríka samvinnu.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Skjalastjóri
við embætti ríkissaksóknara.

Embætti ríkissaksóknara óskar eftir að ráða skjalastjóra til starfa.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Ábyrgð og umsjón með skjalasafni og skjalavistunarkerfi embættisins
- Umsjón með ytri og innri vef embættisins
- Þróun skjalastefnu og mótun verklags við skjalastjórn fyrir embættið þ.m.t. rafræna skjalavörslu
- Ráðgjöf og fræðsla fyrir starfsfólk um skjalamál og eftirfylgni með skjalaskráningu
- Frágangur og skil á gögnum til Þjóðskjalasafns
- Skráning í málaskrárkerfi lögreglu og ákæruvalds, skráning í GoPro skjalavistunarkerfi, skráning í sakaskrá, yfirlestur skjala frá ákærendum, skjalavistun og flokkun og almenn tölvuvinnsla

Hæfniskröfur
- Háskólapróf í upplýsingafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af skjalavörslu
- Þekking á GoPro skjalavistunarkerfi
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti
- Reynsla af vefumsjón er kostur
- Starfsreynsla á þessu sviði hjá opinberri stofnun er kostur
- Gott vald á upplýsingatækni, þ.m.t. á rafrænni skjalavörslu
- Góð samskipta- og samvinnuhæfni og jákvætt viðmót
- Frumkvæði, drifkraftur, skipulagni og sjálfstæði í starfi

Frekari upplýsingar um starfið
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Umsókn þarf að fylgja afrit af prófskírteinum, starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu auk upplýsinga um umsagnaraðila og önnur atriði sem máli kunna að skipta.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.
Starfshlutfall er 100% og er ráðið í starfið frá 1. september n.k. eða eftir samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með 20. júní 2022.

Auk þess að sækja um á Starfatorgi er hægt að senda umsókn á netfangið saksoknari@saksoknari.is eða til ríkissaksóknara, Suðurlandsbraut 4, 108, Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Jenný Heiða Björnsdóttir, skrifstofustjóri, í síma 444-2900.
Upplýsingar um embætti ríkissaksóknara er að finna á www.rikissaksoknari.is.

Ós

Leikskólinn Barnaheimilið Ós auglýsir eftir:
- Kennara í sérkennslu
- Kennara í stjórnunarteymi

Ós er lítill leikskóli með stórt hjarta og býður starfið upp á fjölbreytni og skemmtilegt umhverfi.
Viðkomandi þarf að vera stundvís, fús til samvinnu en umfram allt hjartahlýr og hress.

Upplýsingar og umsóknir:
osstjori@gmail.com
5523277

Dalabyggð

Laus eru til umsóknar störf við Auðarskóla í Dalabyggð:

Aðstoðarleikskólastjóri
Leikskólakennarar
Umsjónarkennarar

Umsóknarfrestur er til og með 1. júní nk.
Auðarskóli er sameinaður leik-, grunn, og tónlistarskóli og eru einkunnarorð skólans: Ábyrgð - Árangur - Ánægja.
Auðarskóli er staðsettur í Búðardal.
Um 90 nemendur eru í grunnskólanum og verða um 20 í leikskólanum á næsta skólaári.
Allar frekari upplýsingar er að finna á:
www.dalir.is

Ísbíllinn

Lagerstjóri/
Stöðvarstjóri

Fullt starf | Afgr., Bílst., Lager

Lagerstjóri stjórnar lager og heldur utan um birgðaskráningu.
Einnig ráðningar, þjálfun starfsmanna ofl.
Starfsstaður er í Reykjavík
Umsóknafrestur er til 10. júní

Sjá nánar á
job
Finnum draumastarfið saman

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Við leiðum fólk saman

HAGVANGUR

Verkefnastjóri / Staðarstjóri

Vegna góðrar og vaxandi verkefnastöðu býður Viðskiptavit ehf áhugavert framtíðarstarf fyrir verkefnastjóra sem hefur stýrt byggingarverkefnum og unnið á verkstað.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Stjórnun og umsjón verkefna
- Stjórn og eftirfylgni innkaupa
- Gerð og eftirfylgni verk- og kostnaðaráætlana
- Reikningagerð og uppgjör verka
- Samskipti við opinbera- og samstarfsaðila
- Gæðaeftirlit í Ajour
- Timastjórnun í MS Project

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Iðn-/tækni-/verkfræðimenntun og marktæk reynsla á verkstað
- Góð tölvukunnátta, reynsla af notkun á AutoCad, Ms Project og Ajour æskileg
- Stundvísi, sjálfstæði og vinnusemi
- Árangursdrifin og lausnamiðuð nálgun
- Samskiptafærni, frumkvæði og framúrskarandi þjónustulund

Umsóknarfrestur er til og með **30. maí 2022.**
Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og er öllum umsóknum svarað.

Umsóknir óskast sendar á baldur@vvit.is með ferilskrá og nöfnum umsagnaraðila.

Verkstjóri

Vegna góðrar og vaxandi verkefnastöðu vantar Viðskiptavit ehf hörkuduglegan og reynslumikinn verk-/staðarstjóra til daglegrar verkstjórnunar og reksturs á byggingarsvæðum sínum. Um er að ræða skemmtilegt, krefjandi og fjölbreytt starf þar sem öryggi, gæði og afköst skipta meginmáli.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Rekstur byggingarsvæðis með öllu sem því tilheyrir
- Fagleg yfirumsjón með framkvæmdum
- Undirbúningur og uppsetning verka
- Úttekt á verkum undirverktaka
- Stjórnun á verkstað
- Umsjón með dagsskýrslum og verkskýrslum
- Mælingar á verkstað
- Geta gripið til verka

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Meistararéttindi í húsasmíði eru áskilin
- Reynsla vegur þungt
- Góð færni í samskiptum
- Drifkraftur

VIÐSKIPTAVIT
- VIÐ LÁTUM HLUTINA GERAST -

Viðskiptavit ehf. er framsækið fyrirtæki í byggingariðnaði sem sinnir verktöku ásamt alhliða verkefnastjórnun og ráðgjöf. Viðskiptavit hefur innan sinna raða reynslumikið og hæfileikaríkt starfsfólk á sviði byggingarstarfsemi og verkefnastjórnunar.

Langanesbyggð leitar eftir skrifstofustjóra

Langanesbyggð er öflugt og vaxandi sveitarfélag með spennandi framtíðarmöguleika. Sveitarfélögin Langanesbyggð og Svalbarðshreppur eru nú í sameiningarferli og ný sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags tekur við að loknum kosningum 14. maí. Á Þórshöfn búa um 400 manns í fjölskylduvænu umhverfi. Skólinn var endurnýjaður árið 2016 og er öll aðstaða og aðbúnaður er til fyrirmyndar. Nýr leikskóli var tekinn í notkun haustið 2019. Gott íbúðarhúsnæði er til staðar og öll almenn þjónusta er á Þórshöfn. Á staðnum er gott íþróttahús og innisundlaug og stendur Ungmennafélag Langaness fyrir öflugu íþróttastarfi. Í þorpinu er mikið og fjölbreytt félagslíf. Samgöngur eru góðar, m.a. flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri. Í næsta nágrenni eru margar helstu náttúruperlur landsins og ótal spennandi útivistarmöguleikar, s.s. fallegar gönguleiðir og stang- og skotveiði.

Langanesbyggð leitar að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu. Í samræmi við jafnréttisáætlun Langanesbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.

Skrifstofustjóri

Skrifstofustjóri er yfirmaður skrifstofu Langanesbyggðar og heyrir beint undir sveitarstjóra og er staðgengill hans. Hann hefur faglega forystu og verkstjórn á daglegum verkefnum skrifstofunnar. Hann hefur umsjón með stjórnsýslu, fjármálum og starfsmannahaldi sveitarfélagsins og stofnana þess í umboði sveitarstjóra.

Helstu verkefni eru:

- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegum verkefnum skrifstofunnar.
- Umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins í umboði sveitarstjóra.
- Undirbúningur og frágangur funda sveitarstjórnar, nefnda og ráða
- Eftirlit með framkvæmd samninga, laga og reglugerða sem gilda hverju sinni og heyra undir sveitarfélagið.
- Tekur þátt í faglegri framkvæmd verkefna á grunni sérfræðiþekkingar sinnar.
- Umsjón með heimasíðu sveitarfélagsins og birtingu fundargerða
- Yfirumsjón og ábyrgð með leyfisveitingum, uppfærslum á samþykktum, reglum og gjaldskrám.

Menntun:

- Á sviði viðskipta, stjórnsýslu eða lögfræði.

Reynsla:

- Úr stjórnsýslu og rekstri.
- Af stefnumótun og verkefnastjórnun æskileg.
- Á skjalastjórnunar- og bókhaldskerfum æskileg.
- Á sviði kjaramála, stjórnunar, og samningagerðar æskileg.

Hæfni:

- Í samskiptum.
- Frumkvæði og lausnamiðuð vinnubrögð.
- Greiningarhæfni ásamt hæfni í úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga.
- Gott vald á íslensku og enskukunnátta.

Nánari upplýsingar veitir:

Björn S. Lárusson settur sveitarstjóri – bjornl@langanesbyggd.is og í síma 8942187

Umsóknarfrestur er til og með 30. maí 2022 en æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist til Sigurðar Þórs Guðmundssonar sthg@langanesbyggd.is

Umsókn um starfið skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið.

SÉRKENNSLUFULLTRÚI
GARÐABÆJAR

Garðabær óskar eftir að ráða sérkennslufulltrúa við fræðslu- og menningarsvið. Um er að ræða 100% starfshlutfall.

Helstu verkefni:

- Veita faglega forystu, ráðgjöf og stuðning varðandi börn með sérþarfir í skólum
- Sitja í og stýra teymum og verkefnum sem snúa að sérkennslu leikskólabarna
- Skipuleggja og fylgja eftir úthlutun til sérkennslu og stuðnings til leikskóla
- Veita kennurum, stjórnendum og foreldrum leikskólabarna og barna á yngsta stigi grunnskóla eftir því sem við á ráðgjöf á sviði sérkennslu og stuðnings varðandi börn með sérþarfir
- Vera ráðgefandi starfsfólki leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla eftir því sem við á um kennslufræðilegar útfærslur og einstaklingsnámskrár vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning
- Að tryggja samfellu í þjónustu nemenda með sérþarfir á milli skólastiga
- Að taka þátt í að þróa starfið í samráði við þverfaglegt teymi fræðslusviðs um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og PMTO

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leyfisbréf til kennslu (leyfisbréf fylgi umsókn)
- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsnám í sérkennslufræðum
- Starfsreynsla í leikskóla, þ.m.t. reynsla af vinnu með börnum með sérþarfir
- Þekking á yngstu stigum grunnskóla
- Reynsla af vinnu í þverfaglegu teymi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti
- Samstarfs- og samskiptafærni
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfileikar
- Lausnamiðað viðhorf, heiðarleiki og jákvæðni

Umsóknarfrestur er til og með 6. júní 2022. Nánari upplýsingar veitir Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, netfang eirikurbjorn@gardabaer.is eða í síma 5258500. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags stjórnenda í leikskólum.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um með því að smella á Skrá inn og sækja um starf hér fyrir neðan.

Umsókn um starfið þarf að fylgja greinargóð starfsferilsskrá þar sem gert er grein fyrir kennslureynslu og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar, menntun og hæfni til að sinna starfinu ásamt afritum af prófskírteinum.

GARÐABÆR
gardabaer.is

Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

AQ-rat
Byggingaverktakar
Þegar fagmennska skiptir þig máli

Múrarar óskast til starfa

AQ-rat ehf byggingaverktakar leggja áherslu á að veita fyrirtækjum, húsfélögum og einstaklingum faglega og góða þjónustu, allt frá nýsmíði til viðhalds og endurbóta.
Vegna aukinna verkefna leitum við af öflugum múrurum til að slást í hópinn með okkur og takast á við krefjandi verkefni.
Við hvetjum múrara á besta aldri til að sækja um.

Hæfniskröfur:
- Iðnmenntun og að lámarki 5 ára starfsreynsla
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum skilyrði
- Metnaður til að skila af sér vel unnu verki

Umsóknir skulu sendast ásamt ferilskrá á runar@aqrat.is merkt **„Múrari"**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rúnar í síma 8920688

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Sérfræðingar á skrifstofu bankastjóra

SEÐLABANKI ÍSLANDS

SEÐLABANKI ÍSLANDS óskar eftir að ráða sérfræðinga til að starfa í deild skrifstofustjórnar og samskipta á sviði skrifstofu bankastjóra.

Skrifstofa bankastjóra hefur miðlæga yfirsýn yfir málefni, rekstur og starfsemi bankans, styður við störf bankaráðs og nefnda bankans auk seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra. Deild skrifstofustjórnar og samskipta ber ábyrgð á þjónustu við framangreinda aðila, sem meðal annars felst í undirbúningi funda, erinda, verkefnastjórn, ráðgjöf og undirbúningi nefndarstarfs. Deildin fer einnig með miðlægt utanumhald um verkefni og starfsemi bankans, innra upplýsingaflæði ásamt ytri upplýsingamiðlun. Þá hefur deildin yfirsýn yfir allt alþjóðlegt samstarf bankans og annast m.a. samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og samstarf í kjördæmi Norðurlanda- og Eystrasaltsríkja Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Helstu verkefni:
- Þjónusta og ráðgjöf við seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra, nefndir og svið Seðlabankans
- Þátttaka í alþjóðasamstarfi m.a. á sviði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og samstarfi seðlabanka um umhverfis- og loftlagsmál (NGFS)
- Fjölbreytt sérfræðiverkefni sem koma til úrlausnar á sviðinu
- Verkefnastjórn verkefna þvert á svið bankans

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Meistarapróf í hagfræði, viðskiptafræði eða öðru sem nýtist í starfi
- Góð reynsla og þekking á fjármálakerfinu og alþjóðlegu umhverfi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla eða þekking af opinberri stjórnsýslu æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna sjálfstætt og með öðrum
- Ögguð vinnubrögð, ábyrgð, frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðrún S. Gunnarsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri skrifstofu bankastjóra (gudrun.soley.gunnarsdottir@sedlabanki.is) og Erla Traustadóttir sérfræðingur á mannauðssviði (mannaudur@sedlabanki.is). Umsóknarfrestur er til og með 30. maí.

Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík. Sótt er um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is/storf. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans og er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Vakin er athygli umsækjenda á því að um ráðningarferlið gilda m.a. stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem heyrir undir forsætisráðherra. Markmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt og hvetjandi starfsumhverfi sem einkennist af trausti, fagmennsku, þekkingu og framsækni.

RANNSÓKNARSTOFUSTJÓRI

Laust er starf rannsóknarstofustjóra hjá Colas Ísland ehf. Starfið er fjölbreytt og snýr fyrst og fremst að rekstri rannsóknarstofu Colas að Gullhellu 1 í Hafnarfirði. Rannsóknarstofustjóri ber ábyrgð á að starfsemi rannsóknarstofunnar uppfylli kröfur sem staðlar, lög og reglugerðir kveða á um. Á rannsóknarstofunni eru gerðar ýmsar rannsóknir á malbiki, biki, steinefnum, bikbindiefnum og borkjörnum. Næsti yfirmaður er deildarsjóri gæða, umhverfis og nýsköpunar.

Við leitum að framsýnum og drífandi einstaklingi sem er tilbúinn að ganga til liðs við öflugan hóp sem stöðugt vinnur að nýsköpun og spennandi rannsóknum tengdum malbiki.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Skipulagning og stýring á rekstri og starfsemi rannsóknarstofu Colas Ísland
- Dagleg stjórnun starfsfólks
- Meðferð gagna og skýrslugerð
- Rannsóknir á:
- Malbiki - Steinefnum - Endurunnu malbiki - Stungubiki - Bikbindiefni - Borkjörnum
- Umsjón með gögnum og niðurstöðum sem koma frá prófunum og rannsóknum
- Umsjón með kvörðun mælitækja og vöktunarbúnaðar alls fyrirtækisins.
- Leiðbeiningar og kennsla starfsmanna á rannsóknarstofu
- Fylgjast með tækniþróun í geiranum og innleiðing nýrra tækni og vinnubragða eftir því sem við á.
- Þátttaka í gerð vinnuleiðbeininga, verklagsreglna og ferla sem snúa að starfssviði.
- Þátttaka í rannsóknar- og þróunarverkefnum í nánu samráði við deildarstjóra
- Upplýsingagjöf til hagsmunaaðila

Menntunar og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi svo sem jarðfræði, efnafræði, verkfræði eða skyld fög
- Reynsla af störfum á rannsóknarstofu kostur
- Reynsla af mannaforráðum og stjórnunarstörfum æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni
- Nákvæmni
- Góð almenn tölvuþekking
- Góð færni í ensku og íslensku, bæði í ræðu og riti
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund
- Bílpróf

COLAS

Nánari upplýsingar veitir Björk Úlfarsdóttir deildarstjóri gæða, umhverfis og nýsköpunar bjork@colas.is
Við hvetjum jafnt öll kyn til að sækja um starfið. Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2022.

Starfsmaður í GAJU

Við leitum af öflugum einstaklingi í teymið okkar í GAJU, gas- og jarðgerðarstöð SORPU sem hefur áhuga á að taka þátt í og stuðla að aukinni endurvinnslu og minnkun loftlagsáhrifa, erum við að leita að þér?

Starfsmaður GAJA sinnir daglegum rekstri GAJU. Helstu verkefni eru að taka á móti viðskiptavinum/flutningsaðilum í móttöku GAJU, sjá um forvinnslu og blöndun vinnsluefnis, mokstur moltu ásamt því að halda vinnslusvæði, gönguleiðum og öðrum rýmum GAJU þrifarlegum. Starfsmaður í GAJU stýrir vinnsluferlum og vaktar í rafrænu stjórnkerfi stöðvarinnar SCADA. Hann hefur eftirlit með vinnslukerfum s.s. gas- og meltuvökvalögnum og sinnir viðhaldi í samvinnu við viðhald steymið í Álfsnesi. Vinnan fer að töluverðu leiti fram á stærri vinnuvélum, svo sem hjólaskóflu og dráttarvél.

Hæfniskröfur:

- Frumkvæði, sjálfstæð, skipulögð og lausnamiðuð vinnubrögð
- Áhugi og þekking á umhverfismálum og endurvinnslu
- Góð almenn tölvufærni
- Hæfni í samskiptum, samstarfi og þjónustulund ásamt því að vera ábyrgur og stundvís
- Gott vald á íslensku og færni í ensku
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af smíðavinnu og viðhaldi véla
- Vinnuvélaréttindi, réttindi fyrir stærri vinnuvélar og meirapróf er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2022

Hjá SORPU starfa um 150 einstaklingar á 11 starfsstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Alla daga vinnum við stöðugt að því að gera góða hluti fyrir umhverfið, í því felst meðal annars að draga úr úrgangi og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu. Við hjá SORPU leggjum mikið upp úr fjölskylduvænu vinnuumhverfi, sveigjanleika, sterkri liðsheild og góðum starfsanda. Við erum með öflugt starfsmannafélag sem heldur fjölbreytta viðburði yfir allt árið.

Laun og kjör eru samkvæmt sérkjarasamningi Eflingar og SORPU.
Sótt er um starfið á vefsíðu SORPU https://sorpa.is/um-sorpu/saekja-um-starf
Nánari upplýsingar veitir Kolbrún Sif Skúladóttir, mannauðstjóri, kolbrun.skuladottir@sorpa.is

Við hlökkum til að heyra frá þér!

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Náttúru– og umhverfisrannsóknir – Útivinna og úrvinnsla

Náttúrustofa Austurlands óskar eftir náttúrufræðingi til starfa. Starfslýsing getur mótast af sérþekkingu umsækjanda og m.a. snúið að þróun nýrra verkefna, lífríkisrannsóknum á vettvangi, greiningum, landupplýsingum, umhverfismálum eða loftslagsmálum. Náttúrustofa Austurlands sinnir fjölbreyttum viðfangsefnum á ólíkum sviðum náttúrurannsókna. t.d. á hreindýrastofninum, fuglum, gróðri og lífríki í ám og sjó.

Menntunar- og hæfniskröfur

Nauðsynlegt:
- Háskólapróf í náttúrufræðum, t.d. sérþekking á gróðri, fuglum, spendýrum, landupplýsingum, vatnalíffræði, sjávarlíffræði eða á sambærilegum sviðum.
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður.
- Geta til þátttöku í lengri vettvangsferðum fjarri heimili
- Færni í mannlegum samskiptum
- Vilji til að ganga í ólík störf
- Færni í greiningu og framsetningu gagna
- Ökupróf

Æskilegt:
- Framhaldsmenntun á háskólastigi
- Starfsreynsla á fagsviði
- Að geta hafið störf sem fyrst
- Góð íslensku– og enskukunnátta

Kostur:
- Þekking á vinnslu landupplýsinga
- Þekking á R
- Áhugi og hæfileikar til að tileinka sér nýjungar og tækni
- Vilji til að sinna rannsóknum úr lofti (t.d. flugtalningar fugla og hreindýra)

Um er að ræða 100% starf eða eftir samkomulagi. Laun eru samkvæmt stofnanasamningi Náttúrustofu Austurlands við FÍN. Ráðið er tímabundið í eitt ár til reynslu en gert er ráð fyrir að um framtíðastarf sé að ræða. Til greina kemur að ráða í fleiri en eitt starf.

Upplýsingar veitir Kristín Ágústsdóttir forstöðumaður (s: 477-1774 eða kristin@na.is).

Umsókn með ferilskrá, meðmælum og bréfi þar sem fram komi hvað umsækjandi hefur fram að færa og hvaða verkefni hann brennur fyrir sendist til kristin@na.is með fyrirsögninni: Starfsumsókn

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní n.k.

Náttúrustofa Austurlands er með höfuðstöðvar í Neskaupstað og útibú á Egilsstöðum

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Malbiksviðgerðir 2022,** útboð nr. 15478
- **Hlemmur og nágrenni 1. og 2. áfangi**
  - Gatnagerð, yfirborðsfrágangur og lagnir
  - Eftirlit, útboð nr. 15559

Nánari upplýsingar er að finna á
www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: utbod@reykjavik.is

Sveitarfélagið ÁRBORG

ÚTBOÐ

Fasteignafélag Árborgar slf óskar eftir tilboðum í:

„Stekkjaskóli 1.áfangi – lóðarfrágangur“

Verkið felur í sér lóðarfrágang umhverfis 1. áfanga Stekkjaskóla við Heiðarstekk 10 á Selfossi. Þar á meðal er uppsetning girðinga og lampa, lagning raf-, fráveitu- og snjóbræðslulagna. Jarðvinna og yfirborðsfrágangur fela meðal annars í sér gröft, fyllingar, hellulögn, malbikun og lagning á leikvallagúmmíi. Einnig skal ganga frá gróðri og frágangi að leiktækjum.

Verkinu skal að fullu lokið 1. nóvember 2022.

Útboðsgögn verða afhent á útboðvef sem er aðgengilegur hér: https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/a7b08237-8a39-406f-aa3a-d842be422c17
Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour.
Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrám sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11:00 föstudaginn 3. júní 2022.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnunaryfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

EMBASSY – HOUSING

The American Embassy, is seeking to lease
a house/apartment in Reykjavik area.
Required size is 120– 250 square meters, large living room,2 full bathrooms, garage/inside parking and permission to keep pets.

Lease period is for minimum 3 years. Please send an e-mail to: sveinssonk@state.gov before June 1st . with information about the house and location (photos,street and house/apartment number) and phone number of the contact person showing the property.

SENDIRÁÐ – HÚSNÆÐI

Bandaríska Sendiráðið óskar að taka á leigu
hús/íbúð á höfuðborgarsvæðinu.
Æskileg stærð 120 – 250 fermetrar, stór stofa, 2 baðherbergi með sturtu/baðkari, bílskúr/stæði í bílageymslu og leyfi til að hafa gæludýr.

Leigutími lágmark 3 ár. Vinsamlegast sendið tölvupóst á: sveinssonk@state.gov fyrir 1. júní með upplýsingum um eignina og staðsetningu (ljósmyndir,götuheiti og húsnúmer/íbúðarnúmer) og símanúmer þess sem sýna mundi eignina.

Leikskóli Seltjarnarness

Við þurfum á góðu fólki að halda til að koma til liðs við okkar frábæra hóp! Skólinn státar af metnaðarfullri starfsemi, ýmsum viðbótarkjörum, styttingu vinnuvikunnar og tilboði um námssamninga. Í leikskólanum er lögð sérstök áhersla á tónlist og umhverfismennt.

Við óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf:

- **Deildarstjórar**, fullt starf
- **Leikskólakennarar**, fullt starf
- **Leikskólaliðar**, fullt starf
- **Starfsmaður leikskóla**, fullt starf

Upplýsingar um störf í Leikskóla Seltjarnarness veita Margrét Gísladóttir, leikskólastjóri, **margret.gisladottir@seltjarnarnes.is** og Linda Björg Birgisdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, **linda.b.birgisdottir@seltjarnarnes.is** í síma 5959-280/290.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélög.
*Umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar undir **seltjarnarnes.is – Störf í boði***
*Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til og með **7. júní 2022**.*

Reykjavíkurborg
Skóla-og frístundasvið fagskrifstofa grunnskólamála.

Verkefnastjóri í byggingateymi fyrir skóla- og frístundastarf

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf verkefnastjóra bygginga fyrir skóla- og frístundastarf laust til umsóknar.

Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi til að vinna í teymi innan skóla- og frístundasviðs um byggingar og búnað. Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómsveita. Jafnframt greiðir sviðið framlög til sjálfstætt starfandi dagforeldra, leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Skóla- og frístundasvið þjónustar yfir 20 þúsund börn og fjölskyldur þeirra. Útgjöld sviðsins eru u.þ.b. 60 milljarðar kr. á ári í tæplega 200 rekstrareiningum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Helsta starfssvið verkefnastjóra grunnskólabygginga er að hafa menntunarlega umsjón með verkefnum skóla- og frístundasviðs varðandi uppbyggingu og endurbætur á húsnæði grunnskóla og frístundastarfs.
- Veita umhverfis- og skipulagssviði og eignaskrifstofu Reykjavíkur, ráðgjöf á sviði skóla- og frístundastarfs í nýbyggingum, endurnýjun og/eða viðbótum við húsnæði og útisvæði fyrir grunnskóla- og frístundastarf.
- Veitir stjórnendum grunnskóla- og frístundastarfs ráðgjöf og stuðning í verkefnum tengdum framkvæmdum.
- Að hafa eftirlit með að framkvæmdir við byggingar fyrir skóla- og frístundastarf Reykjavíkurborgar taki mið af Menntastefnu Reykjavíkurborgar, aðalnámskrá grunnskóla og Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf.
- Er fulltrúi skóla- og frístundasviðs í viðbragðsteymi vegna húsnæðismála.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Reynsla og þekking af skóla- og frístundastarfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í starfi
- Skipulagshæfileikar og hæfni til að koma upplýsingum fram í ræðu og riti.

Umsókn fylgi starfsferilskrá og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðeigandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með 4.júní nk.
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, wwww.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veita Daníel Benediktsson, verkefnastjóri og Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri á fagskrifstofu grunnskólamála.netföng: daniel.benediktsson@reykjavik.is og soffia.vagnsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda

Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Fjarðarheiðargöng, Múlaþingi

Vegagerðin hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats fyrirhugaðra Fjarðarheiðarganga, Múlaþingi.

Kynning á umhverfismatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og umhverfismatsskýrsla liggur frammi til kynningar á skrifstofu Múlaþings og hjá Skipulagsstofnun frá **23. maí til 5. júlí 2022.** Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar: **www.skipulag.is og á vefsjá framkvæmdaraðila: https://fjardarheidargong.netlify.app/.**

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **5. júlí 2022** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsniðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

RÍKISKAUP

AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGN TIL SÖLU:

LYNGHOLT 9, 400 ÍSAFJÖRÐUR EINBÝLISHÚS



Eignin verður sýnd fimmtudaginn 2. júní n.k. kl. 15:00 - 15:30.
Skv. reglum Ríkiskaupa um lágmarks auglýsingatíma verða tilboð sem berast í eignina tekin til skoðunar eftir kl. 13:00 mánudaginn 6. júní, 2022.
Ríkiskaup kynna 144 m2 einbýli á einni hæð ásamt 54,3 m2 bílskúr samtals 197,4 m2. Byggingarár 1978. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, samliggjandi stofu og borðstofu, skála, þvottahús, baðherbergi, gestasalerni og fjögur svefnherbergi. Eignin þarfnast endurbóta.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Ríkiskaupa:
www.rikiskaup.is
Verð: 49,9 mkr.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

TIL LEIGU – SÖLU

EINSTAKT TÆKIFÆRI !

GEO Hótel Grindavík

Glæsilegt 36 herbergja hótel, byggt 2015, fullbúið og tilbúið í rekstur.

Rekstrarleyfi fyrir 80 gesti og veitingasalur með leyfi fyrir 60 gesti. Glæsileg herbergi og sameiginleg aðstaða.



- Glæsilegt 36 herbergja hótel sem var byggt 2015.
- Rekstrarleyfi fyrir 80 gesti og veitingasalur með leyfi fyrir 60 gesti.
- Glæsileg herbergi og sameiginleg aðstaða.
- Örstutt í alla þjónustu, veitingahús, kaffihús, verslanir, sundlaug og heilsurækt.
- Blá lónið og eldgos í nokkurra kílómetra fjarlægð.
- Hótelið er með 4,5 á Tripadvisor og 9 á Hotels.com.

LUNDUR FASTEIGNAFÉLAG
AUÐBREKKA 9-11
200 KÓPAVOGUR
LUNDURFASTEIGNIR.IS

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
HAFSTEINN@LUNDURFASTEIGNIR.IS

LUNDUR FASTEIGNAFÉLAG

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

Ásmundur Skeggjason
lögg. fast.

Kristinn Tómasson
lögg. fast.

Víkurgata 15

Frábærlega staðsett einbýlishús í byggingu á einstökum útsýnisstað við Urriðavatn.

Húsið er hannað og teiknað af Baldri Ó. Svavarssyni hjá Úti og Inni Arkitektum.
Húsið er að hluta til sjónsteypt og gert er ráð fyrir svartri læstri álklæðningu. Húsið afhendist í núverandi ástandi sem miðast við fokheldi. Möguleiki er að fá húsið lengra komið í samráði við kaupanda og breytist verð í samræmi við það.
Innra skipulag hússins er úthugsað og sérlega fjölskylduvænt.
Möguleiki er á 5 svefnherbergjum og gert er ráð fyrir 3 baðherbergjum.

Hringdu núna og bókaðu skoðun strax hjá
Ásmundi Skeggjasyni, fasteignasala,
as@hofdi.is, gsm 895-3000 eða
Kristni Tómassyni, fasteignasala,
kristinn@hofdi.is, gsm: 820-6797

Verð eignarinnar er kr. 199 millj.

Böðvar
Börkur
Brandur
María Mjöll
Gunnlaugur
Héðinn Birnir
Heiða
Ingimar
Margrét
Davíð
Sigurður Fannar
Stefán Jóhann
Úlfar Þór

Besta fólkið í Borginni!

Fólk í fasteignahugleiðingum hefur ólíkar þarfir og væntingar. Hjá Borg starfar fjölbreyttur hópur löggiltra fasteignasala sem aðstoða þig við kaup, sölu og leigu húsnæðis. Einnig bjóðum við glæsilegt úrval fasteigna á Spáni í samstarfi við hið virta byggingarfyrirtæki Euromarina.

Hafðu samband – við hlökkum til að heyra frá þér.

euromarina

fastborg.is

BORG
FASTEIGNASALA

TRAUSTI
fasteignasala

Vegmúla 4, 108 Reykjavík
Sími: 546-5050 I www.trausti.is

SELJAVEGUR 19 — 101 Reykjavík



73,9 fm. | 3 herb. | Fjölbýli

OPIÐ HÚS
MÁNUDAGINN 23. MAÍ KL. 17:00-17:30

Vel staðsett 3ja herbergja 73,9 fm. íbúð í vesturbæ Reykjavíkur. Snyrtileg sameign. Dýrahald er leyft í húsinu. Eign á góðum stað þar sem stutt er í alla helstu þjónustu.

Halldór
lgf.
S: 660-5312

NESHAGI 13 — 107 Reykjavík

138 fm. | 4 herb. | Þríbýli

OPIÐ HÚS
MÁNUDAGINN 23. MAÍ KL. 17:30-18:00

Falleg og björt 4ra herbergja 138 fm. hæð á 1. hæð með sérinngangi auk bílskúrs og bílastæðis á frábærum stað í Vesturbænum. Frístandandi bílskúr með rafmagni og heitu og köldu vatni. Mjög góð lofthæð er i allri eigninni. Stór og skjólgóður garður.

Guðbjörg G.
lgf.
S: 899-5949

Kristján
lgf.
S: 867-3040

NÝBÝLAVEGUR 50 — 200 Kópavogur

69,4 fm. | 4 herb. | Fjölbýli

OPIÐ HÚS
MÁNUDAGINN 23. MAÍ KL. 17:30-18:00

Björt og vel skipulögð 3-4ra herbergja 69,4 fm. íbúð á jarðhæð. Eignin hefur verið tekin í gegn að hluta á síðustu árum en nýtt parket er á íbúðinni ásamt nýrri eldavél og salerni, þá hefur öll íbúðin verið nýlega máluð.

Viktoría
lgf.
S: 618-5741

EIGNAMIÐLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík I Sími **588 9090** I **eignamidlun.is**

TIL SÖLU

Sundaborg – Reykjavík

Til sölu Sundaborg 11-13 og 15, samtals 2.438 fm. Húsið liggur samhliða Kleppsveginum en aðkoma að húsinu er frá Sundaborg. Aðkoma er góð og er stórt afgirt malbikað port í vesturenda lóðarinnar við Sundaborg 15. Lóðin er malbikuð og með góðum bílastæðum. Eignin er á tveimur hæðum og er að hluta í útleigu.

NÝJAR ÍBÚÐIR Á AKRANESI





AFHENDING ÍBÚÐA VERÐUR Í OKTÓBER 2022

TRYGGÐU ÞÉR ÍBÚÐ NÚNA!

ASPARSKÓGAR 6

Húsið er 14 íbúða lyftuhús á þremur hæðum. Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar með vönduðum innréttingum, tækjum í eldhúsi og öllum gólfefnum.

Húsið er hannað samkvæmt nútímakröfum; gólfhiti er í öllum íbúðum og mikið er lagt í einangrun og hljóðvist hússins. Hjóla- og vagnageymsla er í sameign og gert er ráð fyrir hleðslustöðvum fyrir rafbíla við húsið.

Húsið er framleitt samkvæmt ISO9001 gæðakerfinu. Framleiðandi hússins hefur jafnframt vottuð umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO14001 og ISO45001 um heilbrigði og öryggi á vinnustað.

Í Asparskógum 6 eru 40-67fm íbúðir með einu eða tveimur svefnherbergjum.

Verð frá 33,9mkr.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á:
fasteignir.is og á fasteignavef mbl.is.
eða sendið netpóst á **hrafnsholl@hrafnsholl.is**

HRAFNSHÓLL
HAGKVÆMAR HÚSNÆÐISLAUSNIR

SÍMI: 537-9500 | HRAFNSHOLL.IS

Skjólvangur 6
220 Hafnarfjörður

Fallegt 228 fm einbýli á tveimur hæðum

- Fimm svefnherbergi
- Endurnýjuð baðherbergi
- Tvennar stofur
- Bílskúr og geymslur
- Fallegur garður
- Neðri hæðin er mikið endurnýjuð
- Þak: nýtt járn 2017

Verð: **149 millj.**

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Skúlagata 20
10x Reykjavík

Góð 64,4 fm 2ja herb. útsýnisíbúð á 5. hæð

- Góð aðkoma er að húsinu Lindargötumegin og eru bílastæði þar fyrir íbúa
- Útgengi á suðursvalir
- Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning
- Geymsla er innan íbúðar
- Húsvörður er í húsinu
- Myndavéladyrasími

Verð: **59,9 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Urriðaholt
210 Garðabær

Stórglæsilegt 200 fm parhús á 2. hæðum

- Húsið byggt 2018
- Vandaðar innréttingar
- Glæsilegt opið eldhús
- Stofa björt, mikil lofthæð og útgengt á suður svalir
- Bílskúr 30 fm, innangengt
- Stórt alrými á neðri hæð
- 3 góð svefnherbergi og bað
- Lóð - stór afmörkuð verönd
- Stórglæsileg eign

Verð: **Tilboð**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Goðatún 20
210 Garðabær

Vel skipulagt 217 fm einbýli á einni hæð, innst í botnlanga

Verð: **127,5 millj.**

- 6 svefnherbergi, 3 baðherbergi
- Heitur pottur. Skjólgóðar verandir.
- Baðhús/geymsla ca 15 fm hjá heita pottinum á baklóð
- Aukaíbúð í bílskúr

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Borgargerði 4
108 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð 131,2 fm 5 herbergja útsýnishæð

Verð: **84,9 millj.**

- Skiptist í stigapall, hol, herbergisgang með 2 herbergjum og tveimur baðherbegjum, stofu, borðstofu með litlu herbergi innaf, eldhús og þvottahús.
- Í kjallara fylgir geymsla sem er ekki inní fermetratölu

Nánari upplýsingar:
s. 899 5856 **Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali

Gefjunarbrunn 15
113 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð, ný 110,8 fm neðri sérhæð í grónu hverfi í Úlfarsárdal

Verð: **83,9 millj.**

- Þrjú góð svefnherbergi
- Fallegar innréttingar og vönduð tæki
- Sérafnotaréttur og pallur
- Laus við kaupsamning

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Skúlagata 10
340 Stykkishólmi

Lítið sjarmerandi en mikið uppgert einbýlishús

Verð: **27,5 millj.**

- Eignin er fullbúin með húsgögnum og selst með öllu
- Húsið hentar vel til útleigu og hefur verið notað þannig undanfarið
- Göngufæri í alla þjónustu og heilsugæslu

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Boðaþing 2
203 Kópavogur

144 fm fjögurra herb. enda íbúð á annari hæð

Verð: **84,9 millj.**

- Þrjú svefnherbergi
- Baðkar og sturta í baðherbergi
- Þvottahús innan íbúðar
- Stórar suð-austur svalir og bílastæði í bílageymslu

Nánari upplýsingar:
s. 691 2312 **Óskar S. Axelsson** aðst. fasteignasala
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali



Vesturbakki 3 og 5
815 Þorlákshöfn

65 fm geymsluhúsnæði á besta stað við höfnina

Verð: **19,7 millj.**

- Með innkeyslu og gönguhurð
- Malbikað plan umhverfis húsin
- Skiptist í 12, 65 fm einingar
- Afhendist í ágúst 2022

Nánari upplýsingar:
s. 691 2312 **Óskar S. Axelsson** aðst. fasteignasala
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali



Naustavör 48

200 Kópavogur

NÝTT Í SÖLU

Glæsileg og björt 136 fm íbúð á 3. hæð með sjávarútsýni

- Vandaðar innréttingar, Miele eldhústæki og innbyggð Vola blöndunartæki
- Vantað gólfefni og steinn í borðplötum
- Þrjú svefnherbergi
- Stæði í lokaðri bílgeymslu
- Nánast ónotuð eign

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Ólafi í síma **822 2307**



Verð: **139,5 millj.**

Nánari upplýsingar veitir:
Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
mánudag 23. maí
kl. 17.00 - 17.45

Gvendargeisli 84

113 Reykjavík

Björt og falleg 129 fm hæð með sérinngangi m. stæði í bílgeymslu

- Þrjú rúmgóð svefnherbergi
- Stórar stofur
- Falleg útsýni og svalir í suður
- Rúmgott stæði í lokaðri bílgeymslu

Nánari upplýsingar veitir:
Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Verð: **84,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
mánudag 23. maí
kl. 17.00 - 18.00

Miklabraut 76

105 Reykjavík

Vel skipulögð 65,6 fm 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýli

- Eignin hefur verið talsvert endurnýjuð í gegnum árin og er ma búið að endursteina, endurnýja þak, eldhús ofl

Nánari upplýsingar veitir:
Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

Verð: **43,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
laugardag 21. maí
kl. 13.00 - 13.30

Ögurás 7

210 Garðabær - íb. 108

Glæsileg nýuppgerð 3ja herb. 98,8 fm endaíbúð með sérinngangi á 1. hæð

- Sólríkur suð vestur pallur og beint aðgengi að garði
- Glæsilegt alrými, tvö svefnherbergi, bað/þvottahús og geymsla
- Ekki verið búið í eign eftir endurbætur

Nánari upplýsingar veitir:
Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Verð: **75,9 millj.**

EINSTAKT TÆKIFÆRI

HAFIÐ SAMBAND
í síma **616 1313** eða **695 5520**

Hvítárbakki

311 Borgarbyggð

Hótel 7 - 15 herbergja 685 fm gistiheimili með öll leyfi

- Veitingasalur og eldhús
- Fjölmargir möguleika á uppbyggingu
- Frábærlega staðsett, mikil víðátta
- Tilvalið fyrir hjón eða fjölskyldu
- Upp í taka á minni eign skoðuð

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Verð: **Tilboð**

NÁNARI UPPLÝSINGAR
hjá Jóni Rafni í síma **695 5520**

Lækjarhvammur

806 Selfoss

Deiliskipulagt sumarhúsasvæði á frábærum stað í Bláskógabyggð

- Stutt á Laugarvatn og Gullna hringinn
- 57 ha land með samþykki fyrir 46 frístundalóðum

Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð: **75 millj.**

NÝTT Í SÖLU

BÓKIÐ SKOÐUN
899 3090 & 625 2500

EIGNIN SÝND
sunnudag 22. maí
Bókið einkaskoðun

Drápuhlíð 8

105 Reykjavík

Virkilega sjarmerandi, og mikið endurnýjuð 116,6 fm hæð

- 3 svefnherbergi, eldhús, borðstofa og stofa í fallegu alrými.
- Rúmgóðar suðursvalir.
- Smekklega endurnýjað bað, eldhús og gólfefni.

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Árni Davíð Bergs
aðst. fasteignasala
Sími 625 2500
arni@miklaborg.is

Verð: **82 millj.**

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

URRIÐAHOLT

ATVINNULÓÐ Í URRIÐAHOLTI



Uppbyggingu Urriðaholts er senn að ljúkja og í árslok 2024 er gert ráð fyrir að flutt verði inn í allar íbúðir í hverfinu, alls 1.900 íbúðir.

Nú þarf að ljúka uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í aðkomu Urriðaholts og auglýsir Urriðaholt ehf. hér lóðina **Urriðaholtsstræti 7** til sölu. Lóðin er vel staðsett, liggur í holtinu með frábært útsýni til norðurs yfir Vífilstaði í átt að Esju. Greið aðkoma að lóðinni og góðar tengingar við Reykjanesbraut.

Um er að ræða byggingu á 3 hæðum, alls 4.000 m² auk bílakjallara. Lóðin er ætluð fyrir skrifstofur, verslun og þjónustu. Ekki er heimilt að hafa vörugeymslur og iðnað. Lóðinni fylgir kvöð um uppbyggingu og gerðar eru kröfur um metnaðarfulla hönnun í samræmi við þær byggingar sem nú hafa risið.

Urriðaholt var fyrsta hverfið á Íslandi til að hljóta vistvottun skipulags.

VALHÖLL FASTEIGNASALA

Nánari upplýsingar veitir Heiðar Friðjónsson s. 693 3356, heidar@valholl.is

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN

Hlíðasmára 2 • 201 Kópavogi • Sími: 512 4900 • www.landmark.is • landmark@landmark.is

Þórarinn Thorarensen
lögg. Fasteignasali
s. 770-0309
th@landmark.is

Brúarfljót 5

216 fm. Iðnaðarhúsnæði. Mikil lofthæð
Afhendist fullbúið á byggingarstigi 7, malbikuð og afgirt lóð með öryggishliðum
Gönguhurðir og gluggar bæði að framan og aftan og á gafli
Afar auðvelt og hagkvæmt að bæta við millilofti
Stórar innkeyrsluhurðir 4 m x 4,2m
Afhending júní 2022

V. 81,9 millj.

Suðurlandsbraut 4

Verslunar og þjónustuhúsnæði
346,9 fm. húsnæði á jarðhæð með sérinngang. Vörulyfta baka til
Getur nýst vel undir verslun eða hverskonar þjónusturekstur.
Hægt að vera með veitingarekstur. Bílastæði á lokuðu bílapani baka til
Laust 1. sept. 2022

V. 135 millj.

Brúarfljót 5

TIL LEIGU EINKAR VANDUÐ ATVINNUBIL Á FRÁBÆRUM STAÐ
Stærð 158 fm. Þar af milliloft ca. 50 fm. Lofthæð allt að 7,2 m.
Malbikuð og afgirt lóð með öryggishliðum.
Gönguhurðir og gluggar bæði að framan og aftan
Stórar innkeyrsluhurðir 4 m x 4,2m
Laust 15. júní 2022.

V. 325.000 kr. + vsk.

Tunguháls 8

Atvinnuhúsnæði sem er 728,8 fm.
Eignin skiptist í ca. 660 m2 jarðhæð og ca. 70 m2 á 2. hæð
Lofthæð er allt að 7,5 metrar.
Innkeyrsludyr um 3,8 m. á hæð.
Frábær staðsetning!
Gott útsvæði. Laust 1. Okt . 2022

V. 230 millj.

Spennandi starf
- Í hverfinu þínu

Við leitum að kraftmiklum, skapandi og metnaðarfullum fyrirmyndum til að slást í för með okkur í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Leikskólarnir eru fjölbreyttir og lifandi vinnustaðir þar sem enginn dagur er eins. Starfið gefur þér einstakt færi á nýta áhugamál þín og styrkleika í daglegum verkefnum. Vertu með okkur í að móta góðar og skemmtilegar minningar með yngstu kynslóðinni.

Fríðindi:

- Sundkort
- Heilsustyrkur
- Menningarkort
- Frír hádegismatur
- Samgöngusamningur
- Styttri vinnuvika
- Nám með starfi
- Námskeið með starfi
- Forgangur í leikskóla
- Afsláttur af dvalargjaldi

Nánari upplýsingar um störfin á www.reykjavik.is/storf

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

FranklinCovey

Leiðandi í 10 ár í þjálfun, þróun, vexti og trausti á íslenskum markaði.

Leiðtogaþjálfunarfyrirtækið FranklinCovey heldur upp á 10 ára afmæli á Íslandi. Síðastliðinn áratug höfum við unnið með fleiri en 300 vinnustöðum á Íslandi og vinnum með mörg þúsund stjórnendum ár hvert, bæði á vettvangi og í gegnum stafræna þjálfun.

Nú mörkum við tímamót í íslensku atvinnulífi þar sem við frumsýnum AllAccessPass, stafræna fræðslusetur okkar á íslensku og 23 öðrum tungumálum. AllAccessPass akademían býður upp á allt efni FranklinCovey með hagnýtum og áhrifaríkum námskeiðslotum, æfingum, glósum og könnunum í þeim færniþáttum sem rannsóknir sýna að þjóni árangri atvinnulífsins á þekkingaröld.

Allt efni okkar er vottað til alþjóðlegra endurmenntunareininga (CEU) og er því fyrsta stafræna þjálfunin á íslensku sem uppfyllir þær kröfur. Námsefni okkar er byggt á tímalausum lögmálum um mannlegan árangur, sem er hannað til að hjálpa fólki að breyta bæði hugarfari og hegðun — og verður nú aðgengilegra en nokkru sinni fyrr.



Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Erik Christianson Chaillot tók við starfi mannauðsstjóra hjá KPMG undir lok síðasta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mannauðsmálin heillandi

Erik Christianson Chaillot bjó í tæp sjö ár í Ástralíu þar sem hann lauk meistaranámi og starfaði við mannauðsmál hjá einu stærsta ráðgjafarfyrirtæki heims.

starri@frettabladid.is

Eftir tæplega sjö ára dvöl í Ástralíu, þar sem Erik Christianson Chaillot lauk meistaranámi og starfaði um tíma hjá Kearney, einu stærsta alþjóðlega ráðgjafarfyrirtæki heims, sneri hann heim á síðasta ári og tók við stöðu mannauðsstjóra hjá KPMG. Meistaranámið var að sögn Eriks krefjandi en um leið mjög praktískt og hjá Kearney tókst hann á við mörg spennandi verkefni en hann hlaut alþjóðlega viðurkenningu árið 2020 fyrir eitt þeirra. „Tíminn í Ástralíu var heilt yfir æðisleg reynsla fyrir ungan strák frá Íslandi sem ég mun lengi búa að. Ég eyddi sex mánuðum í að brimbrettast og leika mér á austurströnd Ástralíu sem tvítugur strákur og vissi strax að ég yrði að prófa að búa þarna einn daginn.“

Aðeins út fyrir þægindasvæðið

Í byrjun árs 2015 flutti hann ásamt kærustunni sinni, Elsu Jóhannsdóttur, til Sydney þar sem þau hófu bæði meistaranám. „Ég vildi bæta við mig þekkingu á fjármálum og rekstri fyrirtækja og ákvað því að fara í meistaranám í viðskiptafræði í UNSW Business School, með áherslu á mannauðsstjórnun, frekar en að fara í 100% hreina mannauðsstjórnunargráðu. Þar lærði ég mikið um rekstur og stefnumótun fyrirtækja, sem var auðvitað svolítið fyrir utan mitt þægindasvæði, nýsköpun og þróun og auðvitað mikið í mannauðsfræðum. Námið var mjög praktískt þar sem ég fékk meðal annars að taka þátt í frumkvöðlakeppnum og vinna lokaverkefni fyrir Uber. Svo skemmir ekki að skólinn er við hliðina á ströndinni.“

Áhugi Eriks á mannauðsmálum kviknaði í grunnnámi í sálfræði en þar fann hann fljótt löngun til að nýta þekkingu á sálrænum og félagslegum þáttum í viðskiptalífinu, frekar en sem klíníska sálfræði.

Mörg stór verkefni

Erik hóf störf hjá Kearney á meðan hann var enn í námi. „Ég var ráðinn inn sem sérfræðingur í mannauðsmálum þar sem ég fékk frábært tækifæri til þess að leiða ýmis mannauðstengd verkefni í samvinnu við stjórnendur í Ástralíu, Kína, Suðaustur-Asíu, Japan, Suður-Kóreu og Indlandi. Fljótlega bauðst mér tækifæri til að verða mannauðsstjóri Kearney fyrir starfsemina í Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Þar leiddi ég teymi mannauðssérfræðinga og bar ábyrgð á mannauðsstefnu félagsins og að skapa jákvæða og hvetjandi upplifun af vinnustaðnum, allt þar til ég flyt heim og tek við starfi mannauðsstjóra hjá KPMG í september á síðasta ári.“

Í starfi sínu hjá Kearney kom Erik að mörgum stórum verkefnum. „Þar má nefna innleiðingu á nýju frammistöðumatskerfi fyrir félagið alþjóðlega og umbreytingum á fræðslu- og hvatakerfum. Stoltastur er ég þó af þeirri vinnu sem ég vann á sviði fjölbreytileika og inngildingu (e. diversity and inclusion) þegar kemur að kynjajafnrétti og jafnari hlutföllum og svo stuðningi við innfædda Ástralíubúa, hinsegin einstaklinga og foreldra á vinnumarkaði í gríðarlega krefjandi geira, en ég hlaut alþjóðlega viðurkenningu árið 2020 fyrir þá vinnu, sem var mikill heiður.“

Frábær tækifæri

Að vinna við mannauðsmál í dag er að sögn Eriks ótrúlega heillandi viðfangsefni, ekki síst vegna aukinnar áherslu á sjálfbærni og stafræna þróun. „Mannauðsmál í dag eru stútfull af spennandi áskorunum. Við erum að ganga í gegnum mestu breytingar á vinnumarkaði sem sést hafa lengi og við mannauðsfólkið höfum frábært tækifæri til þess að móta menningu, vinnuhætti og afkomu fyrirtækja og getum þar með haft bein áhrif á efnahagslíf og almenn lífsgæði á Íslandi. Þessi starfsgrein getur því verið alveg ótrúlega gefandi, þó svo að okkur mannauðsfólki líði kannski ekki alltaf þannig í dags daglegum störfum.“

Ólíkt umhverfi

Erik segir erfitt að bera saman starfsumhverfi mannauðssérfræðinga í Ástralíu og á Íslandi. „En út frá mínum reynsluheimi þá voru meiri kröfur gerðar til starfsfólks úti, sem er látið fara fljótt ef það stendur ekki undir þeim. Lífsgæðakapphlaupið í Sydney skapar talsverða samkeppni, væntingar um að vera alltaf tiltækur og lifa hratt, sem er kannski ekki mjög fjölskylduvænt. Ísland aftur á móti er talsvert afslappaðra, óformlegra og óskipulagðara, sem gerir það að verkum að við erum fjölskylduvænni, þolinmóðari og berum meiri virðingu fyrir mörkum hvers annars, en getur líka þýtt að við forðumst vandamál og að okkar „þetta reddast“-viðhorf skapar stundum óþarfa stress á síðustu stundu. Á litla Íslandi er líka miklu meira um blöndun vinnu og einkalífs með tilheyrandi vináttu á vinnustað og tengingum gegnum samfélagsmiðla. Í Ástralíu fannst mér meiri aðskilnaður þar sem fólk hélt einkalífinu meira fyrir sig. Bæði þjóðerni eiga það þó sameiginlegt að leiðast ekki að fá sér bjór eftir vinnu.“

Sydney er frábær borg

Dvölin í Ástralíu var mjög eftirminnileg og segir Erik að Sydney sé yndisleg borg með góð lífsgæði og eitthvað fyrir alla. „Þar er frábært veðurfar, gullfallegar strendur, þjóðgarðar, iðandi menning og matarsena, fjölbreytt viðskiptalíf, mikið af íþróttum, öflugt frumkvöðlastarf og allt í gríðarlegum fjölmenningarkokteil. Þetta var hark en það sem ég sakna líklega mest er morgunrútínan mín, sem var að labba með hundinn á kaffihús við ströndina og fá mér heimsklassa kaffi fyrir vinnu. Við þurfum fleiri kaffihús á Íslandi sem leyfa hunda!“ ■

Öryggi | Samvinna | Framsækni

SAk SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI HOSPITAL

Vilt þú ganga til liðs við öflugan hóp hjúkrunarfræðinga á Sjúkrahúsinu á Akureyri?



Sjúkrahúsið á Akureyri

- Er framsækinn og eftirsóknarverður vinnustaður
- Veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu með áherslu á bráðaþjónustu og helstu sérgreinameðferðir
- Er annað tveggja sérgreinasjúkrahúsa landsins og gegnir lykilhlutverki í almannavörnum
- Er kennslusjúkrahús og þekkingarstofnun sem leggur metnað sinn í kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum
- Leggur áherslu á að ráða til starfa og halda í hæfileikaríka einstaklinga
- Er miðstöð læknisfræðilegrar þjónustu sjúkraflugs í landinu
- Er með alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni og er fyrsta heilbrigðisstofnunin á Íslandi til að hljóta slíka vottun
- Er með jafnlaunavottun skv. IST-85 frá árinu 2019

Sjúkrahúsið býður upp á krefjandi og áhugaverð störf í fjölbreyttu og spennandi starfsumhverfi með góðri handleiðslu og býður upp á tækifæri til starfsþróunar með markvissri þjálfun og fræðslu.

Ef þú hefur áhuga á að koma og vinna á lifandi og fjölbreyttum vinnustað þá er Sjúkrahúsið á Akureyri góður kostur.

Við tökum vel á móti þér.

HVAR ER BEST AÐ VINNA?

Great Place To Work®

Certified

JANUARY 2022–JANUARY 2023

ICELAND™

SAMAN Í 60 ÁR

BYKO

Við leitumst eftir því að hafa hjá okkur fólk með eins fjölbreyttan bakgrunn og hægt er þegar litið er til kyns, aldurs, menntunar og reynslu.

Brynjar Már Brynjólfsson, mannauðsstjóri Isavia, segir að Isavia hafi sett sér það markmið að tryggja fjölbreytileika starfsfólks. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Isavia á menningarvegferð – öryggi og vellíðan í vinnunni

Isavia er gríðarlega stór vinnustaður. Þar starfa um 1.200 manns, flestir á Keflavíkurflugvelli. Starfsfólkið tekst á við afskaplega fjölbreytt og ólík verkefni. Framlínustörfin eru spennandi. Þar á starfsfólk í beinu og virku samtali við farþega og gesti flugstöðvarinnar. Þess utan eru ótal sérfræðistörf sem inna þarf af hendi.

„Við erum með alla flóruna af sérfræðistörfum," segir Brynjar Már Brynjólfsson, mannauðsstjóri Isavia. „Hjá okkur er öflugt teymi af verkfræðingum með það verkefni að byggja upp flugvöllinn í einhverjum þeim stærstu framkvæmdum sem ráðist hefur verið í á landinu. Við erum með sérfræðinga sem bera ábyrgð á að auka gæði Keflavíkurflugvallar með því að tryggja fjölbreytt úrval verslana og veitingastaða. Þá er annað starfsfólk sem sinnir öryggis- og gæðamálum, sem tryggir að allt gangi eins og vera ber í rekstrinum. Við erum með fjármálasérfræðinga, þrautreynt fólk í innkaupamálum og svo mætti lengi telja. Það má segja að öll menntun og reynsla nýtist við störf hjá Isavia."

Brynjar segir að markmið Isavia sé að vera í forystu fyrir flugvallarsamfélagið á Keflavíkurflugvelli sem samanstendur af Isavia og þeim aðilum sem eru í rekstri í flugstöðinni og á flugvallarsvæðinu. „Við vinnum náið með öllum á vellinum. Við lítum svo á að þótt fólk sé á launaskrá hjá Isavia sé það að starfa með mörgu öðru starfsfólki ólíkra félaga og fyrirtækja í þessu lifandi og síkvika umhverfi sem Keflavíkurflugvöllur er. Sama á auðvitað við um aðra flugvelli landsins."

Þrjár konur og þrír karlar í framkvæmdastjórn Isavia

Brynjar segir að Isavia hafi sett sér það markmið að tryggja fjölbreytileika starfsfólks. „Við leitumst eftir því að hafa hjá okkur fólk með eins fjölbreyttan bakgrunn og hægt er þegar litið er til kyns, aldurs, menntunar og reynslu. Við vinnum til að mynda að því að jafna kynjahlutföll í stjórnendastöðum hjá okkur."

Brynjar bendir á í þessu samhengi að í framkvæmdastjórn Isavia sitji sex manns, þrír karlmenn og þrjár konur. Þá séu dótturfélög Isavia þrjú, Isavia ANS, sem annast flugleiðsöguþjónustu, Isavia innanlandsflugvellir, sem rekur innanlandsflugvelli og lendingarstaði á Íslandi, og Fríhöfnin. Til viðbótar er hugbúnaðarfyrirtækið Tern Systems sem heyrir undir Isavia ANS. Framkvæmdastjórar tveggja þessara félaga eru konur og framkvæmdastjórar hinna tveggja karlar. „Skiptingin í æðsta stjórnendalaginu hjá Isavia og dótturfélögum gæti því ekki verið jafnari," segir Brynjar. „Þetta er öflugt fólk með mikla reynslu og svo skemmtilega vill til að kynjaskiptingin er þessi."

Menningarsáttmáli sem allir geta tengt við

Isavia uppfærði stefnu félagsins nýverið. Tilgangur félagsins var þá skilgreindur þannig að Isavia leiði flugvallarsamfélag sem auki lífsgæði og velsæld á Íslandi. Framtíðarsýnin er að tengja heiminn í gegnum Ísland. „Stefnuhringurinn er síðan áttavitinn um áherslur fyrirtækisins til framtíðar," segir Brynjar. „Hann tengir ólíkar áherslur í stefnunni saman og leiðir okkur þannig að framtíðarsýninni." Brynjar segir að í þessari vinnu hafi verið tekin sú ákvörðun að setja hefðbundin gildi til hliðar um sinn. „Við settum okkur þess í stað menningarsáttmála."

Menningarsáttmáli Isavia

Við sýnum hvert öðru virðingu og erum heiðarleg gagnvart sjálfum okkur og öðrum.
Við gætum þess að viðhalda gleðinni, erum hugrökk, uppbyggileg og tökum ábyrgð á eigin frammistöðu.
Saman náum við árangri.

Miklar framkvæmdir standa yfir á Keflavíkurflugvelli.

Flugvallarþjónusta er ríkur þáttur í starfi Isavia.


Á skrifstofu Isavia er nóg að gera alla daga.

Isavia innleiðir kjörmenningu

„Menningarsáttmálinn er leiðarljós og leiðarstef okkar í hegðun og á að lýsa þeirri kjörmenningu sem við erum að innleiða," segir Brynjar. „Það er ótrúlega gefandi fyrir allan mannauðinn okkar að sú ákvörðun hafi verið tekin af stjórnendum að greina þá vinnustaðamenningu sem var áður hjá félaginu og í framhaldinu ákveða hvert við vildum stefna í þeim efnum."

Brynjar segir að í fyrra hafi verið lagt af stað í mikla vegferð til að greina þá vinnustaðamenningu sem var til staðar hjá Isavia, ákveða hvaða menning hentaði félaginu best og innleiða hana síðan. Menningin er miðuð út frá einstaklingnum og horft er til þess að greina hegðun fólks, hvernig hegðun byggi upp samskipti og bæti þau og hvernig hegðun brjóti þau niður og skemmi fyrir. „Þannig gefum við okkur einstaklingunum og fyrirtækinu tækifæri til að vaxa og dafna."

Síðan verkefninu var hrundið af stað hefur verið unnið í stórum og smærri hópum með vinnustofum í hverri einingu og þvert á fyrirtækið, til að greina það sem telst vera uppbyggjandi, drottnandi og óvirk eða passíf menning. „Markmiðið er að þróa hvetjandi hegðun meðal starfsfólks, auka sjálfsþroska þess og efla tengsl milli fólksins í fyrirtækinu. Þannig náum við árangri saman.

Við hjá Isavia erum afar ánægð með og stolt af því að ákveðið hafi verið að ráðast í þetta verkefni," segir Brynjar. „Við erum í sameiningu að móta og innleiða heilbrigða og uppbyggjandi fyrirtækjamenningu sem verða á öllum til góðs." ■

Fyrirtækjaþjónusta S4S

Allt fyrir fyrirtækið þitt!

Fjölbreytt úrval af skóm, fatnaði og vörum fyrir hverskyns útivist, eitthvað sem hentar öllum sama hvert tilefnið er. Tilvalið í fyrirtækjagjafir eða starfsmannafatnað.

Rafrænt gjafakort S4S, fer í beint í símann og rennur aldrei út. Gildir í öllum okkar 13 verslunum og 5 netverslunum.

Ekki flækja málið,
leyfðu starfsfólkinu að velja það sem því langar í!

AIR ELLINGSEN Kaupfélagið
ecco STEINAR WAAGE Toppskórinn
SKECHERS Skór.is ELLINGSEN

Fyrirtækjaþjónusta S4S 544-2160 sala@s4s.is

Valka Jónsdóttir segir að Landsnet sé með sérstaka stjórnendaþjálfun því stjórnendur þurfa að vera fyrirmyndir og sýna gott fordæmi. FRÉTTABLAÐIÐ/ ERNIR

Saga af ferðalagi, breytingum og eftirsóknarverðum vinnustað

Flest okkar þekkja Landsnet úr fréttum þegar eitthvað bjátar á, þegar óveður ganga yfir landið og ljósin á landinu fara út. Landsnet er einn af lykilinnviðum þjóðarinnar og því fylgir mikil ábyrgð.

Örugg afhending orku er mikilvægasta viðfangsefnið Landsnets en hjá fyrirtækinu starfar úrvals teymi starfsfólks sem hefur lagt mikið á sig undanfarin ár við að halda flutningskerfinu gangandi við mjög erfiðar aðstæður.

Saman getum við flutt fjöll

Hópur lagði á árinu upp í ferðalag, menningarvegferð, þar sem þau horfðust í augu við sig sjálf og hvernig fyrirtæki þau vildu vera. Valka Jónsdóttir, mannauðsstjóri Landsnets, segir að vegferðin hafi gert fyrirtækið og samstarfsfólk hennar betur til þess fallin að uppfylla loforðin sem Landsnet hefur gefið samfélaginu um örugga og áreiðanlega afhendingu orku.

„Síðustu ár hafa verið mjög krefjandi, ár heimsfaraldurs, heimavinnu, hólfaskiptingar, fjarfunda og framkvæmda sem skapaði krefjandi aðstæður í daglegum rekstri fyrirtækisins.

Á sama tíma var ákveðið að skoða menninguna okkar í ljósi þeirra breytinga sem framundan eru í orkumálum. Við vildum standa fyrir því sem framtíðin krafðist af okkur. Stórar spurningar sem þurfti hugrekki til að svara," segir Valka en menning er í hennar huga einn stærsti þátturinn í góðum og eftirsóknarverðum vinnustað.

„Við viljum geta staðið undir miklum væntingum og eigum í meiri samskiptum við viðskiptavini og hagsmunahópa en áður, sem gera auknar kröfur á okkur. Tækninni fleygir áfram með tilheyrandi flækjustigi og það er ekki bara okkar hlutverk, heldur skylda, að vera í stakk búin að takast á við áskoranir framtíðarinnar.

Það er samt svo að mannskepnan getur ekki endalaust bætt á sig vinnu, aukið hraða og bætt gæði án þess að álag og streita fari að gera vart við sig við. Það getur endað illa með alvarlegum streitueinkennum og jafnvel kulnun. Við, sem teymi getum hins vegar bætt okkur endalaust með því að breyta hvernig við vinnum saman, tölum saman, styðjum hvert annað, hvernig við hugsum, hvernig við tökum ákvarðanir, bregðumst við, þroskumst og þróumst. Við vinnum ekki hraðar heldur snjallar og getum með því flutt fjöll."

Ferðalagið

Það voru einkum tveir drifkraftar sem ráku Landsnet áfram í að fara í þessa vegferð. Annars vegar einlægur vilji til að gera gott betra og viljinn til að gera fyrirtækið að einum besta vinnustað landsins. Það eru miklar breytingar í gangi í orkugeiranum, breytingar sem umbylta því hvernig hann virkar.

> **Við leggjum mikla áhersla á aukinn skýrleika og hraða í ákvarðanatöku með það að markmiði að minnka sóun sem felst í getgátum um fyrirætlanir og bið eftir ákvörðunum.**

Því fannst okkur nauðsynlegt að undirbúa fyrirtækið fyrir þessar breytingar og það er hvergi betra að byrja slíkan undirbúning en í menningunni."

Síðustu tvö ár hefur verið unnið með stjórnendum og starfsfólki að því að gera vinnustaðinn enn betri með uppbyggjandi nálgun á samskipti og verkefni og með áherslu á lærdóm og þroska, gagnsæi og endurgjöf.

„Við leggjum mikla áhersla á aukinn skýrleika og hraða í ákvarðanatöku með það að markmiði að auka virði og minnka sóun sem felst í getgátum um fyrirætlanir og bið eftir ákvörðunum. Á sama tíma er unnið í forgangsröðun verkefna þannig að færri verkefni séu í vinnslu á hverjum tíma.

Síðast en ekki síst má nefna að verið er að innleiða öfluga og faglega breytingastjórnun. Ráðið var í stöðu leiðtoga breytinga til að byggja enn betur undir faglega breytingastjórnun því við hjá Landsneti ætlum að innleiða besta vinnulag, ferla og samskipti ásamt því að takast á við miklar breytingar á ýmsum sviðum sem tengjast öðrum lykilverkefnum," segir Valka og bendir á að í dag sé mikil undiralda í samfélaginu.

En til að vita hver staðan er þurfti að taka stöðuna, kortleggja hver menningin væri í fyrirtækinu og var það gert. Allir starfsmenn fengu spurningalista þar sem spurt var hvernig fólk upplifði menninguna eins og hún væri í dag og hvernig fólk vildi hafa menninguna.

„Niðurstaðan var að starfsfólkið vildi breyta menningunni í takt við nýjar og breyttar áskoranir. Mikilvægt var fyrir okkur öll að fara í þessa vegferð. Það er margt sem við þurfum að huga að til að geta tekist á við þær áskoranir. Við þurftum að sýna hugrekki, þora að fara út fyrir þægindarammann, hafa vilja til breytinga og tileinka okkur ný gildi og viðmið. Að auki þurfum við að segja það sem við erum að hugsa á uppbyggilegan máta og spyrjum erfiðra spurninga með virðingu og umhyggju að leiðarljósi," segir Valka.

Við höfum verið með vinnustofur með ráðgjöfum þar sem við lærum um hvað vinnustaðamenning er, um ólíka samskiptamáta og æfum okkur í uppbyggilegum samskiptum. Við erum í vinahópum (buddies) þvert á fyrirtækið þar sem við byggjum upp sálfræðilegt öryggi, segjum sögur um hvernig okkur gengur, æfum samskiptin og fáum stuðning og endurgjöf. Við höfum verið með sérstaka stjórnendaþjálfun því yfirmenn þurfa að vera fyrirmyndir og sýna gott fordæmi og byggja þannig upp þá menningu sem við öll stefnum að.

Loks má nefna að við höfum boðið öllu starfsfólki okkar að taka 360° mat þar sem hver og einn starfsmaður fær skýrslu um sjálfan sig byggða á sömu hugsana/hegðunarstílum og fyrirtækið og getur þannig tekið þátt í uppbyggilegri þróun á sjálfum sér og með fyrirtækinu."

Vegferðinni er svo langt frá því að vera lokið og margar áskoranir fram undan en Valka og hennar fólk er spennt fyrir framtíðinni og ferðalaginu.

„Við viljum vera vel í stakk búin til að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Við ætlum að vera þekkt fyrir að vera forvitin, uppbyggileg, styðjandi og meðvituð.

Til að ná árangri ætlum við að virkja aðra með okkur. Það gerum við með því að hlusta og eiga uppbyggjandi samtöl sem byggja á virðingu og sanngjarnri gagnrýni með jákvæðu viðmóti og heilindum. Hvert og eitt okkar er mikilvægur hluti af því afli sem mun knýja áfram bjarta framtíð Landsnets. Í sameiningu getum við náð óralangt og haft áhrif á samfélagið til góðs.

Á leiðinni munum við eflaust gera mistök en við ætlum að tileinka okkur lærdóminn sem þeim fylgir. Þannig hjálpum hvert öðru að rísa upp og byggjum saman upp rafmagnaða framtíð." ■

número eitt®

BÆTIEFNABOX NÚMER EITT

30 BÆTIEFNA SKAMMTAR
EINN POKI Á DAG

HVAÐA BOX TIKKAR ÞÚ Í?

TAKTU BÆTIEFNAPRÓFIÐ Á NUMEREITT.IS

Samsetning bætiefnanna í boxunum er sett saman með samvirkni í huga, úthugsuð út frá rannsóknum og alda gamalli þekkingu á jurtum og virkni þeirra.

- Þróað af jurtalæknum
- Vítamínin og steinefnin eru unnin beint úr fæðunni (food state)
- Heildarlausn í einu boxi
- Umhverfisvænar umbúðir
- Einfaldar bætiefnainntökuna

FJÁRFESTU Í HEILSUNNI

Á bak við allt sem við gerum er fólk

OR-samstæðan sinnir viðamiklum rekstri í gegnum fjögur dótturfélög en í grunninn er hlutverk samstæðunnar að leggja grunn að lífsgæðum. Framtíðarsýn OR er að auka lífsgæði og samfélagsábyrgð með viðskiptavinum, starfsfólki og með reksturinn í forgangi.

„Við í OR-samstæðunni erum í vegferð um að breyta fyrirtækjamenningunni okkar. Heimurinn breytist nú á meiri hraða en nokkru sinni, þar á meðal störf og atvinnulíf. Því þarf fólk að þróa með sér nýja hæfni til að eiga möguleika á að takast á við verkefni framtíðarinnar," segir Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, mannauðsleiðtogi hjá Orkuveitu Reykjavíkur (OR).

Árið 2018 var hafin vinna við að greina hvernig störf innan OR-samstæðunnar myndu breytast í framtíðinni.

„Markmiðið var að starfsfólk yrði betur í stakk búið til að mæta kröfum framtíðar. Við einblíndum á ákveðin störf og hópa sem við sáum fyrir okkur að gætu breyst mikið, fórum í verkefnið með jákvæðu hugarfari um að þróast saman en viðbrögðin voru önnur og margir hópar urðu óöruggir um sig og sína framtíð. „Hvað verður um mig?" var viðkvæðið. Við sáum því fljótt að við þyrftum að nálgast viðfangsefnið á annan máta og í staðinn fyrir að einblína á ákveðna hópa og segja: „Þú verður að breytast", sáum við að breytingarnar yrðu að koma frá fólkinu sjálfu. Við fórum því að hugsa hvernig vinnustað við þyrftum að skapa og sem gæti tekist á við verkefni framtíðarinnar. Við vildum skapa eftirsóknarverðan vinnustað sem laðar að sér stórhuga fólk."

Vaskir vaxtarspotar

Næsta skref var að endurskoða lykiláherslur í mannauðsmálum OR.

„Í dag vinnum við eftir fjórum lykiláherslum: Við vinnum saman, Sveigjanlegu starfsumhverfi, Við vöxum saman og Við erum leiðtogar," útskýrir Ólafur Kári Júlíusson, mannauðsleiðtogi hjá OR.

„Við fórum úr því að leggja áherslur á einstaka hópa yfir í að leggja áherslu á að breyta fyrirtækjamenningunni okkar. Við vildum búa til menningu þar sem stórhuga fólk getur þróað getu sína og þekkingu. Menningu þar sem við virkjum fólkið okkar til að samstæðan nái eftirtektarverðum árangri fyrir samfélagið. Menningu sem þarf að byggja á sameiginlegum tilgangi; því öll erum við leiðtogar og höfum aðbúnað sem styður við menninguna og endurspeglast í því hvernig við tölum saman."

Ólafur Kári greinir frá því að mannauðsleiðtogar OR hafi sett af stað prógramm til að þjálfa fólk í nýrri færni og innleiða vaxandi hugarfar.

„Við köllum prógrammið Vaxtarsprota, eða „Growth agents". Tilgangurinn er að fá fólk til að vinna saman þvert á samstæðu, ná auknum hraða í ákvarðanatöku, að við vinnum í takt við stefnu okkar og setjum viðskiptavininn og hans þarfir í fyrsta sæti."

Valdir voru átta aðilar, fjórar konur og fjórir karlmenn, til að hefja vegferðina.

„Vaxtarsprotarnir fóru í gegnum nokkurra mánaða þjálfun þar sem lögð var áhersla á að þjálfa þá upp í að leiða teymi, fá fólk til að vinna saman og tala saman á árangursríkan hátt, leysa áskoranir hratt, segja sögur og vinna stefnumiðað. Hópurinn lærði einnig að nýta sér tæknina til að geta gert samstarf og vinnu auðveldari, hraðari og óháða staðsetningu," upplýsir Ólafur Kári.

Vaxtarsprotarnir fóru fljótt að hafa áhrif á fólk í kringum sig, veita öðrum innblástur og hjálpa teymum að ná meiri árangri og skapa virði.

Ólafur Kári Júlíusson, Erna Sigurðardóttir og Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, mannauðsleiðtogar hjá OR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Hópurinn varð kyndilberi nýrra tíma og höfðu bein áhrif á menninguna okkar. Það skipti sköpum að hefja vegferðina á þennan hátt því það sem gerðist var að prógrammið fór að vekja athygli, fólk fór að rétta upp hönd og óska eftir að vera með. Nú höfum við útskrifað einn vaxtarsprotahóp og tveir aðrir eru í þjálfun. Í haust verðum við búin að útskrifa hátt í fjörutíu aðila héðan og þaðan úr samstæðunni, og við munum halda þessari þjálfun áfram, enda er eftirspurnin mikil innan samstæðunnar," segir Ólafur Kári.

> **Vaxtarsprotarnir fóru fljótt að hafa áhrif á fólk í kringum sig, veita öðrum innblástur og hjálpa teymum að ná meiri árangri og skapa virði.**
>
> Ólafur Kári Júlíusson

Ein sterk liðsheild

Samhliða þjálfun vaxtarsprota vinna mannauðsleiðtogar OR með stjórnendum og starfsfólki sem vinnur þvert á skipurit samstæðunnar í að efla samvinnu og eina liðsheild, eða „one team spirit" (OTS).

„Við höfum mælt árangur okkar á því sviði; það hvernig við mælum óáþreifanlegan þátt, eins og samvinnu, hvernig við vitum hvar við stöndum og hvað við þurfum að leggja áherslu á," upplýsir Erna Sigurðardóttir, mannauðsleiðtogi hjá OR.

„Við veðjuðum á að setja fókus á tíu þætti og ef við stæðum okkur vel í þeim öllum ynnum við í takt við markmiðið um eina sterka liðsheild. Við höfum tvisvar mælt OTS-skorið og erum að sjá jákvæða þróun á því þó enn séu tækifæri til úrbóta."

Forysta og þátttaka stjórnenda hefur verið mikilvæg í verkefninu því stjórnendur ganga fram með skýru fordæmi og leggja áherslu á að leiða og styðja við menningu sem verið er að innleiða.

„Við erum staðföst í þeirri trú að því betur sem við vinnum sem ein sterk liðsheild, með rétt hugarfar, aga og lipur vinnubrögð, þá náum við að skapa meira virði fyrir samfélagið og styrkja grunn okkar sem eftirsóknarverður vinnustaður. Til að menningarbreyting eigi sér stað þurfum við aðbúnað og starfsaðstæður sem styðja við breytinguna. Þar hefur tæknin komið sterk inn og við vinnum mikið í forritinu Mural sem er stafræn vinnustöð þar sem hópar vinna saman við að leysa verkefni og áskoranir," útskýrir Erna og bætir við að Mural geri fólki kleift að vinna saman þótt ekki séu allir í sama landshluta eða sama landinu. Þar með fá allir tækifæri til að taka þátt og hafa áhrif.

„Við þurfum að vera forvitin og óhrædd við að láta tæknina auðvelda okkur störfin. Þess vegna leggjum við mikla áherslu á að þróast áfram með nýrri tækni. Það er krefjandi að breyta menningu eða þróast sem vinnustaður, erfitt að þróast nema hlustað sé á starfsfólkið og neisti þess kveiktur til að komast á nýjan stað. Á bak við allt sem við gerum og ákvarðanir sem við tökum – er fólk. Fólkið okkar er dýrmætasta auðlindin og til að ná árangri þurfum við að hlúa að því og virkja," segir Erna. ■

Orkuveita Reykjavíkur er á Bæjarhálsi 1. Sími 516 6100. Allar nánari upplýsingar á or.is

Tölfræðilegar greiningar á mannauði fyrirtækja

Víðir Ragnarsson
forstöðumaður ráðgjafar PayAnalytics

Hraðar tæknibreytingar hvetja fyrirtæki til þess að horfa lengra til framtíðar en áður og undirbúa þannig ólíkar sviðsmyndir um þróun starfa, markaða, þjónustu og vara.

Á síðustu árum eru íslensk fyrirtæki að leggja meiri áherslu en áður á nýtingu gagna og greininga í mannauðsmálum. Slíkar greiningar gefa innsýn í ólíka þætti rekstrar fyrirtækjanna og styðja oft við fjárhagsupplýsingar úr rekstrinum og tryggja þannig sem vandaðasta ákvörðunartöku.

Hraðar tæknibreytingar hvetja fyrirtæki til þess að horfa lengra til framtíðar en áður og undirbúa þannig ólíkar sviðsmyndir um þróun starfa, markaða, þjónustu og vara. Ákveðin störf eru að umbreytast mjög hratt og önnur að leggjast af.

Greiningar á starfsfólkinu í fyrirtækinu hjálpa til við að taka betri ákvarðanir undir þessari nýju tegund af óvissu. Meta þarf í ljósi ólíkra sviðsmynda um framtíðina hvernig störf muni líta út í fyrirtækinu eftir fimm til tíu ár. Ákvarðanir dagsins í dag eru svo háðar slíkum greiningum, til að mynda hvaða fólk á að leggja áherslu á að ráða, hvernig viðhalda eigi þekkingu og bæta við þekkingu þar sem hana skortir í dag. Á að ráða nýtt starfsfólk með þessa þekkingu eða byggja hana upp innanhúss með fræðslu og þjálfun?



Greiningar á tölfræði og upplýsingum eru vaxandi þáttur í starfi mannauðsfólks. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nýjar áskoranir

Til þess að geta tekið slíkar ákvarðanir þurfa fyrirtæki að hafa greiningu á þekkingu starfsfólksins síns. Hvaða starfsfólk verður fyrirtækinu mikilvægast á næstu árum og er það annað fólk en er það mikilvægasta í dag. Þetta eru dæmi um þær áskoranir sem tæknivæðing er að færa fyrirtækjum og það eru sterkar vísbendingar um að hæfni fyrirtækja til þess að greina mannauð sinn eigi eftir að ráða miklu um samkeppnisforskot þeirra.

Mælingar sem tengjast ánægju í starfi og tryggð starfsfólks til fyrirtækisins, eru þekktari og hafa lengi verið notaðar af íslenskum fyrirtækjum.

Við erum samt að sjá fyrirtæki nýta þessar greiningar á nýjan hátt, þannig eru til dæmis slíkar mælingar tengdar við mælingar á ráðningum, starfsmannaveltu og kynjasamsetningu deilda og þannig fæst dýpri skilningur á því hvernig þessir þættir vinna saman. Við myndum gjarnan vilja geta byggt framvirk líkön sem gefa til dæmis til kynna áhættuþætti sem geta birst í vinnustaðargreiningum deilda nokkrum árum áður en til að mynda mikilvægt starfsfólk hættir í þessum sömu deildum. Þannig væri hægt að bregðast við fyrr en í óefni er komið.

Þetta eru örfá dæmi um hvernig íslensk fyrirtæki eru að mæla og nýta greiningar á fólkinu sínu til þess að taka betri ákvarðanir sem skila fyrirtækjum ánægðara starfsfólki, sem hefur rétta hæfni til þess að sinna þeim verkefnum sem eru mikilvægust fyrirtækjunum á hverjum tíma fyrir sig. ■

FJÖLSKYLDUDAGUR FYRIRTÆKJA

Smárabíó er einn stærsti leikvöllur landsins innandyra með fjölbreytta skemmtun sem hentar öllum aldurshópum

LEIKJASALUR LASERTAG

Á skemmtisvæði Smárabíós má meðal annars finna stærsta leiktækjasal landsins, sýndarveruleika, karaoke herbergi, tvo lasertagvelli og margt fleira.

SÝNDARVERULEIKI KARAOKE

Hægt er að leigja allt svæðið og ættu allir að finna skemmtun við sitt hæfi. Til viðbótar er hægt að bjóða uppá gott úrval veitinga og einnig skemmtikrafta eins og trúða og prinsessur.

Hafðu samband og við hjálpum þér að útbúa ógleymanlegan dag fyrir starfsfólkið þitt og fjölskyldur þeirra.

Fyrirspurnir sendast á **pantanir@smarabio.is**

SMÁRA BÍÓ

Verkfæri tengt góðum stjórnarháttum og samfélagslegri ábyrgð

Hagvangur rekur þjónustu sem kallast Siðferðisgáttin og er markmiðið að skapa fyrirtækjum og stofnunum vettvang fyrir starfsmenn sína til að koma því á framfæri til óháðs þriðja aðila, Siðferðisgáttarinnar, ef þeir verða fyrir óæskilegri framkomu á vinnustaðnum eða upplifa vanlíðan í tengslum við störf sín.

Stefanía Hildur Ásmundsdóttir, Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir og Gyða Kristjánsdóttir. „Í dag finnum við að fyrirtæki eru mikið að kalla eftir svona verkfæri til þess að sýna fram á góða stjórnarhætti. Þetta er klárlega hluti inn í þá jöfnu sem fyrirtæki eru flest að vanda sig við núna," segir Gyða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Hagvangur hefur verið að vinna með fyrirtækjum í íslensku atvinnulífi í um 50 ár og við fundum fyrir ákveðnu ákalli um að í mörgum tilfellum vantaði að hafa óháðan aðila í þessum málum strax frá upphafi. Þetta geta verið viðkvæm mál sem þarf að vanda sig sérstaklega við að bregðast við," segir Gyða Kristjánsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi. „Í dag finnum við að fyrirtæki eru mikið að kalla eftir svona verkfæri til þess að sýna fram á góða stjórnarhætti. Þetta er klárlega hluti inn í þá jöfnu sem fyrirtæki eru flest að vanda sig við núna. Að sama skapi eru fyrirtæki líka að sýna fram á samfélagslega ábyrgð með því að bjóða upp á slíka leið fyrir sitt starfsfólk. Siðferðisgáttin starfar sem óháður ráðgjafaraðili í samstarfi við stjórn fyrirtækja eða stofnana sem gera samning um að starfrækja Siðferðisgáttina á viðkomandi vinnustað."

Á vefsíðunni sidferdisgattin.is kemur fram að allir starfsmenn, óháð stöðu, geti komið máli sínu á framfæri til óháðs þriðja aðila ef þeir upplifa óæskilega framkomu eða vanlíðan í tengslum við störf sín. „Hagvangur er þessi þriðji aðili; starfsmenn fyrirtækja geta notað þetta sem leið til að koma fram með sína upplifun eða hvað sem er og við tökum við tilkynningum þegar þær koma inn á okkar borð, hvort sem það er í gegnum síma eða tölvupóst. Viðkomandi leitar til okkar í fullum trúnaði en ef viðkomandi vill fara áfram með málið undir nafni þá erum við í mjög nánu samstarfi við annaðhvort mannauðsstjóra eða framkvæmdastjóra viðkomandi fyrirtækis svo að hægt sé að bregðast við, sem er oftast reyndin," segir Yrsa.

Ávinningurinn

Ávinningurinn er margvíslegur og má þar nefna að þetta styrkir stoðir góðrar og heilbrigðrar vinnustaðamenningar. Það að starfrækja Siðferðisgáttina á vinnustöðum sýnir svo að fyrirtækinu sé umhugað um vellíðan starfsmanna og sé þátttakandi í að uppræta óæskilega háttsemi á vinnustöðum. Þar kemur samfélagslega ábyrgðin við sögu og jafnframt góðir stjórnarhættir.

> **Það að starfrækja Siðferðisgáttina á vinnustöðum sýnir að fyrirtækinu sé umhugað um vellíðan starfsmanna og sé þátttakandi í að uppræta óæskilega háttsemi á vinnustöðum.**
>
> Gyða Kristjánsdóttir

Þegar kemur að óæskilegri hegðun segir Stefanía að ekki sé verið að binda sig eingöngu við alvarlegustu málin, sem eru kynferðislegt áreiti, einelti og ofbeldi, heldur sé lögð áhersla á að hafa þetta opið gagnvart öllu sem snýr að vanlíðan í tengslum við störf viðkomandi.

„Það er betra að grípa inn í fyrr en seinna. Eitthvað sem var kannski minni háttar mál getur orðið að risastóru máli ef ekki er gripið inn í sem fyrst. Og megintilgangur okkar er að grípa málin áður en þau verða að risastórum snjóbolta sem byrjar að rúlla, ásamt því að vera sterk forvörn." ■

Hvetur fyrirtæki til að huga að heilsu starfsfólks

Hafnarfjörður hefur sett Heilsueflandi vinnustað á oddinn á öllum sínum 60 vinnustöðvum.

Frá vinstri standa mannauðsráðgjafarnir Íris Ósk Bjarnadóttir, Sandra Kristín Jónsdóttir og Ólafur Heiðar Harðarson. Lengst til hægri er Kristín Sigrún Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri Hafnarfjarðarbæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Því hefur verið líkt við stríðsástand þar sem ósýnilegur óvinur getur drepið mann hvenær sem er; sú óvissa, álag og umbreytingar sem urðu á vinnuumhverfi okkar í heimsfaraldrinum, enda var Covid-veiran sannarlega ósýnilegur óvinur sem gat drepið okkur, ofan á allt annað sem þá gekk á; kröfur um breytt vinnuumhverfi, nýja hæfni og Covid-veikindi sem ollu álagi á vinnustöðum fólks."

Þetta segir Kristín Sigrún Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri Hafnarfjarðarbæjar. Þar á bæ er stefnan sett á að vera Heilsueflandi vinnustaður.

„Heimsfaraldurinn leiddi af sér stöðugar breytingar, samkomutakmarkanir, reglulega endurskipulagningu á vinnustöðum, sóttvarnahólf og smitrakningu. Allt olli það miklu álagi á starfsfólk og krafðist nýrrar þekkingar og hæfni, jafnvel yfir nótt, þegar þurfti að skipta vinnustöðum í sóttvarnahólf og fundir færðust yfir í fjarfundarbúnað. Fjórða iðnbyltingin var vissulega farin að banka á dyrnar en með Covid-19 ruddist hún inn með látum; nokkuð sem sérfræðingar í stafrænni umbyltingu áttu von á að tæki næstu einn til tvo áratugina að umbreyta. Tæknin var til, en lítið farið að nota hana, og allt í einu varð fólk tilneytt til að taka rafræna fundi á Zoom eða Teams, sem að öllu jöfnu hefði ekki gerst nema að vel skoðuðu máli með sérfræðinga í breytingastjórnun sér til halds og trausts, að tileinka sér nýja þekkingu, verklag, ferla og færni á hæfilegum hraða. En heimsfaraldur spyr ekki hvort mannkynið sé tilbúið í slaginn, hann bara mætir með tilheyrandi álagi á starfsfólk og vinnumenningu," segir Kristín.

Heilsuefling besta fjárfestingin

Fyrir mannauðsfólk urðu til fjölmörg ný verkefni til að mæta vanlíðan starfsfólks á tímum Covid. Aukið álag vegna breytinga, óvissuástands og krafa um nýja þekkingu og hæfni, olli enn frekari veikindafjarveru á vinnustöðum, ofan á veikindin sem Covid olli beint.

„Allt svona álag, óvissa og hraðar breytingar hafa áhrif á fólk og sumir eiga erfiðara með óvissu en aðrir. Því finnst mér kærkomið tækifæri nú að snúa vörn í sókn, þegar faraldurinn er í rénun og líf okkar að mestu leyti að verða eðlilegt, að innleiða Heilsueflandi vinnustaði á allar starfsstöðvar Hafnarfjarðarbæjar. Embætti landlæknis þróaði þetta stórkostlega verkfæri sem gerir vinnustöðum kleift að nálgast markvisst og skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilsu og vellíðan til góðs; ekki aðeins fyrir starfsfólk, heldur samfélagið allt. Því hefur Hafnarfjörður ákveðið að fara í þessa vegferð og innleiða Heilsueflandi vinnustaði á öllum sínum rúmlega sextíu starfsstöðvum," greinir Kristín Sigrún frá.

Þessa dagana vinnur Hafnarfjarðarbær að ráðningu verkefnisstjóra til að leiða verkefnið til næstu tveggja ára og er vonast til að verkefnið hefjist af fullum krafti í lok ágúst.

„Ég fullyrði, út frá faraldrinum og því sem á undan er gengið, að heilsuefling, hvort sem hún er líkamleg eða andleg, er með betri fjárfestingum í mannauði sem hægt er að gera í dag," segir Kristín.

„Nauðsynlegt er að hafa skýra mælikvarða til að mæla árangur af Heilsueflandi vinnustað og við stefnum að því að allt starfsfólk Hafnarfjarðar hafi aðgang að mælaborði til að fylgjast með árangri af verkinu. Miklu skiptir að innleiðingin verði gagnsæ, árangursrík og sýnileg, og að starfsfólkið upplifi áhrif og aukna ánægju og vellíðan í starfi. Þá vonum við að heilsuefling verði til framtíðar sjálfsagður hluti af menningu allra starfsstöðva Hafnarfjarðarbæjar og að verkefnið verði til að valdefla starfsfólk okkar til heilsueflingar og vellíðunar."

Margt hefur bein áhrif á heilsu

Heilsueflandi vinnustaður er að vissu leyti staðall með gátlistum þar sem tekið er á átta mismunandi þáttum sem hver og einn hefur fjölmarga undirþætti.

„Það sem gerir þetta að frábæru verkfæri er að í því er tekið á mörgum þáttum heilsueflingar, svo sem stjórnun á vinnustað, sem hefur ótrúlega mikil áhrif á líðan starfsfólks; hvernig stjórnandi sinnir sínu starfi. Heilsueflandi vinnustaður tekur líka vítt á þáttum sem hafa áhrif á heilsu fólks á vinnustað; til dæmis hvaða matur er í boði, hvernig álagsstýringin er, hvernig stutt er við andlega heilsu starfsfólks, er möguleiki til heilsuiðkunar og sturta á staðnum, er fólki gert kleift að koma á hjóli í vinnuna, en einnig umhverfisþáttum eins og hvort loftgæði og hljóðvist séu góð, því svo margt hefur bein áhrif á heilsu fólks á vinnustöðum þess," greinir Kristín frá.

Hún hvetur öll fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög til að setja Heilsueflandi vinnustað á dagskrá.

„Á einhverjum tímapunkti vona ég að Embætti landlæknis fái fjármagn til að senda menn út af örkinni og votta hvort fyrirtæki séu heilsueflandi og hvort þau standi í stykkinu þegar kemur að heilsu og vellíðan starfsmanna. Við vitum að ekki verður hægt að gera eins fyrir alla á okkar fjölmörgu starfsstöðvum. Hver einasta starfsstöð er ólík og þarf að setja sér sín eigin markmið, samanber ólíkar aðstæður og áherslur í til dæmis leikskólum, íbúðakjörnum fyrir fatlaða eða deildum sem sjá um göturnar okkar. Allt eru þetta ólík störf með ólíkar kröfur og því munum við hafa fulltrúa allra starfsmanna með í ráðum." ■

Sjá nánar á hafnarfjordur.is

Mg

MINI GARÐURINN

Allt á einum stað!

MINIGOLF - MATUR - DRYKKUR

Fáðu tilboð fyrir hópinn þinn.
www.minigardurinn.is

Mg MINI GARÐURINN SKÚTUVOGI 2, 104 REYKJAVÍK • 419 0000 • MINIGARDURINN.IS

Stafrænar fræðslulausnir

Umtalsverð eftirspurn er í atvinnulífinu eftir fjölbreyttari aðferðum en áður þekktust þegar kemur að fræðslu og þjálfun á vinnustöðum.

Af því tilefni hefur Opni háskólinn í HR þróað sveigjanlegar, stafrænar fræðslulausnir sem er annars vegar ætlað að auka sérfræðikunnáttu og hins vegar að efla stjórnunar- og leiðtogafærni. Lausnirnar eru aðgengilegar gegnum fræðslukerfi ört stækkandi hóps viðskiptavina Opna háskólans í HR.

„Rétt fyrir Covid vorum við farin að átta okkur á því að það væri nauðsynlegt fyrir fólk að hafa aðgang að góðu, stafrænu fræðsluefni á íslensku, um þá færniþætti sem taldir eru nauðsynlegir fyrir íslenskt atvinnulíf.

Stafrænu fræðsluefni er oftast ekki ætlað að koma í staðinn fyrir staðnám í okkar tilviki heldur er það viðbót, til dæmis til þess að undirbúa fólk betur til þátttöku í vinnustofum eða í hefðbundnu námi í kennslustofu.

Námsefnið er hannað sérstaklega til þess að fólk geti farið gegnum það á eigin tíma, stað og hraða – og jafnvel á eigin vegum, óháð vinnustöðunum. Þetta tengist gríðarlegri eftirspurn eftir fjölbreyttari fræðsluaðferðum og kannski óhefðbundnum frá því sem við erum vön.

Mikilvægt er að framleiða í þessu skyni gæðaefni sem er kennslufræðilega rétt uppbyggt og hentugt fyrir fræðslukerfi fyrirtækja. Í þessu verkefni hefur

Kristinn Hjálmarsson, þróunarstjóri Opna háskólans í HR, og Helgi Héðinsson, forstöðumaður Opna háskólans í HR.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

fólkið okkar náð miklum árangri á skömmum tíma," segir Kristinn Hjálmarsson, þróunarstjóri Opna háskólans í HR.

Ögrandi verkefni

Kristinn segir að þetta hafi í upphafi verið spennandi og ögrandi nýsköpunarverkefni. „Við höfum á skömmum tíma komið okkur upp víðtækri tækniþekkingu og frábær hópur sérfræðinga hefur komið verkefninu í háan gæðaflokk. Háskólaumhverfið er kjörið fyrir þróun og framleiðslu á fræðsluefni þar sem við erum í náinni samvinnu við færustu sérfræðinga. Það er enn fremur lærdómsríkt að hafa hnökralaust aðgengi að fólki sem er að kenna alla daga og hefur jafnvel hlotið verðlaun fyrir kennsluaðferðir sínar."

Mikilvæg mannauðsmál

„Fræðsla og þjálfun eru mikilvæg mannauðsmál og til þess ætluð að auðvelda mannauðnum að verða sér úti um þekkingu. Störf eru að þróast gríðarlega hratt með aðsteðjandi tæknibyltingum og öðrum samfélagsbreytingum og nauðsynlegt fyrir fólk að geta hratt og örugglega tileinkað sér nýja þekkingu. Það er einfaldlega

> **Námsefnið er hannað sérstaklega til þess að fólk geti farið gegnum það á eigin tíma, stað og hraða – og jafnvel á eigin vegum, óháð vinnustöðunum.**

miklu fljótlegra að gera það þegar efnið er stafrænt, eins og raunin er í nýjustu fræðslukerfum vinnustaða, heldur en að koma á staðinn og átta sig kannski á því að viðkomandi vantar einhvern grunn eða að eitthvert tiltekið nám er of auðvelt," segir Helgi Héðinsson, forstöðumaður Opna háskólans í HR.

Lausnir fyrir þriðja aðila

„Opni háskólinn í HR nýtir eigin þekkingu og aðgengilega kunnáttu sérfræðinga Háskólans í Reykjavík til þess að búa til fræðslulausnir og svokallaðar „on-boarding"-lausnir fyrir þriðja aðila, sem eru þá annaðhvort hýstar í fræðslukerfi okkar eða í fræðslukerfum viðskiptavina. Við erum komin með fjölbreyttan hóp viðskiptavina á þessu sviði og má þar nefna Sveitarfélagaskólann fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga, LS Retail Academy fyrir LS Retail á alþjóðavísu, Fjármálalæsi í samvinnu við Samtök fjármálafyrirtækja og örnámskeið um stafræna hæfniþætti í samvinnu við Stafræna hæfniklasann," segir Helgi að lokum. ■

OPNI HÁSKÓLINN í HR
@opnihaskolinn

Ný tækifæri fyrir mannauðinn

Í **Opna háskólanum í HR** er úrval námskeiða sem gefa einstaklingum tækifæri til að auka samkeppnishæfni og árangur í starfi með því að bæta við færni sína og auka þekkingu.

Dæmi um námskeið Opna háskólans:

- Mannauðsstjórnun og leiðtogafærni
- PMD stjórnendanám HR
- Stjórnendamarkþjálfun í samvinnu Coach U
- Fyrstu skrefin að jafnlaunavottun – **STAFRÆNT**
- Mannauðshlutverk stjórnenda frá A-Ö – **STAFRÆNT**
- Að leiða teymi – **STAFRÆNT**



Kynntu þér fjölbreytt námsframboð Opna háskólans á **opnihaskolinn.is**

Spennandi sumarstörf hjá N1

ENNEMM / SÍA / NM-010518

- Fjölbreytt verkefni
- Þjálfun og fræðsla
- Góð vinnuaðstaða
- Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO
- Vaktavinna/dagvinna
- Glaðningur: Gjafabréf frá 66°Norður

Miðstöð mannlífs og ferðalaga

Við bjóðum upp á spennandi sumarstörf á stöðvum okkar hringinn í kringum landið. Þetta eru líflegir vinnustaðir sem iða af mannlífi frá morgni til kvölds. Þú starfar með frábæru teymi, lærir margt nýtt og kynnist skemmtilegu fólki úr nærsveitum og frá öllum heimshornum.

Við leitum að þjónustulipru og metnaðarfullu sumarstarfsfólki, 18 ára og eldri, til að sinna afgreiðslustörfum og öðrum verkefnum í dagvinnu eða vaktavinnu. Viltu ganga til liðs við okkur?

Kynntu þér störfin og sæktu um á n1.is undir: „Um N1 – Starfsfólk – Laus störf“

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

Styttum leiðina að jafnlaunavottun með Justly Pay

Justly Pay er hugbúnaðarlausn frá Origo sem auðveldar og styttir leiðina fyrir fyrirtæki að jafnlaunavottun. Lausnin inniheldur grunn skjala sem mæta kröfunum og hægt er að laga að daglegum rekstri fyrirtækja og stofnana.

Kristín Hrefna Halldórsdóttir, forstöðumaður gæða- og innkaupalausna hjá Origo, segir að við hönnun Justly Pay hafi hönnunarteymið haft það hugfast að gera ferlið sem einfaldast, ódýrast og þægilegast fyrir fyrirtæki. „Það er okkur metnaðarmál að öll fyrirtæki og stofnanir eiga að geta áunnið sér jafnlaunavottun án þess að þurfa að fjárfesta í ráðgjöf utanaðkomandi sérfræðinga sem getur verið kostnaðarsamt.

Þess vegna hönnuðum við Justly Pay sem nokkurs konar uppsetningarforrit sem í daglegu máli er kallað wizard. Kerfið leiðir þig áfram skref fyrir skref, á traustum stoðum gæðastjórnunarferla, inn í framtíð þar sem við búum til betra samfélag með tækninni.“

> Kerfið leiðir þig áfram skref fyrir skref, á traustum stoðum gæðastjórnunarferla, inn í framtíð þar sem við búum til betra samfélag með tækninni.

Styttir leiðina að vottun

Kristín Hrefna segir Justly Pay geta stytt innleiðingarferli jafnlaunakerfis og leiðina að jafnlaunavottun svo um munar. „Það sem við sáum eftir að fyrstu fyrirtækin tóku þau skref að fá jafnlaunavottun, er að það er tímafrekt og erfitt að skrifa skjöl sem mæta kröfum staðalsins en það er mun einfaldara að aðlaga skjöl sem þegar eru til að daglegum rekstri þíns fyrirtækis. Gott dæmi er Orkusalan sem fór í gegnum allt ferlið og fékk vottun á aðeins 4 mánuðum. Það er árangur sem við erum stolt af.“

Ný áskorun fyrir mannauðsstjóra

Að sögn Kristínar Hrefnu er það alveg ný áskorun fyrir mörg smærri og meðalstór fyrirtæki að í lok árs þurfa öll fyrirtæki með 25–50 manns í starfi að fara í jafnlaunastaðfestingu og öll með 50 eða fleiri í starfi að jafnaði yfir árið að fara í jafnlaunavottun. Oftar en ekki kemur það í hlut mannauðsstjóra að leiða vottunarferlið. Mannauðsstjórinn hefur ekki endilega reynslu af slíkum verkefnum sem eru nátengd gæðastjórnun og að vinna allt frá grunni er bæði flókið og tímafrekt.

Sá trausti grunnur sem Justly Pay byggir á er gæðastjórnunarkerfið CCQ. CCQ er leiðandi kerfi byggt á áralangri reynslu og sérfræðiþekkingu – þekkingu sem segir okkur að verkfærakista gæðastjórnunar geymir réttu tólin til að uppræta launamun kynjanna. Fagrar fyrirætlanir eru eitt, en til að ná settum markmiðum þarf raunhæfa framkvæmdaáætlun, eftirfylgni og skipuleg viðbrögð við frávikum. Þetta er einmitt gæðastjórnun í hnotskurn.“

Kristín Hrefna Halldórsdóttir, forstöðumaður gæða- og innkaupalausna hjá Origo, segir réttlátara samfélag ekki verða til af sjálfu sér heldur með ásetningi og markvissri vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Réttlátara samfélag er metnaðarmál

„Hjá Origo skiptir það okkur miklu máli að vinna að góðum málum og réttlátara samfélag verður ekki til af sjálfu sér, heldur með ásetningi og markvissri vinnu,“ segir Kristín Hrefna. „Jafnlaunastaðallinn ÍST85:2012 hefur reynst öflugt verkfæri í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. En áður en vottunin er í hendi þurfa fyrirtæki að uppfylla ýmis skilyrði.“

Að sögn Kristínar Hrefnu er Justly Pay heildstæð lausn sem hjálpar fyrirtækjum og stofnunum að byggja upp jafnlaunakerfi sem mætir kröfum jafnlaunastaðalsins. Þegar uppsetningarferli Justly Pay er lokið fá fyrirtæki og stofnanir gæðaskjöl sem mæta kröfum staðalsins, vefeyðublað til þess að taka á móti og vinna úr erindum er varða jafnlaunakerfið og úttektaráætlun sem er undirstaða þess að fá og viðhalda vottuðu jafnlaunakerfi. ■

JUSTLY PAY.

Giggarar eru svar við mönnunarvanda

Harpa Magnúsdóttir er giggari og stofnandi og framkvæmdastjóri Hoobla.

Þessi orð: gigg, giggari og gigg-hagkerfið, hljóma nýstárlega fyrir okkur Íslendinga þegar þau eru notuð í samhengi við sprenglærða sérfræðinga, ráðgjafa, verkefnastjóra, stjórnendur og stjórnarmenn.

Einhver okkar tengja orðið „giggari” frekar við skemmtikrafta og tónlistarmenn. En heimsmyndin er breytt, störf eru að breytast og nú eru sérfræðingar líka að gigga. Þegar sérfræðinga-giggari er ráðinn til starfa, kaupa fyrirtæki tiltekna þekkingu sem passar fyrir tiltekið verkefni í tiltekinn tíma og fá lausn á því verkefni.

Á heimsvísu eru orðin gigg og gigg-hagkerfið (e.gig-work og gig-economy) orðin alþekkt og viðurkennd. Ekki síst í umræðunni um þróun og framtíð starfa, framtíðarmönnun á vinnumarkaði og stafræna hæfni. Sérfræðingar sem gigga eru partur af hringrásarhagkerfinu og breyttum kröfum einstaklinga til aukins sveigjanleika og umráða þeirra yfir eigin tíma og starfi. Hér heima eru fyrirtæki og stofnanir í auknum mæli að nýta sér þjónustu giggara. Þetta má meðal annars sjá á útboðsvefjum opinberra stofnana þar sem fjöldi giggara er fenginn í tímabundin verkefni, til dæmis í tengslum við ráðgjöf, stafræna þróun, almannatengsl, hönnun og fleira. Hér á Íslandi er eitt fyrirtæki komið á laggirnar, Hoobla ehf., sem aðstoðar fyrirtæki við að fá giggara til starfa, að byggja upp teymi með stuðningi giggara til að leysa ákveðin verkefni, auka getu innan teyma eða til að takast á við erfiða tíma þar sem ekki hentar að ráða inn í föst störf.

Ef giggari er fenginn í verkefni til að styðja við teymi eða koma með aukna þekkingu, getu eða hæfni sem vantar í teymið, næst árangur mun hraðar en án þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þau geta hætt að kaupa þjónustu giggara jafn hratt og viðskiptin hófust og geta þannig skalað sig upp og niður innan nokkurra vikna (ekki mánaða eða ára!),Þau geta með stuttum fyrirvara létt á mönnunarvanda sínum.Lítil og millistór fyrirtæki og fyrirtæki í vexti geta skapað draumateymið mun hraðar með aðstoð giggara. Það kostar mikinn tíma og peninga að byggja upp gott teymi og skapa vöru sem selst. Ef giggari er fenginn í verkefnið til að styðja við teymið eða til að koma með aukna þekkingu/getu/hæfni sem vantar í teymið, þá gerir það að verkum að árangur næst mun hraðar en án þeirra. Giggararnir skilja eftir þekkingu þannig að fyrirtækin geta svo haldið áfram með verkefnið eða fengið giggarann til að kíkja við reglubundið til að fylgja málum eftir. Þannig geta fyrirtæki keypt þjónustu viðeigandi sérfræðings, í viðeigandi starfshlutfalli, án þess að hann sé í föstu starfi og sleppa við aukakostnað sem getur fylgt föstum starfsmanni, bæði beinum og óbeinum.

Það að fyrirtæki og stofnanir geti fengið giggara til liðs við sig sem gætir hagsmuna fyrirtækisins, rétt eins og um hefðbundinn starfsmann sé að ræða, er mikill ávinningur. Það má jafnvel segja að það sé sambærilegt þeim ávinningi sem fæst með því að fá utanaðkomandi stjórnarmann inn í stjórn fyrirtækis. Sérfræðingur sem hefur rétta hæfni/þekkingu og kemur með rétta tengslanetið getur flýtt framþróun fyrirtækis svo um munar. ■

silen

Fullkomið næði

fyrir þá sem vilja losna við áreitið

Þarf aðeins að stinga í samband

25-30% meiri loftgæði en klefar frá samkeppnisaðilum

Á hjólum

Rafmagns- og USB tengi í hverjum klefa

Allt að 40db hljóðeinangrun
Flokkur A skv. ISO 23351-1

Fyrir allt að 12 manns

Komið og skoðið rýmin í sýningarsal okkar að Síðumúla 37



www.hirzlan.is

RAMMASAMNINGUR VIÐ RÍKISKAUP

Verslun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Lager opinn
mán-fim 13:00-17:00
og föstudaga 13:00-16:00.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is

Heiðdís Björnsdóttir og Jóhanna Laufdal Friðriksdóttir eru mannauðsstjórar hjá Ölgerðinni, sem þær segja frábæran vinnustað og að ánægður starfsmaður sé góður starfsmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sterk liðsheild og hátt orkustig

Ölgerðin er 109 ára framsýnt fyrirtæki í stöðugri þróun og vexti. Hún stefnir á markað í júní og hefur sett sér það metnaðarfulla markmið að starfsánægja mælist 85 prósent eða hærri.

„Ölgerðin Egill Skallagrímsson var stofnuð af ungum sveitamanni, Tómasi Tómassyni, í kjallara Þórshamars við Templarasund í miðbæ Reykjavíkur í apríl 1913 og var fyrirtækið upphaflega í tveimur herbergjum í kjallara hússins sem Alþingi á í dag. Þar hóf Tómas að framleiða og selja Malt í gleri og Hvítöl, ásamt fleiri drykkjum, með örfáa starfsmenn, en vörurnar slógu í gegn og fyrirtækið óx hratt í framhaldinu," upplýsir Heiðdís Björnsdóttir um tilurð Ölgerðarinnar sem orðin er 109 ára. Heiðdís er annar tveggja mannauðsstjóra hjá Ölgerðinni; hinn er Jóhanna Laufdal Friðriksdóttir.

En hvernig vinnustaður ætli Ölgerðin hafi verið í árdaga og skyldi hafa verið hugsað út í mannauðsmál fyrir meira en öld síðan?

„Tómas þótti góður og sanngjarn yfirmaður sem hugsaði vel um starfsfólk fyrirtækisins og lagði þannig hornstein að mikilvægi mannauðsmála innan Ölgerðarinnar. Hvort sem allir hafa áttað sig á því eða ekki, hefur eitt af einkennismerkjum fyrirtækisins frá stofnun verið að mikið sé lagt upp úr því að Ölgerðin sé góður vinnustaður, samkeppnishæfur og að ánægður starfsmaður sé góður starfsmaður," svarar Heiðdís.

Eins og ein stór fjölskylda

Hjá Ölgerðinni starfa um 400 starfsmenn í mjög fjölbreyttum störfum.

„Við mannauðsstjórar Ölgerðarinnar stýrum sameiginlega mannauðsmálum hjá fyrirtækinu, höfum ábyrgðarskiptingu okkar á milli og skiptum við með okkur sviðum og deildum. Fyrirkomulagið virkar mjög vel fyrir fyrirtækið og starfsfólk þess. Stjórnendur og starfsfólk geta leitað til okkar beggja með öll sín mál, og við höfum hvor aðra til að leita til, bæði til að ræða erfið málefni sem koma upp og spegla okkur í viðfangsefnum sem við tökumst á við hverju sinni," útskýrir Jóhanna.

Hún segir Ölgerðina fjölbreyttan og skemmtilegan vinnustað, en þess má geta að Ölgerðin og Danól, dótturfyrirtæki Ölgerðarinnar, hlutu á fimmtudaginn, 19. maí, nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki VR árið 2022.

„Það sem einkennir Ölgerðina er sterk liðsheild og hátt orkustig. Hjá Ölgerðinni starfar fjölbreyttur hópur fólks með ólíkan bakgrunn og sem hefur mikinn metnað fyrir starfi sínu. Starfsandinn einkennist af stolti og virðingu gagnvart samstarfsfólkinu og fyrir hvað fyrirtækið stendur. Við lifum gildin okkar sem eru jákvæðni, áreiðanleiki, hagkvæmni og framsækni, og þó svo að vinnustaðurinn sé stór þá erum við eins og ein stór fjölskylda og tölum oft um að Ölgerðarhjartað slái," segir Jóhanna.

„Ölgerðin hefur alltaf haldið vel utan um starfsfólk sitt og er með skýra stefnu og markmið sem allir eru samstiga um að vinna að. Við sjáum og heyrum að starfsfólkið er ánægt. Lykilþættir þar eru til að mynda fólkið okkar, liðsheildin og orkustigið. Hinn dæmigerði starfsmaður er í vinnunni í átta klukkustundir á dag og það á að vera gaman í vinnunni. Við leggjum mikla áherslu á að vera dugleg að gera okkur dagamun, hvort sem það er á vegum starfsmannafélagsins eða Ölgerðarinnar. Við klöppum okkur á bakið fyrir það sem er vel gert og eru stjórnendur duglegir að sýna þakklæti í orðum og verkum," greinir Jóhanna frá.

> **Í dag er helsta áskorun atvinnulífsins að manna stöður og fyrirsjáanlega skortur á vinnuafli. Við verðum því að skara fram úr og skapa eftirsóttasta vinnustað landsins.**
>
> Heiðdís Björnsdóttir

Óðruvísi væntingar í dag

Óhætt er að segja að mannauðsstjórn hafi breytt vinnumenningu íslenskra vinnustaða.

„Með mannauðsstjórnun kom aukin áhersla á aðbúnað starfsfólks, menningu, fræðslumál og starfsánægju. Vinnustaðir voru, og eru enn, misjafnir og um áratugaskeið álitu margir að starfsmannastjórnun snerist eingöngu um kjaramál og laun, en ekki endilega þarfir starfsfólksins. Breytt hugarfar á sviði mannauðsstjórnunar leiddi svo til aukinnar starfsánægju og slíkt skapar eftirsóttari vinnustaði sem laða að sér gott og hæft fólk. Stjórnendur eru nú farnir að gera sér grein fyrir því að með ánægðu starfsfólki nái fyrirtæki frekar þeim markmiðum sem þau ætla sér. Kynslóðir sem í dag eru að koma inn á vinnumarkaðinn gera því öðruvísi væntingar en fyrri kynslóðir og hafa sterkar skoðanir á því hvernig hlutirnir eru gerðir," greinir Heiðdís frá.

Í mannauðsmálum Ölgerðarinnar hafa helstu áherslur verið á fjölbreytileika, starfsánægju og jafnrétti á öllum sviðum.

„Við höfum lagt áherslu á að allir séu meðvitaðir um að starfsfólkið er okkar stærsta auðlind og teljum að með fjölbreyttum og ánægðum hópi fólks náum við betri árangri sem fyrirtæki. Við viljum að Ölgerðin sé vinnustaður fyrir alla og að við getum tekið á öllum þeim áskorunum sem fylgja fjölbreytileikanum," segir Heiðdís og heldur áfram:

„Við teljum jafnframt mikilvægt að vera til staðar og hlúa vel að starfsfólki og stjórnendum, sérstaklega eftir Covid-19. Við finnum að stjórnendur leita í meira mæli til okkar, bæði til að spegla sig og ræða málin. Síðustu tvö ár hafa verið mörgum þung."

Eftirsóttasti vinnustaðurinn

Ölgerðin hefur nú sett sér það metnaðarfulla markmið að starfsánægja mælist 85 prósent eða hærra.

„Við vitum vel að við getum náð slíku markmiði. Fjórum sinnum á ári gerum við púlsmælingar og var afar ánægjulegt að sjá að meðaltalið á síðasta ári reyndist yfir markmiðinu, eða 86,2 prósent. Síðasta mæling sem við gerðum var í mars og þar mældist starfsánægjan 91 prósent, sem er ótrúlega ánægjulegur árangur og sýnir okkur að hér er bæði gott og gaman að starfa. Það leiðir til betri starfsanda og enn betri vinnustaðar," segir Jóhanna.

Á næstu fjórum árum verður lögð áhersla á fjölbreytileika sem eitt af fjórum lykilmarkmiðum Ölgerðarinnar, sem eru vöxtur, stafræn þróun, sjálfbærni og fjölbreytileiki.

„Við höfum gildi Ölgerðarinnar hugföst í öllu sem við gerum og þau eru vegvísir okkar til ársins 2024. Fjórða markmiðið, fjölbreytileiki, er ótrúlega mikilvægt atriði. Það liggur fyrir að fjölbreytni á vinnustað er gríðarlegur styrkleiki. Fjölbreytni nær til svo margra þátta; þar með fjölbreytni í vinnu, vinnuumhverfi, starfsfólki og svo mætti áfram telja. Sem starfsmenn tökum við tillit hvert til annars, virðum hvert annað, tölum saman, upplýsum hvert annað og gætum jafnræðis. Við gætum þess líka að allir hafi aðgang að sömu upplýsingum og sendum meðal annars allt efni frá okkur út til starfsfólksins bæði á íslensku og ensku," upplýsir Jóhanna.

Heiðdís bætir því við að fjölbreyttur hópur starfsfólks hafi fleiri sjónarhorn og hugmyndir, eigi auðveldara með að greina þarfir viðskiptavina og aðlaga þjónustu fyrirtækisins að þeim.

„Við leggjum áherslu á að laða til okkar starfsfólk með mismunandi viðhorf, ólíkan bakgrunn, af mismunandi kyni og á öllum aldri. Við höfum enn fremur breytt öllu orðalagi í starfsauglýsingum þannig að þær nái til allra kynja. Með fjölbreytileikanum náum við betri árangri og sköpum eftirsóttari vinnustað. Í dag er helsta áskorun atvinnulífsins að manna stöður og fyrirsjáanlega er skortur á vinnuafli. Við verðum því að skara fram úr og skapa eftirsóttasta vinnustað landsins, og við trúum því að með þessum fjórum áherslum séum við einmitt að því," segir Heiðdís. ■

Ölgerðin er á Grjóthálsi 7. Sími 412 8000. Netfang: olgerdin@olgerdin. Sjá nánar á olgerdin.is

Bylting fyrir mannauðsstjóra og stjórnendur

YAY hefur komið inn á markaðinn eins og stormsveipur með sínar framsýnu, stafrænu lausnir sem felast í dreifingu og utanumhaldi gjafabréfa sem meðal annars mannauðsstjórar eru að nýta sér til að gleðja starfsfólk og viðskiptavini á örfáum sekúndum og hins vegar fyrirtæki sem vilja selja sín eigin stafrænu gjafabréf.

Sigríður Inga Svarfdal. „Þarna erum við að leysa fullt af áralöngum vandamálum varðandi gjafir, umbun og hvatningu til starfsmanna; hvers kyns tækifærisgjafir í rauninni sem höfða til allra.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

YAY er íslenskur, stafrænn hugbúnaður sem selur gjafir í formi stafrænna gjafabréfa frá fjölda fyrirtækja í gegnum snjallforrit, vefsíðu og fyrirtækjavef. „Við erum með fyrirtækjaaðgang sem kallast YAY Manager sem er vefsvæði sem mannauðsstjórar og aðrir stjórnendur eru að nýta sér,“ segir Sigríður Inga Svarfdal, sölu- og markaðsstjóri YAY. „Segja má að fyrirtækið sé markaðstorg fyrir rafræn gjafabréf frá fjölda fyrirtækja í gegnum smáforritið.

Fyrirtækið og lausnir þess hafa vakið mikla athygli og hefur YAY meðal annars verið tilnefnt af UT Messunni sem Sproti ársins ásamt Sidekick Health og Hopp, hlotið styrki frá Rannís og valið fyrst íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegt Lighthouse verkefni Mastercard, sem er gríðarleg viðurkenning á sviði fjártækni og vekur mikla athygli víða um heim. Mörg af verðmætustu sprotafyrirtækjum heims á sviði fjártækni hafa verið valin í þetta merka verkefni ár hvert og nú er svo komið að erlendir aðilar vilja opna YAY í öðrum löndum og markaðssvæðum og er sú vinna í fullum gangi.“

Yfir 200 samstarfsaðilar úti um allt land

YAY er með yfir 200 samstarfsaðila úti um allt land svo sem veitingastaði, gististaði, afþreyingarfyrirtæki og fataverslanir. „Auk þess erum við með opin YAY gjafabréf sem gilda hjá öllum samstarfsaðilum okkar. Þarna erum við að leysa fullt af áralöngum vandamálum varðandi gjafir, umbun og hvatningu til starfsmanna; hvers kyns tækifærisgjafir í rauninni sem höfða til allra,“ segir Sigríður.

„Í fyrirtækjaaðgangi YAY er hægt að senda á alla starfsmenn í einu með einum smelli á símanúmer eða netfang og einnig hægt að láta myndbandskveðju fylgja sem opnast í appinu þegar gjöfin er opnuð og þá um leið persónulegri. Þarna erum við að spara tíma stjórnenda; í staðinn fyrir að þeysast um, velja eitthvað ákveðið og kaupa eitthvað sem hentar ef til vill ekki öllum, þá er hægt að finna þarna eitthvað sem hentar öllum og sparar mikinn tíma í að senda og koma á leiðarenda fyrir utan hvað þetta er umhverfisvænn kostur.

Þarna er hvorki verið að nota plast eða pappír og það er punktur sem er mjög áhugaverður varðandi umhverfissjónarmið. Við tókum saman fyrir áramót hvað við hefðum sparað mikið plast ef öll gjafabréf sem við höfum gefið út til áramóta hefðu verið gefin út í formi plastkorta: Það hefðu verið tvö og hálft tonn af plasti sem við spöruðum umhverfinu.“

Sparar tíma og fyrirhöfn

Fyrirtækjaaðgangur YAY er öllum gjaldfrjáls og stjórnendur geta afgreitt sig sjálfir og sparað þannig gríðarlegan tíma. „Við bjóðum upp á kynningar í gegnum fjarfund eða komum í heimsókn. Svo er hægt að bæta við kveðju við allar gjafirnar, mynd, myndbandskveðju eða texta, sem viðtakandi sér þegar hann opnar gjöfina í appinu. Þannig verður gjöfin extra persónuleg og skemmtileg.

Stjórnendur sjá um að kaupa gjafir fyrir starfsfólkið, hvort sem það eru jólagjafir eða afmælisgjafir eða að útbúa aðgang fyrir aðra stjórnendur sem eru til dæmis með þjónustu- eða söluver eða að stýra til dæmis átaksverkefnum. Þetta er gert til að spara þeim tíma og fyrirhöfn og til að opna fyrir möguleikann á að vera hvatvís og lifandi og auka ánægju starfsmanna með því að geta glatt með litlum fyrirvara eða til dæmis eitthvert verkefni sem var leyst á frábæran hátt. Þá er hægt að umbuna strax í rauntíma og nýta augnablikið.“

Móttökur framar vonum

Sigríður segir móttökurnar hafa verið framar vonum. „Við gerðum nýlega þjónustukönnun og spurðum notendur meðal annars hvort þeir myndu nota þjónustuna aftur fyrir starfsmenn sína og einnig var spurt hvernig starfsfólk viðkomandi fyrirtækja hefði brugðist við því að fá YAY gjöf og er ljóst á niðurstöðunum að YAY er komið til að vera.“

Sigríður bendir einnig á að nýtingin á stafrænum gjafabréfum sé margfalt betri heldur en af öðrum gjafabréfum. „YAY gjafabréfin eru ekki bréf sem gleymast í skúffum eða týnast. Þau eru alltaf í símanum og tengt við símanúmer og við leggjum áherslu á að minna notendur okkar á bréfin. Við höfum fengið afar sterk og jákvæð viðbrögð vegna þess og það hefur einnig komið mjög skýrt fram í þjónustukönnunum okkar. Það er það sem neytendur vilja.“

Allt frá smáfyrirtækjum yfir í Landspítalann

Sigríður segir að YAY hafi breytt miklu fyrir stjórnendur fyrirtækja eftir að þeir fóru að nýta þjónustu þeirra til að gleðja starfsfólkið.

„Einhver skrifaði í þjónustukönnuninni að þetta væru vinsælustu gjafir sem fyrirtækið hefði gefið. Þá var skrifað að þetta væri gott tækifæri til að gera eitthvað skemmtilegt. Einnig var skrifað að í þessu felist mikill tímasparnaður, bæði fyrir gefendur og ekki síður þiggjendur, og að þetta sé einföld og skemmtileg leið til þess að gleðja starfsfólkið. Bæði gefendur og þiggjendur verða glaðir af því að gefandinn sparar tíma og getur verið viss um að gjöfin hitti í mark og þiggjandinn nýtir gjöfina klárlega. Þarna verður til jákvæð hringrás af gleði.“

Sigríður bendir á að fyrirtæki, stór sem smá, séu að nýta sér YAY þjónustuna. „Það hefur verið mikill höfuðverkur fyrir risafyrirtæki eins og til dæmis Landspítalann að gefa og dreifa jólagjöfum síðustu ár og höfða til allra starfsmanna. En núna síðustu jól breyttist það með tilkomu YAY sem var nýtt til að gefa og dreifa jólagjöfum starfsmanna með frábærum árangri og mikilli ánægju. Landspítalinn er gott dæmi; það er rétt hægt að ímynda sér hversu erfitt það er að höfða til og gefa um 6.000 starfsmönnum gjöf sem hentar.“ ■



Nýjar áherslur í ráðningum í kjölfar faraldurs

Heimsfaraldurinn olli miklum breytingum á vinnumarkaðinum og um leið á ráðningarferli fyrirtækja. Nú eru meiri möguleikar í boði þegar kemur að atvinnuviðtölum og ráðningum og starfsfólk hefur aðrar áherslur þegar það velur sér vinnustað.

Flestir kannast eflaust við að hafa þurft að haga seglum eftir vindi og breyta starfsháttum sínum með tilkomu Covid-19 faraldursins. Í lengri eða skemmri tíma nýttu margir borðstofuna sem skrifstofu eða héldu fundi samhliða því að aðstoða börnin sín með heimanámið. Heimur ráðninga er engin undantekning og þurftu fyrirtæki að aðlaga ráðningar sínar að þessum nýja veruleika til að halda í við samkeppnina sem ríkir á atvinnumarkaðinum.

„Blessunarlega virðist faraldurinn vera á undanhaldi en við sem störfum við ráðningar höfum nú tækifæri til að endurhugsa ráðningarferlið og huga að því hvaða lærdóm við getum dregið af þessum sérkennilega tíma," segir Vaka Ágústsdóttir, ráðninga- og þjálfunarstjóri LS Retail.

Stórt stökk í tækninni

„Tækniþekking landsmanna á fjarfundarbúnaði jókst mikið í faraldrinum. Þó að þessi rafrænu viðtöl hafi sína vankanta hafa þau klárlega líka ýmsa kosti sem hafa einfaldað ráðningarferlið til muna," segir Vaka.

„Í stað þess að þurfa að boða umsækjendur á skrifstofuna, skiptir ekki máli hvar viðtölin fara fram og það er auðveldara að ræða við marga umsækjendur á stuttum tíma.

Að mínu mati varð faraldurinn því til þess að stórt stökk var tekið fram á við í tækninni og það má búast við að fjarviðtöl verði áfram partur af ráðningarferlinu, sér í lagi á fyrsta stigi ferlisins," segir Vaka.

Staðsetning skiptir minna máli

„Eftir að stjórnendur og starfsfólk aðlöguðust heimavinnu og gagnkvæmt traust á heimavinnu myndaðist, minnkaði um leið mikilvægi þess að starfsmaðurinn hefði viðveru á skrifstofunni," segir Vaka. „Þessi nýi veruleiki hefur gert það að verkum að fleiri tækifæri hafa opnast við að ráða starfsfólk, óháð staðsetningu."

Aukinn sveigjanleiki í boði

„Umsækjendur hafa líka í auknum mæli farið að óska eftir sveigjanleika í starfi, sem felst í að geta unnið heima suma daga en á skrifstofunni aðra daga. Þessi sveigjanleiki er mikilvægur þegar kemur að þeirri jafnvægiskúnst að samræma vinnu og einkalíf," segir Vaka. „Sveigjanleikinn getur til dæmis þýtt að foreldrar eiga auðveldara með að taka á móti börnum sínum þegar þau koma heim úr skóla og að minni tími fer í ferðir til og frá vinnu, sem gefur meiri tíma fyrir samveru með fjölskyldu eða tómstundir.

Vaka Ágústsdóttir, ráðninga- og þjálfunarstjóri LS Retail, segir að faraldurinn hafi breytt mörgu í ráðningarferlinu. MYND/AÐSEND

Þó að þetta jafnvægi hafi alltaf verið stór þáttur hjá umsækjendum hefur hann færst enn ofar á lista yfir þá þætti sem umsækjendum þykja eftirsóknarverðir," útskýrir Vaka.

Vinnustaðamenning aldrei mikilvægari

„Vinnustaðurinn á ekki bara að vera vinnan heldur einnig samfélagið sem myndast á vinnustaðnum. Í faraldrinum söknuðu margir vinnufélaganna og skemmtilegra samræðna við kaffivélina," segir Vaka. „Vinnustaðamenning hefur alltaf spilað stórt hlutverk í vali umsækjenda á fyrirtæki en í faraldrinum má segja að sá þáttur hafi stækkað enn meira, enda er mikilvægt fyrir bæði fyrirtækið og starfsfólkið að starfsfólki líði eins og það sé hluti af hóp."

> **Vinnustaðamenning hefur alltaf spilað stórt hlutverk í vali umsækjanda á fyrirtæki en í faraldrinum má segja að sá þáttur hafi stækkað enn meira.**

Lærðum margt af faraldrinum

„Faraldurinn kenndi okkur margt nýtt og samantekt mín á breytingunum á ráðningunum gæti verið töluvert lengri. Það sem hefur þó alltaf verið mitt leiðarljós í ráðningum er umfram allt að bera virðingu fyrir hverri umsókn og þeirri vinnu sem umsækjendur hafa lagt í hana," segir Vaka. „Með þeim hætti fá umsækjendur góða upplifun af fyrirtækinu og hvernig það væri að verða hluti af samfélagi þess." ■

Framúrskarandi þjónusta

Framúrskarandi ráðningar

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Dagbjartur Pálsson er framkvæmdastjóri dk og Linda B. Stefánsdóttir er mannauðsstjóri en hún leiðir þær miklu breytingar í mannauðsmálum sem eru í gangi hjá fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hjartað í fyrirtækinu og lykillinn að árangri

Virði dk er að mestum hluta falið í samheldnum hópi af vel menntuðu fólki. Starfsmannavelta er lág og vinnuandinn er mjög góður. dk hefur þá framtíðarsýn að vera eftirsóttur vinnustaður sem gefur starfsfólki tækifæri til að vaxa og þróast í starfi.

dk hefur verið leiðandi fyrirtæki síðustu 20 árin á sviði viðskiptakerfa fyrir stór og smá fyrirtæki. Hjá dk starfa um 63 starfsmenn og er skipuritið frekar flatt þannig að fólk vinnur náið saman og oft þvert á deildir. Í lok árs 2020 var fyrirtækið keypt af hollenska fyrirtækinu Total Specific Solutions. Þessar eigendabreytingar, ásamt ástandinu sem Covid skapaði, hefur gert það að verkum að áherslur hvað varðar mannauð og ferla hafa breyst töluvert, segir Linda B. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri dk. „Virði dk er að mestum hluta falið í samheldnum hópi af vel menntuðu fólki, starfsmannavelta er almennt lág og vinnuandinn er mjög góður. Starfsfólk hefur hingað til litið á sig sem hluta af stórri fjölskyldu og þannig viljum við hafa það áfram en með stækkandi fyrirtæki þarf oft að gera hlutina öðruvísi til að halda í eða að ná fram þeirri menningu sem framtíðarsýnin byggir á svo starfsfólki líði vel, en vellíðan starfsmanna er jú lykillinn að farsæld fyrirtækja.“

Aukin áhersla á mannauðsmálin

Linda segir miklar breytingar í gangi hjá fyrirtækinu. Starfsfólkið sé hjartað í fyrirtækinu og lykillinn að árangri dk. „Því tókum við ákvörðun um að leggja aukna áherslu á mannauðsmálin og stefnumörkun í mannauðsmálum með þá framtíðarsýn að vera eftirsóttur vinnustaður sem gefur starfsfólki tækifæri til að vaxa og þróast í starfi. Við gerum okkur grein fyrir því að þetta eru stór orð og til þess að geta staðið við þau höfum við virkilega þurft að rýna okkur á gagnrýnin hátt. Megin áherslur okkar í stefnumörkuninni eru:

> **Því tókum við ákvörðun um að leggja aukna áherslu á mannauðsmálin og stefnumörkun í mannauðsmálum með þá framtíðarsýn að vera eftirsóttur vinnustaður sem gefur starfsfólki tækifæri til að vaxa og þróast í starfi.**
>
> Linda B. Stefánsdóttir

- Vellíðan og hamingja. Hér er áhersla okkar á umboð starfsmanna til athafna, hlusta, sýna áhuga og stuðning við starfsmenn.
- Fagmennska og þekking þar sem við leggjum áherslu á fræðslu og starfsþróun.
- Liðsheild og árangur. Við setjum okkur skýr markmið og leggjum okkur fram um að vinna sameiginlega að þeim.
- Jafnrétti og fjölbreytileiki. Hver einstaklingur er einstakur og við eigum öll að hafa sömu tækifæri óháð því hvaðan við komum og fyrir hvað við stöndum.
- Fjölbreytileikinn er mikilvægur og gefur okkur svigrúm til viðsýni og vaxtar.

Hún segir margt gott hafa komið út úr stefnumótun þeirra í mannauðsmálum. „Í dag erum við á þeirri vegferð að innleiða aðgerðir sem við teljum að geri góðan og skemmtilegan vinnustað enn eftirsóttari.“

Fjölbreytileiki að leiðarljósi

dk er eitt af þeim fyrirtækjum sem geta státað sig af einu hæsta hlutfalli kvenna hjá fyrirtækjum í upplýsingatækni sem og fjölda kvenna í stjórnunarstörfum innan fyrirtækisins. „Í dag er hlutfall kvenna rúm 40%, þar af eru sex af ellefu stjórnendum í fyrirtækinu konur,“ segir Linda sem brennur fyrir því að fá fleiri konur í upplýsingatæknigeirann en hún leiðir Vertonet, samtök kvenna í upplýsingatækni.

Undanfarið hefur dk unnið að jafnréttisstefnu fyrirtækisins þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika sem snýr að fleiru en jafnri stöðu kynja. „Fjölbreytileikinn getur skapað ólík sjónarhorn sem gerir okkur hæfari til að skilja viðskiptavini okkar. Við leitumst við að horfa til fjölbreyttrar þekkingar, reynslu og hæfni við ráðningu á starfsfólki. Þannig geta einstaklingar miðlað ólíkri þekkingu og reynslu og við lært hvert af öðru.“

> **Fjölbreytileikinn getur skapað ólík sjónarhorn sem gerir okkur hæfari til að skilja viðskiptavini okkar. Við leitumst við að horfa til fjölbreyttrar þekkingar, reynslu og hæfni við ráðningu á starfsfólki.**
>
> Linda B. Stefánsdóttir

Jafnlaunavottun á dagskrá

dk er að afla sér jafnlaunavottunar og hefur í tengslum við það þróað kerfi sem er hluti af launakerfi sem fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á, að sögn Lindu. „Þetta kerfi gerir fyrirtækjum kleift að framkvæma launagreiningar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru um jafnlaunavottun.“ Kerfið byggir á opinberum leiðbeiningum um hvernig best sé að framkvæma launagreiningu í samræmi við staðalinn. „Þetta kerfi getur einfaldað vinnu við jafnlaunavottun umtalsvert og takmarkað þannig tímann sem annars fer í þessa vinnu sem að öllu jöfnu er mjög tímafrek en tíminn er jú okkur öllum dýrmætur. Það var mjög ánægjulegt að sjá að í launagreiningunni sem framkvæmd var í byrjun á vinnunni við jafnlaunavottun var óútskýrður launamunur mjög lítill.“

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Viðskiptavinir dk eru um sjö þúsund talsins og segir Linda mikilvægt að sýna þeim gott fordæmi og ábyrgð þegar kemur að sjálfbærni í eigin rekstri. „Aðgerðir okkar miða einnig að því að hjálpa viðskiptavinum okkar að stíga skref í átt að sjálfbærni með aukinni sjálfvirkni og tækniþróun á viðskiptalausnum okkar.“

Í lok síðasta árs ákvað dk að fara í samstarf við Markaðsstofu Kópavogs um að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. „Við töldum rétt að vera partur af samstarfi við fleiri aðila sem stefna að sama marki. Það gæti hjálpað okkur að ná árangri á skemmri tíma því eins og kannski flestir þekkja þá getur góð samvinna veitt ríkan stuðning. Það er svo auðvelt að týna sér í þeim verkefnum sem eru aðkallandi í amstri dagsins og gleyma þeim sem eru líka mikilvæg en munu þó að lokum gefa okkur tækifæri til að skara fram úr.“

Linda segir stjórnendur dk hafa ákveðið að vera skynsamir og byrja smátt. „Því völdum við fimm markmið til að byrja með sem hafa góðan samhljóm við þá stefnu sem við höfum verið að vinna að. Markmiðin sem við völdum eru Heilsa og vellíðan, Menntun fyrir alla, Jafnrétti kynjanna, Góð atvinna og hagvöxtur og Nýsköpun og uppbygging. Við erum komin prýðilega af stað en fyrir liggur mikil vinna sem krefur okkur um hugmyndaauðgi og framsýna hugsun,“ segir Linda að lokum. ■

Leiðandi í mennta- og fræðslumálum

Öflugt teymi vinnur hjá Samkaupum sem reka fjórar verslunarkeðjur á landinu: Nettó, Iceland, Kjörbúðina og Krambúðina. Fyrirtækið er með framsækna menntastefnu og leggur mikla áherslu á að styðja starfsfólk sitt áfram til frekari starfsþróunar.

Samkaup hlutu Menntasprota atvinnulífsins árið 2020 og Menntaverðlaun atvinnulífsins fyrr á þessu ári.

Hjá Samkaupum er lögð áhersla á jafnrétti í víðu samhengi og vellíðan fólks í vinnu og hlaut fyrirtækið Hvatningarverðlaun jafnréttismála árið 2021. „Það er enginn eyland í þessum heimi og að baki hverjum og einum er auðvitað öflugt teymi og hjá Samkaupum er gríðarlega öflugt mannauðsteymi sem byggir á mismunandi styrkleikum, en í grunninn er fyrirtækinu mjög umhugað um starfsfólkið," segir Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs- og samskiptasviðs Samkaupa. „Í gegnum allt sem við gerum skín í gegn þessi kærleiki gagnvart fólki. Og þegar teymið byggir á því þá verður allt annað betra. Það er línan sem við höfum haldið.

Við erum með mjög sterka mannauðsstefnu sem byggir á ákveðnum grunngildum og fjórum stórum stoðum í okkar grunnstefnu, sem skipta okkur miklu máli. Og við horfum til þessara stefnustoða í öllu því sem við gerum: Það er í fyrsta lagi öflug framlína, í öðru lagi að það sé skýr og skilvirk stefna á öllum sviðum, í þriðja lagi að það sé skilvirkt og skýrt upplýsingaflæði og góð samskipti innan fyrirtækisins og svo í fjórða lagi að það séu skýrar ákvarðanir teknar með velferð fólksins okkar í huga sem við segjum að sé öflugasta framlína landsins. Og öflugasta fólk landsins. Við sem erum í mannauðsmálum erum í raun og veru í algjörri stoðþjónustu við þetta: Svið okkar vinnur fyrir verslanirnar en Samkaup starfrækja 65 verslanir úti um allt land og það er okkar að styðja við allt þetta fjölbreytta fólk sem er þar til staðar, sem er hátt í 1.500 manns. Það er virkilega gaman að vinna í þessum málum og með svo öflugu teymi."

Nám með vinnu

Samkaup eru með skýra menntastefnu sem snýr að því að mæta bæði störfum nútíðarinnar og störfum framtíðarinnar. „Við settum upp heildræna menntastefnu sem miðar að því að geta mætt hverjum einstaklingi þar sem hver og einn fær tækifæri til að mennta sig samhliða vinnu í takti við hið formlega menntakerfi. Fólk getur farið í raunfærnimat og fengið það sem það lærir á vinnustaðnum metið til framhaldsskólaeininga. Bæði það sem það lærir á vinnustaðnum sjálfum og í gegnum rafrænan fræðsluvettvang Samkaupa. Þá getur það farið í fagnám í verslun og þjónustu við Verzlunarskóla Íslands og fengið fagbréf í verslun og þjónustu, sem vegur vonandi þungt í kjarasamningum verslunarfólks af því að það gerir viðkomandi að menntuðum einstaklingi í þjónustu, framlínu og verslunarfræðum. Fólk getur svo bætt við sig námi; klárað stúdentspróf, farið áfram í diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun og tekið BS-nám í viðskiptafræði. Þá er hægt að bæta við sig leiðtogafræðum Samkaupa í samstarfi við Háskólann á Bifröst en Samkaup eru eina fyrirtækið á Íslandi sem starfrækir leiðtoganám á háskólastigi. Allt þetta myndar heildræna menntastefnu og heildræna nálgun á að starfsfólk Samkaupa geti vaxið innan frá; allt frá framhaldsskóla og upp í háskóla og svo styrkjum við fólk reyndar áfram líka í meistaranám. Þannig að starfsfólk fær bæði sveigjanleika í vinnunni, það fær skólagjöldin greidd og með fram þessu blómstrar fólk í sinni starfsþróun innan fyrirtækisins."

> Í samfélaginu okkar býr fjölbreyttur hópur af fólki og við eigum að lyfta því hærra. Við eigum að vera mjög meðvituð um að við erum ekki öll eins.
>
> Gunnur Líf Gunnarsdóttir

Af um 1.500 starfsmönnum Samkaupa eru um 100 í námi á vegum fyrirtækisins og segir Gunnur að það fólk sé á öllum aldri eða á bilinu 20 til 65 ára. Frá því að þessu var komið á hefur starfsmannavelta minnkað.

„Ég held að það komi skýrt í ljós og sanni að í gegnum þau verðlaun sem við höfum unnið, bæði þegar við unnum Menntasprotann árið 2020 fyrir nýsköpun í menntun í atvinnulífinu og svo núna 2022 sem menntafyrirtæki ársins, að það er enginn að gera þetta eins vel og við; Samkaup eru það fyrirtæki sem er leiðandi í mennta- og fræðslumálum. Við erum einu skrefi á undan af því að við vitum að störfin eru að breytast, samfélag okkar er að breytast og þarfir viðskiptavinanna eru að breytast og við erum skrefi á undan að mæta því; að þróa fólkið okkar innan frá og gefa því aukin tækifæri. Samkeppnin um starfsfólk á innanlandsmarkaði mun aukast og við ætlum að halda áfram að vera í forskoti á grundvelli mannauðs og fyrirtækjamenningar. Við erum með forskot og virkilega hæfileikaríkt fólk á bak við okkur."

Jafnrétti fyrir alla

Samkaup fóru í haust af stað með átak sem kallast „jafnrétti fyrir alla – Samkaup alla leið". „Við fórum í samstarf við Samtökin '78, Þroskahjálp og Mirru, fræðslu- og rannsóknarsetur um málefni erlendra starfsmanna, í þá vegferð að opna umræðuna og lyfta betur upp fjölbreytileikanum. Í samfélaginu okkar býr fjölbreyttur hópur af fólki og við eigum að lyfta því hærra. Við eigum að vera mjög meðvituð um að við erum ekki öll eins og hvað við ætlum að gera sem fyrirtæki til að stíga dansinn þar. Það á ekki að gera ráð fyrir að allir passi í sama kassann. Við erum með fræðslu, þá sérstaklega til stjórnenda, um fjölbreytileikann, um mismunandi þjóðerni, mismunandi menningarheima og um það að vera með starfsfólk í vinnu sem er með skerta starfsgetu. Allt þetta skiptir máli fyrir samfélagið okkar. Þannig að við byrjuðum með fræðsluvettvang til að fræða stjórnendur og starfsfólk um fjöl-

Mannauðsteymi Samkaupa: frá vinstri til hægri - Guðni Erlendsson, Gunnur Líf Gunnarsdóttir, Sandra Björk Bjarkadóttir, Sædís Kristjánsdóttir, Ólöf Ragna Guðnadóttir.

MYND/AÐSEND

Útskrift úr leiðtoganámi Samkaupa 2022 í samstarfi við Háskólann á Bifröst MYND/AÐSEND

> **Við erum með mjög sterka mannauðsstefnu sem byggir á ákveðnum grunngildum og fjórum stórum stoðum í okkar grunnstefnu sem skipta okkur miklu máli.**
>
> Gunnur Líf Gunnarsdóttir

„Við settum upp heildræna menntastefnu sem miðar að því að geta mætt hverjum einstaklingi þar sem hver og einn fær tækifæri til að mennta sig samhliða vinnu í takti við hið formlega menntakerfi," segir Gunnur Líf Gunnarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

breytileikann okkar. Næsta skref í þessari jafnréttisvegferð er að setja af stað rýnihópa og jafnréttisnefnd úti um allt land; einstaklingar úr verslunum Samkaupa verða jafnréttissendiherrar og munu svo miðla þekkingunni áfram. Við erum að passa upp á hvernig við tölum, hvort við séum að bjóða allt starfsfólk og viðskiptavini velkomin, hvernig við setjum skilaboðin fram, á hvaða tungumálum og hvort allt starfsfólk sé með í vegferð Samkaupa. Þannig að við erum sífellt að miðla því hve mikilvægt það sé að við berum virðingu fyrir hvert öðru, sama hvaðan við komum eða hvernig við erum.

Það skiptir gríðarlega miklu máli að okkur sem samfélagi sé umhugað um fólkið í kringum okkur og séum meðvituð um þá minnihlutahópa sem eru til staðar í samfélaginu okkar. Aðalmarkmið Samkaupa með nýrri og útvíkkaðri jafnréttisáætlun er að opna enn meira á umræðuna í samfélaginu og fræða starfsfólk okkar til þess að lágmarka hættu á fordómum, með það að markmiði að menning Samkaupa endurspegli fordómaleysi og frelsi allra einstaklinga til að vera þeir sjálfir á vinnustaðnum.

Samkaup leggja áherslu á jöfn tækifæri til starfsþátttöku og að nýta til fulls styrkleika allra, óháð þeim takmörkunum sem fólki kunna að vera sett, þannig að hæfileikar, kraftar og færni allra starfsmanna fyrirtækisins njóti sín sem best. Með jafnréttisáætlun og stefnu Samkaupa í jafnréttismálum hafa stjórnendur skuldbundið sig til að leggja áherslu á málaflokkinn, þar sem hver einstaklingur er metinn að verðleikum eftir hæfni og frammistöðu.

Að auki við að vinna jafnréttisáætlun með það að markmiði að efla hag starfsfólks og starfsánægju, er það einlæg von Samkaupa að þessi metnaðarfulla jafnréttisáætlun verði eftirtektarverð úti í samfélaginu og hvetji önnur fyrirtæki til að feta sömu leið í jafnréttismálum. Þannig vonast Samkaup til að verða jákvætt afl út í allt okkar samfélag og breyta heiminum í vissum skilningi."

Nýsköpunarkeppni

Nú stendur yfir nýsköpunarvika Íslands og samhliða því var sett á laggirnar nýsköpunarkeppni innan Samkaupa. „Við erum að hvetja starfsfólk okkar til að taka skref í nýsköpun og er nú verið að safna hugmyndum innan Samkaupa. Þar getur hver einasti starfsmaður, hvort sem þeir vilja hópa sig saman eða koma fram sem einstaklingar, sent inn hugmyndir að hvers konar nýsköpun sem þau hafa trú á að geti virkað innan fyrirtækisins, hvort sem það er breytt eða bætt ferli, vara sem ætti að fara á markað eða nýjung í þjónustu, og í raun erum við opin fyrir öllum hugmyndum. Fimm af þessum hugmyndum verða í mælok valdar af dómnefnd og þrjár af þeim fara í framkvæmd. Þarna erum við að virkja hvern einasta starfsmann fyrirtækisins til að taka skrefið og láta í sér heyra og fá svo tækifæri til að taka verkefni sitt áfram og fjármagn til að setja það í framkvæmd."

Gunnur endurtekur að hún hafi trú á því að hjá Samkaupum starfi öflugasti mannauður landsins og að Samkaup séu eitt af eftirsóknarverðustu fyrirtækjunum á íslenskum markaði. „Það er einstakt að vinna hjá Samkaupum, það er gott lið og góð liðsheild og við finnum það á starfsfólkinu okkar, núna þegar við erum að fara að heimsækja allar verslanir og tala við starfsfólk, að það virkilega skín í gegn þetta stolt. Það er sama hjá hvaða vörumerki það vinnur – hvort það er Nettó, Kjörbúðin, Krambúðin eða Iceland; það eru allir stoltir af að vinna hjá Samkaupum og vera í Samkaupaliðinu. Þannig að grunnstefna okkar skín í gegn – við hugsum um fólkið okkar, við vitum fyrir hvað við stöndum í dag og hvert við erum að stefna áfram til framtíðar." ■

Heildstæð árangursstjórnun með SAGA Competence

SAGA Competence sérhæfir sig í heildstæðri árangursstjórnun fyrirtækja og einstaklinga. Eigandi og þjálfari SÖGU Competence er Sigríður Indriðadóttir. Hún er menntuð í mannauðsstjórnun og býr yfir margra ára reynslu og víðtækri þekkingu á sviði stjórnunar, mannauðsmála og rekstrar.

Sigríður hefur starfað sem forstöðumaður mannauðsmála hjá Mosfellsbæ, Mannviti og Íslandspósti. Eins þjálfaði hún fólk í mannlegum samskiptum hjá Dale Carnegie í fimm ár. Hún hefur leitt og tekið þátt í umfangsmiklum og flóknum stjórnunarverkefnum sem felast í umbyltingu á rekstri og fyrirtækjamenningu og er því vön að takast á við þær síbreytilegu áskoranir sem stjórnendur og starfsfólk glíma við dag frá degi.

Sigríður vinnur markvisst með árangursstjórnun sem felur í sér uppbyggingu á öflugri og hvetjandi vinnustaðarmenningu sem stuðlar að vellíðan, vexti og árangri starfsfólks. Áhersla er lögð á hnitmiðaða þjálfun sem miðar að því að tryggja rétta hegðun á vinnustað í samræmi við þarfir skipulagsheildarinnar hverju sinni, stefnu og framtíðarsýn og stuðla þannig að varanlegum árangri. Sigríður hefur einnig sérhæft sig í því að þjálfa fólk í að greina og taka á meðvirkum aðstæðum sem geta skapast á vinnustöðum.

Annar vart eftirspurn

„Ég er fædd og uppalin á Akranesi og sleit þar barnsskónum – en ekki takkaskóm þó. Ég ólst upp við að spila á píanó og skrifa alls konar sögur, svo það er vel við hæfi að fyrirtækið mitt í dag heiti SAGA Competence þar sem ég vinn við að styðja við fyrirtæki og einstaklinga í að skrifa sínar eigin sögur, hvort sem það er frá upphafi eða byrjað á nýjum kafla.“

Sigríður stofnaði SAGA Competence fyrir tæpu ári og óhætt er að segja að síðan þá hefur verið mjög mikið að gera og annar hún vart eftirspurn.

„Ég hef verið mjög heppin frá því ég startaði rekstrinum síðasta sumar og í hverri viku hafa samband við mig dásamlegir viðskiptavinir sem óska eftir ráðgjöf, þjálfun eða námskeiðum. Á þessu fyrsta starfsári SAGA Competence hef ég unnið með á sjötta tug fyrirtækja og stofnana sem eru hvert öðru flottara. Og eiga það sameiginlegt að hafa öfluga og hugrakka stjórnendur sem leitast stöðugt við að gera gott betra.

Ég starfaði sem framkvæmdastjóri mannauðsmála í þremur ólíkum fyrirtækjum um margra ára skeið og í gegnum störf mín hef ég séð hvað atvinnulífið er í mikilli þörf fyrir fyrirtæki eins og SAGA Competence.“

Dýrmætasta auðlindin

Sigríður segist brenna fyrir öflugri liðsheild ánægðra starfsmanna og hvetjandi vinnustaðarmenningu. „Málið er að starfsfólk sem líður vel í vinnunni sinni og upplifir traust og sálfræðilegt öryggi er svo margfalt ánægðara og hamingjusamara og skilar miklu betra starfi út í samfélagið en fólk sem líður ekki vel. Ánægt starfsfólk skapar einfaldlega meiri verðmæti og býr til meiri árangur og það er því til svo mikils að vinna að byggja upp öfluga liðsheild og góða vinnustaðarmenningu.“

Að sögn Sigríðar er mannauðurinn dýrmætasta auðlind fyrirtækja. „Það sem ég áttaði mig hins vegar fljótlega á þegar ég fór að starfa við mannauðsmál fyrir fimmtán árum er að það eru alls konar hindranir inni í fyrirtækjum sem geta stuðlað að því að traustið minnkar eða jafnvel hverfur og fólk upplifir vanlíðan, streitu og óánægju sem augljóst er að verður aldrei til góðs. Ein af þessum hindrunum felst í meðvirknimynstrum sem hafa skapast inni á vinnustöðunum, þar sem frammistöðuvandi eða hegðunarvandi, sem ekki er tekið á jafnvel svo árum skiptir, fer að hafa neikvæð áhrif á líðan fólks, vinnustaðarmenninguna og heildarárangur fyrirtækisins.

Því miður er það oft þannig að stjórnendur upplifa að þeir hafi ekki verkfæri til að taka á slíku og mitt starf felst mikið til í að styðja við stjórnendur í að stíga inn í meðvirkar aðstæður og efla þá í að setja heilbrigð mörk og tækla málin á árangursríkan hátt. Slík vinna tekur tíma og krefst bæði hugrekkis og þrautseigju og ég hef séð stórkostlegar breytingar hjá stjórnendum sem eru tilbúnir að axla ábyrgð og vinna stöðugt í því að styrkja sig og efla til að tækla hvaða aðstæður sem er, byggja upp traust og vellíðan hjá fólkinu sínu.

Ég vinn mikið með framkvæmdastjórnum og forstjórum, sem vilja auka meðvitund bæði sjálfra sín og annarra starfsmanna um mikilvægi hvers og eins. Það skiptir mjög miklu máli að framkvæmdastjórn sé um borð þegar stór þjálfunar- eða menningartengd verkefni fara af stað í fyrirtækjum, því eftir höfðinu dansa limirnir og svo hrislast það út í gegnum allt fyrirtækið.“

Sigríður vinnur þannig mjög mikið með hegðun og frammistöðu og stöðuga þróun á starfshæfni. Þaðan kemur Competence heitið í nafni fyrirtækisins. „Ég lærði mannauðsstjórnun í háskólanum í Lundi í Svíþjóð og vann mastersritgerðina mína hjá Símanum. Mig langaði mjög að rannsaka hvað árangursríkir starfsmenn gera til að efla færni sína í starfi og ritgerðin mín heitir: „How successful employees at Corporate Market in Síminn develop their competence at work“.

Vinnan við ritgerðina hefur nýst mér mjög vel í störfum mínum sem forstöðumaður mannauðsmála í gegnum árin, og það má segja að starf mitt hjá SAGA Competence byggist að stórum hluta á niðurstöðum þeirrar rannsóknar.“

Sigríður Indriðadóttir, eigandi og framkvæmdastjóri SAGA Competence. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Ánægt starfsfólk skapar einfaldlega meiri verðmæti og býr til meiri árangur og það er því til svo mikils að vinna að byggja upp öfluga liðsheild og góða vinnustaðarmenningu.
>
> Sigríður Indriðadóttir

> Þeir stjórnendur sem ég vinn með hafa fyrir löngu áttað sig á mikilvægi þess að starfsfólki líði vel og finni tilgang sinn í starfi, því það skilar sér ekki bara í betri árangri fyrirtækisins, heldur skilar það sér líka inn á heimili landsins í betri líðan og meiri hamingju.
>
> Sigríður Indriðadóttir

Lykill að samkeppnishæfni

Að sögn Sigríðar byggir samkeppnishæfni fyrirtækja sífellt meira á færni starfsfólks og þess vegna skiptir framlag þess stöðugt meira máli, og þar með þær aðferðir sem árangursríkt starfsfólk notar til að efla hæfni sína og þróa sig í starfi. „Ég kom auga á hátt í þriðja tug aðferða sem nýtast vel í þessu samhengi og kynni þær og verkfæri þeim tengd fyrir bæði starfsfólki og stjórnendum í gegnum SÖGU Competence. Það eru forréttindi að hafa fundið efni sem ég brann svona fyrir að skrifa um og hefur nýst mér jafn vel og raun ber vitni, en ég varði ritgerðina mína árið 2007.“

SAGA Competence býður upp á klæðskerasniðna þjónustu í samræmi við þarfir hvers viðskiptavinar hverju sinni. Slík þjónusta getur falið í sér greiningarvinnu, námskeiðahald, vinnustofur, starfsdaga, stjórnendamarkþjálfun, 360° mat og eftirfylgni. Eins býður SAGA Competence upp á ýmiss konar rafrænt fræðsluefni fyrir starfsfólk sem fyrirtæki geta keypt fyrir sína fræðsluvefi, ásamt því sem hluti af fræðsluefninu er til á hlaðvarpsformi þar sem starfsfólk getur hlustað á fræðslu samhliða störfum sínum hjá fyrirtækinu.

„Ég hef séð aukna þörf hjá fyrirtækjum fyrir rafrænt fræðslu- og þjálfunarefni í kjölfarið á Covid. Auðvitað þarf það að vera í bland að fólk geti komið saman og hist á námskeiðum, en gott getur verið að hafa rafræna fræðslu líka, bæði fyrir nýtt starfsfólk og eins sem eftirfylgni í kjölfar námskeiða eða vinnustofa. Einnig hentar það mjög vel fyrirtækjum sem eru með starfsemi úti um allt land, því það sparar dýrmætan tíma fólks við að koma sér á milli staða, sem og fjármagn sem annars færi í ferðalög og uppihald.“

Sigríður hefur líka unnið mikið með sveitarfélögum að ýmsum verkefnum, meðal annars við mannauðsráðgjöf í aðdraganda sameiningar sveitarfélaga þar sem að mörgu er að hyggja. „Ég þekki starfsemi sveitarfélaga út og inn sem nýtist mér vel í þeirri vinnu.

Ég er ótrúlega hamingjusöm með starfið mitt og það eru forréttindi að fá að starfa við það alla daga að byggja upp enn betri vinnustaði þar sem fólki líður vel. Þeir stjórnendur sem ég vinn með hafa fyrir löngu áttað sig á mikilvægi þess að starfsfólki líði vel og finni tilgang sinn í starfi, því það skilar sér ekki bara í betri árangri fyrirtækisins, heldur skilar það sér líka inn á heimili landsins í betri líðan og meiri hamingju. Það er því sannarlega samfélagslega ábyrgt af stjórnendum fyrirtækja að leggja áherslu á vellíðan starfsfólks,“ segir Sigríður Indriðadóttir, eigandi og framkvæmdastjóri SAGA Competence. ■

Vefsíða SAGA Competence er: www.sagac.is

SAGA Competence

BESTI TÍMINN TIL AÐ FJARLÆGJA HÁRÆÐASKEMMDIR Í ANDLITI

Við á Snyrtistofunni Hafblik sérhæfum okkur í árangursríkum háræðaslitsmeðferðum. Við lokum skemmdum háræðum, háræðastjörnum og blóðblöðrum í andliti. Tækið sem unnið er með er eina sinnar tegundar á Íslandi og vinnur með hljóðbylgjum. Hljóðbylgjurnar þurrka upp blóðprótein í veilu háræðunum og loka þeim af mikilli nákvæmni punkt fyrir punkt. Yfirleitt næst bati eftir 3 skipti. 4-5 vikur þurfa að líða á milli meðferða.
Við bjóðum upp á ókeypis skoðunartíma sem þarf að bóka fyrirfram. Myndir eru teknar af háræðaskemmdunum sem viðkomandi vill láta fjarlægja, tímalengd meðferðar og kostnaður áætlaður og meðferð og eftirmeðferð kynnt.

Nú er besti tíminn framundan að láta drauminn rætast að losna við háræðaskemmdirnar. **Þetta er lausnin.**
Guðrún Jóhanna eigandi Snyrtistofunnar Hafbliks þekkir þetta böl sem háræðaskemmdir valda á eigin skinni. Hjá henni komu þær í kjölfar rósroða en þær geta komið af margs konar öðrum ástæðum líka. Ár eftir ár þurfti hún að fara í lasermeðferðir hjá húðlæknum í tilraun til að laga háræðaskemmdir sem gaf lítinn sem engan árangur þrátt fyrir að vera eina lausnin á þeim tíma. Nú er lausnin komin með þessari tækni sem þetta hljóðbylgjutæki býður upp á. Hér á myndunum er dæmi um árangur háræðaslitsmeðferðanna hjá Snyrtistofunni Hafblik.

Fyrir

Fyrir

Eftir

Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur

Bókið frían tíma í skoðun/viðtal

Snyrtistofan Hafblik

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

Partíplattinn sem slær í gegn

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóra í Hafnarfirði, er margt til lista lagt og er höfðingi heim að sækja. Hún er ástríðukokkur af guðs náð og mikill sælkeri. Rósa nýtur sín í eldhúsinu og finnst fátt skemmtilegra en að töfra fram kræsingar fyrir fjölskylduna og vini.

Rósa er líka mikill fagurkeri og það sést vel þegar hún ber kræsingar fram á fagurlegan hátt þar sem hugsað er fyrir hverju smáatriði. Rósa hefur einnig verið iðin sem rithöfundur og gefið út nokkrar matreiðslubækur, auk þess að vera ritstjóri hjá Bókafélaginu. Rósu finnst sérstaklega gaman að halda boð og nýtur hvert tilefni til að bjóða heim í sælkeraveislu.

Við fengum Rósu til að gefa lesendum uppskriftir að skotheldum partíréttum fyrir sumargleðina sem fram undan er. „Það er fallegt að bera fram sælkerabakka eins og ég gef hér hugmynd að. Þið veljið einfaldlega það hráefni sem ykkur langar að bjóða upp á, osta, kex, skinku, pylsur, lax, grænmeti, ávexti, þurrkaða og ferska, kaldar sósur og hvað sem ykkur dettur í hug og gjarnan smá sætmeti með. Blandað og raðað fallega saman á stórum diski eða bakka og úr verður ómótstæðilegur partíplatti sem mjög fljótlegt er að búa til. Það getur líka verið skemmtilegt að hafa ákveðið þema, til dæmis undir ítölskum eða mexíkóskum áhrifum og velja þá þannig á bakkann. Hafið í huga að velja fjölbreytt hráefni og fallega liti. Við borðum jú fyrst með augunum, ef svo má að orði komast, eins og allir fagurkera og sælkerar vita," segir Rósa og brosir.

Ekki amalegt að hafa svona bakka á borðum í útskriftarveislunni.

> Það er fallegt að bera fram sælkerabakka eins og ég gef hér hugmynd að.

Rósa Guðbjartsdóttir var ekki lengi að henda í partíbakka þótt nóg sé um að vera í bæjarpólitíkinni þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Við borðum jú fyrst með augunum, ef svo má að orði komast, eins og allir fagurkera og sælkerar vita.

Einnig gefur Rósa hérna uppskriftir að tveimur einföldum og skotheldum iðýfum sem eru tilvaldar í sumarpartíin og útskriftarveislurnar. „Þær eru báðar úr bókinni minni Partíréttir sem kom út árið 2013 og standa alltaf fyrir sínu. Einnig læt ég fylgja með snakkrétt sem afar einfalt er að útbúa en kemur skemmtilega á óvart."

Partíplatti fagurkerans

Að þessu sinni notaði ég parmesan- og gráðaost, skinku, sólstafi, reyktan silung, tvær tegundir af kexi og parmesanbrauðstangir, ólífur, granatepli, kíví, bláber, þurrkaðar gráfíkjur og apríkósur, pistasíuhnetur, gúrku, kokkteiltómata, vínber, harðfisk, hvítlauksíðýfu og gvakamóle og lítil Lindubuff.

Hér er svo á ferðinni pitsueðla sem enginn stenst. „Þetta er vinsælasta iðýfan, eða eðlan, á mínu heimili."

Pitsueðla – pitsa án brauðs

400 g rjómaostur
100 g sýrður rjómi
1 dl pitsusósa
1 msk. pitsukrydd
1 dl sveppir, smátt saxaðir, má sleppa
1 dl græn paprika, smátt söxuð
80 g pepperoni, smátt skorið
4 hvítlauksrif, marin
2–3 dl rifinn ostur
Fersk basilíka, til skrauts

Hitið ofninn í 200 °C gráður. Hrærið pitsukryddinu saman við rjómaostinn og sýrða rjómann og setjið í botninn á eldföstu móti. Setjið pitsusósuna þar ofan á, 1 dl af rifnum osti og síðan sveppi. Dreifið loks papriku og pepperoni yfir, hvítlauk og afganginum af rifna ostinum. Bakið í 10-15 mínútur, eða þar til osturinn er orðinn sjóðandi heitur.

Heitt nachos

170 g tortillaflögur
2 dl salsasósa, bragðstyrkur að smekk
½ rauðlaukur, smátt saxaður
½ græn paprika, smátt söxuð
1 dl maískorn
1 dl rifinn ostur

Hitið ofninn í 200 °C gráður. Dreifið tortillaflögunum í eldfast mót. Dreifið salsasósu yfir, síðan rauðlauk, papriku og maískorni. Sáldrið osti yfir allt saman og bakið í 7–10 mínútur.

„Það er ótrúlega ljúffengt að baka gömlu, góðu kartöfluflögurnar með sósu í ofni."

Kartöfluflögur bakaðar í ofni

175 g kartöfluflögur
80–100 g rjómaostur með sólburrkuðum tómötum
1 msk. kapers eða ólífur, smátt saxaðar

Hitið ofninn í 225°C gráður. Dreifið kartöfluflögum í eldfast mót. Bræðið rjómaostinn í litlum potti við vægan hita. Hellið honum síðan yfir kartöfluflögurnar, stráið kapers yfir eða ólífum og bakið í 5 mínútur. ■

Bílar & Farartæki

Bíla & FerðavagnaMarkaður

Óska eftir húsbílum, hjólhýsum og öllum tegundum ferða-vagna á söluskrá og á staðinn.

Ferðavagnamarkaður
Kletthálsi 11, 110 RVK
Sími: 659 2452
í húsnæði Bílalindar
www.ferdavagnamarkadur.is

Bílar til sölu

Club Car Tempo 2020 Bíll í toppstandi og nýinnfluttur. Nýir 8V rafgeymar og allur yfirfarinn. Kr. 1.480.000 Hægt að fá myndir sendar í tölvupósti. Sími 8971928 / hb@a7.is

Range Rover sport HSE árg. 2015 ek. 153þús Verð 7,5 mill Uppl. í s. 866 3987

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bátar

MERCURY Utanborðsmótorar
2,5 - 600 hp.

Verkstæði Vélasölunnar hefur á að skipa sérhæfum starfsmönnum til viðgerða og viðhalds á **Mercruiser** bátavélum og **Mercury** utanborðsmótorum

R.SIGMUNDSSON
VÉLASALAN
www.velasalan.is
s. 520 0000, Dugguvogi 1
104 Reykjavik

VEIÐIPORTIÐ
Grandagarður 3 • S: 552-9940
Stærðir:
270cm-500cm
Verð frá:
149.000.kr

SAILSKI®
Gerið verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 790 9021 og 698 1215

Málarar

MÁLNINGARVINNA.
Get bætt við verkum. 30 ára reynsla, fagmennska og sanngjörn verð. Einar málari s: 832-6017.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Heilsa

Heilsuvörur

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð
í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

FIAT Ducato Capron T449
Árgerð 2020 | ekinn 15 Þ.KM | dísel | beinskiptur.
Einn sá glæsilegasti. Rnr.116080.

BÍLABORG.IS

Bílaborg | Smiðshöfða 17 (Stórhöfðamegin) | 110 Reykjavík
Sími 517 1111 | bilaborg.is | bilaborg@bilaborg.is

VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -

Sinnum viðhaldinu saman og
notum öruggar lausnir við framkvæmdir

Vinnupallar • Smiðsbúð 10 • s. 7879933 • vpallar.is • vpallar@vpallar.is

Skólar & Námskeið

Námskeið

ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA

Only 1-4 students per course ! Special Icelandic for Thais, Vietnamese and Chinese. Sérnámskeið: Íslenska f. Tælendinga, Víetnama og Kínverja. Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk/Also Special courses for Health Personnel. Enska fyrir Leiðsögumenn/ Icelandic for Guides. Start: 16/5, 30/5, 20/6, 4/7, 18/7, 8/8, 15/8, 12/9: * 4 weeks x 5 workdays or/eða * 10 weeks/vikur x Sat/Sun/lau/sun. AM & PM/f.h&e.h. Price/verð: 49.500. Labour Unions pay back 50-90 % of price. Stéttarfélög endurgreiða 50-90% námsgjalds. www.iceschool.is . ff@icetrans. is - facebook.com/icetrans. IceSchool-Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5. 108, s. 8981175.

Húsnæði

Húsnæði til sölu

SUMARHÚS/GESTAHÚS TIL

Fallegt vel einangrað 24 ferm. Staðsett í Reykjavik. Verðið er 5,8 komið til þín á Hellu eða í Borgarfjörð. Uppl., myndir og teikningar. 820-5181

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

viftur.is

Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir

ÍSHÚSIÐ

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Steinhella 17

lager – geymsluhúsnæði

500 fm lager- og geymsluhúsnæði til langtímaleigu. Mikil lofthæð, laust nú þegar.

Uppl. í s. 893 9777

✓ GRABBI
✓ GRJÓTKLÓ
✓ PALLETTUKLÓ
✓ KRÓKHEYSI

ÖLL ALMENN KRANAVINNA

☎ 792 2992 - thakranar@gmail.com

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Nú vantar bara pottinn!

Heitir og kaldir gæðapottar, ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina!

Geirslaug 279.000 kr.

Snorralaug 299.000 kr.

Gvendarlaug 189.000 kr.

Unnarlaug 310.000 kr.

Sigurlaug (kaldi potturinn) 135.000 kr.

Grettislaug 259.000 kr.

Háfar, burstar, hitamælar, höfuðpúðar, hengirúm, klór, spil og margt fleira til að gera pottaferðina enn skemmtilegri.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Opið í dag, laugardag, kl. 10-14.

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

EIGNAMIÐLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími **588 9090** | **eignamidlun.is**

Til leigu
Korngarðar 2 í Sundahöfn

Til leigu 3.230 fm skrifstofuhúsnæði við Korngarða í Reykjavík. Húsið er staðsett í Sundahöfn, við Korngarða, með góðri aðkomu þar sem er stutt í umferðaræðar. Fjöldi fyrirtækja á svæðinu.

- Húsið er á tveimur hæðum og býður uppá mikla möguleika.
- Möguleiki að skipta húsinu upp í nokkrar leigueiningar.
- Um 100 bílstæði eru við húsið.
- Góð aðkoma, stutt í umferðaræðar.
- Flestir veggir léttir, auðvelt að endurskipuleggja.
- Möguleiki að aðlaga húsið að kröfum leigjanda.
- Langtímaleigusamningur.

Nánari upplýsingar veita:

Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
864 5464
gudlaugur@eignamidlun.is

Ólafur H. Guðgeirsson
MBA Rekstrarhagfræðingur og
löggiltur fasteignasali – 663 2508
olafur@eignamidlun.is

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

EIGNAMIÐLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

Kjarrás 8

210 Garðabær

Enda raðhús | 180.4 fm | 5 herbergi

124.900.000

Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og Löggiltur fasteignasali
herdis@eignamidlun.is
694 6166

OPIÐ HÚS 21. maí kl. 13:00 og kl. 13:30

Efstaleiti 12

103 Reykjavík

Fjölbýli | 138,6 fm | 4ra herb.

Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is
861 8511

114.000.000

OPIÐ HÚS
22. maí 14:00-14:30

Fossvogsbrún 8

200 Kópavogi

Einbýli | 159,4 fm | 5-6 herb.

Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is
861 8511

99.500.000

Lækjarbotnaland 43

206 Kópavougr

Sumarhús | ca 80 fm | 3 herb.

32.900.000

Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
thorarinn@eignamidlun.is
899 1882

OPIÐ HÚS
22. mai 12:15-12:45



Vallakór 6a

203 Kópavogur

Lyftuhús + bílskýli | 84,6 fm | 3ja herb.

64.900.000

Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
thorarinn@eignamidlun.is
899 1882

Þrúðvangur 11

220 Hafnarfjörður

Einbýli | 173,2 fm | 6 herb.

119.900.000

Ragnhildur Anna Gunnarsdóttir
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali
ragnhildur@eignamidlun.is
861 1197

Garðastræti 42

Póstnúmer

Einbýlishús · 269,4 fm · 7 herb.

250.000.00

Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
thorarinn@eignamidlun.is
899 1882

Ásvallagata 4 101 Reykjavík

Hæð · 187 fm · 7 herb.

139.000.000

Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri
kjartan@eignamidlun.is
824 9093

OPIÐ HÚS
23. maí 17:00-17:30

Norðurbakki 13a

220 Hafnarfjörður

Fjölbýli · 106,4 fm · 3 herb.

69.900.000

Brynjar Þór Sumarliðason
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
896 1168

Skildinganes 15 102 Reykjavík

Einbýlishús · 387 fm · 9 herb.

Tilboð

Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri
kjartan@eignamidlun.is
824 9093

OPIÐ HÚS
23. maí 17:00-17:30



Naustabryggja 17

110 Reykjavík

Lyftuhús + bílskýli · 83,8 fm · 2 herb.

59.900.000

Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
thorarinn@eignamidlun.is
899 1882

Berjarimi 12

112 Reykjavík

Fjölbýli · 84,2 fm · 3ja herb.

59.900.000

Kári Sighvatsson
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
kari@eignamidlun.is
899 8815

OPIÐ HÚS
23. maí 17:15-17:45



Melabraut 29

170 Seltjarnarnes

Fjölbýli · 42,1 fm · 2 herb.

41.900.000

Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
bjarni@eignamidlun.is
895 9120

Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri
824 9093

Guðlaugur I. Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
864 5464

Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
588 9090

Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
899 1882

Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
777 2882

Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali
824 9098

Brynjar Þór Sumarliðason
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
896 1168

Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali
824 9096

Magnea Sverrisdóttir
MBA og löggiltur fasteignasali
861 8511

Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
694 6166

Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
895 9120

Ólafur H. Guðgeirsson
MBA rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
663 2508

Gunnar Helgi Einarsson
Löggiltur fasteignasali
615 6181

Kári Sighvatsson
Löggiltur fasteignasali og lögfræðingur
899 8815

Unnar Kjartansson
Löggiltur fasteignasali
867 0968

Lárus Ómarsson
Löggiltur fasteignasali
824 3934

Ragnhildur A. Gunnarsdóttir
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
861 1197

Úlfar Freyr Jóhannsson
Lögmaður og löggiltur fasteignasali
588 9090

Lilja Guðmundsdóttir
Viðskiptafræðingur og nemi til löggildingar fasteignasala
649 3868

Jenný Sandra Gunnarsdóttir
Skrifstofustjóri
588 9090

María Guðrún Waltersdóttir
Móttaka
588 9090

Daníela R. Reynisdóttir
Móttaka
588 9090

Marentza Poulsen hefur starfað í veitingageiranum nær óslitið í fjörutíu ár en hún rekur meðal annars Flóruna kaffihús í Grasagarðinum ásamt Klambrar bistro á Kjarvalsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bakaði kökurnar heima til að byrja með

Helena Rós Sturludóttir
helenaros@frettabladid.is

Marentza Poulsen veitingakona hefur starfað í veitingageiranum nær óslitið í fjörutíu ár. Hún opnaði Flóruna kaffihús í Grasagarðinum í Laugardal árið 1997 fyrir 25 árum síðan. Marentza segir hugmyndina hafa kviknað stuttu eftir að hún gekk í klúbb viðskiptakvenna í Reykjavík.

Við hittumst yfir kaffibolla á Flórunni sem opnaði nýlega en kaffihúsið er aðeins rekið á sumrin. „Það er mjög gaman að upplifa það að hér var ekkert fyrir 25 árum og í dag er þetta eitt vinsælasta kaffihús í Reykjavík á sumrin," segir Marentza og bætir við að það sé ánægjulegt að horfa til baka á það sem hún hefur afrekað. Samhliða rekstri Flórunnar hefur Marentza rekið veisluþjónustu til margra ára en ásamt því rekur hún líka veitingastaðinn Klambrar bistro á Kjarvalsstöðum.

Marentza er fædd og uppalin í Færeyjum en hefur búið á Íslandi frá 1964. Hún segir að þrátt fyrir að hafa búið mun lengur á Íslandi en í Færeyjum sé hjartað alltaf þar. Marentza býr í fallegu einbýlishúsi í Skerjafirði í Reykjavík með eiginmanni sínum en þau eiga tvö börn og fjögur barnabörn.

Smurbrauðsjómfrú

Marentza hóf feril sinn innan veitingageirans á unglingsaldri, fyrst á Hótel Sögu og síðar á Hótel Loftleiðum. Átján ára gömul fluttist hún til Kaupmannahafnar í Danmörku þar sem smurbrauðsjómfrúin varð til. Frá því að Marentza fluttist aftur til Íslands hefur hún meira og minna starfað við matargerð og veitingarekstur.

Aðspurð hvernig var að vera kona í veitingageiranum segir Marentza það hafa verið erfitt í upphafi. Hún hafi þurft að leggja mikið á sig til að læra að standa á eigin fótum og reka fyrirtæki. „Ég man þegar ég var fyrst veitingastjóri á Hótel Borg, þá voru eingöngu karlmenn yfirmenn nema ég, konan sem gat verið mamma þeirra nánast," segir Marentza og bætir við að þar hafi hún í raun í fyrsta skipti fundið fyrir því að vera kona. Reynsla hennar úr veitingabransanum hafi þó styrkt hana.

Um það leyti sem Marentza hóf störf sem veitingastjóri gekk hún í kvennaklúbbinn BPW, Business and Professional Women, í Reykjavík. Marentza segir klúbbinn hafa gefið sér mikið og að þar hafi hún fengið tækifæri til að styrkja sig í kringum fjöldann allan af áhrifamiklum og sterkum konum sem í dag eru góðar vinkonur hennar.

Kvennaklúbbur

Þrátt fyrir að vera afar upptekin hefur Marentza gefið sér tíma til að vera í BPW klúbbnum í hartnær þrjátíu ár og segir hún hugmyndina af Flórunni einmitt hafa kviknað þar 1997. „Ein BPW systir mín var þá í borgarstjórn í umhverfismálum, Bryndís Kristjánsdóttir, en hún og garðyrkjustjóri Grasagarðsins á þeim tíma, Jóhann Pálsson, höfðu spjallað saman um það að það væri nú gaman að vera með kaffihús í garðinum. Hann hafði farið út um allan heim og sá að allstaðar voru veitingastaðir og kaffihús í grasagörðum."

Marentza segir Bryndísi hafa leitað til sín og spurt hvort hún væri til í að opna kaffihús í garðinum. „Ég hafði aldrei komið í Grasagarðinn og ég hafði aldrei komið hingað inn," segir Marentza og bendir á húsnæðið sem Flóran er í. „Ég kem hérna inn og sest á brúna, það var svolítið hráslagalegt veður og ég hugsaði með mér hvort ég gæti gert eitthvað hér. Þá var ekkert eldhús eða neitt," segir Marentza. Hún sé týpan sem hafi gaman af því að takast á við hluti sem séu mögulega ómögulegir og hún hafi ákveðið að slá til.

„Maðurinn minn smíðaði lítið afgreiðsluborð og ég bakaði kökur heima hjá mér, eins gott að enginn vissi það þá," segir Marentza og skellir upp úr og heldur áfram, „og kom með þær hingað og það var lítil uppþvottavél sem tók sjö til átta diska í einu. Ég hélt að þetta væri alveg nóg en ég var ekki búin að vera hérna í tvo mánuði þegar ég þurfti að ráða til mín starfsmann og þetta hefur vaxið svakalega síðan," segir Marentza. Það hafi svo ekki verið fyrr en 2006 sem eldhúsið kom á Flóruna og segir Marentza það hafa verið ofboðslega gaman að geta loksins farið að elda almennilega og bjóða upp á góða rétti.

„Mörgum fannst þetta dauðadæmt – sérstaklega kollegum mínum. En þeir öfunduðu mig löngu seinna að sjálfsögðu," segir Marentza, en á meðan reksturinn er opinn á sumrin starfa nú um þrjátíu starfsmenn hjá henni.

Þolinmæði nauðsynleg

Aðspurð hver sé lykillinn að góðum rekstri svarar Marentza um hæl að nauðsynlegt sé að nenna hlutunum. „Þú þarft að nenna og ég hef bara verið lánsöm að ég hef góða nennu. Ég nenni mjög vel að vinna og það er fátt sem mér þykir leiðinlegt. Ef þú nennir þessu þá er allt skemmtilegt en ef þú nennir þessu ekki getur þú lokað strax." Marentza bætir við að þolinmæði sé nauðsynleg, „þetta tekur tíma og maður má ekki vera óþolinmóður. Það tók mig alveg fimm ár að finna að þetta væri möguleiki."

Marentza segir mun erfiðara að reka fyrirtæki í dag en áður fyrr, samkeppnin sé harðari og erfiðara sé að fá starfsfólk. „Þannig að þetta er erfiðara en engu að síður er þetta styrkjandi og gefandi því maður er alltaf að ögra sér. Það er svo fyndið, maður þurfti að læra á tölvur og allt sem því fylgir. Öll samskipti fara fram á netinu og ég, sem kona fædd 1950, var ekki alveg þar. Svo er þetta orðið þannig að þú ert að panta matinn á borðinu, nota myndavélina," segir Marentza og bendir á QR-kóðann og hlær: „Það er fullt af fullorðnum konum sem segja guð minn góður, hvað er þetta, ég kann þetta ekki. Það er alltaf verið að ögra okkur en þetta er mjög hollt og ég tek glöð þátt í þessu."

> Það er mjög gaman að upplifa það að hér var ekkert fyrir 25 árum og í dag er þetta eitt vinsælasta kaffihús í Reykjavík á sumrin.
>
> Marentza Poulsen

Jafnréttisbaráttan

Að sögn Marentzu hefur hún fengið mikinn stuðning hjá vinkonum sínum í BPW klúbbnum. Þær hittist einu sinni í mánuði og að veran í klúbbnum hafi verið mjög lærdómsrík frá upphafi. „Svo þessi tækifæri að komast út á ráðstefnur og kynnast öðrum konum og hlusta á málefni annarra. Maður fer alltaf með fullar töskur heim af fróðleik," segir Marentza, en ráðstefnur Evrópusamtaka BPW fara fram á þriggja ára fresti og í ár fari ráðstefnan fram á Hilton hóteli dagana 27. til 29. maí næstkomandi.

Hátt í 250 konur hafa skráð sig á ráðstefnuna en þær koma frá 27 löndum og segir Marentza þær mjög spenntar að koma til landsins. Þær horfi mikið til þess hversu langt íslenskar konur hafi komist í jafnréttisbaráttunni en þema ráðstefnunnar er jafnrétti. „Íslenskar konur hafa verið duglegar en við eigum langt í land samt sem áður," segir Marentza og bætir við að það sé mikilvægt að konur hér á landi taki þátt í ráðstefnunni. Á henni munu margar af áhrifamestu konum landsins á framabraut vera með fyrirlestur, þar á meðal Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Helena Dalli, ráðherra jafnréttismála í stjórn Evrópusambandsins, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Tatjana Latinovic, forseti Kvenréttindafélags Íslands, Sigríður Hrund Pétursdóttir, formaður FKA, auk ellefu áhrifamikilla kvenna. Þá mun Eliza Reed forsetafrú vera með lokaorð.

Ráðstefnan er opin konum á öllum aldri en hægt er að nálgast allar upplýsingar á vefnum bpwiceland2022.is. ■

Marmaduke

STAERSTI
~~BESTI~~
VINUR
MANNSINS

Stórskemmtileg
fjölskyldumynd um risastóra
og óþekka hundinn Marmaduke
sem hefur mikla ástúð gagnvart
fjölskyldu sinni en á það til að
koma sér í klandur, sérstaklega
vegna stærðar sinnar.

Sýnd með íslensku tali

Frumsýnd
í bíó 26. maí

SMÁRA BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS

HÁSKÓLA BÍÓ

Yfir Grænlandsjökul í fimbulkulda

Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Vilborg Arna Gissurardóttir og Brynhildur Ólafsdóttir fóru fyrir átta manna leiðangri þvert yfir Grænlandsjökul og þurftu að þola 42 stiga frost með vindkælingu þegar kaldast var.

Hópurinn lenti á Reykjavíkurflugvelli um kvöldmatarleytið á miðvikudag og voru fagnaðarfundir þegar leiðangursmenn föðmuðu fjölskyldumeðlimi sína eftir mánaðaraðskilnað og erfiðar aðstæður.

„Við Brynhildur vorum búnar að ræða þetta öðru hvoru í tvö ár áður en við létum slag standa og auglýstum ferðina síðasta haust," segir Vilborg Arna aðspurð um forsöguna.

„Það er ákveðinn hópur sem hefur verið að stunda ferðaskíðamennsku síðustu ár og vaxið innan greinarinnar svo sífellt fleiri eru að verða tilbúnir til þess að takast á við verkefni af þessari stærðargráðu."

Hún segir hópinn sem skráði sig til leiks sterkan og reynslumikinn, sem er auðvitað lykilatriði í slíkri áskorun. Fólk sem hefur ýmist stundað útivist í áratugi eða komið inn af krafti síðustu ár. „Flestir höfðu tekið þátt í verkefnum á okkar vegum áður, svo sem í Vatnajökulsþverunum, háfjallaferð til Nepal og fleira. Það er gaman að sjá greinina vaxa og þróast í þessa átt. Bakgrunnurinn hjá þátttakendum er fjölbreyttur og kemur úr björgunarsveitastarfi, úr hópastarfi í ferðafélögunum og þátttöku í gönguskíða- og últrahlaupum. Hæfileikarnir leyndu sér heldur ekki þegar kom að því að leysa hin ýmsu mál, svo sem viðgerðir á búnaði, saumaskap eða frumlegri eldamennsku til þess að brjóta upp daglega matseðilinn," segir Vilborg.

Gaman að konum fjölgi

Vilborg var að þvera Grænlandsjökul í annað sinn en í fyrra skiptið, fyrir áratug, gekk hún í öfuga átt. „Það var lærdómsríkur leiðangur og fyrsta ferðin mín af þessari stærðargráðu. Í gegnum tíðina hafa konur verið í minnihluta þeirra sem stýra stórum leiðöngrum og það er gaman að fylgjast með og taka þátt í þeirri þróun að fjölga þeim."

Eins og fyrr segir stýrði Vilborg leiðangrinum við aðra konu, hina reyndu Brynhildi Ólafsdóttur, en Vilborg segir þær vinna vel saman í stórum ferðum, enda farnar að læra vel hvor inn á aðra.

„Það er ómetanlegt að eiga traust og góða félaga úti á örkinni."

Óvænt en sannarlega ánægjulegt faðmlag eftir 30 daga á jökli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Þetta var frábær stund og Íslendingar eru svo sannarlega að sækja í sig veðrið þegar kemur að ferðum af þessari stærð.
>
> Vilborg Arna

Leiðin yfir Grænlandsjökul frá vestri til austurs er 540 kílómetrar samkvæmt korti, en Vilborg segir sjálfa gönguna þó lengri enda þurfi stundum að taka beygjur og sveiga.

„Sérstaklega fyrstu dagana sem liggja í gegnum bláísinn, sem helst er hægt að líkja við völundarhús. Hæsti punktur jökulsins er um 2.500 metrar en hækkunin sjálf er meiri þar sem stallar og landslag eru í jöklinum."

Vilborg segir oft hægt að ná smá rennsli á skíðunum niður í móti. „En maður þarf að borga fyrir það með því að skíða upp á bungu strax á eftir."

Fimbulkuldi og snjóblinda

Vilborg segir það reyna á bæði andlega og líkamlega að þvera jökulinn.

„Flestir finna fyrir þreytu, sumir fá álagsmeiðsli og svo er þetta líka langur tími að heiman frá fjölskyldunni sem getur reynt á. Við fengum þetta árið erfiðar aðstæður, svo sem fimbulkulda og snjóblindu," segir Vilborg en hún lýsir snjóblindu á við það að skíða inni í mjólkurglasi. „Því ekki er hægt að greina mun á himni og jörðu."

Eins segir hún færið hafa verið svokallað sandpappírsfæri. „Það stafar af miklum kulda en þá er ekkert rennsli á skíðum og sleðum og færið verður því mjög þungt. Það er því óhætt að segja að hafa þurfti fyrir hverjum kílómetra og þessum fáu góðu dögum sem við fengum var tekið fagnandi af lífi og sál."

Vilborg segir alla hafa einhvern tíma átt erfiða daga í leiðangrinum og að það sé eitt af því sem þurfi að hugsa vel fyrir fram, hvernig maður ætlar að díla við slíkar stundir, því þær séu óhjákvæmilegar á svo löngum tíma.

„Gott pepp frá félaga, tónlist eða hljóðbók í eyrun getur gert kraftaverk á slíkum stundum og flestir ná sér fljótt og vel á strik. Ég elska sjálf að vera með eitthvað á takteinum, bæði þegar ég er í stuði sem og þegar á þarf að halda."

Verbúðar-playlistinn alla leið

Í þessari ferð vildi þó ekki betur til en svo að niðurhalið á síma Vilborgar misfórst eitthvað, en hún taldi sig vera að leggja af stað með gríðarlega gott og skemmtilegt úrval af tónlist.

„Það vildi þó ekki betur til en svo þegar að á reyndi að þá var eitthvað minna inni á símanum, eiginlega bara nokkur lög eða óviðjafnanlegur Verbúðar-playlistinn á Spotify. Mörg lögin eru algjör nostalgía og gaman að tralla með en ég viðurkenni að það gerði ekki mikið fyrir stuðið í mér að fá lögin Máninn hátt á himni skín eða Nú er árið liðið, í þúsundasta skiptið í ferðinni, en það er samt svolítið fyndið. Ég valdi lagið Svart-hvíta hetjan mín sem lag ferðarinnar hjá mér," segir hún og hlær.

Hópur Vilborgar og Brynhildar var þó ekki einn á Grænlandsjökli enda annar íslenskur hópur á vegum leiðsögumannsins Einars Torfasonar einnig á ferðinni og urðu miklir fagnaðarfundir þegar þeir mættust á hájöklinum.

Tveir íslenskir hópar í fyrsta sinn

„Við gengum frá vestri til austurs en sá hópur gekk í hina áttina, svo við mættumst á jöklinum. Við vorum í sambandi í gegnum skilaboð sem send voru í gegnum gervihnött enda ekkert símsamband á jöklinum. Þannig náðum við að bera saman bækur okkar og sjá til þess að við værum örugglega á sömu stefnu og gátum ákvarðað hvenær hóparnir myndu ná saman. Það var líka skemmtilegt og hvetjandi að skrifast á og fá fréttir af hvert öðru, auk þess könnuðust menn við hver annan í hópunum."

„Þetta er í fyrsta skipti sem tveir íslenskir hópar af þessari stærð

> Við fengum þetta árið erfiðar aðstæður svo sem fimbulkulda og snjóblindu.
>
> Vilborg Arna

> Mörg lögin eru algjör nostalgía og gaman að tralla með en ég viðurkenni að það gerði ekki mikið fyrir stuðið í mér að fá lögin Máninn hátt á himni skín eða Nú er árið liðið, í þúsundasta skiptið í ferðinni en það er samt svolítið fyndið.
>
> Vilborg Arna

Við komuna á Reykjavíkurflugvöll eftir mánuð á jökli og 540 kílómetra göngu í erfiðu færi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kuldinn fór mest niður í 42 stiga frost með vindkælingu.
MYNDIR AF JÖKLI/HÓLMFRÍÐUR VALA SVAVARSDÓTTIR

þvera jökulinn. Þetta var frábær stund og Íslendingar eru svo sannarlega að sækja í sig veðrið þegar kemur að ferðum af þessari stærð. Ég á von á því að í framtíðinni muni sífellt fleiri leggja leið sína yfir jökulinn. Nágrannar okkar í Noregi hafa verið duglegir á þessum vettvangi en það kæmi mér ekkert á óvart þótt við færum að sækja á þá, svona miðað við höfðatölu allavega," segir Vilborg í léttum tón.

Þiddu matinn innanklæða

Segja má að hópurinn hafi sannarlega verið minntur á að hann væri á jökli en kuldinn mældist nokkrum sinnum 42 gráðu frost með vindkælingu. Kuldavarnir eru gríðarlega mikilvægar, svo sem andlitsgrímur, góður fatnaður og var hópurinn til að mynda með sérstakar skóhlífar til þess að einangra skóna sína enn betur á köldustu dögunum.

„Maður þarf að vera meðvitaður um að snerta ekki málmhluti með berum höndum og stundum skíðuðum við í sérstökum hlífðarpilsum til þess að verja rass og læri. Ég fékk sjálf til dæmis útbrot af kuldanum sem ég þurfti að passa vel upp á. Vatn þarf að geyma í hitabrúsa eða einangruðum hulstrum og matur frýs auðveldlega svo það þarf stundum að þíða hann innanklæða áður en maður gæðir sér á veigunum."

Vilborg segir þó best í heimi að hita upp svefnpokann sinn með sjóðandi heitum vatnsflöskum sem halda á manni hita fram eftir nóttu. „Flöskurnar fá ýmis nöfn, svo sem kærastar og knúsarar. Það má líka nota þær til þess að rúlla auma vöðva í lok dags. Eins þarf líka að notast við bensínprímusa því þeir virka best í slíkum kulda á meðan gasið frýs og þá er ekki hægt að bræða snjó til þess að fá vatn í mat og drykk."

Á köldustu dögunum frestaði hópurinn brottför og skíðaði færri klukkustundir til þess að forðast að fá kal. „Það dugði þá að bíða eftir minni vindi til þess að fá hagstæðari aðstæður. Kaldasta nóttin okkar var mínus 35 gráður í lofthita og margar nætur voru í kringum 30 gráðu frost. Þá þurftum við að dúða okkur vel og huga að kuldavörnum."

Ísbjarnarvaktir í tvo sólarhringa

Leiðangurinn sjálfur tók 30 daga – aðeins lengri tíma en leiðsögumenn höfðu vonast til en veður og færð töfðu fyrir.

Það var þó óhagstæð veðurspá sem flýtti för undir lokin en afráðið var að skíða 65 kílómetra í einni lotu undir lokin til að ná af jökli áður en veðrið myndi skella á og hópurinn yrði tilneyddur til að bíða það af sér.

„Í staðinn biðum við niðri við jökulræturnar í þoku og úrkomu en sluppum við hvassviðri. Þar sem ekki var neitt skyggni var heldur ekki hægt að sækja okkur og við biðum róleg en á ísbjarnarvöktum," segir Vilborg en hópurinn var sóttur af þyrlu.

Eins og sjá má bjóst Vilborg alls ekki við því að maðurinn hennar, Ales Cesen, tæki á móti henni á Reykjavíkurflugvelli. Parið býr í Slóveníu og vissi Vilborg ekki betur en að þau ætluðu að hittast þar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þær Vilborg og Brynhildur eru flestu vanar og segir Vilborg þær vinna vel saman.

Hópurinn gekk yfir 540 kílómetra á jökli og segir Vilborg þau hafa fengið svokallað sandpappírsfæri sem stafar af miklum kulda en þá er ekkert rennsli á skíðum og sleðum og færið verður þannig mjög þungt.

„Við sáum ísbjarnarspor 25 kílómetra inni á jökli og þann sama dag og við komum niður var veiddur björn í nágrenninu við okkur," segir Vilborg, sem sönnun þess að full ástæða hafi verið til að gæta varúðar og vera á vaktinni.

„Við vorum með blys til þess að fæla ísbirni og vopn til þess að verja okkur ef til þess kæmi. Á hverri vakt voru tveir leiðangursmenn í tvær klukkustundir í senn. Við náðum líka kærkominni hvíld á meðan við biðum eftir því að þokunni létti."

Sumir elska bras og áskoranir

En loks voru þau sótt, þreytt, sæl og óétin og flugu á endanum heim frá Kulusuk með Icelandair. En hvers vegna ætli leiðangur á við þennan kitli ævintýraþrána? Hvers vegna vill fólk taka alla sumarfrísdagana sína snemmsumars í fimbulkulda og illri færð fjarri mannabyggðum?

„Fólk fer af stað af ýmsum ástæðum, svo sem langþráður draumur hjá sumum, aðrir elska bras og áskoranir á meðan sumir vilja brjóta upp tilveruna," segir Vilborg létt í bragði.

„Ég hef sjálf verið heilluð af leiðöngrum í yfir tuttugu ár og verið á ferðinni síðustu tíu ár. Hjá mér er þetta sambland af því að takast á við stórar áskoranir og krefjandi verkefni. Mér finnst gaman að vera úti og upplifa náttúruna í svona miklu návígi og að takast á við sjálfa sig í þessum aðstæðum, auk þess er fjalla- og leiðangursmennska ástríðan mín. Það þýðir þó ekki að ég þurfi ekki hvíld inni á milli og geri aldrei neitt annað, en þetta er kjarninn minn og sál. Ég kann líka vel að meta bæði undirbúningstímann og dagana á eftir þegar maður er að melta reynsluna."

Næsti tindur átta þúsund metrar

Við náðum tali af Vilborgu daginn eftir heimkomuna og sagði hún vel hafa verið tekið á móti þeim með veislu þar sem vinir og vandamenn buðu upp á góða stund og veitingar.

„Í dag eru svo flestir að slappa af, þurrka og ganga frá búnaði og sumir að skella sér í smá dekur eins og nudd. Það má heldur ekki gleyma því að matarlyst er í meira lagi eftir svona ferðir."

En dekrið varir ekki lengi hjá Vilborgu sem er á leið í næsta stóra verkefni í byrjun júlí.

„Þá held ég til Pakistan ásamt Ales Cesen, manninum mínum, Sigga Bjarna og breska klifraranum Tom. Þar stefnum við á einn af 8.000 metra tindunum í Karakorum-fjallgarðinum. Svo ég tek stutta hvíld og nokkra sukkdaga áður en ég helli mér aftur í æfingar og undirbúning. Tímabilið einkennist af því að byggja upp styrk og hæfni, auk þess að hafa gott jafnvægi á milli hvíldar, næringar og æfinga. Svo má ekki gleyma að ég fer fyrir árlegri ferð Ferðafélagsins á Hvannadalshnúk um hvítasunnuna, sem er alltaf jafn skemmtileg upplifun," segir Vilborg Arna að lokum. ■

Kasper Egelund heimsótti Ísland í fyrsta sinn eftir að hafa selt vörur sínar hér í rúma tvo áratugi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gefin var út bók með innliti á ólík heimili sem skarta VIPP-eldhúsinnréttingunni og hér má sjá eitt þeirra.

Frá ruslatunnu í hótel og hönnunarupplifun

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Kasper Egelund, eigandi danska hönnunarfyrirtækisins VIPP, er af þriðju kynslóð sem kemur að rekstrinum, sem hófst á ruslatunnunni frægu. Kasper hefur látið framúrstefnulegar hugmyndir um hönnunartengdar upplifanir verða að veruleika.

Ansi margir þekkja útlit VIPP-ruslafötunnar sem er fyrir löngu orðin tímalaus hönnunarklassík. Færri þekkja þó söguna á bak við hana. Það var móðurafi Kaspers sem hannaði fötuna fyrir eiginkonu sína, ömmu Kaspers, fyrir heilum 80 árum síðan. Hún var hárgreiðslukona og vantaði hentuga ruslafötu á stofu sína og fékk.

„Afi vann bíl í happdrætti, seldi hann og notaði ágóðann til að opna sitt fyrsta verkstæði," segir Kasper um upphaf VIPP, sem í dag hannar og framleiðir húsgögn, ljós og smávörur eins og ruslatunnuna frægu.

Kasper heimsótti Ísland í fyrsta sinn á dögunum, heimsóknin var löngu tímabær að hans mati, enda hefur VIPP átt í farsælu samstarfi við Epal sem selt hefur vörur þeirra í yfir tvo áratugi.

„Það var móðir mín sem kom því samstarfi á við Eyjólf Pálsson á sínum tíma. Í upphafi snerist samstarfið aðeins um ruslafötuna, en hefur vaxið heilmikið og nú er verslunin komin með fleiri smáhluti, húsgögn og jafnvel eldhúsinnréttingarnar okkar í sölu en þær fá aðeins okkar bestu samstarfsaðilar. Íslendingar hafa augljóslega mikinn áhuga á danskri hönnun, því ef við tökum mið af höfðatölu seljast VIPP-vörurnar einna best hér," segir Kasper.

Heppinn að vara afa var góð

Kasper lærði markaðsfræði í Bandaríkjunum og segir það ekki hafa verið augljóst að hann færi inn í fjölskyldufyrirtækið.

„Mamma tók við fyrirtækinu af föður sínum og þá var þetta ekki hönnunarfyrirtæki heldur málmsmiðja. Fyrirtækið samanstóð bara af henni, manni sem framleiddi tunnurnar og bókara."

Meðfram meistaranámi í markaðsfræðum vann Kasper í fyrirtækinu og varð þannig fjórði starfsmaðurinn í hlutastarfi upp úr síðustu aldamótum.

„Systir mín var þá að læra grafíska hönnun og hún aðstoðaði með þann hluta starfseminnar. Þegar ég svo lauk námi 2005 vorum við orðin átta til níu starfsmenn."

Kasper sá mikla vaxtarmöguleika og náði að koma tunnunni í sölu utan Danmerkur.

„Ég var heppinn að vara afa var góð og sagan var góð. Það skildi ég

The Shelter varð upphafið að VIPP-hótelum sem bjóða upp á einstaka upplifun. Kasper ætlaði að selja húsið um allan heim, allir vildu skoða það en enginn kaupa.

VIPP-eldhúsinnréttingin er þeim eiginleikum gædd að passa inn í ólík rými og er falleg bæði í gömlum og nýjum byggingum.

Afi Kaspers við bílinn sem hann vann í happdrætti og varð þannig upphaf alls. MYND/AÐSEND

> Íslendingar hafa augljóslega mikinn áhuga á danskri hönnun því ef við tökum mið af höfðatölu seljast VIPP-vörurnar einna best hér.
>
> Kasper Egelund

breyta húsinu einfaldlega í hótel.

„Allt frá því við opnuðum hefur verið uppbókað. Þetta varð á endanum góður bissness og þar getur fólk einnig prófað allar vörurnar okkar.“

Í dag eru VIPP-hótelin orðin nokkur, The Shelter stendur við vatn utan við Kristianstad í Svíþjóð en eins hafa hönnuðir VIPP innréttað risíbúð í Kaupmannahöfn, gamlan bóndabæ í Suður-Danmörku og einstaka húsnæði við Lysefjord í Noregi, svo eitthvað sé nefnt. „Mig langar að gera meira af þessu,“ segir Kasper spenntur. „Ekki í borgum, þar er nóg af hót-

VIPP-hillurnar eru eins og annað frá merkinu, einfaldar og klassískar.

elum, heldur á einstökum stöðum,“ segir hann.

„Mig langar að hönnunin sé upplifun, þú getur sest í sófa í búð en hvað með að prófa hann í alvöru samhengi? Þetta er nýtt í þessum geira en við erum að fara af stað með slík verkefni í Tasmaníu, Spáni, Ítalíu, Andorra og vonandi Íslandi.“

En hugmyndin á bak við VIPP nær enn aftur til ruslatunnunnar vinsælu og eru Kasper og félagar alltaf trúir upprunanum. „Mýktina í línum tunnunnar má sjá í allri okkar hönnun og við viljum framleiða vörur sem eiga sér langan líftíma, vörur sem endast.“ ■

því ég hafði lært það. Tunnan setti okkur af stað og við bættum svo við vörum og skref fyrir skref óx fyrirtækið að því sem það er í dag.“

Sannkallað fjölskyldufyrirtæki

Í dag er VIPP sannkallað fjölskyldufyrirtæki en auk Kaspers starfa fyrir það eiginkona hans, móðir, systir og mágur og eru aðrir starfsmenn 54 talsins.

„Ég hef unnið með þeim í 20 ár og því myndi ég segja að það gengi vel,“ segir Kasper, aðspurður um hið nána fjölskyldusamstarf.

„Margir sem hafa spurt mig að þessu segjast vissir um að þeir gætu þetta ekki í þrjá daga,“ segir hann í léttum tón. „En þú þarft að vera góður í þessu. Þú þarft að vera raunsær, finna þína hæfileika og einbeita þér að þeim. Þannig berum við virðingu fyrir því hvað hin eru að gera.“

Fyrir sjö árum síðan var tekin ákvörðun um að herja á Bandaríkjamarkað og hefur systirin séð um þann hluta. „Hún býr ásamt eiginmanni sínum á Manhattan og bjóða þau mögulegum viðskiptavinum að panta tíma og koma heim til þeirra. Þannig getur fólk skoðað til að mynda eldhúsið á alvöru heimili,“ segir Kasper en Bandaríkin eru nú orðin stærsti markaður VIPP.

„Mamma, sem er orðin 72 ára, vinnur enn í fyrirtækinu alla daga og heldur á ákveðinn hátt utan um starfsemina. Það er líka mikilvægt að nýir starfsmenn fái þannig að heyra söguna alla beint frá henni.“

Óvart í hótelrekstur

Kasper er stórhuga og frá framleiðslu ruslatunnu er hann óvart kominn í hótelrekstur en það er áhugaverð saga á bak við VIPP-hótelin, sem eru algjörlega einstök.

„Fyrir um átta árum varð „The shelter“ til. Mig langaði að hanna hús sem hægt væri að framleiða í verksmiðju og selja um allan heim. Húsið og hugmyndin fékk gríðarlega athygli – en enginn keypti það,“ segir hann með áherslu.

„Málið er að þetta er svo ósveigjanlegt og fólk vill fá að breyta aðeins, bæta við herbergi eða öðru og það er ekki hægt. Svo var flutningskostnaðurinn líka mikill. Markaðslega var þetta frábært en enginn keypti húsið – nema einn bandarískur milljarðamæringur. Hann pantaði húsið bara eins og hann myndi panta gallabuxur á netinu og ég veit ekki einu sinni hvort hann setti það saman,“ segir Kasper um misheppnuðu hugmyndina sem svo varð kveikjan að einhverju algjörlega nýju.

„Húsið fékk þó mikla athygli, fólk vildi fá að búa þar, gista þar, verja hveitibrauðsdögunum þar og svo framvegis. En ég sagði alltaf nei enda að reyna að trekkja að kaupendur.“

Langar að hönnun sé upplifun

Eftir þó nokkurn tíma ákvað hann svo að hugsa þetta upp á nýtt og

2000 — 2021

Eldhúsinnréttingar

Friform

Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga 11—15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is

Norðurlöndin hafa alltaf verið heima

Formaður Norræna félagsins segir mikilvægara en nokkurn tíma að efla samstarf og vináttu á milli Norðurlanda. Fólk taki norrænu samstarfi sem gefnum hlut og hafi það leitt til hnignunar.

Norræna félagið á Íslandi fagnar hundrað ára starfsafmæli sínu í ár. Hrannar Björn Arnarsson, sem tók við sem formaður félagsins 2019, segist lengi hafa haft brennandi áhuga á norrænu samstarfi.

„Ég hef alltaf litið á Norðurlöndin sem minn heimavöll, auðvitað Ísland fyrst og fremst. Foreldrar mínir voru í Danmörku og Norðurlöndin hafa alltaf verið heima, ekkert síður heldur en Ísland.“

Í gegnum ferilinn hefur Hrannar kynnst fjölmörgum hliðum norræns samstarf. Hann hefur verið virkur meðlimur í Norræna félaginu frá unga aldri og kynntist norrænu samstarfi vel í gegnum starf sitt fyrir Norðurlandaráð og sem aðstoðarmaður Jóhönnu Sigurðardóttur, félagsmálaráðherra og síðar forsætisráðherra.

„Við mörg hver tökum þessu eins og sjálfgefnum hlut. Við vitum að þetta er gott en vitum kannski ekki af hverju þetta er gott og af hverju þetta er mikilvægt. Eftir að hafa starfað í þessum bransa og séð hann frá svo mörgum vinklum þá er ég sannfærður um að þetta er það sem hefur fleytt okkur þangað sem við erum, í hópi bestu samfélaga heims,“ segir Hrannar.

Hrannar Björn segist hafa haft brennandi áhuga á norrænu samstarfi allt frá unga aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Hrannar ásamt Jóhönnu Sigurðardóttur, þáverandi forsætisráðherra, og Steingrími J. Sigfússyni, þáverandi fjármálaráðherra, á þingi Norðurlandaráðs í Svíþjóð. MYND/AÐSEND

Pallborð um norrænt samstarf á Fundi fólksins 2021. Frá vinstri: Hrannar, Oddný G. Harðardóttir, Eiríkur Bergmann, Aldís Mjöll Geirsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson og Pia Hansson. MYND/AÐSEND

Hnignað á síðustu áratugum

Þótt margt hafi áunnist í gegnum norrænt samstarf segir Hrannar enn mikla þörf á að minna á mikilvægi þess.

„Vegna þess hversu sjálfgefið og óumdeilt þetta er þá hefur þessu beinlínis hnignað. Það eru fáir að berjast fyrir þessu og fylgjast með því hvernig þessu hefur hnignað á síðustu árum. Á síðustu þremur áratugum eftir að enskan var færð fram fyrir dönskuna í skólum hefur skandinavísku okkar hnignað mjög.“

Að sögn Hrannars er þó helsta ástæða hnignunarinnar sú að fólk á það til að taka norrænu samstarfi sem gefnu.

„Ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa komist upp með að setja ekki aukna fjármuni í norrænt samstarf. Á sama tíma og ríkin hafa þanist út og umfang þeirra vaxið gríðarlega, ekki síst vegna norræns samstarfs, hafa fjárveitingar til norrænna verkefna staðið í stað og jafnvel dregist saman. Núna er í rauninni umfang norræns samstarfs bara helmingur á við það sem var fyrir þrjátíu árum, miðað við þjóðarframleiðslu.“

Leita í alþjóðlegar stofnanir

Hrannar segir hnignun norræns samstarfs hafa komið bersýnilega í ljós í þeim krísum sem Evrópa og gjörvallur heimurinn hefur gengið í gegnum á undanförnum árum; flóttamannavandann, kórónaveirufaraldurinn og nú síðast stríðið í Úkraínu.

„Í staðinn fyrir að leita í norrænt samstarf í þessum málum hlaupa menn inn í stóru alþjóðlegu stofnanirnar eins og NATO og Evrópusambandið sem hafa tól og tæki til að takast á við svona. En þetta eru hins vegar verkfæri sem norrænu löndin hafa svikist um að byggja upp á undanförnum árum og þess vegna hefur fókusinn færst inn í hinar stofnanirnar,“ segir hann.

Norrænt samstarf fái ríkisvald

Spurður um hvað gera þyrfti til að takast á við hnignun norræns samstarfs og hefja það aftur til vegs og virðingar segir Hrannar:

„Við þyrftum í fyrsta lagi að stórauka framlög okkar á ný til norrænna verkefna. Ég held að við ættum að gera það með því að byggja upp sameiginlegar norrænar stofnanir sem gætu tekið á málum á norrænum basis í staðinn fyrir að vera bara samráðsvettvangur. Ég held að það sé löngu kominn tími til þess að norrænt samstarf fái ríkisvald, svipað og Evrópusambandið eða NATO hefur.“

Samnorrænn ríkisborgararéttur

Að sögn Hrannars gæti fyrsta skrefið í átt að auknu norrænu samstarfi verið að byggja upp sameiginlegan vettvang eða stofnun með framkvæmdavald sem tekið gæti á alþjóðlegum krísum á borð við loftslagsvandann eða næsta heimsfaraldur.

„Ég held að það sé líka kominn tími til þess að við hugleiðum hvort við eigum ekki stíga það skref til fulls sem hefur verið stigið með sameiginlegum vinnumarkaði og reglum um sameiginleg réttindi á milli landa og búa til sameiginlegan norrænan ríkisborgararétt. Þannig að við séum í rauninni ríkisborgarar í okkar eigin ríkjum hvar sem við kjósum að búa á Norðurlöndunum,“ segir hann.

Ljóst er að um róttæka hugmynd er að ræða en Hrannar segir hana þó engu að síður framkvæmanlega.

„Noregur var síðasta landið sem heimilaði tvöfaldan ríkisborgararétt þannig að nú er það í raun framkvæmanlegt. Sameiginlegur norrænn ríkisborgararéttur myndi leysa mörg af þeim tæknilegu vandamálum sem Norðurlöndin hafa verið að glíma við þegar fólk flytur á milli landa. Þetta eru allt skref sem ég sé fyrir mér að gætu skipt máli ef menn vilja halda áfram að byggja á norrænu samstarfi en ekki bara láta það fletjast út og færa samstarfið meira í alþjóðlegar stofnanir.“

Stríðið þjappar heiminum saman

Mikil ólga er í Evrópu um þessar mundir vegna stríðsins í Úkraínu sem birtist meðal annars í fyrirhugaðri inngöngu Finna og Svía í NATO. Hrannar segir þetta ástand þó vel til þess fallið að þjappa Norðurlöndunum saman.

„Þetta er ekki bara að þjappa saman Norðurlöndunum heldur er þetta að þjappa saman heiminum. Við erum að upplifa mjög merkilega tíma í alþjóðastjórnmálum. Þetta mun að öllum líkindum þjappa Evrópusamstarfi saman líka,“ segir Hrannar.

Hann telur að stríðið í Úkraínu muni gjörbreyta heimsmyndinni, alþjóðlegu samstarfi og alþjóðastofnunum. Þrátt fyrir að um mikinn harmleik sé að ræða gæti það leitt til þess að vináttan og samstarf aukist á meðal annarra ríkja.

„Þetta skelfilega stríð getur auðvitað leitt í allar áttir. Það getur leitt yfir okkur enn meiri skelfingar og ógnir og komið okkur á verri stað en það getur líka verið að þau ánægjulegu merki sem við höfum séð, að vestræn ríki og nánast heimurinn allur standi saman gegn þessu, gefi fyrirheit um að betri tíð sé í vændum. Við skulum vona að úkraínska þjóðin þurfi ekki að líða enn meiri þjáningar til þess að sú betri veröld verði að veruleika,“ segir hann.

Mikilvægt fyrir ungt fólk

Eins og áður sagði fagnar Norræna félagið hundraðasta starfsári sínu 2022. Félagið hefur alla tíð staðið að líflegu starfi með því leiðarljósi að efla samstarf og vináttutengsl Íslendinga við aðrar Norðurlandaþjóðir. Spurður um mikilvægi norræns samstarfs fyrir ungt fólk segir Hrannar:

„Norrænt samstarf er að mörgu leyti mjög mikilvægt fyrir ungt fólk. Bæði hefur það opnað glugga fyrir ungt fólk inn á hin Norðurlöndin, annars vegar með Nordjobb og hins vegar með háskólasamstarfi.“

Hrannar segir það hafa sannast í gegnum árin hversu mikilvægt norrænt samstarf er ungu fólki. Hins vegar áttar fólkið sjálft sig ef til vill ekki á gildi þess fyrr en síðar meir.

„Við ölumst flest upp við það að vera pínd í að læra dönsku og sænsku í skóla og hata það en það er ekki fyrr en eftir við erum búin að kynnast kostum norræns samstarfs og norrænna samfélaga að við áttum okkur á mikilvægi þess.“

Heift og átök fyrir hundrað árum

Hrannar fer ekki í grafgötur með það að Norræna félagið, líkt og mörg önnur félagasamtök, hafi þurft að takast á við dvínandi félagsþátttöku á undanförnum árum. Hann segir félagið þó hafa fundið fyrir því undanfarin ár að fólk sé smám saman að vakna aftur til vitundar um mikilvægi þess að hlúa að norrænu samstarfi.

„Það er auðvitað alveg ótrúlegt að hugsa til þess að fyrir hundrað árum síðan, þegar þessar þjóðir voru hver í sínu horni að stofna norræn félög og berjast fyrir norrænu samstarfi, þá var borgarastríð í Finnlandi og þjóðirnar voru að rífa sig lausar hver frá annarri í sjálfstæðisbaráttu. Heiftin og átökin á milli þjóðanna voru svo mikil að það var alveg furðulegt að einhverjum dytti það í hug að leggja upp með félagsskap til að berjast fyrir samstarfi, samvinnu og vinarþeli á milli þessara þjóða.“

Í dag eru átök á milli Norðurlandaþjóðanna algjörlega óhugsandi sem má að stærstum hluta þakka því hversu ötullega hefur verið unnið að norrænu samstarfi. Annað er þó uppi á teningnum víða í Evrópu.

„Allt í kringum okkur í Evrópu eru þjóðir með svipaðan menningarbakgrunn, jafnvel svipaðan genagrunn og menningarsögu, sem hafa lent öfugum megin við landamærin, komnar í stríð við minnsta tilefni. En því er ekki að heilsa hér því við höfum ræktað vináttuna og samstarfið sem við öll njótum,“ segir Hrannar. ■

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI

25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GRANÍT LEGSTEINUM Í MAÍ

GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

Merkisatburðir

1502 Portúgalar uppgötva eyjuna Sankti Helenu.
1904 Alþjóðaknattspyrnusambandið (FIFA) er stofnað í París.
1927 Charles Lindbergh lendir flugvél sinni á Le Bourget-flugvelli við París og er þar með fyrstur til að fljúga einn yfir Atlantshaf.
1982 Breskir hermenn ganga á land á Falklandseyjum.
1983 **Safn Ásmundar Sveinssonar** er formlega opnað við Sigtún í Reykjavík.
1991 Rajiv Gandhi, fyrrverandi forsætisráðherra Indlands, er skotinn til bana.
1994 Sturla Friðriksson leggur til að Íslendingar velji **holtasóley** sem þjóðarblóm.
1996 Um þúsund manns farast með ferjunni Bukoba á Viktoríuvatni.
2006 Svartfjallaland samþykkir aðskilnað frá Serbíu í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Frá fyrstu ferð félagsins árið 1950. MYNDIR/AÐSENDAR

Er ekki kominn tími á að endurvekja bindisskyldu í skógræktinni?

Landnemar Héðins í Heiðmörk

Lundur Starfsmannafélags Héðins í Heiðmörk er rúmlega sjötugur og flykkjast félagar þangað um helgina á hundraðasta afmælisári fyrirtækisins.

arnartomas@frettabladid.is

Tækni- og stálsmiðafyrirtækið Héðinn fagnar 100 ára afmæli á þessu ári. Tímamótunum verður fagnað með ýmsum hætti á afmælisárinu, samkvæmt Gunnari Pálssyni og Guðmundi S. Sveinssyni, sem segjast eiginlega fæddir og uppaldir í fyrirtækinu.

„Rétt eins og í öðrum íslenskum fyrirtækjum hafa hlutirnir gengið upp og niður í gegnum árin, en alltaf höfum við dafnað," segir Guðmundur, um þróun Héðins í gegnum árin. „Ef þú talar um stækkun þá var fyrirtækið stærst í umfangi og mannafla á milli 1940 og 1950. En síðan þá höfum við venjulega verið í kringum hundrað manns."

Í tilefni af aldarafmælinu verður haldin mikil afmælishátíð í haust auk þess sem afmælisnefndin hefur lagt í að safna saman miklu magni af gögnum, frásögnum og ljósmyndum frá sögu fyrirtækisins, sem birt verður á árinu. Nú um helgina mun svo Héðinsfólk ásamt fjölskyldum sínum fjölmenna í Heiðmörk þar sem Starfsmannafélag fyrirtækisins á sér langa sögu.

Skiltið sem sett verður upp um helgina.

Sjötíu og tveggja ára lundur

„Árið 1950 var fjöldi fyrirtækja og félaga sem tók að sér að hefja landgræðslu eða skógrækt í Heiðmörk og var Starfsmannafélag Héðins meðal þeirra sem sókölluðu landnema," segir Guðmundur, um landnema félagsins sem gróðursettu ein 1.500 furutré á því ári. „Síðan hefur verið sífelld umsýsla og ræktarsemi við þennan lund, hvort heldur sem er sem einstaklingsframtak eða sem hluti af hópferð eins og núna."

Gunnar segir lundinn hafa vaxið talsvert, eins og tré eiga til að gera, síðan hann var gróðursettur fyrir 72 árum síðan. „Þetta er farið frá því að vera einhver lítið gróinn víðavangur yfir í að vera skógur eins og í Skandinavíu."

Guðmundur bætir við að umbreyting Heiðmerkur í þá útivistarparadís sem hún sé í dag beri að þakka umsjón Skógræktarfélags Reykjavíkur.

„Þau hafa gert alveg rosalega góða hluti og eiga heiður skilinn. Það hefði í raun og veru ekkert gerst þarna nema undir þeirra leiðsögn og fyrirmælum," segir hann. „Þau passa upp á að allt sé rétt gert og hafa verið okkur alveg ómetanleg."

Landnemunum gerð skil

Skógræktarreitirnir í Heiðmörk eru merktir, en nú stendur til að Starfsmannafélagið bæti um betur og komi með nýtt skilti sem hannað er af starfsmönnum fyrirtækisins.

„Þetta er til þess gert að halda gömlu tímunum og nafni landnemanna á lofti," segir Guðmundur.

„Eitt af því skemmtilega við Heiðmörk er hve stór hluti af skógræktinni þar er unninn í sjálfboðavinnu alls konar samtaka og fyrirtækja," segir Gunnar. „Ef maður gengur þar um þá rekst maður á skógarlundi hér og þar merkta hinum og þessum. Það er einstaklega skemmtilegt." ■

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar

Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýju vegna andláts og útfarar okkar elskulegu móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Erlu Guðmundsdóttur

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Sólvangs fyrir góða umönnun.

Inga Þóra Stefánsdóttir
Helga Björg Stefánsdóttir
Elfa Stefánsdóttir
Víðir Stefánsson
Rögnvaldur Guðmundsson
Haraldur J. Baldursson
Elín Ragna Sigurðardóttir
Magnús Hjörleifsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Halldóra Aðalsteinsdóttir

Kleppsvegi 62,

lést á Vífilsstöðum miðvikudaginn 11. maí. Útför fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 25. maí klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Alzheimersamtökin.

Magnús Magnússon
Vilborg Magnúsdóttir
Kristín H. Valdimarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Elsku bróðir okkar og mágur,

Frank Óskar Guðmundsson

lést á Fjórðungssjúkrahúsi Ísafjarðar þann 23. apríl sl. Útför hefur farið fram.

Gunnar Guðmundsson
Reynir Guðmundsson
Guðrún Guðmundsdóttir
Randí Guðmundsdóttir
Jenný Guðmundsdóttir
Bryndís Gunnarsdóttir

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Ívar S. Þorsteinsson

Hryggjarseli 3, Reykjavík,

verður kvaddur frá Seljakirkju föstudaginn 27. maí klukkan 13. Starfsfólki Eirar og Maríuhúss er þökkuð einstök aðhlynning. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

Sesselja Þórðardóttir
Þórður Ívarsson
Eyþór Ívarsson
Sóley Þórðardóttir
Saga Eyþórsdóttir
Þorbjörg Ólafsdóttir
Ásta Axelsdóttir
Sesselja Þórðardóttir
Eydís Þula Eyþórsdóttir

Hannes og Steinunn heiðursdoktorar

arnartomas@frettabladid.is

Skáldin Hannes Pétursson og Steinunn Sigurðardóttir verða sæmd heiðursdoktorsnafnbót frá Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands mánudaginn 23. maí við athöfn í Hátíðasal skólans. Þar verður fjallað um höfundana og lesið upp úr bókum þeirra.

„Háskóli Íslands fagnar 110 ára afmæli sínu á þessu háskólaári og af því tilefni viljum við heiðra skáld sem hafa lagt mikið til íslenskra bókmennta og til ræktunar á hugsun, máltilfinningu og náttúruupplifun Íslendinga," segir Torfi Tulinius, prófessor og forseti Íslensku- og menningardeildar. „Þau eiga það sameiginlegt að hafa ort mikið um íslenska náttúru og eru stórkostleg skáld."

Hannes er bæði ljóðskáld og fræðimaður. Meðal verka eftir hann eru Kvæðabók, Stund og staðir, Innlönd og Heimkynni við sjó.

Steinunn er ljóðskáld og höfundur skáldsagna og leikrita. Meðal verka eftir hana eru Tímaþjófurinn, Ástin fiskanna og Sólskinshestur.

Steinunn Sigurðardóttir.

Torfi segir að þegar tillagan um heiðursnafnbótina var borin fram á deildarfundi þá hafi hún verið samþykkt með miklum meirihluta atkvæða.

„Þau eru mjög vel að þessu komin og heiður fyrir okkur að þau vilji þiggja þessa nafnbót," segir hann. ■

Hannes Pétursson.

†

Elsku hjartans eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Hjördís Indriðadóttir

kennari,
Holtagerði 49, Kópavogi,

lést 16. maí á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 25. maí kl. 13.

Þórir Hallgrímsson
Indriði Þórisson — Anna Jóna Geirsdóttir
Elísabet Þórey Þórisdóttir — Flóki Halldórsson
ömmubörn og langömmubörn.

†

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Guðlaugs Ketils Ketilssonar

vélfræðings,
Þjóðbraut 1, Akranesi.

Sérstakar þakkir fyrir hlýja og góða umönnun fær starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi. Minningin lifir.

Ingibjörg Rafnsdóttir
Erna Björg Guðlaugsdóttir — Hörður Sigurbjarnason
Rafn Hafberg Guðlaugsson — Lísa Sigríður Greipsson
Birkir Guðlaugsson — Sif Davíðsdóttir
Katla Guðlaugsdóttir — Ólafur Sævarsson
afabörnin og langafabörnin.

†

Ástkær systir okkar og frænka,

Bergljót Rósinkranz

fv. flugfreyja,

lést á heimili sínu 6. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Jóhanna Rósinkranz
Gunnar Rósinkranz
aðstandendur.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir og amma,

Guðný Jóna Pálsdóttir

frá Ísafirði,
Ásenda 9, 108 Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar þann 18. maí. Jarðarför fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 30. maí kl. 13.00.

Sigurður Bessason
Snorri Sigurðsson — Kristbjörg Jónsdóttir
Páll Hólm Sigurðsson — Edda Lúvísa Blöndal
og barnabörn.

†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför foreldra okkar, tengdaforeldra, ömmu og afa, langömmu og langafa,

Ástu Marí Brekkan Pétursdóttur og Indriða Björnssonar

Kjartansgötu 4, Borgarnesi.

Þór, Björn, Guðfinna og Rúnar Örn Ástu- og Indriðabörn og fjölskyldur.

⚓

Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Árni Pálsson

rafvélavirki frá Raufarhöfn,

lést í faðmi fjölskyldunnar þann 18. maí á Droplaugarstöðum. Jarðarför auglýst síðar.

Hallgerður Pétursdóttir
Una Hólmfríður Kristjánsdóttir
Þórarinn Valur Árnason — Katrín Guðrún Pálsdóttir
Una Kristín Árnadóttir — Björn Sverrisson
Páll Hjaltalín Árnason — Friðborg Hauksdóttir
afabörn og langafabarn.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Bjarna S. Jónassonar

Álandi 3, 108 Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu Laugarási fyrir góða umönnun.

Jónas Bjarnason
Una Björg Bjarnadóttir
Bjarni Þór Bjarnason
og fjölskyldur.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ingibjörg E. Björgvinsdóttir

Hjúkrunarheimilinu Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést laugardaginn 16. apríl á Hrafnistu. Útför fór fram í kyrrþey.

Hallgrímur Pétursson
Björgvin M. Pétursson — Íris Scheving Þórarinsdóttir
Jóhannes B. Pétursson — Þórhildur Hafsteinsdóttir

†

Karl Jónasson

prentsmiðjustjóri,

lést sunnudaginn 15. maí í faðmi fjölskyldunnar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 25. maí klukkan 13. Blóm og kransar afþökkuð. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Líknarsjóð Oddfellowreglunnar.

Karl Magnús Karlsson — Rósa P. Sigtryggsdóttir
Björg Karlsdóttir — Örn Guðnason
Brynhildur, Helga Lilja og Brynjólfur Gísli Rannveigarbörn
Ari Karlsson — Dóra Camilla Kristjánsdóttir
Kristjana Júlía Jónsdóttir — Hulda Lind Eyjólfsdóttir
Björn Karlsson — Svanhildur Rún Þórarinsdóttir
Gísli Stefán Karlsson — Ragna Sigurbjörg Karlsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Magdalena Margrét Sigurðardóttir

frá Hrísdal, Snæfellsnesi,

lést á hjúkrunarheimilinu Eyri á Ísafirði, 6. maí. Útförin fer fram í Ísafjarðarkirkju föstudaginn 27. maí klukkan 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Margrétar Oddsdóttur.

Elías Oddsson — Ingibjörg Svavarsdóttir
Ólöf Björk Oddsdóttir — Valdimar Jón Halldórsson
Haukur Oddsson — Margrét Gunnarsdóttir
Jóhanna Oddsdóttir — Jón Ólafur Sigurðsson
Pétur Oddsson — Sigurlín G. Pétursdóttir
Sigurður Oddsson — Birna Björk Árnadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóna Vestfjörð Árnadóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold þann 19. maí sl. Jarðarför hennar fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 27. maí klukkan 15.00.

Sólon Rúnar Sigurðsson
Guðrún Margrét Sólonsdóttir
Sigurður Magnús Sólonsson
Árni Valur Sólonsson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi

Magnús Guðlaugsson

hæstaréttarlögmaður

lést á heimili sínu 9. maí. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju 24. maí kl. 13.00.

Guðlaug Erla Akerlie Magnúsdóttir — Sveinn Akerlie
Sigrún Anna Magnúsdóttir — Nicholas Herring
Þóra Kristín Hjaltested — Karl Stefánsson
Lárus Magnússon — Emilía Helgadóttir
og barnabörn

†

Elskuleg dóttir okkar, systir og frænka,

Guðný Kristrún Davíðsdóttir

Hulduhólum 1, Eyrarbakka,

lést fimmtudaginn 12. maí. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 27. maí kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dýrahjálp Íslands.

Ingibjörg Birgisdóttir
Davíð Kristjánsson — Drífa Eysteinsdóttir
Margrét Birgitta Davíðsdóttir — Þórmundur Sigurðsson
Davíð Ingimar Þórmundsson
Birgir Þór Þórmundsson
Unnur Hekla Þórmundsdóttir
Sandra D. Gunnarsdóttir og fjölskylda
Guðlaugur Karl Skúlason og fjölskylda
Gerður Sif Skúladóttir og fjölskylda.

Stjúpur
á tilboði 40%

Stjúpur
10 stk. **10210630**
1.490 kr
~~2.490 kr~~

blómaval

20%
Margarita
13 cm pottur.
10211200
1.990 kr
~~2.490 kr~~
blómaval

20%
Sólboði
12 cm pottur.
10210424
1.590 kr
~~1.990 kr~~
blómaval

28%
Jarðaberjaplanta
Hengipottur 21 cm. 10211246
2.490 kr
~~3.490 kr~~
blómaval

15%
ALLT Í BLÓMA í Blómavali
Hafsteinn Hafliðason kynnir og áritar bók sína. Allt um pottablómarækt.
6.790 kr
~~7.990 kr~~

AL-KO
20% afsláttur
af AL-KO og Texas sláttuvélum

Nilfisk
20% afsláttur
af Nilfisk háþrýstidælum

Súperkaup
Meðan birgðir endast

Pallaolía Jotun Treolje
Mest selda pallolían okkar á gagnvarið efni, 3 ltr. **3002011**
45%
1.795 kr
~~3.290 kr~~

Heitir pottar í úrvali

25%
Bergen
Rafmagnsnuddpottur
4 manna uppblásinn rafmagnsnudd-pottur. 180x70 cm, vatnsmagn 700 lítrar, þyngd tómur 37 kg, hitar allt að 38°, 118 stútar, þriggja þrepa nuddstillingar.
8089108
89.990 kr
~~119.990 kr~~

15%
NEXGRILL
Gasgrill Classic 3B
Grillflötur: 62,2 x43,4 cm, 3ja brennara grill með hliðarhellu. Afl er 14,35 kW, stærð: 118,2 x 124,5 x 61,5 cm. **3002011**
57.790 kr
~~67.990 kr~~

15%
OUTBACK
Gasgrill Tango
Grillflötur: 70 x 42 cm, afköst 12 kW, fjórir ryðfríir brennarar og hliðar-brennarahilla. **3000229**
59.490 kr
~~69.990 kr~~

Þú sparar 25.000 kr.
Eingöngu í Skútuvogi og vefverslun
Kolalaus, 8 kg, 1400 sn.
eta since 1943
15%
Þvottavél
Öflug þvottavél með kolalausum mótor, tekur 8 kg af þvotti, 1400 snúninga. Með 15 þvottakerfum. **3000225**
59.990 kr
Listaverð: ~~84.990 kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Eitt vinsælasta grillið okkar

weber

Gasgrill Q3200
Grillflötur: 63x45 cm,
brennari: 6,35 kW.
3000225

84.990 kr
~~89.990 kr~~

Skoðaðu blaðið

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Sumartilboð

Allt fyrir sumarið á einum stað

Krossgáta



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist máltíð (12)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 26. maí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „21. maí “.

Sudoku

1							5	9
8				3	7	1		
			4					2
						7	3	
	5	9	6	7		2	8	
6		1		8			4	5
			5	1		6		
	6		8					3

		8	3					
	1	6	8		7			3
		4			2	6		
		9		3			1	5
5			1			2		
8	3							
				2	6			
			7			3	9	
			4	8				

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Lausnarorð síðustu viku var

STJÖRNUMERKI



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

Lárétt
1 Óvæntur fundur fugls og kardinála (9)
10 Reynið þessi þungu eftir burðarrannsóknina (12)
11 Yrkja um stól og tætta draumsóley (9)
13 Líð enga smámunasemi við hreinsun á skít (12)
14 Stríðlunduð fór gegn reglum um gagnveg (9)
15 Fæ samþykki fyrir íslenska örninn í Færeyjum (7)
16 Um hernám framandi heita (9)
17 Meira bullið, slettan atarna (6)
18 Páraðir þú eitthvað hjá þér þegar þú flæktist milli landa? (7)
20 Þetta er notað um stjóra og húsbændur (10)
25 Viku frá lúðu sem þau tortímdu (6)
26 Reynsla er komin á reik, en skeiðið er í alvöru 365,25 (8)
29 Mæli hér fleiri prik en áður hafa sést (8)
30 Allt sem ég tíndi geld ég geðveikri (7)
34 Á minni krá lauk má fá, og afruglað grænmeti ofaná (7)
35 Frakka skipa í forsvar fyrir vör (8)
36 Fljót að finna blett í borginni undir skiptistöð strætó (5)
37 Fékk gott skot áður en ég gat stressað mig um of (6)
38 Það vantar betri fréttir um fljótskorn (9)
42 Ruglast á rögum storkum og eggjum (5)
43 Hendir öllu frá borði sem hann nær að klára (8)
46 Féll fyrir hinum buguðu og særðu (9)
47 Senditíkur eða -hundar? (6)
48 Nettóviðskipti margra sem leggja í púkk? (7)
49 Staupastein þarf að færa á lista með öðrum búllum (7)
50 Alveg frá vegna umstangs gömlu mannanna (6)
51 Hví starir krakkastóð á grænbleika þúfu? (9)

LÓÐRÉTT

1 Þjöppuðu lítra í traustu trogi (9)
2 1. verðlaun hlýtur spil sem heitir Hestur (9)
3 Hví bóna þau gljáann? (9)
4 Hvítur dvergur er víst stjörnusól (10)
5 Varist vafasöm viðskipti með rafmagnsmótora! (8)
6 Áður var uppi veggur mikill þar sem nú er þýsk borg (10)
7 Sé innblásna þjóð stefna á toppinn með nývakta von í brjósti (11)
8 Það er ljótt að blóta barni sem barið er, en hann gerir það samt (11)
9 Leita stöðu fyrir óblíðan mann og strangan (11)
12 Sleppum þessum borðum þvers og kruss og allt í hnút (7)
19 Erum ekki með neitt þegar við erum hjá karlaulunum (6)
21 Skynja veldi dauðrar hetju og aumrar (12)
22 Hvaða raftur gætir girðingar Goðheima? (7)
23 Há með stöng og hana stóra (7)
24 Þú munt vera sál sem æsir og eggjar (7)
27 Ekki nota lurk á svartfugla, rugludallur! (5)
28 Ég hef vegið grimm hjú og rætin (7)
31 Hvers vegna að gera lítið úr svo litlum spretti? (7)
32 Næst kom nethríð um óttubil (10)
33 Ég spyr: Getið þið auðkennt svona verslunarmiðstöð? (10)
37 Tauta eitthvað um skip fyrir fótalausa sjóara (7)
39 Sögur um alúð við hundsað fólk (6)
40 Bendla næturverði við tölvusamskipti (6)
41 Nettur saumur hindrar að við ruglum út í eitt (6)
44 Finna máttu blankan raft (5)
45 Verðum að passa okkur á útlensku grænmeti! (5)

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Þernunni, eftir Nita Prose** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Ragna Pálsdóttir, Akureyri.**

10 dagar eftir
Vortilboð til 31.maí

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Innifalið: Steinar úr granít
Gráir, svartir eða paradiso litur
(sjá heimasíðu)
Grafskrift og skrautmynd (efst)
Ledljós fylgja lugtum
Uppsetning á höfuðborgarsvæði og
Norðurlandi fylgir eða
frí sending um allt land
Geymum steina ef óskað er

Tilboð 1

Verð:
Sett eins og á mynd : 620.000
Sett án blómaramma : 520.000

Tilboð 2

Verð:
Sett eins og á mynd : 545.000
Sett án blómaramma : 445.000

Tilboð 3

Hægt að setja 2 nöfn
Verð:
Sett eins og á mynd : 420.000
Án blómaramma : 320.000

Tilboð 4

Verð:
Sett eins og á mynd : 225.000
Steinn án aukahluta : 175.000

Tilboð 5

Verð:
Sett eins og á mynd : 225.000
Steinn án aukahluta : 175.000

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is

Laugardagur

Hringbraut

18.30 Leikskólar Þáttaröð í umsjón Helga Jónssonar.
19.00 Undir yfirborðið Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
19.30 Veiðin með Gunnari Bender Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum, og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
20.00 Bíóbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
20.30 Leikskólar Þáttaröð í umsjón Helga Jónssonar.
21.00 Undir yfirborðið Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.

RÚV Sjónvarp

07.05 SmáRÚV
10.00 Hvað getum við gert?
10.10 Gettu betur - Á bláþræði
11.15 Skapalón
11.30 Unga Ísland
12.00 Sirkussjómennirnir
12.30 Kastljós
12.45 Soð í Dýrafirði
13.00 Taka tvö II
13.50 Veislan
14.20 Veðrabrigði
15.45 ME sjúkdómurinn: Örmögnun úti á jaðri
16.15 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
16.30 Meistaradeild kvenna í fótbolta
16.55 Meistaradeild kvenna í fótbolta Bein útsending frá úrslitaleik Barcelona og Lyon í Meistaradeild kvenna í fótbolta.
18.57 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Skólahreysti Bein útsending frá keppni í Skólahreysti. Í Skólahreysti keppa nemendur í grunnskólum landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda.
21.05 Canterville-draugurinn
22.00 Vopnabræður
23.40 I Saw the Light
01.40 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

11.30 Dr. Phil
14.30 The Block
15.30 PEN15
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Brúðkaupið mitt
18.15 A Fish Called Wanda
20.00 My Big Fat Greek Wedding 2 Þau Ian og Toula sem hittust og giftust með látum og sprelli í grínsmellinum My Big Fat Greek Wedding árið 2002 eru enn hamingjusamlega gift og eiga nú fallega dóttur sem er að verða vitlaus á stöðugri afskiptasemi ættingjanna af einkalífi sínu. En þá kemur upp á yfirborðið óvænt leyndarmál sem setur allt á annan endann!
21.35 Terminator Genisys
23.40 Crawl
01.05 The Talented Mr. Ripley

Stöð 2

08.00 Pipp og Pósý
08.05 Vanda og geimveran
08.15 Neinei
08.20 Strumparnir
08.35 Hvolpasveitin
08.55 Monsurnar
09.10 Ella Bella Bingó
09.15 Leikfélag Esóps
09.25 Tappi mús
09.35 Siggi
09.45 Heiða
10.05 Angelo ræður
10.20 Mia og ég
10.45 K3
10.55 Denver síðasta risaeðlan
11.10 Angry Birds Stella
11.15 Hunter Street
11.40 Impractical Jokers
12.00 The Goldbergs
12.20 Bold and the Beautiful
14.05 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
14.50 Kviss
15.35 Kórar Íslands
16.35 Backyard Envy
17.15 Skítamix
17.45 Fyrsta blikið
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Top 20 Funniest
19.40 Kicking and Screaming
21.15 Let Him Go
23.05 Ma
00.40 Beautiful Boy
02.35 Hunter Street
03.00 Impractical Jokers
03.20 The Goldbergs
03.40 Jamie & Jimmy's Food Fight Club

Sunnudagur

Hringbraut

18.30 Mannamál
19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta
19.30 Útkall
20.00 Heilsa og lífsgæði í Hveragerði
20.30 Mannamál
21.00 Stjórnandinn með Jóni G. Viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi í umsjón Jóns G. Haukssonar.

RÚV Sjónvarp

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Tölukubbar
07.21 Mói
07.32 Elías
07.43 Rán og Sævar
07.54 Kalli og Lóa
08.06 Hæ, Sámur
08.13 Sjóræningjarnir í næsta húsi
08.25 Eðlukrúttin
08.36 Múmínálfarnir
08.58 Hvolpasveitin
09.20 Ronja ræningjadóttir
09.44 Grettir
09.56 Eldhugar – Betty Davis - tónlistarkona
10.00 Sóttbarnalög Hljómskálans
10.30 Ofurheilar – Ofsahræðsla
11.00 Silfrið
12.10 Okkar á milli
12.40 Húsið okkar á Sikiley
13.10 Eivör Pálsdóttir í Hörpu
14.25 Gengið um garðinn
15.10 Popp- og rokksaga Íslands
16.05 Mamma mín
16.20 Bergman á Íslandi 1986
17.15 Stærsta dýr jarðar
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Sögufólk framtíðarinnar
18.25 Menningarvikan
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Landinn
20.50 Veislan
21.25 Vitjanir Íslensk þáttaröð um bráðalækninn Kristínu sem flytur með unglingsdóttur sína heim til foreldra sinna í lítið sjávarþorp eftir framhjáhald eiginmannsins. Kristín, sem er raunsæ og jarðbundin, kemst fljótt að því að hún fer langt út fyrir þægindarammann í samskiptum við miðilinn móður sína.
22.15 Í leit að ást
23.10 Gómorra
23.55 Nærmyndir – Helgidómurinn
00.20 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

06.00 Tónlist
12.30 Dr. Phil
13.15 The Block
14.30 Liverpool - Wolves
17.05 Spin City
17.25 The King of Queens
17.50 Everybody Loves Raymond
18.15 A Million Little Things
19.00 Sögur sem breyta heiminum
19.15 Ræktum garðinn
19.30 Young Rock
20.00 Brúðkaupið mitt
20.35 This Is Us
21.25 Law and Order: Special Victims Unit
22.15 Billions
23.15 Dexter: New Blood
00.15 Strange Angel
01.15 The Rookie
02.00 FBI: International
02.50 Blue Bloods
03.35 Tónlist

Stöð 2

08.00 Danni tígur
08.10 Litli Malabar
08.15 Danspartý með Skoppu og Skrítlu
08.30 Gus, the Itsy Bitsy Knight
08.40 Monsurnar
08.50 Mæja býfluga
09.05 Tappi mús
09.10 Adda klóka
09.35 Angry Birds Toons
09.35 Angry Birds Toons
09.40 Lína langsokkur
10.05 Denver, síðasta risaeðlan
10.15 It's Pony
10.40 K3
10.50 Are You Afraid of the Dark?
11.30 Top 20 Funniest
12.15 Nágrannar
14.00 30 Rock
14.20 Simpson-fjölskyldan
14.40 City Life to Country Life
15.25 Race Across the World
16.25 Britain's Got Talent
17.30 Okkar eigið Ísland
17.50 60 Minutes
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Skítamix
19.35 The Heart Guy
20.20 Silent Witness
21.15 Grantchester
22.00 Hotel Portofino
22.55 Two Weeks to Live
23.20 Brave New World
00.05 Shameless
00.55 Are You Afraid of the Dark?
01.35 Top 20 Funniest
02.20 Simpson-fjölskyldan
02.40 City Life to Country Life
03.25 Race Across the World

Mánudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Draugasögur Í sjónvarpsþættinum Draugasögum kynnumst við lífinu að handan.
19.30 Undir Yfirborðið Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
20.00 Leikskólar Þáttaröð í umsjón Helga Jónssonar.
20.30 Fréttavaktin
21.00 Lengjudeildarmörkin

Gleðibankagengið á árinu 1986.

Spennufall með nýju Eurovision

Eurovision-söngvakeppnin með öllum sínum glamúr, þokka og spennu er nýafstaðin og langt í þá næstu. Eftir að Vesturlönd innlimuðu austantjaldslöndin fyrrverandi í samkvæmið er þröng á þingi og komast færri að en vilja. Til að leysa úr því eru haldnar tvær undankeppnir þar sem minni spámenn í samfélagi þjóðanna bítast um að fá að keppa við fimm útvaldar stórþjóðir á úrslitakvöldinu sjálfu. Allir fá að syngja sitt lag með sínu nefi.

Skemmtilegust er samt stigagjöfin í lokin – eða þannig var það í gamla daga þegar hvert einasta stig var skilmerkilega lesið upp og Evrópubúar fylgdust með í ofvæni. Nú er stigagjöfin hins vegar hespuð af í undarlegu mixi af niðurstöðu símakosningar almennings annars vegar og sérvalinna dómnefnda hins vegar. Öllum stigunum er bara skellt í einu lagi framan í áhorfendur og allt sem áður var gaman er horfið. Hverjum datt þetta eiginlega í hug? Hvernig væri að bæta úr þessu? ■

■ Við tækið

Þorgerður tekur við krakkasögunni

Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Í ljósi krakkasögunnar er systurþáttur vinsælasta hlaðvarps landsins, Í ljósi sögunnar. Hér er um, að ræða fjölskylduvæna útgáfu af hinum fræðandi og vönduðu þáttum Veru Illugadóttur sem komu hlaðvarpshlustun landsmanna ærlega á kortið.

Í krakkasöguþáttunum er þó aðeins breytt um fókus, og áhrif krakka á söguna skoðuð.

Þættirnir hófu göngu sína í febrúar á síðasta ári undir stjórn Ingibjargar Fríðu Helgadóttur. Í viknunni sem leið tók nýr stjórnandi við keflinu, Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir. Í sínum fyrsta þætti fræðir Þorgerður Ása börn og fjölskyldur um egypska faraóinn Tútankamon og þar kemur ýmislegt spennandi og ógnvænlegt við sögu.

Þættirnir eru sendir út á Rás 1 á fimmtudagskvöldum klukkan 18.30 og svo má nálgast þættina hvenær og hvar sem er í hlaðvarpi RÚV og á RÚV.is.

Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir er nýr stjórnandi Í ljósi krakkasögunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hér er komið fyrirtaks lifandi fræðsluefni fyrir börn og fullorðna, til að hlusta á fyrir svefninn, eða í bílnum þegar ferðast skal um landið, jú, eða bara í sólinni á sundlaugarbakka í útlöndum. ■

Miklu meira en bara ódýrt

Loftpressur
mikið úrval

Hjólafesting
á bíl

Viðgerðar-
kollur

Vélagálgi 2T

Jeppatjakkur
2.25T

Viðgerðarbretti

Hjólatjakkur
2T m/tösku

Vélastandur 500kg

Burstar
í borvél

AirBrush
loftdæla

6T Búkkar
605mm Par

Startkaplar

Hleðslutæki 12V 6A

Háþrýstidælur

Flugnanet
margar gerðir

Mikið úrval af
verkfæratöskum

Jarðskrúfa
785

1/2 Toppasett

Steðjar í
miklu úrvali

1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk

Verkfærasett
108 stk

Skrall-lyklar 8-17

Vice Multi
angle
6.985

Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla

Ranamyndavél

Bón og bílavörur
í miklu úrvali

Verðmæta-
skápar
frá 4.995

Fötur og
balar í miklu
úrvali

Lyklabox
í miklu
úrvali

Bensínbrúsar
5/10/20L
Plast/Stál

Barnaverkfærasett

Lím-
byssur

Verkfærasett

Pennslasett
10 stk.

Stigar og
tröppur í úrvali

Fjölsög
Höfftech

Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali

Útskurðarsett

Súluborvél 350W

Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13 mm

Metabo
KS216 bútsög

SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir keppir nú aftur eftir langt hlé.

Ólafía Þórunn hefur leik að nýju í Frakklandi

kylfingur.is

„Ég er virkilega spennt að komast aftur á keppnisvöllinn. Ég er nú venjulega ekki stressuð fyrir mót en verð að viðurkenna að ég finn fyrir smá fiðringi núna," segir Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, atvinnukylfingur úr GR, sem keppir aftur eftir langt hlé á Jabra Ladies Open í Frakklandi á Evrópumótaröðinni 19. - 21. maí.

Ólafía er búsett í Þýskalandi ásamt eiginmanni sínum, Thomas Bojanowski, og syninum Maron, sem verður eins árs í júní á þessu ári. Hún er orðin nokkuð reynslumikil en hún vann sér inn keppnisrétt á LPGA-mótaröðinni þegar hún hafnaði í 2. sæti á úrtökumóti árið 2016. Ólafía keppti á 26 mótum á sínu fyrsta keppnistímabili meðal þeirra bestu, komst í gegnum niðurskurðinn á 15 mótum og varð tvisvar sinnum meðal þeirra tuttugu efstu.

> Ég slæ mun styttra en ég gerði en ég hef náð sveifluhraðanum aðeins upp og lengdunum.

„Ég ákvað að bíða aðeins með að reyna mig á ný í Bandaríkjunum – því ég er með takmarkað aðgengi að mótum á LPGA-mótaröðinni. Þar sem ég er einnig með takmarkaðan keppnisrétt á Evrópumótaröðinni frá því ég lék á henni á sínum tíma fannst mér ákveðin skynsemi í að taka mótin sem eru í boði í Evrópu," segir Ólafía.

Ég keppti síðast á Evrópumótaröðinni í Sviss í september 2020 og fór ekki að æfa aftur reglulega fyrr en í lok árs 2021. Ég er einnig komin inn í mótið í Belgíu í næstu viku og vonandi kemst ég inn í sem flest mót. Ég ætla mér að minnsta kosti að nýta tækifærin sem ég fæ eins vel og ég get."

„Síðustu æfingadagar hafa verið mjög góðir. Ég er með TrackMan og allar tölur eru á góðri leið þar. Ég slæ mun styttra en ég gerði en ég hef náð sveifluhraðanum aðeins upp og lengdunum í leiðinni. Hreyfingarnar í sveiflunni eru enn til staðar. Ég þurfti að taka tveimur kylfum meira en venjulega fyrst en nú aðeins einni kylfu meira. Ég hef fulla trú á að ég nái að lokum sömu lengdum og ég sló á sínum tíma. Þegar ég slæ boltann er tilfinningin stundum aðeins öðruvísi en sú tilfinning sem ég þekki svo vel. Ég geri líka ákveðin TrackMan-test sem gefa til kynna hvað ég er u.þ.b. með í forgjöf. Þegar ég var að byrja að æfa aftur var ég skv. því að slá eins og kylfingur sem er með 4-6 í forgjöf, sem var pínu sjokk. En svo hefur þetta allt verið að koma og núna er ég að slá eins og kylfingur sem er með +3-5 í forgjöf," segir Ólafía Þórunn. ■

Sjá má nýtt tíðindi af gengi hennar og Guðrúnar B. Björgvinsdóttur á mótinu í Frakklandi á kylfingur.is.

Fyrst og fremst íþróttafélag

Gríðarleg uppbygging hefur átt sér stað á tiltölulega stuttum tíma hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar. Mögnuð heilsárs aðstaða og 23 golfhermar. „Fólk kemur í öllum veðrum," segir Agnar Már Jónsson, framkvæmdastjóri GKG.

kylfingur.is

Þetta hefur gerst á tiltölulega stuttum tíma hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar. Klúbburinn varð til við sameiningu Golfklúbbs Garðabæjar og Golfklúbbs Kópavogs árið 1994 en svæði félagsins er innan bæjarmarka bæjanna beggja. Vallarstæðið er í Vetrarmýri í landi Vífilsstaða í Garðabæ annars vegar og í Leirdal ofan við Salahverfi í Kópavogi hins vegar.

Til ársins 1996 voru aðeins 9 holur til afnota fyrir félagsmenn í Vetrarmýri en það ár var níu holu stækkun tekin í notkun á vellinum og strax í kjölfarið var hafist handa við bygginguseinni áfanga. Árið 2002 var Vífilsstaðavöllur fullkláraður og var hann leikinn í þeirri mynd til ársins 2007, þegar stækkun hans var tekin í notkun. Vífilsstaðavelli var þá skipt upp í tvo velli. Annars vegar sem hluta af 18 holu velli (Leirdalsvöllur), par 71, og hins vegar níu holu völl (Mýrin), par 34.

Nýr golfskáli og glæsileg íþróttamiðstöð var vígð árið 2016 og svo stækkun tekin í notkun 2020 með inniaðstöðu sem á engan sinn líka hér á landi. Í vetur hýsti GKG svo úrslitakeppni fyrsta Landsmótsins í golfhermum á Íslandi og tókst það mjög vel.

„Þegar Garðabær sóttist eftir að fá æfingasvæðið okkar undir byggingaframkvæmdir, sáum við okkur leik á borði að byggja upp heilsársæfingasvæði og fara í frekari uppbyggingu á svæðinu, sem hentar okkar íþróttastarfi vel. Það er auðvitað afleitt fyrir afreksstarfið að geta ekki slegið lengri högg en það er ekki langt í Odd, Keili eða GR ef því er að skipta." Agnar segir GKG hafa þá sérstöðu meðal golfklúbba á Íslandi að klúbburinn skilgreini sig fyrst og fremst sem íþróttafélag en ekki dæmigerðan golfklúbb.

Straumhvörf

Á 20 ára afmæli GKG var undirrituð viljayfirlýsing um stuðning sveitarfélaganna tveggja við byggingu félags- og íþróttaaðstöðu GKG og strax var hafist handa við undirbúning og svo framkvæmdir. Agnar segir að undirbúningur hafi meðalannars falist í að hitta hina klúbbana og að eins konar þarfagreining hafi verið unnin í kjölfarið.

Átjánda flötin á Leirdalsvelli. Kylfingar á flöt og aðrir fylgjast með af svölunum í glæsilegu klúbbhúsi.

> Þegar allt er talið nemur fjárfesting í golfhermum hjá GKG á annað hundrað milljónum króna, en við lítum líka á þetta sem fjárfestingu.

Agnar Már Jónsson, framkvæmdastjóri GKG

„Það gekk mjög vel allt frá því við fórum af stað og tveimur árum eftir undirritun viljayfirlýsingar vígðum við mannvirkið. Aðsóknin hefur verið mjög góð í íþróttamiðstöðina og hér er alltaf fullt frá morgni til kvölds, þrátt fyrir veðurviðvaranir í öllum regnbogans litum.

Agnar segir aðstöðumuninn mikinn. „Breytingin er gríðarleg, maður sér hjá krökkunum að viðhorf þeirra til vetraræfinga er farið úr því að mæta af skyldurækni og yfir í mikla tilhlökkun eftir að hermarnir komu."

Fjárfesting til framtíðar

Í íþróttamiðstöð GKG eru hvorki fleiri né færri en 23 golfhermar frá TrackMan. Allur frágangur er hinn huggulegasti og heita svæðin eftir goðsagnakenndum golfmótum. „Við erum með 22 herma inni og svo eigum við eitt útitæki sem er eitt af þessum alvöru greiningartækjum sem golfklúbbar komu sér upp á sínum tíma." Agnar segir fjárfestinguna mikla í aðstöðunni. „Þegar allt er talið nemur fjárfesting í golfhermum hjá GKG á annað hundrað milljónum króna, en við lítum líka á þetta sem fjárfestingu. Við erum með samning um sjálfvirkar uppfærslur hugbúnaðar frá TrackMan svo hermarnir eru alltaf með nýjustu uppfærslu." ■

Í íþróttamiðstöð GKG eru hvorki fleiri né færri en 23 golfhermar frá TrackMan.

Keppnisþyrstir kylfingar

kylfingur.is

Fyrsta stóra mót ársins hjá afrekskylfingum okkar verður haldið um helgina þegar GSÍ mótaröðin hefst á Akranesi.

Á kynningarfundi Golfsambands Íslands um golfsumarið 2022, fór Ólafur Björn Loftsson, afreksstjóri GSÍ, yfir mótahald hér á landi í sumar. Ólafur sagði mótaröðina samanstanda af sex mótum en hápunktar hennar eru Íslandsmótið í holukeppni, sem að þessu sinni fer fram á Hlíðavelli Golfklúbbs Mosfellsbæjar og sjálft Íslandsmótið í golfi, sem fram fer í Vestmannaeyjum 4.-7. ágúst. Sú breyting hefur verið gerð að bæði núverandi og fyrrverandi Íslandsmeistarar fá öruggan keppnisrétt á Íslandsmótinu í golfi, að því gefnu að þeir standist forgjafarkröfur. B59 hótel mótið fer fram á Garðavelli Golfklúbbsins Leynis dagana 20.-22. maí og Leirumótið fer fram á Hólmsvelli í Leiru Golfklúbbs Suðurnesja dagana 3.-5. júní. Hvaleyrarbikarinn fer fram á Hvaleyrarvelli Golfklúbbsins Keilis dagana 14.-16. júlí og þá verður mótaröðinni lokað þegar stigameistari GSÍ verður krýndur eftir Korpubikarinn á Korpúlfsstaðavelli Golfklúbbs Reykjavíkur, sem fram fer dagana 19.-20. ágúst.

Þá fór Ólafur Björn yfir helstu mótin á bæði unglingamótaröðinni og áskorendamótaröðinni, þar sem kylfingar framtíðarinnar öðlast dýrmæta keppnisreynslu. ■

Kylfingur ræddi við Ólaf Björn um keppnishaldið og afreksmálin en sjá má myndskeið á kylfingur.is.

Ólafur Björn Loftsson, afreksstjóri GSÍ, fór yfir helstu mótin.

LIAM NEESON
MEMORY
GUY PEARCE MONICA BELLUCCI
HIS MIND
IS FADING.
HIS CONSCIENCE
IS CLEAR.
FRÁ LEIKSTJÓRA CASINO ROYALE
KOMIN Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
HÁSKÓLA BÍÓ
Bíóhúsið

Hildur Hákonardóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bækur um Hildi og Drífu Viðar

kolbrunb@frettabladid.is

Miðstöð íslenskra bókmennta veitir árlega styrki til útgáfu og miðlunar íslenskra ritverka. Í ár var úthlutað 28 milljónum króna í útgáfustyrki til 54 verka. Alls bárust 72 umsóknir og sótt var um að heildarupphæð 75 milljónir króna.

Meðal verka sem hljóta útgáfustyrki eru:

Forðabúrið – matarnytjar í íslenskri náttúru. Höf. Styrmir Guðlaugsson.

Textílfélagið í 50 ár. Höf. Jón Proppé.

Vegabréf: Íslenskt – frá Afganistan til Bosníu og Búrkína Fasó. Höf. Sigríður Víðis Jónsdóttir.

Hildur Hákonardóttir. Höf: Sigrún Inga Hrólfsdóttir.

Drífa Viðar, málari, rithöfundur, gagnrýnandi og baráttukona. Ritstj. Auður Aðalsteinsdóttir.

Ár og sprænur, litlu sögurnar í hálfa samhenginu og Ranimosk. Höf. Einar Guðmundsson.

Syng mín sál – 40 söngvar úr íslenskum handritum. Höf. Árni Heimir Ingólfsson. ■

Lífið er glíma við sjálfan sig, segir Jón Hlöðver.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Leiðin inn í björgunina

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Vortónleikar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands fara fram í Menningarhúsinu Hofi sunnudaginn 29. maí. Þar verður flutt fimmta sinfónía Beethovens og frumflutt SOS sinfónían eftir Jón Hlöðver Áskelsson. Stjórnandi er Bjarni Frímann Bjarnason.

SOS sinfónían er í fimm þáttum og einleikari á morssendi verður Arngrímur Jóhannsson, sá þekkti flugmaður.

„Ég varð fyrir miklum áhrifum á Norðurslóðasetrinu á Akureyri þegar Arngrímur, eigandi safnsins, morsaði á gamalt morstæki setninguna Ljósið skín í myrkrinu og hjálparákallið SOS," segir Jón Hlöðver. „Þetta var árið 2017 og ég var að fikta við að semja sinfóníur fyrir sjálfan mig. Ég fann að þarna var efniviður enda er svo margt táknrænt við morsið. Með morsi er verið að kalla á hjálp og þegar hún berst kemur gleðin. Ég fór líka að hugsa um það að ef maður morsar í kolniðamyrkri þá kemur ljósið með björguninni. Ég hafði sem barn lært þjóðvísuna Ljósið kemur langt og mjótt og sá fyrir mér að ef maður væri inni í göngum í gömlum bæ og sæi svo ljósið koma á móti sér, myndi maður fyllast gleði. Í Jóhannesarguðspjallinu er talað um að ljósið skíni í myrkrinu og myrkrið nái ekki að kæfa það. Ég vildi líka koma því að. Sinfónían fjallar um það að fara úr myrkrinu í ljósið og leiðina inn í björgunina – ekki veitir af á þessum tíma."

> Með morsi er verið að kalla á hjálp og þegar hún berst kemur gleðin.

Takk í morsi

Ekki kemur á óvart að fyrsti þáttur sinfóníunnar hefst á neyðarópum, SOS. Arngrímur morsar orð Jóhannesarguðspjalls um ljós og myrkur í öðrum þætti og þriðji þátturinn er svar við því morsi. Í fjórða kaflanum birtast í tónum hugleiðingar um stríð og frið og í lok verksins segir hljómsveitin takk í morsi."

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Jón Hlöðver og Arngrímur leggja saman. Árið 2008 samdi Jón Hlöðver verkið Flugvalsinn. Verkinu var útvarpað og Arngrímur var með útvarp í flugvél sinni og hreyfði vélina í loftinu í takti við tónlistina.

Lífið er glíma

Jón Hlöðver er lamaður og í hjólastól eftir að hafa fengið æxli í höfuð og gengist undir aðgerð. Það var árið 1988 og hann var fjörutíu og fjögurra ára gamall. „Ég var skólastjóri Tónlistarskólans á Akureyri og í alls konar stússi sem tengdist tónlist og öðru, var til dæmis leiðsögumaður. Ég hafði lítinn tíma til að semja, en hellti mér í það eftir veikindin."

Blaðamaður spyr hann hvort áfallið hafi ekki verið gríðarlega mikið. Hann svarar: „Þegar maður lendir í svona held ég að það sé miklu meira áfall fyrir aðra en mann sjálfan. Lífið er glíma við sjálfan sig og ég reyndi að halda mér gangandi. Það er mitt verkefni."

Þess skal getið að tónlistarmaðurinn og félagsfræðingurinn Kjartan Ólafsson mun halda kynningu fyrir tónleikana um verkin og höfundana. Kynningin fer fram á veitingastaðnum Garúnu í Hofi og hefst klukkustund fyrir tónleikana. ■

Stalín úti í tunglsljósi, Stalín út við skóg

TÓNLIST

Sinfóníuhljómsveitar Íslands
Verk eftir Sjostakovitsj
Stjórnandi: Eva Ollikainen
Eldborg í Hörpu
Miðvikudaginn 18. maí

Jónas Sen

Þegar Stalín stjórnaði Sovétríkjunum með harðri hendi voru oft hvíslaðir um hann brandarar. Ekki mátti segja þá opinberlega, því það hefði líklega alvarlegar afleiðingar. Einn brandarinn var svona: Stalín heldur ræðu fyrir mikinn fjölda í Kremlin. Allt í einu heyrist einhver hnerra. Stalín: „Hver hnerraði?" Enginn þorir að játa og allir skjálfa á beinunum. Stalín: „Þið í fyrstu röð, standið upp og farið út. Þið verðið skotin" (Fagnaðarlæti). Stalín: „Svo, hver hnerraði?" Þögn. Stalín: „Þið í annarri röð. Standið á fætur og farið burt. Þið verðið líka skotin." Mikil fagnaðarlæti, áhorfendur standa á fætur og hrópa: „Heill sé þér, mikli Stalín!" Stalín: „Ókei, hver hnerraði?" Maður í öftustu röð stendur skjálfandi á fætur. „Það var ég, fyrirgefðu." Stalín: „Ekkert mál. Guð hjálpi þér, félagi."

Sjostakovitsj hnerraði

Þessi fjarstæðukenndi brandari lýsir vel andrúmsloftinu í Sovétríkjunum, og ekki síst á heimili tónskáldsins Dmitrí Sjostakovitsj. Fimmta sinfónían hans var á dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á miðvikudagskvöldið. Sjostakovitsj hafði hnerrað illilega þegar hann samdi óperuna Lafði Macbeth af Mtsensk. Hún gekk vel lengi en svo kom Stalín og sá hana. Nokkru síðar birtist ritstjórnargrein í málgagninu Prövdu þar sem óperan var kölluð „óreiða í stað tónlistar." Hún þótti klámfengin og ósiðleg; kona sem heldur fram hjá og fremur morð er þar sýnd í jákvæðu ljósi. Við slíkum hnerra var ekki hægt að segja „ekkert mál og Guð hjálpi þér, félagi."

Hið opinbera í Sovétríkjunum stjórnaði listamönnum á beinskeyttan hátt; öll list var áróður. Listamönnum var sagt hvernig verk þeir áttu að skapa. Valdamenn Sovétríkjanna trúðu því almennt að listaverk gætu ekki verið hlutlaus, pólitískt séð. Listaverk var annað hvort með eða á móti gildum byltingarinnar. Möppudýr og kerfiskarlar gátu því hafnað verkum fyrir að styðja ekki hugmyndafræðina sem lá að baki byltingunni. Þeir vildu til dæmis frekar tónlist fyrir kóra og

Eva Ollikainen stjórnaði Sinfóníunni á glæsilegum tónleikum. MYND/AÐSEND

kammerhópa en einleiksverk, því hin fyrrnefndu samsvöruðu betur hugmyndinni um rússneskan samvinnuanda.

Hafði alvarlegar afleiðingar

Greinin í Prövdu hafði alvarlegar afleiðingar fyrir Sjostakovitsj. Verk hans voru tekin af dagskrá og hann beið eftir því að lögreglan myndi banka á dyrnar hjá honum einhverja nóttina og hann sendur í útlegð eða skotinn. Í þessum kringumstæðum samdi hann fimmtu sinfóníuna sína. Þar reyndi hann að búa til tónlist í anda byltingarinnar, en þó án listrænna málamiðlana. Það heppnaðist og eftir frumflutninginn ætlaði fagnaðarlátunum aldrei að linna. Sjostakovitsj var borgið, að minnsta kosti um sinn.

Verkið er mjög dramatískt, fullt af

> Pákuleikarinn fór á kostum, hvílíkar barsmíðar, sem þó voru svo hnitmiðaðar!

átökum og þar má greina ákveðna hæðni. Gleðin í tónlistinni er aldrei fölskvalaus. Engu að síður er hún mjög glæsileg og á tónleikunum, undir stjórn Evu Ollikainen, var túlkun hennar sérlega sannfærandi og ákaflega spennandi. Pákuleikarinn fór á kostum, hvílíkar barsmíðar, sem þó voru svo hnitmiðaðar! Hljómsveitin spilaði sem einn maður, strengirnir voru mjúkir en markvissir, blásararnir pottþéttir og slagverkið geggjað. Hvorki má heldur gleyma píanóleiknum, né selestunni, en frá henni kom áhrifamikið sóló á einum tímapunkti. Það var bæði draumkennt og dularfullt. Þetta var magnaður flutningur og frábær skemmtun. ■

NIÐURSTAÐA: Snilldartónleikar með stórfenglegri tónlist.

Glæsilegar konur. Mynd/ Sögusafnið í Vendsyssel.

Konur í ljósmyndun

kolbrunb@frettabladid.is

Konur í hópi frumkvöðla á sviði ljósmyndunar eru í forgrunni á tveimur nýjum sýningum Þjóðminjasafns Íslands. Ljósmyndasýningin Í skugganum segir sögu fyrstu kvennanna sem lögðu stund á ljósmyndun í Danmörku, Færeyjum og á Íslandi. Sérsýningin Nicoline Weywadt segir frá fyrsta íslenska kvenljósmyndaranum. Opnun sýninganna er í dag laugardaginn 21. maí klukkan 14.00 í myndasal Þjóðminjasafnsins.

Yfirskrift sýningarinnar, Í skugganum, vísar til þess að konurnar sem sköpuðu ljósmyndirnar sinntu verkum sínum í skugganum, í bókstaflegri merkingu – það er að segja á bak við myndavélina. Yfirskriftin vísar einnig í það að þessar konur stóðu oftast í skugga karlkyns starfsbræðra sinna og verk þeirra voru jafnvel eignuð eiginmönnum þeirra.

Sýningin var upprunalega sett upp í Museum Østjylland í Randers á Jótlandi undir titlinum I skyggen – De første kvindelige fotografer, í apríl 2021 og hefur að undanförnu verið sýnd víða í Danmörku.

Í tengslum við sýninguna Í skugganum verður opnuð sérsýning á verkum fyrsta íslenska kvenljósmyndarans, Nicoline Weywadt, á Veggnum á 1. hæð Þjóðminjasafns Íslands. Á sýningunni eru nokkrar ljósmyndir hennar, auk teikningar af ljósmyndastúdíóinu sem hún lét byggja á Teigarhorni.

Nicoline Weywadt var fyrst kvenna á Íslandi til að læra ljósmyndun. Nicoline myndaði fyrst og fremst fólk, en eftir hana eru einnig útimyndir frá Djúpavogi, Eskifirði og Seyðisfirði, sem sýna upphaf þéttbýlismyndunar á þessum stöðum. Safn hennar er einstæð heimild um Austfirðinga og Austurland á seinni hluta 19. aldar. ■

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn mánudaginn 23. maí kl. 17.15 í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Stjórnarkjör
4. Tryggingafræðileg athugun
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Skráning á fundinn og vefstreymi hans fer fram á frjalsi.is.

Sjálfkjörið er í varastjórn. Boðið verður upp á rafræna og skriflega kosningu í aðalstjórn. Rafrænni kosningu lýkur á morgun, sunnudaginn 22. maí kl. 12.00. Skrifleg kosning fyrir þá sem kjósa ekki rafrænt fer fram á ársfundinum sjálfum.

Fundargögn, aðgengi að rafrænni kosningu, upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar og aðrar upplýsingar um fundinn má nálgast á frjalsi.is

Við komu á fundinn þurfa sjóðfélagar að framvísa skilríkjum með mynd. Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

Verk eftir Joseph Haydn munu hljóma í Hallgrímskirkju.

Haydn í Hallgrímskirkju

kolbrunb@frettabladid.is

Vortónleikar Kórs Hallgrímskirkju og Barokkbandsins Brákar verða haldnir í Hallgrímskirkju nú á sunnudaginn, 22. maí, klukkan 17.00. Stjórnandi er Steinar Logi Helgason en einsöngvari á tónleikunum er Hallveig Rúnarsdóttir og einleikari Elfa Rún Kristinsdóttir. Björn Steinar Sólbergsson spilar með á orgel.

Efnisskráin samanstendur af þremur verkum eftir Joseph Haydn; Salve Regina, fiðlukonsert í A-dúr og Orgelmessu í B-dúr, en verkin heyrast ekki oft á Íslandi. ■

Á NÝJUM SLÓÐUM

Ársfundur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verður haldinn 25. maí 2022 á Hótel Natura kl. 8.15–10.

Á fundinum beinum við sjónum að spennandi rannsóknar- og þróunarverkefnum á stofnuninni. Fjallað verður um rannsókn á máli íslenskra unglinga og nýstárlegri athugun á litum í handritum. Stofnunin tekur virkan þátt í máltækniáætlun stjórnvalda og er aðferðum máltækninnar nú beitt í fyrsta sinn við orðabókargerð. Mikil þróun hefur orðið á rafrænum gagnasöfnum stofnunarinnar sem bylt hefur rannsóknum og miðlun. Fágætt er að skinnhandrit komi í leitirnar en það gerðist á árinu 2021 þegar forn skinnblöð úr frægu fjórtándu aldar handriti fundust óvænt í erlendu safni. Boðið verður upp á morgunverð.

DAGSKRÁ

Dagný Jónsdóttir formaður stjórnar
Ávarp

Guðrún Nordal, prófessor og forstöðumaður
Á tímamótum

Trausti Dagsson
Gagnaþræðir: notkun, miðlun og tengingar gagnasafna

Helga Hilmisdóttir
Hvað einkennir íslenskt unglingamál?

Steinþór Steingrímsson og Starkaður Barkarson
Þróun, hagnýting og þjónusta – Árnastofnun og máltæknin

Lea Deborah Pokorny
Gulur, rauður, grænn og blár. Um litarannsóknir á íslenskum handritum

Svanhildur Óskarsdóttir
Upp koma svik um síðir: Stolin skagfirsk skinnblöð í British Library

Lilja D. Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra
Ávarp

Skráning á: *www.arnastofnun.is* **fyrir 24. maí 2022**

Allt í einu

KVIKMYNDIR

Everything, Everywhere, All at Once
Leikstjóri: Dan Kwan, Daniel Scheinert
Aðalhlutverk: Michelle Yeoh, Stephanie Hsu, Ke Huy Quan

Arnar Tómas Valgeirsson

Á bíótímum sem einkennast af endalausum framhaldsmyndum og misnotkun á nostalgíu, er sannarlega upplífgandi að fara blindandi inn á eitthvað gjörsamlega nýtt og finna óvænt ferskan andblæ. Kitlan fyrir Everything, Everywhere, All at Once gaf lítið upp um innihald myndarinnar sem síðan reyndist heldur betur bera nafn með rentu.

Myndin segir frá Evelyn Wang sem rekur þvottahús í Bandaríkjunum ásamt fjölskyldu sinni. Evelyn á í mesta basli í sambandi sínu við dóttur sína, eiginmann og föður og ofan á allt saman er fjölskyldureksturinn kominn á gapastokkinn hjá endurskoðanda. Eins og fjölskyldulífið sé ekki nógu flókið dregst Evelyn inn í kosmískt stríð þar sem hún verður að tengjast öðrum útgáfum af sjálfri sér úr fjölvíddinni til að koma í veg fyrir gereyðingu alheimsins. Það er ekkert annað!

Michelle Yeoh reynir að bjarga heiminum í furðurlegri kosmískri fjölvídd.

Þrátt fyrir að sögusviðið sé ruglingslegt og stórfurðulegt þá er myndin stórskemmtilegur rússíbani sem heldur áhorfandanum við efnið allan tímann. Myndin er í senn bráðgáfuleg og nautheimskuleg og tekst að tvinna saman hjartnæmt fjölskyldudrama, kjánalegan klósetthúmor, skírskotanir í poppkúltúr og heimspekilegar vangaveltur um lífið og tilveruna, í sjúskaðan en vel heppnaðan kokteil.

Leikararnir standa sig allir vel í fjölþættum hlutverkum sínum og það er svo ótrúleg staðreynd að einungis fimm manna teymi vann að megninu af tæknibrellunum í myndinni, sem gefa stórmyndum með smáþjóðir starfsfólks á bak við sig ekkert eftir. Þótt það sé margt til í kvabbi bölsýnismanna yfir stöðu kvikmyndaheimsins í dag er Everything, Everywhere, All at Once skínandi ljós frumleikans í myrkrinu. ■

NIÐURSTAÐA: Mynd ársins hingað til. Stórskemmtilegur rússíbani.

Deano Moncrieffe bak við barinn á Reykjavík Edition þar sem hann hitti flesta af stjörnukokkum landsins til að para mat með mezcal-víninu The Lost Explorer. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Áfengissendiherra bar framleiðslu Björgólfs Thors í íslenska kokka

Deano Moncrieffe, stjörnubarþjónn og sendiherra Lost Explorer, sem er vín Björgólfs Thors Björgólfssonar, drakk í sig orku Íslands þegar hann kom hingað til þess að bjóða íslenskum matarforkólfum að bergja á framleiðslu Björgólfs.

benediktboas@frettabladid.is

„Ég er bara búinn að vera hérna mjög stutt en ég elska Ísland. Fékk alla orku landsins beint í æð og þetta útsýni sem þið hafið. Vá! Hvert sem ég lít, til hægri eða vinstri, er ótrúlegt útsýni," segir Deano Moncrieffe, sendiherra mezcal-vínsins Lost Explorer, sem Björgólfur Thor Björgólfsson framleiðir.

Mezcal-vín Björgólfs var mest verðlaunaða mezcal-ið í heiminum árið 2021, en þrjár tegundir eru gerðar úr mismunandi agaveplöntum sem taka mislangan tíma að vaxa og blómstra. Lost Explorer kom á markað á Íslandi á síðasta ári, en það var fjórða markaðssvæðið sem fékk áfengið til sölu. Aðeins Mexíkó, Bandaríkin og Bretland hófu sölu á undan.

Umhverfissinninn David Rothschild er með Björgólfi Thor í þessu verkefni, en þeir félagar stofnuðu fyrirtækið með það að markmiði að búa til vöru sem hvetur fólk til að kanna og meta umhverfi sitt og láta gott af sér leiða.

Björgólfur Thor

Moncrieffe hélt svokallað „master class" með stjörnukokkum landsins á Reykjavík Edition hótelinu þar sem var áhersla lögð á pörun mezcal með mat og mezcal-kokteilum með mat. Barþjónar fengu síðan sömu trakteringar, en þá á Héðni Kitchen & Bar.

„Það er til mezcal handa öllum. Líka á ísköldu vetrarkvöldi á Íslandi sem ég sé sem dásamlegt kvöld," segir hann. „Hvort sem það er tekíla eða mezcal þá þarf að vera í réttum félagsskap til að drekka það. Að fá sér mezcal er ákveðin upplifun," bendir hann á.

Moncrieffe segir að það sé löngu liðin tíð að fá sér tekíla með sítrónu og salti. Slíkt sé fortíðaróður. Hann tekur dæmi af barnum sínum Hacha þar sem hann parar mezcal sjónrænt fyrir viðskiptavini, meðal annars með hnetu M&M. „Það sem ég er að reyna að gera með því er að flestir viðskiptavinir eru ekki bragðnördar. Þeir sjá bragðið fyrir sér og skilja þannig bragðið betur."

Moncrieffe segist ekki hafa neina Íslandstengingu aðra en Björgólf en segist alltaf vera að líta í kringum sig eftir nýjum og spennandi hlutum. „Það er kosturinn við að vera sendiherra Lost Explorer því þá fæ ég að ferðast víða og kynnast alls konar bragði. Ég get farið aftur á barinn minn með nýjar hugmyndir. Barinn minn er ekki fastmótaður, allt er til endurskoðunar."

> **Það er til mezcal handa öllum. Líka á ísköldu vetrarkvöldi á Íslandi.**

Þá segist hann hlakka til að koma aftur. „Ég verð að koma með konuna mína hingað, þetta er eitthvað sem hún verður að fá að sjá og upplifa. Það verður reyndar smá erfitt að segja syni okkar, sem er tveggja ára, að hann fái ekki að koma með, en hann fær að koma næst." ■

Að vera eða ekki vera ... á Akureyri

toti@frettabladid.is

Útskriftarnemendur leikarabrautar LHÍ ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur í útskriftarverki sínu, þar sem þau takast á við eitt krúnudjásna leikbókmenntanna, hinn blóði drifna harmleik Hamlet eftir William Shakespeare.

Listaháskóli Íslands sýnir útskriftarverkið að þessu sinni í samstarfi við Þjóðleikhúsið og Leikfélag Akureyrar. Hópurinn reið á vaðið fyrir norðan og frumsýndi í Samkomuhúsinu á Akureyri á fimmtudagskvöld og fyllti sali hússins með gleði og trega Shakespeares. Þau endurtóku síðan leikinn í gærkvöldi og aftur í kvöld þannig að segja má að danski prinsinn sé endurfæddur í dönskasta bænum á landinu.

Eins og undanfarin árhundruð gengur mikið á á sviðinu þegar útskriftarnemarinir ráðast til atlögu við sjálfan Hamlet eftir Shakespeare. MYND/AÐSEND

Sígilt verkið í nýrri þýðingu Þórarins Eldjárn hefur fengið feiknagóðar viðtökur bæjarbúa og sveitunga allt í kring, en leiðin liggur síðan suður þar sem hópurinn frumsýnir aftur í Kassanum í Þjóðleikhúsinu 25. maí.

Leikstjórinn Bergur Þór Ingólfsson segir hópinn hafa mætt verkinu af hugrekki en um leið mikilli auðmýkt en leikgerðin er löguð að hópnum. Raunar fer það orð af útskriftarhópnum að hann sé á meðal þeirra bestu sem eru í þann mund að kveðja skóla sinn, svo samhentur sem hann er og gæddur óskiptum leikhæfileikum. ■

KRAFTUR

PERLAÐ AF KRAFTI

í Hörpu 22. maí, opið hús milli kl. 13–17

Kraftur býður þér og þínum á risaperluviðburð í Hörpu þann 22. maí þar sem nýju „Lífið er núna“ armböndin verða perluð til stuðnings ungu fólki sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum. Við stefnum á að slá nýtt Íslandsmet í perlun og þurfum á þér að halda!

Veitingar í boði og frábær dagskrá fyrir alla fjölskylduna.


Hr. Hnetusmjör

Hljómsveitin Flott

Una Torfa

Ávaxtakarfan

DJ Sóley

Fögnum lífinu saman og sýnum kraft í verki!

Finnland í NATO – Jólasveininn heim!

Flýtileið Finna og Svía inn í Atlantshafsbandalagið væri nokkuð greið ef ljónið Erdogan væri ekki í veginum, með skýrar kröfur um að þjóðirnar bæti ráð sitt í samskiptum við Tyrkland. Þessir stælar galopna tækifærissinnuðum Íslendingum dauðafæri til þess að hóta því að beita neitunarvaldi nema þjóðirnar tvær geri einlæga og raunverulega yfirbót með leiðréttingu misgjörða sem hafa lengi legið þungt á þjóðarsálinni.

toti@frettabladid.is
odduraevar@frettabladid.is

Tyrkir ætla ekki að styðja umsókn Svía og Finna í NATO nema þjóðirnar láti af stuðningi við Verkamannaflokk Kúrda (PKK), sem Tyrkir líta á sem hryðjuverkasamtök, og aflétti vopnasölubanni til landsins sem sett var á eftir að Tyrkir réðust inn í Sýrland 2019.

Kröfurnar sem Íslendingar geta gert eru öllu hófsamari en ekki síður mikilvægar þegar þeir eru, sem ein af stofnþjóðum NATO, aldrei þessu vant með yfirburðastöðu gagnvart þessum vina- og frændþjóðum og geta hæglega bundið inngöngu Svía og Finna við það að þeir bæti fyrir að hafa áður niðurlægt okkur af ofríki og ofurefli í nokkrum af okkar helstu hjartans málum. ■

Faxi svari fyrir glæpi sína

Árum saman fótumtróð sænski varnarmaðurinn Staffan Olsson þjóðarstolt Íslendinga á handboltavellinum með slíkum dólg að enn telst „Faxi“ til helstu óvina þjóðarinnar.

Nú er loks komið að skuldadögum og vilji Svíar komast í öryggið í NATO verða þeir að framselja Faxa til Íslands þar sem hann verður sekur fundinn fyrir Landsdómi og látinn taka út sína refsingu á fangaeyjunni Viðey Bay sem reist verður yfir hann og aðra óvini íslensku þjóðarinnar, innlenda sem erlenda.

Lordi á Þjóðminjasafnið

Margt er líkt með skyldum, eins og sést ágætlega á því hversu auðvelt Finnum hefur reynst að herma eftir skammdegisþunglyndislegum drykkjuvenjum Íslendinga. Aðeins eitt dæmi af mörgum um hvernig Finnar renna ítrekað hýrum þjófsaugum sínum til Íslands og alls ekki jafn slæmt og þegar þeir í Lordi skyggðu á okkur í Eurovision 2006, íklæddir tilkomumiklum búningum þar sem stílnum var stolið frá íslenskum tröllum og útilegumönnum. Finnum ber að skila búningunum sem verða varðveittir á Þjóðminjasafninu eftir að Lordi hefur öskrað Ísland til sigurs í Eurovision 2024.

Afsláttur í IKEA

Sænska húsgagnaverslanakeðjan er með íslenska þjóð í svo skilyrtum hlekkjum að þá sjaldan sem ungu fólki hérna tekst að koma sér þaki yfir höfuðið liggur leið þess beint í Kauptúnið til þess að innrétta nýju íbúðina. Ríkisstjórnin verður því að krefjast þess að Íslendingar fái 75 prósenta afslátt af öllum IKEA-vörum enda að öðru leyti með öllu úrræðalaus í húsnæðismálum. Þá verður Svíum lokuð leiðin í NATO nema öllum Íslendingum verði boðið í ókeypis sænskar kjötbollur í IKEA á 17. júní.

Svíar skili Eurovision-sigrinum

Þegar sænskir glæpir gagnvart íslenskri þjóð eru annars vegar, er ljótt brot söngkonunnar Charlotte Nilsson svo stórt og ljótt að illvirki Faxa, landa hennar, fölna nánast í samanburðinum. Óþverrabragðið að stela Eurovision-sigrinum frá Íslendingum 1999 verður aldrei fyrirgefið.

Auðvitað sigraði Selma með All Out of Luck og það skulu Svíar nú viðurkenna með því að játa sig sigraða og skila 1. sætinu. Svindlarinn Charlotte getur ekki komist hjá því að svara fyrir glæpinn þótt hún hafi breytt eftirnafni sínu í Perelli og skal dregin til ábyrgðar og látin keppa fyrir Íslands hönd á næsta ári áður en henni verður fundinn varanlegur samastaður í Viðey Bay.

Jólasveininn heim!

Hvert mannsbarn í víðri veröld vissi upp á sína tíu fingur að Jólasveinninn ætti lögheimili sitt og varnarþing á Íslandi. Nánar til tekið í Esjunni þar sem hann eyddi árhundruðunum, þrettánfaldur í roðinu, á heimili móður sinnar, hennar Grýlu.

Allt breyttist þetta þegar Finnar byrjuðu að spinna sinn ljóta lygavef og þjófstálu heimilisfangi Jólasveinsins með tilheyrandi tekjutapi fyrir íslenska póst- og ferðaþjónustu. Krafan er skýr. Vilji Finnland í NATO skal Jólasveinninn koma heim og fá að vera þar óáreittur um ókomna tíð!

Fylliefni er frábær meðferð til að fríska upp á útlitið.

Bjóðum einnig upp á persónulega ráðgjöf.
Við tökum vel á móti þér.

HÚÐIN skin clinic

Hátún 6b, 105 Reykjavík / Sími 519 3223 / www.hudin.is

Kauptu Myllu hamborgara-kartöflubrauð fyrir þína hamborgara

Á Íslandi er alltaf tími til að grilla

Þéttari og mýkri hamborgarabrauð!

Auðvitað er ekkert betra en ekta íslenskt grill – íslenskt brauð, íslenskt kjöt og íslenskt veður. Gerðu hamborgarann meira djúsí, kauptu Myllu hamborgara**kartöflu**brauð fyrir þína hamborgara, strax í dag. Tendraðu grillið.

*Vertu glaður í bragði og fáðu þér Myllu pylsu**kartöflu**brauð fyrir pylsurnar*

MYLLAN

Alltaf nýbakað síðan 1959

Skoðaðu myllan.is

Samningur við Kölska í fréttaviku Framsóknar

Fréttir vikunnar

Björn Birgisson

toti@frettabladid.is

Björn Birgisson, samfélagsrýnir og eldri borgari í Grindavík, segir fréttavikuna mikið hafa einkennst af Framsóknarflokknum sem virtist víðast hvar vinna á í kosningunum.

„Vann stórsigur í Reykjavík bara út á það eitt að vera með uppgjafafréttamann við stýrið og boða breytingar, en enginn vissi nákvæmlega hvaða breytingar og spurður nánar út í þær lítur fréttamaðurinn út eins og í miðri gúrkutíð – ekkert að frétta!

Hér í Grindavík er það helst af Framsóknarflokknum að frétta að hann sveik oddvitann sinn til síðustu fjögurra ára og ætlaði sér stóra hluti í kosningunum, en uppskeran varð eins og til var sáð – langt undir væntingum.“

Björn segist hafa gripið til örþrifaráða þegar síðasta jarðskjálftahrina gekk yfir Grindavík og var við það að ganga fram af honum og fleira fólki. „Þá gerði ég samkomulag við Kölska þess efnis að hann hleypti eldgosi upp, en tæki jarðskjálftana niður til sín. Hann stóð við sitt og eldgosið við Fagradalsfjall varð að veruleika og jörðin hætti að skjálfa. Nú veit ég ekki hvort Kölski er til í frekari samningagerð, en ég er það.“

Þá víkur Björn að stærstu pólitísku tíðindunum í bænum. „Þegar allir héldu að Miðflokkurinn væri kominn á líknardeild á landsvísu gerðu liðsmenn hans í Grindavík sér lítið fyrir og gjörsigruðu andstæðinga flokksins með svo eftirminnilegum hætti að minnti helst á 14-2 sigur Dana um árið! Nú eru þeir sem lentu í tapliðinu að úthugsa leiðir til að sigurvegari kosninganna fái ekki að njóta sigursins í neinu. Þannig virkar íbúalýðræðið víst hjá sumu fólki!“ ■

Björn Birgisson, eldri borgari í Grindavík. MYND/AÐSEND

Magnús Maríuson er staddur í Cannes að fylgja eftir kvikmyndinni The Vagabonds. MYND/NILS SCHWARZ

Hlutgerving ungra karla

Magnús Maríuson fer með hlutverk í kvikmyndinni The Vagabonds eftir Doroteyu Droumevu, sem frumsýnd er á Cannes í komandi viku.

ninarichter@frettabladid.is

Magnús er sonur Maríu Sólrúnar Sigurðardóttur leikstjóra og á því listina ekki langt að sækja. Hann fór með aðalhlutverk í kvikmyndinni Adam frá árinu 2018, sem frumsýnd var á Berlinale-hátíðinni. „Við mamma gerðum þessa kvikmynd saman,“ segir hann.

Lék í þýskri risaframleiðslu

Magnús er alinn upp í Berlín en talar góða íslensku. Hann hefur verið önnum kafinn í faginu frá árinu 2015 og segir óvænt að hafa verið boðið að fylgja The Vagabonds á Cannes. „Ég vissi að Doroteya Droumeva, leikstjórinn sem gerði þessa mynd, vann Cinéfondation-verðlaunin fyrir Der Brief árið 2011. Þess vegna var henni boðið að frumsýna sína kvikmynd í Cannes á þessu ári,“ segir hann.

Síðustu ár hefur Magnús starfað í London og í Finnlandi. „Nú er ég kominn til baka til Berlínar. Ég var að leika í þáttaröðinni Das Boot,“ segir hann og vísar til risastórrar þýskrar framleiðslu fyrir Sky One, sem er byggð á samnefndri bók Lothar-Günther Buchheim frá 1973, og er framhaldssaga af kvikmynd Wolfgang Petersen frá árinu 1981. „Þetta er eiginlega stærsta framleiðsla frá Þýskalandi frá upphafi og það er mikill heiður að fá að vera með í því. Ég var samt í aukahlutverki,“ segir hann glettinn.

Alinn upp í bransanum

Aðspurður hvernig andrúmsloftið sé á Cannes, svarar Magnús að mikill fjöldi sé á svæðinu. „Það er alveg tilfinningin að fólk sé búið að bíða í tvö ár eftir að geta komist hingað og sýnt sig og notið alls þessa nýja sem er í boði,“ segir hann.

Magnús er alinn upp í bransanum og segist hafa fylgt foreldrum sínum á kvikmyndahátíðir síðan í æsku.

Magnús er ber að ofan á plakati The Vagabonds og segir nektinni fylgja athugasemdir og hlutgerving sem hann átti ekki von á. MYND/AÐSEND

„Ég fékk að fara með og hef farið á Berlinale, og hef tvisvar áður farið á Cannes. Þess vegna er þetta svolítið náttúrulegt umhverfi fyrir mig,“ segir hann.

Hefur „deitað“ sér eldri konur

Í The Vagabonds fer Magnús með hlutverk Lucky, elskhuga aðalpersónunnar, konu á miðjum aldri. Söguþráður myndarinnar hverfist í kringum fordóma og tabú sem fylgir aldursmun í samböndum þar sem konan er eldri. „Aðalpersónan mætir miklum fordómum og upplifir eitraða karlmennsku í kringum sig. Þessi saga er byggð á reynslu leikstjórans,“ segir Magnús. „Persónan heldur að karakterinn minn sé stóra ástin hennar, en svo kannski gerist eitthvað,“ segir hann og hlær.

Aðspurður um undirbúninginn fyrir hlutverkið, segist Magnús hafa velt fyrir sér sinni eigin stefnumótasögu, sérstaklega í tengslum við Tinder. Hann hafi einnig „deitað“ konur sem eru eldri en hann og því hafi hugmyndin ekki verið honum mjög framandi.

„Þess vegna kom þetta svona náttúrulega og ég skil alveg karakterinn og hvers vegna hann gerir hlutina sem hann gerir,“ segir Magnús.

Hlutgerður vegna plakats

Hann segir plakat myndarinnar hafa opnað fyrir honum sýn í heim kvenna sem hann þekkti ekki áður, þegar fólk áreitti hann vegna nektarinnar. „Ég er ber að ofan á plakatinu og er að upplifa svolítið svipaða hluti og konur hafa upplifað mjög lengi, þegar þær eru hlutgerðar.

Fólk hefur verið að gagnrýna hvernig líkaminn birtist og svona,“ segir hann og bætir við að hann sé þó glaður yfir að hafa tekið þátt í verkefninu. Að sjálfsögðu sé leikstjórinn að hlutgera hann á plakatinu og geri það mjög meðvitað. Konur hafi gengið í gegnum hið sama í gegnum tíðina og nú sé kominn tími á breytingar.

„Mér finnst líka svo mikilvægt að skilja konur og skilja fordómana sem þær mæta.“

Aðspurður hvort hann telji að hlutverk á borð við þetta hafi áhrif á hlutverkin sem hann fái í framtíðinni, svarar Magnús: „Þetta hefur örugglega áhrif. Ég er mjög oft valinn sem „love interest“ og á að leika einhvern sem er svona sætur. Ég fæ oft slíkar rullur,“ segir hann. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

NÓA

TROMP HVELLUR

SMAKKAÐU Í HVELLI!

Lungamjúkt og ómótstæðilegt Tromp falið inn í stökku og krispí mjólkursúkkulaði. Fæst nú einnig með kraftmikilli piparfyllingu. Getur ekki klikkað!

cocoa HORIZONS

NÓI SÍRÍUS

VÖRAR

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA Í SUMAR?

SAMAN Í 60 ÁR

BYKO

MONARCH 320

Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Hæð: 123cm. Breidd: 131cm. Dýpt: 56cm.

Vnr. 50657511

89.985

Kw			
8,8	3	55,1x37,6	✓

25% afsláttur Blómapottar



STJÚPUR

10 stk.

Vnr. 55092000

1.895

BREIDD & SUÐURNES

RYOBI SLÁTTUVÉL

Vél úr **One+** línunni, ein rafhlaða virkar fyrir öll tækin. Frábær vél sem nær 36V afköstum með Ryobi Lithium Fusion tækni, knúin af tvöföldum 18V Lithium rafhlöðum sem fylgja með.

Vnr. 7133002803

133.995

V	L.
18	2	50	40cm

Umhverfis-vænn kostur

20% afsláttur Timbur-blómakassar

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

88mm ÞYKKAR EININGAR

8,4m²

MARTIN EININGAHÚS

28mm 8,4m2. Þykkt grindar 70mm, Hæð að stafni; 267 cm. Rúmmetrar 21m³.

-16%

Vnr. 0291850

499.995

Almennt verð: 599.995

Þú sparar: 100.000

GÖTUHJÓL

28" götureiðhjól sem hentar vel til hjólreiða innanbæjar. 6 gírar Shimano. V-hand-bremsur, kemur með bögglabera og brettum.

28"

-20%

Vnr. 49620200

23.196

Almennt verð: 28.995

3.l

Skannaðu kóðann og fáðu góð ráð fyrir viðhaldið á pallinum

HERREGÅRD PALLAOLÍA XO

Hágæða viðarolía með vörn gegn viðargráma og myglu. Dregur úr sprungumyndun. Glær eða gyllt.

Vnr. 80602501/2

3.795

UMHVERFISVIÐURKENNING 2021

VIÐ ERUM HANDHAFI KUÐUNGSINS

Verslaðu á byko.is

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Bakþankar

Óttars Guðmundssonar

Óþol ellinnar

Þegar ég var yngri einkenndist lífið af óþolinmæði. Ég var alltaf hneykslaður eða móðgaður og sífellt á hraðferð. Þetta hélt ég að lagaðist með aldrinum og ég mundi breytast í þolinmóðan og æðrulausan Búdda í mannsmynd. Sú hefur þó alls ekki orðið raunin heldur hefur óþolið farið vaxandi. Ég nenni til dæmis ekki lengur að lesa langar færslur um þingkonuna í Valspeysunni eða drykkjuraus Framsóknarmanna á Búnaðarþingi. Dryldnar kenningar fyrrum forseta lýðveldisins um eðlilegar ástæður fyrir fjöldamorðunum í Úkraínu og hugleiðingar stjórnmálafræðinga um skoðanakannanir falla í þennan sama flokk.

Á dögunum þegar ég var á leið til vinnu var kynntur til sögunnar á RÚV íslenskufræðingur til að ræða um nýútkomna bók sína. Ég flýtti mér að skipta yfir á umfjöllun um heimaslátrun á annarri stöð í óþolinmæðiskasti.

Í starfi mínu hitti ég mikið af fólki sem er vart mælandi lengur á íslensku. Ensk orð og orðatiltæki eru því tamari en móðurmálið. Margir harma þetta en þessi íslenskufræðingur segir að um eðlilega þróun tungumálsins sé að ræða. Hin fræga þágufallssýki hljómar sem hunang í hans eyrum og ber vitni um aðlögunarhæfni málsins.

Það er til merkis um hækkandi aldur og geðvonsku að mér leiðist undanhald íslenskunnar. RÚV hefur algjörlega gefist upp gagnvart enskuslettum og beygingarvillum. Mér finnst það skrítið að íslenskufræðingur skuli reka flóttann og segja málvillur vera ásættanlega og eðlilega þróun.

Snorri frændi minn Sturluson vitjaði mín reyndar á dögunum í draumi og fletti þungbrýnn gegnum skrif nútímapólitíkusa og þekktra álitsgjafa. „Eigi skal sletta," sagði hann og hvarf síðan tárfellandi inn í eilífðina. ■